SIGNÝ HREINSDÓTTIR
Les uppskriftir og spáir í mat sér til gamans
matur jól
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

MIÐBÆRINN
Ljósin lýsa upp bæinn
Sérblað um miðborgina
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. desember 2007 — 340. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Frábært fertugsafmæli
Friðrik Weisshappel fékk loftbelgsflug í afmælisgjöf.
FÓLK 74

Barist gegn hvers kyns misrétti
Evrópuárið 2007: ár jafnra tækifæra.
TÍMAMÓT 46

Farinn frá West Ham
Björgólfur Guðmundsson hefur tekið við af Eggert Magnússyni sem stjórnarformaður West Ham.
ÍÞRÓTTIR 66

SIRKUS

Erfitt að koma nakin fram
Sara Dögg Ásgeirsdóttir, aðalleikkonan í Pressunni, hóf ferilinn hjá Hrafni Gunnlaugssyni.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG

OFSAVEÐUR - Í dag verða suðaustan áttir 20-28 m/s með hvassari vindstrengjum en 13-18 m/s á Norðaustur- og Austurlandi. Rigning og síðan skúrir en úrkomulítið norðaustan og austan til. Hiti 3-8 stig.
VEÐUR 4

HJARTASJÚKLINGAR BÍÐA Á GÖNGUM HJARTADEILDAR Rúmlega 200 manns bíða nú eftir að komast í hjartaþræðingu og 50 manns bíða eftir að komast í hjartaaðgerð. Um tíu þeirra eru á hjartadeild af því að þeir eru of veikir til að vera heima. Sjá síðu 4
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kennarastofurnar munu tæmast

Innan fárra ára hættir fjöldi framhaldsskólakennara störfum vegna aldurs. Skólarnir ekki samkeppnishæfir í launum og kreppuástand getur myndast, segir kennaraforystan. Áhugi mikill á kennarastörfum, segir ráðuneytisstjóri.

MENNTAMÁL „Það er ljóst að eftir nokkur ár munu heilu kennarastofurnar tæmast þegar fjöldi kennara fer á eftirlaun. Það mun ráða úrslitum, um hvernig þessum breytingum verður mætt, hvort skólarnir verða samkeppnishæfir um vel menntað ungt fólk. Kreppuástand gæti myndast," segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Innan fárra ára er búist við að allt að þriðjungur framhaldsskólakennara hætti störfum vegna aldurs. Tæplega helmingur kennara við störf í framhaldsskólunum er yfir fimmtugu. Aðeins sjö prósent kennara eru 31 árs og yngri en tæp tólf prósent yfir sextugu.

Aðalheiður segir að eins og staðan sé í dag séu laun framhaldsskólakennara engan veginn samkeppnishæf við það sem gerist annars staðar á opinberum vinnumarkaði. „Laun kennara, og þar með samkeppnishæfnin við atvinnulífið um vel menntað ungt fólk, mun ráða úrslitum um hvort þessi vandi verður leystur."

Spurður hvort menntamálayfirvöld deili áhyggjum skólamanna um að kreppuástand geti myndast og laun þurfi að hækka til að gera skólana samkeppnishæfa um starfsfólk, segist Guðmundur Árnason,ráðuneytisstjóriímenntamálaráðuneytinu, ekki vilja tjá sig um það að öðru leyti en því að mikilvægt sé að hæft starfsfólk ráðist inn í skólana. „Það er alveg ljóst að skólarnir verða að vera samkeppnisfærir og geta tryggt sér slíkt starfsfólk. Sem betur fer eru vísbendingarnar þær að mikill áhugi sé fyrir störfum í framhaldsskólunum."
- shá / sjá síðu 8

Fíkniefni fundust í bifreið:

Björgun leiddi til handtöku

LÖGREGLUFRÉTTIR Fjórir ungir menn á tvítugsaldri voru handteknir fyrir vörslu fíkniefna eftir að þeim hafði verið komið til bjargar í aftakaveðri á Steingrímsfjarðarheiði um fimmleytið í gærmorgun. Björgunarsveit sótti mennina, sem fest höfðu bifreið sína á heiðinni, og færði þá til Hólmavíkur.

Grunur vaknaði hjá lögreglu um að mennirnir væru undir áhrifum fíkniefna og var í kjölfarið leitað í bíl þeirra. Lítilræði af fíkniefnum fannst í bílnum og áhöld til neyslu, og voru mennirnir handteknir.

Elsti maðurinn er fæddur árið 1988 en sá yngsti 1991. Þeim hefur öllum verið sleppt úr haldi lögreglu.
- eb

BROWN SÍÐASTUR Breski forsætisráðherrann Gordon Brown undirritaði síðastur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar Evrópusambandsins:

Nýr sáttmáli undirritaður

LISSABON, AP Leiðtogar Evrópusambandsins gerðu sér ferð til Lissabon í gær til að rita nöfn sín undir nýjustu uppfærslu stofnsáttmála sambandsins, sem kemur í staðinn fyrir stjórnarskrársáttmálann strandaða.

Stefnt er að því að nýi sáttmálinn taki gildi árið 2009, eftir að hann hefur verið fullgiltur í öllum aðildarríkjunum 27. Aðeins á Írlandi liggur fyrir að það verði gert í þjóðaratkvæðagreiðslu; í öllum hinum ríkjunum er það vilji ráðamanna að samþykkt þjóðþinganna verði látin nægja.

Strax eftir undirritunarathöfnina flugu leiðtogarnir til Brussel þar sem þeir munu í dag ljúka misserislokafundi sínum.
- aa / sjá síðu 18

Girnilegar jólauppskriftir á www.jolamjolk.is
Gleðileg jólk

SPURNING DAGSINS

Guðmundur, er andrúmsloftið á Landspítalanum rafmagnað?

„Framkvæmdastjóri tæknisviðs er að minnsta kosti í hörkustuði."

Nær allir rafvirkjar á Landspítalanum hafa sagt upp störfum vegna óánægju með laun. Guðmundur Gunnarsson er formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.

Formaður Framsóknar vill að yfirvöld skoði forvarnafræðslu Alnæmissamtakanna:

Guðni segir fræðslu siðlausa

MENNTAMÁL „Ég hef ekki heyrt þennan fyrirlestur en eins og Gísli lýsir honum þá finnst mér hann groddafenginn og ekki falla að þeirri siðfræði sem að ég tel að þurfi að vera í kringum svona fræðslu og samskipti kynjanna og sé þetta svona þá þykir mér þetta siðlaust," segir Guðni Ágústsson um kvörtun Gísla Óskarssonar yfir því sem hann telur óviðeigandi forvarnafræðslu Alnæmissamtaka Íslands í grunnskóla Vestmannaeyja.

Gísli sendi Árna Johnsen þingmanni og Guðna Ágústssyni, auk landlæknisembættinu athugasemdir vegna málsins.

„Ég átta mig ekki á því hvað ég get gert. En eðlilegt er að menntamálayfirvöld fari yfir þetta því fræðsla um kynlíf og annað því tengdu verður að fara fram með siðrænum hætti en ekki með dónaskap. Yfirvöld ættu að taka þetta upp," segir Guðni.

Sigurður Guðmundsson landlæknir hafði ekki séð athugasemdir Gísla. „Það er ekki hægt að gera öllum til hæfis, allra síst í málum sem eru erfið umfjöllunar eins og þetta. Ég veit þó að umfjöllun Alnæmissamtakanna hefur hingað til verið vönduð," segir Sigurður.

Birna Þórðardóttir, framkvæmdastjóri fræðsluverkefnisins, var viðstödd fundina og segist hún ánægð með fræðslufulltrúann og viðbrögðin sem fundurinn fékk frá kennurum og nemendum. - eb

GUÐNI ÁGÚSTSSON Telur að menntamálayfirvöld eigi að fara yfir málið.

Símahrekkur Vífils Atlasonar:

Ábending barst innan Íslands

LÖGREGLUMÁL „Við fengum vitneskju um þetta hér innanlands og óskuðum eftir því að lögreglan á Akranesi kannaði málið þar sem símanúmerið sem hringt var úr var það an," segir Jón Bjartmarz hjá ríkislögreglustjóra um aðkomu embættisins að því þegar lögreglan á Akranesi heimsótti Vífil Atlason vegna símahrekks hans í Hvíta húsinu.

Hann kynnti sig sem Ólaf Ragnar Grímsson forseta og munaði minnstu að hann fengi að tala við George W. Bush Bandaríkjaforseta.

Jón vildi ekki upplýsa hvaðan ábendingin hafði komið. - mh

Minnihlutinn gagnrýnir eyðslu og nísku

Fjárlög voru afgreidd á lokadegi Alþingis fyrir jólafrí í gær. Fjárlögin sýna aukið aðhald í efnahagsmálum, segir forsætisráðherra. „Þenslufjárlög," segir formaður Framsóknarflokksins. Breytingartillögur VG um aukin útgjöld voru felldar.

ALÞINGI Fjárlög fyrir árið 2008 voru samþykkt á lokadegi Alþingis fyrir jólafrí í dag. Lokaatkvæðagreiðsla um frumvarpið tók á þriðja tíma.

Geir H. Haarde forsætisráðherra lofaði fjárlögin og benti á að afgangur af þeim væri tæpir 40 milljarðar króna. Þeir bætast við 82 milljarða afgang af fjáraukalögum. „Þessar tölur sýna það svart á hvítu að ríkisstjórnin er að auka aðhald í efnahagsmálum," sagði Geir. Framsóknarmenn deildu hins vegar á ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar fyrir eyðslusemi. „Ríkisstjórnin er að gefa í verðbólgueldinn á meðan allar eftirlitsstofnanir erlendis vara við þeirri þróun," sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins.

Guðni kallaði fjárlögin þenslufjárlög. „Horfurnar á harðri lendingu í efnahagslífinu verða meiri eftir að þessi fjárlög verða samþykkt. Þessi ríkisstjórn er því miður ábyrgðarlaus og það mun bitna á ungu skuldugu fólki og fyrirtækjum með hærri vöxtum," sagði Guðni.

Þingmenn Vinstri grænna lögðu fram fjölda breytingartillagna, meðal annars hækkun fjármagnstekjuskatts með frítekjumarki, hærri framlög í heilbrigðismál og niðurfellingu allra útgjalda til varnarmála. Tillögurnar hefðu kostað rúma þrjá milljarða.

„Hin nýja áhersla ríkisstjórnarinnar er herstofnun sem varið er til á þriðja milljarð króna," sagði Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna. „Heilbrigðisþjónustunni er haldið í fjárhagslegri úlfakreppu."

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins benti á að verðbólga væri yfir viðmiðunarmörkum fimmta árið í röð.

„Það verður mikið átak að ná verðbólgunni niður á það stig sem ásættanlegt er. Ofan á þessa stöðu koma boðaðar skattalækkanir forsætisráðherra sem olía á eld," sagði Kristinn.

steindor@frettabladid.is

FORSÆTISRÁÐHERRA Í RÆÐUSTÓL Geir H. Haarde segir að fjálögin sýni það svart á hvítu að ríkisstjórnin sé að auka aðhald í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Heilbrigðisþjónustunni er haldið í fjárhagslegri úlfakreppu."
>
> **JÓN BJARNASON**
> ÞINGMAÐUR VG

Gordon Brown fyrir svörum:

Þörf á aðgerðum gegn Íran

BRETLAND, AP **Það er eftir sem áður nauðsynlegt að beita Írana þvingunaraðgerðum, þrátt fyrir að komist sé að þeirri niðurstöðu í bandarískri leyniþjónustuskýrslu að þeir hafi hætt við áætlun sína um að koma sér upp kjarnorkuvopnum. Þetta sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, meðal annars er hann sat fyrir svörum á þingi í gær.**

Brown, sem vill að alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn Íran verði hertar þannig að þær bitni á olíu- og gasútflutningsiðnaðinum, sagði klerkastjórnina ekki enn hafa gefið fullnægjandi skýringar á því hvers vegna hún haldi áfram að auðga úran af kappi. - aa

GORDON BROWN

Forsetakosningar í Rússlandi:

Framboð Kasparovs hindrað

RÚSSLAND, AP Garrí Kasparov greindi frá því í gær að stjórnvöld hefðu komið í veg fyrir framboð hans til forseta með því að hindra stuðningsmenn hans í að halda fund til að tilnefna hann.

GARRÍ KASPAROV

Talsmenn Annars Rússlands, flokkabandalagsins sem Kasparov er í forystu fyrir, segja að þeir hafi ekki getað fengið leigðan sal í Moskvu, sem þeir verða að gera til að geta greitt lögformlega atkvæði til að tilnefna frambjóðanda. Frestur til að tilkynna kjörstjórn um slíkan fund rann út í gær. - aa

Bankarnir draga úr lánum:

Kvótaviðskipti eru í lágmarki

VIÐSKIPTI **Lítil sem engin viðskipti hafa verið með fiskveiðikvóta á seinni hluta þessa árs.**

„Bankarnir spila þarna stóra rullu. Þeir hafa dregið verulega úr lánveitingum til kaupa á aflaheimildum," segir Þórir Matthíasson, forstöðumaður sjávarútvegssviðs Viðskiptahússins.

Þórir segir lítil sem engin viðskipti hafa verið með kvóta frá því að tilkynnt var um verulegan niðurskurð aflaheimilda í sumar.

- ikh/óká / sjá síðu 32

SAMGÖNGUMÁL

Grímseyjarferjan siglir

Nýja Grímseyjarferjan fór í reynslusiglingu í gær. Til stendur að taka hana í notkun eftir áramót. Miklar tafir hafa orðið á afhendingu skipsins og hafa endurbætur reynst tímafrekari og dýrari en stefnt var að. Enn á eftir að gera smávægilegar úrbætur á ferjunni.

Almenningssamgöngur:

Strætó stoppi í Hvalfirðinum

HVALFJÖRÐUR Unnið er að tillögum um að strætisvagnar, sem keyra nú þegar gegnum Hvalfjörðinn, stoppi fyrir Hvalfirðingum og hleypi þeim upp í bílinn.

„Kostnaðurinn við að stoppa er náttúrulega enginn, en Akranes vill að við borgum fyrir það," segir Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Hvalfirðinga.

Önnur gjá í veginum sé skortur á strætóskýlum. Kostnaður við þau mun vera um 400.000 krónur fyrir hvert og eitt. Einar útilokar þó ekki að Hvalfirðingar smíði sín eigin skýli.

Óvíst er hvað hvert stopp strætós kostar sveitarfélagið. - kóþ

Margar sögur um samskipti við innflytjendaeftirlit Bandaríkjanna borist ráðuneyti:

Stjórnvöld biðjist afsökunar

UTANRÍKISMÁL Caron Van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, hefur haft samband við stjórnvöld í Bandaríkjunum vegna meðferðar á íslenskri konu við komu hennar til landsins. Þarlend stjórnvöld munu rannsaka málið.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá sendiráðinu sem send var fjölmiðlum í gær.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fundaði með Van Voorst í utanríkisráðuneytinu í gær. Ingibjörg segir að fjölmargir hafa sett sig í samband við utanríkisráðuneytið og lýst erfiðum samskiptum við innflytjendaeftirlit Bandaríkjanna eftir að greint var frá hremmingum íslenskrar konu í New York.

Fundur með Van Voorst í utanríkisráðuneytinu hafði verið ákveðinn áður en málið kom upp, en Ingibjörg segir að hún hafi ákveðið að nota tækifærið og ræða þetta mál við sendiherrann.

„Ég kom á framfæri áhyggjum okkar af þessu máli, og að við litum það alvarlegum augum," segir Ingibjörg Sólrún.

„Þó að það sé hægt að fallast á að hún hafi ekki verið með rétta vegabréfsáritun var meðferðin á henni í engu samræmi við þá yfirsjón. Þarna hljóta að hafa átt sér stað alvarleg mistök hjá bandarískum yfirvöldum, og eðlilegt að eftir að búið er að skoða málið þá biðjist þau afsökunar á því."

Ingibjörg segir að Van Voorst hafi einnig sagst líta málið alvarlegum augum, og að hún muni vera í sambandi við ráðuneytið þegar hún hafi fengið svör frá bandarískum stjórnvöldum.

- bj

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

CAROL VAN VOORST

ENNEMM / SÍA / NM31338

JÓLAÆVINTÝRI Í SMÁRALIND

KOMDU Í SMÁRALIND OG UPPLIFÐU JÓLASTEMNINGUNA
OPIÐ TIL KL. 22.00 ALLA DAGA TIL JÓLA

SÝNING Í DAG KL.17.00

Jóladagskrá í Vetrargarðinum

Föstudagur 14. desember

17.00
Jólaævintýri Smáralindar,
Örn Árnason, Björgvin Franz
og fjöldi þekktra leikara

18.00
Hara-systur syngja

Kórar og jólasveinar halda uppi jólastemningunni í göngugötunni alla helgina.

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN

Opið til kl. 22 til jóla. Þorláksmessu til kl. 23 / smaralind.is / 528 8000

GENGIÐ 13.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	60,69	60,97
Sterlingspund	123,94	124,54
Evra	89,13	89,63
Dönsk króna	11,945	12,015
Norsk króna	11,225	11,291
Sænsk króna	9,44	9,496
Japanskt jen	0,5426	0,5458
SDR	96,03	96,61

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,8893
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Karl Ólafsson hættir og Björgólfur Jóhannsson frá Icelandic Group tekur við:

Skipt um forstjóra Icelandair

VIÐSKIPTI Jón Karl Ólafsson lætur af störfum bæði sem forstjóri Icelandair Group og dótturfélagsins Icelandair.

Við starfi forstjóra Icelandair Group tekur, samkvæmt heimildum blaðsins, Björgólfur Jóhannsson, en hann hefur til þessa gegnt starfi forstjóra matvælafyrirtækisins Icelandic Group sem starfar í sjávarútvegi. Áður gegndi Björgólfur starfi forstjóra Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, auk þess sem hann er stjórnarformaður Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ). Ekki hefur verið ráðið í starf forstjóra dótturfélagsins Icelandair.

FORSTJÓRAR Í TÉKKLANDI Jón Karl Ólafsson, fráfarandi forstjóri Icelandair og Icelandair Group, ásamt forstjóra Travel Service í Tékklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Ástæða starfsloka Jóns Karls er rakin til ákvörðunar sem tekin var hjá félaginu í sumar um að skipta forstjórastarfinu í tvennt, þar sem einn væri settur yfir móðurfélagið og annar yfir dótturfélagið Icelandair. Þannig hafi Jón Karl leitt félagið í gegn um umbreytinga- og vaxtaferli, en nú hafi menn orðið ásáttir um að leiðir skildu. Á þessu ári hafa verið nokkrar hræringar í eignarhaldi Icelandair Group, en rétt tæpt ár er síðan félagið var skráð á markað í Kauphöll Íslands.

Forsvarsmenn Icelandair vildu í gær ekki tjá sig um þróun mála. Þá náðist ekki í Jón Karl, sem sagður er vera í útlöndum.

Samkvæmt heimildum blaðsins var í gær unnið að gerð tilkynninga til Kauphallar um mannabreytingar bæði hjá Icelandair Group og Icelandic Group. - óká

Gunnlaugur lætur af störfum:

Árni forseti Hæstaréttar

HÆSTIRÉTTUR Árni Kolbeinsson hæstaréttardómari var kosinn forseti réttarins í gær. Varaforseti Hæstaréttar var kjörin Ingibjörg Benediktsdóttir. Gunnlaugur Claessen lætur af starfi forseta Hæstaréttar um áramótin.

Samkvæmt lögum um dómstóla fer forseti með yfirstjórn Hæstaréttar, stýrir þeirri starfsemi réttarins sem er ekki hluti af meðferð máls fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavald yfir þeim. Árni og Ingibjörg sinna störfum sínum til loka árs 2009. - sþs

Í RÚST Slökkviliðsmenn á vettvangi í rústum SÞ-byggingarinnar í Algeirsborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilræðin í Algeirsborg:

Sprengjumaður á sjötugsaldri

ALSÍR, AP Það voru maður á sextugsaldri og þrítugur fyrrverandi fangi sem frömdu sjálfsmorðs-bílsprengjutilræðin tvö í Algeirsborg á þriðjudag, sem urðu minnst 31 manni að bana.

Dagblöðin L'Expression og El Watan höfðu þetta eftir ónafngreindum heimildarmönnum í lögreglunni. Öfgasamtök, sem kenna sig við Norður-Afríkudeild al-Kaída, lýstu ábyrgð á tilræðunum á hendur sér og birtu myndir af tilræðismönnunum á netinu. Eldri maðurinn, „einn elsti hryðjuverkamaðurinn" í röðum íslamskra öfgamanna í landinu að sögn El Watan, var sá sem sprengdi sig við skrifstofur SÞ. - aa

ALÞINGI

Umboðsmaður endurkjörinn

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, var endurkjörinn í embættið til næstu fjögurra ára á þingfundi í gær. Kosningin var leynileg og óbindandi, en Tryggvi fékk öll 55 atkvæðin sem greidd voru.

ÁRÉTTING

Áréttað er að tilvitnuð orð sýslumannsins á Selfossi, Ólafs Helga Kjartanssonar, í frétt í blaðinu síðastliðinn föstudag voru úr bréfi sýslumannsins til bæjaryfirvalda í Hveragerði. Fréttin varðaði svokallaða Tívolílóð í Hveragerði.

Hjartasjúklingar bíða á göngum Landspítalans

Hjartaaðgerðum hefur ítrekað þurft að fresta þar sem gjörgæsludeild getur ekki tekið á móti nægilega mörgum sjúklingum. Á hjartadeild hefur verið unnið ötullega við að stytta þann biðlista sem hefur myndast. Um 200 bíða eftir að komast í hjartaþræðingu og 50 eftir að komast í hjartaaðgerð þar af tíu á spítalanum.

HEILBRIGÐISMÁL „Það er alltaf erfitt að liggja á göngunum og auðvitað myndum við óska þess að svo væri ekki," segir Björn Zoëga, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, um ástand á hjartadeild.

Björn segir að á þessu ári hafi um 20 prósent fleiri sjúklingar farið í hjartaþræðingu en árið á undan. Þrátt fyrir mikil afköst hafi myndast langur biðlisti með haustinu, en þegar mest var biðu um 300 manns, og því hafi verið farið í átak á deildinni. Nú bíða rúmlega 200 manns eftir að komast í þræðingu. Þá bíða 50 manns eftir að komast í hjartaaðgerð sem oft er nauðsynleg eftir hjartaþræðingu. Um tíu þeirra eru á hjartadeild því þeir eru of veikir til að komast heim en komast þó ekki í hjartaaðgerð þar sem gjörgæsludeildin getur ekki tekið við þeim eftir aðgerðina vegna þrengsla. Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir á hjartadeild, segir nær ómögulegt að halda uppi átaki í hjartaþræðingum ef sjúklingar komist ekki í þær aðgerðir sem reynast nauðsynlegar á eftir. Þá hefur Bjarni Torfason, yfirlæknir hjarta- og lungnaskurðdeildar, bent á að tafir á hjartaaðgerðum séu mjög alvarlegt mál þar sem líf og heilsa fólks sé í veði.

ÁSGEIR ÞÓR ÁRNASON

BJÖRN ZOËGA

Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla, segir ástandið skelfilegt. „Það er ólíðandi að fólk sé látið liggja á göngum og hvað þá að það sé látið bíða eftir lífsnauðsynlegri aðgerð," segir hann.

Ásgeir segist ítrekað hafa reynt að fá fund með Guðlaugi Þór Þórðarsyni, frá því hann tók við embætti heilbrigðisráðherra í vor, en án árangurs.

> „Það er ólíðandi að fólk sé látið liggja á göngum og hvað þá að það sé látið bíða eftir lífsnauðsynlegri aðgerð."
> ÁSGEIR ÞÓR ÁRNASON

„Það er mikill urgur í hjartasjúklingum vegna þessa," segir Ásgeir. Hann bætir því næst við að einna verst sé þetta þó fyrir starfsfólk deildarinnar sem standi sig með miklum sóma við erfið skilyrði.

„Fólk brotnar oft niður þegar það heyrir að það komist ekki í aðgerð," segir Inga Björnsdóttir, aðstoðardeildarstjóri hjartadeildar 14 E, um þá erfiðleika sem tafirnar valda fólki. Þessa dagana er óvenju mikið álag á deildinni og vegna aðstöðuleysis hefur þurft að senda sjúklinga á sjúkrahúsin í Keflavík og Akranesi.

„Við reynum að vinna eins vel og við getum að hag sjúklinganna, og setjum aðeins það fólk sem er minnst veikt á gangana," segir Björn Zoëga að lokum.

karen@frettabladid.is

BEÐIÐ Á HJARTADEILD „Við reynum að vinna eins vel og við getum að hag sjúklinganna, og setjum aðeins það fólk sem er minnst veikt á gangana," segir Björn Zoëga, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Beðið eftir hjartaaðgerð

Fyrir nokkrum dögum fór Óskar Tryggvason, 57 ára vörubílstjóri, að kenna sér meins. „Ég hélt að þetta væri bara flensa og reyndi að harka af mér. Ég tók mér þó frí frá vinnu til að komast til læknis fyrir um níu dögum og þá uppgötvaðist þetta," segir Óskar. Hann er einn þeirra sjúklinga sem eru of veikir til að geta verið heima hjá sér og þarf nauðsynlega að komast í hjartaaðgerð sem allra fyrst.

„Það er veik von að hægt verði að skera fyrir jól," segir hann og brosir þegar hann hugsar til þeirra jóla sem fram undan eru hjá honum og fjölskyldu hans en eftir aðgerðina þarf hann svo að dvelja á gjörgæsludeild.

„Ég skil ekki hvernig hægt er að hafa þetta svona. Fólki er hrúgað á gangana og aðstöðuleysið reynir mjög á starfsfólk," segir hann en ítrekar að starfsfólk hjartadeildar hafi sýnt sér afar hlýlegt viðmót og geri allt til að gera dvöl hans léttari. - kdk

ÓSKAR TRYGGVASON

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ENN Á NÝ VONSKUVEÐUR

Núna með morgninum fer að hvessa mjög víða og má búast við ofsaveðri vestan til á Suðurlandi, Suðvesturlandi, Vesturlandi og Snæfellsnesi og sums staðar á Vestfjörðum. Annars staðar eru horfur á mjög hvössum vindi en þó verða læti einna minnst á Norðaustur- og Austurlandi. Þessu fylgir rigning um mest allt land síst þó norðaustan til.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðaustan 20-28 m/s um hádegi en lægir töluvert seint í dag. Rigning og síðar skúrir. Hiti 5-7 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



Suðvestan strekkingur vestan til annars hægari

» sunnudagur



Strekkingur

um hádegi »

Kaupmannahöfn	5°C	alskýjað	London	8°C	heiðskírt	Friedrichshafen	4°C	hálfskýjað
Billund	4°C	léttskýjað	París	4°C	heiðskírt	Lúxemborg	3°C	hálfskýjað
Osló	-4°C	heiðskírt	Amsterdam	5°C	heiðskírt	Alicante	19°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	0°C	heiðskírt	Frankfurt	5°C	heiðskírt	Róm	9°C	hálfskýjað
Gautaborg	5°C	léttskýjað	Berlín	3°C	alskýjað	Las Palmas	22°C	hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

NAUTAFILE

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

800 g nautafile
3 msk. ólífuolía
4 stk hvítlauksgeirar
4 greinar timjan
3 stilkar rósmarín
4 msk. smjör
3 msk. maldon salt
2 msk. svört piparkorn

Afhýðið hvítlauk og saxið. Hitið pönnuna með olíu og steikið kjötið. Bætið timjani, rósmarín og hvítlauk á pönnuna. Snúið steikinni við og bætið smjöri á pönnuna. Setjið smjörið yfir steikina með skeið og látið freyða yfir kjötið. Kryddið kjötið með salti og pipar, setjið inn í ofn og eldið við 100°C þar til kjarnhiti nær 50°C.

Nautafile
ferskt úr kjötborði

TILBOÐ
1.998 kr/kg
Verð áður 3.269,-

Lambahryggur
ferskur úr kjötborði

TILBOÐ
1.298 kr/kg
verð áður 1.630,-

Partý kjúklingaskinka
soðin

TILBOÐ
1.511 kr/kg
Merkt verð 2.159,-

Jói FEL

Tilbúið deig
Skerið niður og raðið á bökunarpappír. Bakist í u.þ.b. 10 mín.

TILBOÐ
1.999 kr/stk
Verð áður 3.999,-

Nestle Quality Street
2,9kg

Gildir til 16. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Telur þú rétt að takmarka þyngd lyftingalóða í líkamsræktarsölum fangelsa?

Já	60,9%
Nei	39,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Þykir þér landamæraeftirlit bandarískra stjórnvalda vera of strangt?

Segðu þína skoðun á visir.is

Ungur piltur dæmdur í sex mánaða fangelsi og til greiðslu skaðabóta:

Hafði samræði við þrettán ára

DÓMSMÁL Ungur piltur hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft samræði við stúlku sem þá var 13 ára. Jafnframt var hann dæmdur fyrir að hafa haft samræði við aðra stúlku og þá notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum vegna ölvunar.

Í fyrrgreinda tilvikinu sem átti sér stað í febrúar 2006 viðurkenndi pilturinn, sem þá var 15 ára, að hafa í tvígang haft samræði við stúlkuna. Hann kvaðst í fyrstu hafa vitað um aldur hennar en breytti síðan framburði sínum á þá lund að hann hefði ekki vitað hversu gömul hún var.

Í dómsniðurstöðu segir að bróðir piltsins hafi verið í sama bekk í sama skóla og stúlkan. Sjálfur hafi pilturinn verið í 9. bekk, einum bekk ofar. Hann hafi því vitað hve gömul stúlkan var.

Í síðara tilvikinu, sem gerðist síðar á sama ári, neitaði pilturinn sök. Hann hafði, ásamt öðrum pilti, ekið stúlku úr partíi í Breiðholtið. Stúlkan var mjög ölvuð. Pilturinn gekkst við að hafa kysst hana og þuklað en lengra hefði hann ekki gengið. Þegar honum voru sýndar niðurstöður DNA-rannsóknar sem sýndi annað, neitaði hann að tjá sig.

Honum var gert að greiða stúlkunni hálfa milljón í skaðabætur en hinni 13 ára 100 þúsund, auk ríflega einnar milljónar í sakarkostnað. - jss

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Það var Héraðsdómur Reykjaness sem kvað upp dóminn.

Braut gegn dóttur besta vinar:

Átján mánaða fangelsisdómur

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest 18 mánaða fangelsisdóm Héraðsdóms Norðurlands eystra yfir karlmanni fyrir kynferðisbrot gegn tíu ára dóttur besta vinar mannsins.

Faðir stúlkunnar leigði hjá manninum, og fékk stúlkuna reglulega til sín. Hinn dæmdi viðurkenndi að hafa brotið gegn stúlkunni í tvígang. Stúlkan fullyrti að brotin hefðu verið fleiri.

Í dóminum segir að verknaðurinn hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir stúlkuna. Maðurinn var dæmdur til að greiða henni eina milljón króna í miskabætur. - bj

TÖLVUVERSLUN með þjónustuna í lagi

Erum fluttir að Suðurlandsbraut 26

Sama góða þjónustan!

BORÐTÖLVUTILBOÐ / FARTÖLVUTILBOÐ

MIKIÐ ÚRVAL JAÐARTÆKJA OG AUKABÚNAÐAR

ALHLIÐA TÖLVUVERSLUN og TÖLVUÞJÓNUSTA þar sem fyrirtæki og einstaklingar fá faglega ráðgjöf, tölvuvörur, tölvuþjónustu og viðgerðir. Hafðu samband, skoðaðu ítarlegan vef okkar á www.takkar.is eða líttu við í verslun okkar.
Við veitum hraða og vandaða þjónustu!



SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SUÐURLANDSBRAUT 26 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

Óska eftir að kaupa enskt lingapon námskeið

óska eftir að kaupa enskt lingpon námskeiða sem samanstendur af einni bók innbundini sem kilju. Kassettur eða geisladiska og neðanmáls við enska textan er íslenska þýðing.

Upplýsingar í síma 865 7013
Björgvin Ómar Ólafsson

FORYSTUMENN VINSTRI GRÆNNA Ögmundur Jónasson þingflokksformaður deildi harðlega á félaga sína í stjórnarandstöðunni fyrir að hlusta ekki á málamiðlanir Vinstri grænna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ræddu ræðutímann fram yfir miðnætti

Þingmenn Vinstri grænna voru einir í andstöðu sinni gegn frumvarpi um styttri ræðutíma á lokadegi Alþingis fyrir jólafrí. Þeir segja ekki hlustað á tillögur sínar. Umræður stóðu fram eftir kvöldi og var fjöldi mála enn á dagskrá.

ALÞINGI Þingmenn Vinstri grænna sökuðu þingmenn annarra flokka um að hlusta ekki á málamiðlunartillögur sínar í umræðu um frumvarp Sturlu Böðvarssonar, forseta þingsins, um þingsköp á Alþingi í gær.

Þessi síðasti þingfundur ársins stóð fram á nótt og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. Fjöldi mála var enn á dagskrá.

Umdeildasta atriði frumvarpsins er styttri ræðutími þingmanna. Verði frumvarpið samþykkt mega þingmenn ekki lengur tala án tímamarkana í 2. og 3. umræðu. Markmiðið er meðal annars að fækka kvöld- og næturfundum.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna, deildi harðlega á framsóknarmenn og frjálslynda, félaga sína í stjórnarandstöðu, fyrir að hlusta ekki á málamiðlanir vinstri grænna. „Er ég ekki frá því að þingflokksformenn Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins hafi gengið harðast fram í óbilgirni sinni," sagði Ögmundur.

„Það er alveg ljóst að VG hafa aldrei ætlað að vera með í þessu máli," sagði Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokks. „Það hafa mörg tækifæri gefist til að semja um þetta mál. Allir flokkar hafa tekið þátt í málamiðlunum í þessu máli, nema Vinstri grænir." Meðan á ræðu Sivjar stóð ávítti forseti Ögmund vegna framíkalla.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sagði að meirihluti allsherjarnefndar hefði lagt sig fram við að koma til móts við sjónarmið Vinstri grænna, en engu að síður stæðu 54 þingmenn bak við frumvarpið og styddu það.

„Ég fullyrði að við hefðum getað náð samkomulagi ef menn hefðu gefið sér tíma til þess," sagði Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna. „Hvað lá svona mikið á?"

Í frumvarpinu er einnig tillaga um að formenn stjórnarandstöðuflokka fái aðstoðarmenn og einnig þingmenn landsbyggðarkjördæma. Starfsár þingsins verður lengt, en þingdögum þó ekki fjölgað. Verða þeir áfram 100 talsins.

steindor@frettabladid.is

Enn er deilt um hvernig staðið var að sölu eigna á varnarliðssvæðinu:

Veðsetning eigna gagnrýnd

FASTEIGNIR Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, eru á öndverðum meiði um hvort eðlilegt hafi verið að heimila veðsetningu í eignum þegar Háskólavellir keyptu 96 byggingar á starfssvæði Þróunarfélagsins. Heildarvirði samningsins er um fjórtán milljarðar króna. „Það virðist vera samið með mjög óvanalegum hætti um það að aðili sem aðeins er búinn að borga örfá prósent í eign fái hana til fullrar ráðstöfunar til veðsetningar. Það er algjört fádæmi, ef ekki einsdæmi, í fasteignaviðskiptum óskyldra aðila. Svona er þetta í undirrituðu kauptilboði," sagði Bjarni Harðarson.

BJARNI HARÐARSON

KJARTAN ÞÓR EIRÍKSSON

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins, er ósammála Bjarna og segir hann misskilja samninginn í öllum grundvallaratriðum. „Ef menn eru að gagnrýna veðsetninguna þá skilja menn ekki eðlileg fasteignaviðskipti. Við gefum út veðleyfi en kauptilboðið sem slíkt er ekki opið veðleyfi á eignirnar sem málið snýst um. Greiðslunum er dreift yfir ákveðið tímabil og kaupandinn fær veðheimild á eignir í takt við greiðslurnar. Þetta eru eðlileg fasteignaviðskipti."

Að félaginu Háskólavöllum standa fasteignafélagið Klasi hf., Glitnir, Fasteignafélagið Þrek ehf., Fjárfestingafélagið Teigur ehf. og Sparisjóðurinn í Keflavík. - mh

Jólagleðji

7.590 kr.

Babyliss keramik sléttujárn PRO-230
Flott sléttujárn sem tryggir hámarksárangur fyrir allar hárgerðir.

20% afsláttur

Easy Sun
Vertu frískleg um jólin!
Brúnkuklútar með betri lykt frá Easy Sun.
20% afsláttur til jóla.

699 kr.

Disney baðhanskar
Taktu besta vininn með í baðið.

2.450 kr.

Kósý fleeceteppi
Hægt að stinga fótunum í poka
og sér poki fyrir fjarstýringu.

20% afsláttur

Surgi vaxtæki og vaxfyllingar
Einföld og fljótleg háreyðingarmeðferð sem endist
í 6-8 vikur. 20% afsláttur til jóla.

frá 1.459 kr.

Eyrnalokkar
Vandaðir hágæða titaníum eyrnalokkar,
hannaðir í samráði við húðlækna.

frá 1.327 kr.

Weleda
Í fullkomnu jafnvægi með bað- og húðvörum
frá Weleda. Jólagjöf sem gleður.

JÓLABÓKIN Í ÁR

Handbók um lyf á Íslandi – þarfaþing á hverju heimili.

GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM

Komdu og skoðaðu
frábært úrval af jólagjöfum.
Fallegur gjafapoki fylgir gjafavörum.

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 40051 11/07

Gíraffinn
10 ára!
Einstakt afmælistilboð

Í tilefni af því að 10 ár eru liðin síðan Flex hóf framleiðslu á „gíraffa“ fyrir sandpappír, til að slípa sparsl á veggjum og í lofti, verða gíraffavörur á sérstöku tilboðsverði til 14. desember.

Með öllum Flex-gíröffum sem keyptir eru fram til 14. des., gefum við 1400W gripmattara, 1200W grip-hjámiðjuslípara, gíraffatösku og gíraffahúfu frá Flex.

Gildir meðan birgðir endast!

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA - 9071475

Aseta ehf
Tunguháls 17
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is
ASETA

Tveggja vikna loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á Bali lýkur í dag:

Sótt að Bandaríkjastjórn

BALÍ, AP Er lokastundir tveggja vikna loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á Balí í Indónesíu nálguðust í gær hótuðu fulltrúar Evrópuríkja að sniðganga viðræður sem bandarísk stjórnvöld boða til um loftslagsmál í Washington í næsta mánuði, nema Bandaríkjastjórn fallist á þátttöku í alþjóðlegu samkomulagi þar sem sett eru töluleg markmið um að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, sem kom til Balí beint frá því að taka við friðarverðlaunum Nóbels í Ósló fyrir þátt sinn í að vekja heimsathygli á hættum loftslagsbreytinganna, tjáði ráðstefnufulltrúum í gær að land sitt bæri „höfuðábyrgð“ á því að minna miðaði en skyldi í samkomulagsátt. Hann ráðlagði fulltrúunum þó að reiðast ekki, heldur sýna þolinmæði þar sem ganga mætti út frá því að stefna Bandaríkjastjórnar breyttist eftir forsetakosningarnar að ári.

STOLTENBERG Í PONTU Norski forsætisráðherrann talaði ásamt fleiri evrópskum ráðamönnum á Balí fyrir bindandi losunarmarkmiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fulltrúar Bandaríkjanna, Japans, Rússlands og fleiri ríkja neita að sættast á að í drögum að lokaályktun ráðstefnunnar sé kveðið á um að iðnríki skuli skuldbinda sig til að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 um 25 til 40 prósent. Að bókfæra slík töluleg markmið á þessu stigi kann að mati þessara ríkja að setja óþarflegar hömlur á þær samingaviðræður sem fram undan eru. **- aa**

Lögreglan á Akureyri:

Steramaður játaði sök

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri handtók fyrr í vikunni ungan mann. Hann reyndist vera með um 16 grömm af ætluðu amfetamíni í fórum sínum. Í framhaldi af því fundust 458 steratöflur og þrjár ampúlur heima hjá honum. Ekki var unnt að yfirheyra manninn strax vegna annarlegs ástands. Hann var því vistaður í fangageymslu þar til í gær. Hann játaði sök og málið telst upplýst. **- jss**

Hæstiréttur ómerkir dóm:

Túlkun áfátt

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur ómerkt dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í líkamsárásamáli.

Tveir menn og ein kona af taílenskum uppruna voru ákærð og dæmd fyrir tvær stórfelldar líkamsárásir á síðasta ári. Fólkið var dæmt í nokkurra mánaða fangelsi, sem var skilorðsbundið. Þinghald dróst á langinn vegna vandamála með túlkun. Ekki þótti sannað að framburður íslenskra vitna hefði verið túlkaður fyrir sakborninga. Hæstiréttur leggur því meðal annars fyrir héraðsdómara að íslensku skýrslurnar verði túlkaðar fyrir þá. - jss

Sigga & Timo
GULLSMIÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Osta- og Sælkerakörfur
Erum að taka við pöntunum fyrir jólin í síma
5622772
Gleðilega hátíð
www.ostabudin.is
Delicatessen
OSTABÚÐIN
SKÓLAVÖRÐUSTÍG

VIÐ STÖRF Mikill fjöldi ungra kennara var ráðinn við fjölgun framhaldsskóla fyrir aldarfjórðungi. Þeir láta af störfum á næstu árum en svartsýni ríkir um nýliðun innan stéttarinnar.

Kennarastétt orðin gömul

Helmingur framhaldsskólakennara er yfir fimmtugu og þriðjungur hættir störfum fljótlega. Kennaraforystan segir skólana ekki samkeppnisfæra. Mikill áhugi á kennarastöðum segja yfirvöld menntamála.

MENNTAMÁL Innan fárra ára getur skapast kreppuástand í framhaldsskólum landsins vegna kennaraskorts. Ástæðan liggur í háum meðalaldri stéttarinnar, sem þýðir að stór hluti starfandi framhaldsskólakennara mun fara á eftirlaun á nokkurra ára tímabili. Félag framhaldsskólakennara segir að kreppa geti myndast því skólarnir geti ekki keppt við atvinnulífið um vel menntað fólk á meðan mun betri laun bjóðist utan þeirra.

AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að kennaraforystan hafi haft áhyggjur af síhækkandi meðalaldri kennara í framhaldsskólum um langt árabil. „Mjög stór hluti stéttarinnar er kominn á seinni hluta starfsævinnar og nýliðunin er mjög lítil. Unga fólkið er mjög fámennur hópur. Við höfum rætt það við stjórnvöld að bregðast við áður en það verður of seint.“

Þegar aldursdreifing kennara í framhaldsskólum er skoðuð kemur í ljós að tæpur helmingur kennara er yfir fimmtugu. Aðeins sjö prósent kennara eru 31 árs og yngri.

Einnig er athyglisvert að kennarar sem komnir eru yfir sextugt eru svipað hlutfall og þeir sem eru yngri en 35 ára.

Aðalheiður segir að eins og staðan sé í dag séu laun framhaldsskólakennara engan veginn samkeppnishæf við það sem gerist annars staðar á opinberum vinnumarkaði. Þegar horft sé á laun innan Bandalags háskólamanna sé ljóst að ungt fólk muni leita annað en til framhaldsskólanna þegar það velji sér framtíðarstarf. „Laun kennara, og þar með samkeppnishæfnin við atvinnulífið um vel menntað ungt fólk, mun ráða úrslitum um hvort þessi vandi verður leystur.“

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, segir það blasa við að stórir hópar kennara nái eftirlaunaaldri innan fárra ára. „En við höfum upplýsingar frá skólameisturum framhaldsskólanna að mikill áhugi sé almennt fyrir þeim störfum sem eru auglýst, og meiri en á undanförnum árum. Við getum gefið okkur að þeir sem sækja um átti sig á hvaða launakjör eru í boði.“ Guðmundur segir einnig að undanþágubeiðnum um ráðningar réttindalausra kennara fari fækkandi. „Það þýðir væntanlega að verið sé að ráða í vaxandi mæli kennara með full réttindi til kennslustarfa í framhaldsskólum, sem er mjög jákvætt.“ **svavar@frettabladid.is**

ALDUR KENNARA Í FRAMHALDSSKÓLUM

Undir 31 árs	7,1%
31 til 40 ára	17,7%
41 til 50 ára	29,5%
51 til 60 ára	34,5%
61 og yfir	11,1%

HEIMILD: STARFSMANNASKRIFSTOFA FJÁRMÁLARÁÐUNEYTISINS. MIÐAÐ VIÐ OKTÓBER 2007.

Netsamband sem fylgir þér um allt

Með 3G netkortinu frá Símanum kemstu í háhraða netsamband hvar og hvenær sem er á 3G neti Simans. Hraðinn er alger bylting og með 3G netkortinu geturðu verið í eigin netsambandi á fundi úti í bæ – eða jafnvel á leiðinni á hann!

Sími

Netið

Sjónvarp

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

HRATT: NETKORT 1

Mánaðargjald **990** kr.

1,5Mbit/s háhraða Internet *
100MB gagnamagn.
3G netkort: 19.900 kr.

HRAÐARA: NETKORT 2

Mánaðargjald **2.990** kr.

3Mbit/s háhraða Internet *
450MB gagnamagn.
3G netkort: 10.900 kr.**

HRAÐAST: NETKORT 3

Mánaðargjald **4.990** kr.

4Mbit/s háhraða Internet *
1500MB gagnamagn.
3G netkort: 10.900 kr.**

3G

* Hámarkshraði við bestu aðstæður.
** Gegn sex mánaða samningi (Netkort 2 eða 3). Uppsagnarfrestur samnings er 1 mánuður.

ENNEMM / SÍA / NM31001

Þakklæðning á Austurbæjarskóla fauk í óveðri og skemmdi fjölda bíla:

Bíllinn eins og koparskúlptúr

ÓVEÐUR „Það liggur við að maður gefi bílinn bara í jólagjöf, það er búið að pakka honum svo fínt inn," segir Jakob Rúnar Jónsson, forstjóri byggingafélagsins Jónsson og Briem ehf., en þakklæðning af Austurbæjarskóla vafðist utan um bíl fyrirtækisins í óveðrinu í fyrrinótt. „Þau fjúka ekki svona þökin sem við byggjum," segir Jakob glettinn og bætir því við að bíllinn hafi verið eins og risavaxinn koparskúlptúr þegar að var komið. Stórtækar vinnuvélar voru fengnar til að ná brakinu af bílnum, sem Jakob segir að sé ónýtur.

Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla, var ræstur eldsnemma í gærmorgun en þá var klæðningin farin að flettast af þaki skólans. Fjórir þakgluggar eyðilögðust og um 300 fermetrar af þakklæðningunni eru á bak og burt. Guðmundur segir að tjón innandyra sé lítið og skólahald hafi hafist á tilsettum tíma í gær. **- þo**

MIKLAR SKEMMDIR Margir bílar skemmdust þegar þakklæðning fauk af Austurbæjarskóla, þó enginn eins illa og bíll fyrirtækisins Jónsson og Briem ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Víða mikið tjón en engin slys á fólki

Björgunarsvetir á Suðvesturlandi og Vesturlandi sinntu meira en 300 hjálparbeiðnum vegna óveðurs í fyrrinótt. Bensíndælur fuku um koll, tré rifnuðu upp með rótum og vinnuskúrar tókust á loft. Búist er við stormi aftur í dag.

VEÐUR Víða varð tjón í óveðrinu sem gekk yfir landið vestanvert í aðfaranótt fimmtudags. Á höfuðborgarsvæðinu fuku þakplötur, ruslatunnur og annað lauslegt og tilkynnt var um tjón á fjölmörgum bifreiðum. Á Reykjavíkurflugvelli aðstoðuðu björgunarsveitarmenn við að binda niður flugvélar og víða þurfti að aðstoða borgara við að setja krossviðarplötur fyrir brotna glugga. Alls óskuðu á annað hundrað borgarar eftir aðstoð á höfuðborgarsvæðinu vegna veðursins.

Björgunarsveitir á Suðurnesjum höfðu einnig í nógu að snúast og kerra fauk á farþegaþotu á Keflavíkurflugvelli. Þá fauk uppsláttur að einbýlishúsi við Þjórsárver í Flóa og þakplötur losnuðu af húsi Barnaskólans á Eyrarbakka.

Á Akranesi fauk söluskúr ÍA á Jaðarsbökkum og skömmu síðar tókst 300 fermetra skemma sem geymd var á vinnusvæði við Vesturgötu á loft. Talsvert tjón varð einnig í Borgarnesi, til dæmis fauk sendiferðabíll á hliðina á Egilsgötu og rúður brotnuðu í Sparisjóði Mýrasýslu.

Síðla nætur tók að hvessa á Vestfjörðum og þar voru nær allar björgunarsveitir ræstar. Á hafnarsvæðinu á Ísafirði losnuðu tengivagnar aftur úr tveimur flutningabílum. Annar þeirra fauk um 600 metra leið og sópaði niður ljósastaur í látunum. Þá voru björgunarsveitir sendar upp á Steingrímsfjarðarheiði til að aðstoða fólk sem hafði fest bifreið sína í ófærð.

Þrátt fyrir veðurhaminn virðast ekki hafa orðið slys á fólki.

Jón Trausti Guðjónsson, starfsmaður í tjónadeild Vátryggingafélagsins, segir að margir hafi haft samband vegna tjóna af völdum veðurs. Hann segir ekki algengt að húseigendur séu dregnir til ábyrgðar verði tjón af völdum þakplatna eða annars sem fjúki af húsum þeirra. „Þegar vindhraði er kominn upp fyrir viðmiðunarmörk, sem eru rúmir 28 metrar á sekúndu, er fólk ekki bótaskylt nema skaðann sé hægt að rekja til vanrækslu," segir Jón. **thorgunnur@frettabladid.is**

HVASST Á ÁRTÚNSHÖFÐA Þrjár bensíndælur á bensínstöð Atlantsolíu á Ártúnshöfða gáfust upp fyrir vindinum og lögðust á hliðina. Þær voru komnar í gagnið á ný strax og birti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKEMMA TÓK FLUGIÐ Á Akranesi tókst 300 fermetra stálgrindarskemma á loft og fauk tuttugu metra uns hún lenti á hvolfi. Á leið sinni skemmdi hún horn á annarri skemmu og eyðilagði nýjan salernisgám sem sést fremst á myndinni. Eins og sjá má er skemman sjálf einnig gjörónýt. MYND/SKESSUHORN

GRÍÐARHVASST Í MESTU HVIÐUNUM

Vindhraði fór víða upp fyrir fjörutíu metra á sekúndu í óveðrinu í fyrrinótt. Mestur var vindhraðinn á Skálafelli við Esju en þar náði mesta vindhviðan 64 metra hraða á sekúndu. Næstmesta hviðan, 60,2 metrar á sekúndu, mældis á sjálfvirkri veðurathugunarstöð undir Hafnarfjalli í Borgarfirði.

Skútan Lipurtá er gjörónýt eftir óveðrið sem gekk yfir landið í fyrrinótt:

Kjölurinn rifnaði af í látunum

ÓVEÐUR „Hún siglir ekki aftur þessi, það er alveg ljóst," segir Stígur Berg Sophusson, einn þriggja eigenda lystiskútunnar Lipurtáar sem gjöreyðilagðist í óveðrinu á Ísafirði aðfaranótt fimmtudags.

Skútan hafði nýlega verið tekin á land og var bundin á kerru við Sundahöfn. Þegar hafnarstarfsmenn komu til vinnu í gærmorgun var kerran á sínum stað en skútan var horfin og hafði skilið kjölinn eftir í kerrunni. Skútan sjálf fannst ekki fyrr en birti og reyndist þá sokkin.

„Mér sýnist á öllu að hún hafi fokið upp og runnið um 300 metra á stjórnborðssíðunni eftir fjörunni uns hún hafnaði í sjónum. Þar flaut hún um kílómetra leið áður en hún sökk," segir Stígur.

Skútan, sem er 26 feta, var nýuppgerð og öll tæki um borð voru af nýjustu gerð. Stígur segir að tjónið nemi að minnsta kosti tveimur milljónum en sem betur fer var hafi skútan verið vel tryggð. „Tilfinningatjónið verður hins vegar ekki bætt. Það var ansi sárt að sjá björgunarsveitarmennina draga flakið á land," segir Stígur, sem keypti sinn hlut í skútunni í september. **- þo**

Færð þú ekki örugglega endurgreiðslu í desember?

Dæmi um ávinning:

Hjón með ungling:	Einstæð móðir með eitt barn:	Hjón með tvö börn:
39.583 kr.	**29.408 kr.**	**49.187 kr.**

Nú er kátt hjá e-korthöfum!

Í ár nemur heildarávinningur af notkun e-kortanna um 200 milljónum króna. Ávísanir með endurgreiðslu hafa borist korthöfum sem geta nú verðlaunað sig eða glatt aðra um jólin. e-kortið og e-Vildarkortið veita ekki aðeins árlega endurgreiðslu heldur njóta korthafar ávinnings af fjölda sértilboða og ýmissa fríðinda allt árið um kring.

KAUPÞING spron

KORTIN
ekortin.is

Fíton/SÍA FI023916

SPÓLVÖRN

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ● GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ● KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

KIRKJUR ÍSLANDS

9. og 10. bindi - Eyjafjörður

FJÖGUR FYRSTU BINDIN NÚ SAMAN Í PAKKA

Ritstjórar: Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson 370+353 bls.

TVÖ NÝ BINDI UM KIRKJUR ÍSLANDS

Í glæsilegri ritröð um KIRKJUR ÍSLANDS er viðfangsefni 9. og 10. bindis Eyjafjarðarprófastsdæmi, þar sem skoðaðar eru 18 friðaðar kirkjur í Eyjafirði frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum.

Í 1.–4. bindi er fjallað um 19 friðaðar kirkjur í Árneprófastsdæmi, sem komu upphaflega út hvert í sínu lagi, en bjóðast nú saman í pakka á betra verði.

Ritröðin opnar sýn inn í mikilvægan þátt í menningarsögu okkar heima í héraði, því kirkjan er ekki aðeins musteri trúar, heldur einnig sýnileg táknmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma. – Þetta eru vandaðar, ríkulega myndskreyttar listaverkabækur. Bækur um friðaðar kirkjur í Skagafjarðar- og Húnavatnsprófastsdæmum eru einnig fáanlegar.

Þeir aðilar sem koma að útgáfu bókanna eru: Þjóðminjasafnið, Húsafriðunarnefnd, Fornleifavernd, Biskupsstofa, Minjasafnið á Akureyri og Byggðasafn Dalvíkur.

Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

Donald Tusk fundar með Angelu Merkel í Berlín:

Ætla að bæta tengsl

VINIR Grannþjóðaleiðtogarnir báru lof á vináttuna milli þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÞÝSKALAND, AP Hinn nýi Evrópusamvinnusinnaði forsætisráðherra Póllands, Donald Tusk, og þýski kanslarinn Angela Merkel tóku á þriðjudag saman fyrstu skrefin að því bæta samskipta grannríkjanna tveggja. Samskiptin höfðu stirðnað mjög í valdatíð síðustu ríkisstjórnar í Varsjá, sem lét harða þjóðernisstefnu bitna á tengslunum.

Þrátt fyrir hlýleg orð í sinni fyrstu opinberu heimsókn til Berlín miðaði lítið í samkomulagsátt í nokkrum þeim málum sem mestur ágreiningur hefur verið um. Svo sem um áformað safn um örlög þeirra milljóna Þjóðverja sem flæmdar voru frá þeim héruðum sem gefin voru Póllandi eftir stríð, eða um áformaða lagningu gasleiðslu frá Rússlandi til Þýskalands eftir botni Eystrasalts, framhjá Póllandi. **- aa**

ASKJA Í DYNGJUFJÖLLUM Ekki hefur orðið eldgos við Upptyppinga síðasta árþúsundið, en nokkrum sinnum hefur gosið í Öskju í Dyngjufjöllum og nágrenni frá því land byggðist. MYND/SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

Ekki gos síðan land byggðist

Jörð skelfur enn við Upptyppinga og hefur skjálftahrina staðið í viku. Ekki er útilokað að eldgos verði þar á næstunni en jarðeðlisfræðingur segir líklegt að frekari fyrirboðar sjáist áður en gos hefst.

NÁTTÚRA Sérfræðingar Veðurstofunnar fylgjast grannt með skjálftahrinu við Upptyppinga, um 20 kílómetrum austan við Öskju, en hrinan hefur staðið frá síðastliðnum föstudegi. Þar til skjálftarnir verða grynnra í jarðskorpunni og sterkari er ekki talin mikil hætta á eldgosi á svæðinu.

Hundruð skjálfta hafa orðið í hrinunni, og nálgast óðfluga þúsundið, segir Sigþrúður Ármannsdóttir, landfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Skjálftarnir eru taldir tengjast kvikuhreyfingum undir yfirborðinu. Í gær hafði heldur dregið úr skjálftunum en óvíst hvort það er tímabundið ástand.

Flestir skjálftarnir hafa orðið á 13 til 15 kílómetra dýpi, og segir Sigþrúður að hætta á eldgosi muni aukast ef upptök þeirra verði innan 10 kílómetra frá yfirborði.

Svæðið norðan Vatnajökuls er eldvirkt, en ekki hefur orðið gos við Upptyppinga síðasta árþúsundið, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Þó hafa orðið gos annars staðar á svæðinu, til dæmis í Öskju frá því land byggðist.

„Við vitum ekkert um það hvort þetta er einhver vísbending um að þarna muni gjósa í náinni framtíð. Menn segja hins vegar að ekki sé heldur hægt að útiloka það," segir Magnús Tumi.

Jarðfræðingar hafa því engar upplýsingar um það hvernig skjálftavirkni var síðast þegar gaus, sem þýðir að afar erfitt er að spá fyrir um framhaldið, hvort stefni í eldgos eða ekki.

Magnús Tumi segir líklegast að ákveðnir fyrirboðar muni sjást áður en eldgos við Upptyppinga hefst þegar skjálftar færist ofar í jarðskorpuna. Þó að talsvert sé um ferðamenn á svæðinu yfir sumartímann búi enginn í nágrenni við Upptyppinga, og því ættu ekki að þurfa að verða nein skakkaföll af eldgosi á þessum slóðum. Þó sé mikilvægt að vakta svæðið vel.

brjann@frettabladid.is

Afli erlendra ríkja minnkandi á Íslandsmiðum:

Færeyingar veiddu mest erlendra þjóða

SJÁVARÚTVEGUR Afli erlendra ríkja við Ísland minnkaði úr 114 þúsund tonnum 2005 í rúmlega 54 þúsund tonn 2006. Uppistaða aflans var sem fyrr loðna. Færeyingar veiddu mest erlendra þjóða hér við land 2006 en Norðmenn árið 2005. Þetta kemur fram í ritinu Afli erlendra ríkja við Ísland 2006 og heimsaflinn 2005.

Heimsaflinn var 93 milljónir tonna árið 2005 og minnkaði um 1,1 milljón frá árinu 2004. Kyrrahafið gaf mestan afla og stærsta einstaka fisktegundin var Perúansjósa. Kínverjar veiddu mest árið 2005 en Íslendingar voru í 14. sæti listans, í öðru sæti fiskveiðiþjóða á Norðaustur-Atlantshafi og í áttunda sæti veiðiþjóða á Norðvestur-Atlantshafi. **- shá**

Slys á Fljótsdalsheiði:

Ekið á þrettán hreindýr

SLYS Þrettán hreindýr urðu fyrir bíl og drápust á Fljótsdalsheiði í gær.

Dýrin hlupu í veg fyrir jeppa og náði ökumaður hans ekki að hemla í tæka tíð. Ökumaður og farþegi hans sluppu ómeiddir og bíllinn skemmdist ekki mikið.

Að sögn lögreglu er ekki óvanalegt að ekið sé á hreindýr á þessum slóðum. Það er hins vegar óvenjulegt að svo mörg dýr verði fyrir bíl í einu.

Flest dýrin drápust strax af sárum sínum en aflífa þurfti þrjú þeirra. Lögregla segir ekkert benda til þess að þarna hafi hreindýr jólasveinsins verið á ferð. - þo

VÍKUR Christoph Blocher talar á þinginu í Bern í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnmál í Sviss:

Blocher felldur úr ríkisstjórn

SVISS, AP Christoph Blocher, leiðtogi svissneskra þjóðernisein-angrunarsinna í flokknum SVP, missti í gær sæti sitt í ríkisstjórn Sviss er keppinautur úr hans eigin flokki þáði kjör til þess sætis sem hann vermdi.

Eveline Widmer-Schlumpf úr hófsamari armi SVP hafði betur en Blocher í atkvæðagreiðslu á þingi í fyrradag, með 125 atkvæðum gegn 115. Widmer-Schlupf var teflt fram með stuðningi tveggja annarra flokka.

Eftir ósigurinn sagðist lýð-skrumarinn Blocher nú munu tala tæpitungulaust á ný, eftir að hafa þurft að hemja sig svo lengi sem hann sat í fjögurra flokka þjóðstjórninni. **- aa**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slys við Héðinsfjarðargöng

Karlmaður sem starfar við gerð Héð-insfjarðarganga slasaðist illa á hendi á miðvikudag. Maðurinn klemmdi höndina í steypubíl. Hann var fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri þar sem hann gekkst undir aðgerð og er á batavegi.

Lögregla leitar að skjávarpa

Lögreglan á Vestfjörðum leitar Arpro-skjávarpa sem stolið var úr Mennta-skólannum á Ísafirði um síðustu helgi. Brotist var inn um glugga á kjallara skólans og skjávarpanum, sem var festur í loftfestingu í einni kennslustofu skólans, stolið.

Gott í skóinn

SÖT BARNSLIG mjúkdýr ýmsar tegundir **50,-/stk.**

MÅLA tússpenni/stimpill 6 stk. ýmsir litir **95,-**

395,-

BARNSLIG APA mjúkdýr L25 cm

KLAPPAR MASKERAD gríma m/spöng ýmsar tegundir **295,-/stk.**

TITTA fingraleikbrúður 10 stk. ýmsir litir **495,-**

KLAPPAR GIRAFF mjúkdýr brúnt **495,-**

KLAPPAR PANDA mjúkdýr L32 cm **695,-**

KLAPPAR BOLL mjúkur bolti ýmsir litir **95,-/stk.**

MINNEN RÅTTA mjúkdýr L23 cm **395,-**

KOJA tjald 120x120x95 cm **595,-**

KLAPPAR TEATER brúðuleikhús **195,-**
KLAPPAR VILD handbrúður ýmsar tegundir **295,-/stk.**

KORALL HAJ mjúkdýr L62 H16 cm **495,-**

Opið til 22:00 fram að jólum | www.IKEA.is

IKEA®

Jólin hjá Ingvari Helgasyni

VIÐ ERUM Í JÓLASK

ALLT AÐ 300 ÞÚS.

Það ríkir sannkölluð jólastemmning hjá Ingvari Helgasyni og auk þess að bjóða allt að 300 þúsund kr. jólapakka bjóðum við nú einnig valda bíla á sérstöku jólatilboði! Komið og kíkið á jólastemmninguna og kynnið ykkur frábær tilboð!

Athugið að tilboðin gilda aðeins til 21. desember.

Við lofum þér góðri þjónustu

Við erum komin í jólaskap og tökum á móti væntanlegum viðskiptavinum með jólasmákökum og heitu kakói. Við höfum einsett okkur að veita viðskiptavinum okkar bestu þjónustu sem völ er á og því erum við stöðugt að leitast við að gera betur í dag enn í gær.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 79

ENNEMM / SÍA / NM31068

KAPI

KR. JÓLAPAKKAR

Við erum stolt og ánægð með sístækkandi viðskiptavinahóp, marga nýja og spennandi bíla, aðstöðu sem tekur öðru fram og úrval traustra vörumerkja.
Við vonumst til að sjá þig í hátíðarskapi!

940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

Fyrrverandi fangi ósáttur við að þyngstu lóðin hafi verið fjarlægð á Litla-Hrauni:

Sneri lífi mínu við með lóðum

FANGELSISMÁL „Mér finnst mjög rangt að gera þetta, lyftingar voru stór þáttur í því að mér tókst að snúa lífi mínu við," segir Grétar Sigurðarson, kraftlyftingamaður og fyrrverandi fangi, um þá staðreynd að þyngstu lóðin hafi verið fjarlægð úr líkamsræktarsal fangelsisins á Litla-Hrauni.

Grétar fékk tveggja og hálfs árs dóm fyrir aðkomu sína að dauða Litháans Vaidasar Jucevicius árið 2004, og lauk afplánun á Vernd í febrúar á þessu ári. Hann tók þátt í keppninni Sterkasti maður Íslands í júní og hafnaði í sjöunda sæti.

„Það skiptir miklu máli að menn fái að blása þarna út og taka hraustlega á því, því þá eru þeir miklu síður að djöflast í samföngum eða fangavörðum. Útrásin sem menn fá bæði líkamlega og andlega er mjög mikilvæg."

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í fyrradag voru þyngstu lóðin fjarlægð til að stemma stigu við auknum vinsældum kraftlyftinga á Litla-Hrauni. Verið sé að reyna að beina föngum að fjölbreyttari heilsurækt en kraftlyftingum.

„Mér finnst þetta mjög svo kjánalegt," segir Grétar. „Maður nær úr sér pirringi og leiðindum með því að taka almennilega á því í lyftingasalnum." **- sþs**

HNYKLAR VÖÐVANA Grétar segir mikilvægt fyrir fanga að geta fengið útrás með því að taka á því í lyftingasalnum.

URRIÐAFOSS Í ÞJÓRSÁ Urriðafossvirkjun er ein af þremur virkjunum sem Landsvirkjun áformar að reisa í neðri hluta Þjórsár. Hinar tvær eru Hvammsvirkjun og Holtavirkjun.

Virkjanaáform háð eignarnámsheimild

Virkjanaáform í neðri hluta Þjórsár virðast vera háð eignarnámi á svæðinu. Innan þingflokks Samfylkingarinnar er ekki litið svo á að almannahagsmunir krefjist eignarnáms. Nokkrir landeigendur ætla sér ekki að semja við Landsvirkjun.

ORKUMÁL Allt bendir til þess að virkjanaframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár, í þeirri mynd sem Landsvirkjun hefur áformað, standi og falli með því hvort Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra ákveði að beita eignarnámsheimild til þess að rýmka fyrir því að áformin verði að veruleika. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sú skoðun almenn innan þingflokks Samfylkingarinnar að ekki sé tækt að beita eignarnámsheimild á svæðinu þar sem almannahagsmunir krefjist þess ekki.

Nokkrir landeigendur á áhrifasvæðum mögulegra virkjana hafa ekki hug á því að semja við Landsvirkjun. Þeirra á meðal eru hjónin Daniela og Walter Schmitz, ábúendur á bænum Skálmholtshrauni. Christiane L. Bahner, lögmaður þeirra hjóna, segir þau vera á móti virkjanaáformunum. „Þau eru á móti þessum áformum og eins og mál standa þá er ekki útlit fyrir að þau breyti afstöðu sinni. Þau ætla sér ekki að semja."

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar og þingmaður Suðurkjördæmis, segist ekki geta séð að eignarnámsheimild sé möguleg á grundvelli almannahagsmuna. „Það er vandséð að eignarnám á þessu svæði uppfylli kröfur sem stjórnarskráin setur. Ef að ekki takast samningar við landeigendur þá eru þessi áform langsótt. Ég get ekki séð að almannahagsmunir krefjist þess að virkjað verði. Hér er nægt rafmagn og fólk hefur það almennt gott. Það þurfa að koma fram einhver ný sjónarmið ef þetta á að ganga eftir."

LÚÐVÍK BERGVINSSON

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Samkvæmt raforkulögum er það á valdi iðnaðarráðherra að skera úr um hvort eignarnámi verði beitt. Ef ekki semst við landeigendur, eða ef ekki liggur fyrir heimild til eignarnáms, innan nítíu daga frá veitingu virkjanaleyfis fellur það sjálfkrafa niður.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á þriðjudag telur Össur ekki víst að heimild verði gefin til eignarnáms.

Vinna á vegum Landsvirkjunar vegna virkjana í Þjórsá er komin vel á veg. Landsvirkjun hefur lokið við gerð samkomulags við eigendur jarða í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna Hvammsvirkjunar auk þess sem gengið hefur verið frá samningi við eiganda jarðarinnar Króks í Ásahreppi um mótvægisaðgerðir og bætur, að því er fram kemur í fréttabréfi Landsvirkjunar um Þjórsárvirkjanir. Áformað er að reisa Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun í neðri hluta Þjórsár en samtals verður orkuframleiðsla þeirra um það bil 255 megavött.

magnush@frettabladid.is

EFTIRSPURNIN EFTIR ORKU GRÍÐARLEG

Gríðarleg eftirspurn er eftir orku sem framleidd yrði úr virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Landsvirkjun hefur nú þegar tilkynnt um að orkan verði ekki seld til álvera heldur annars orkufreks iðnaðar, svo sem netþjónabús. Viljayfirlýsing vegna sölu á 50 til 80 megavöttum á raforku fyrir netþjónabú fyrirtækisins Verne Holdings liggur fyrir en það á að rísa á Keflavíkurflugvelli. Landsvirkjun vonast til þess að geta hafið framkvæmdir á seinni hluta næsta árs, ef allt gengur eftir.

100 LJÓSA „LED" LJÓSAGREINAR

Flottar 100 ljósa greinar með led lýsingu sem gefur mikla birtu. Fæst í glæru, rauðu og bláu. Hæð 100 sm.

JÓLATRÉ - LJÓSASLANGA

Flottur jólatré úr glærri ljósaslöngu. Þessi er flottur yfir hátíðirnar!

HREINDÝR MEÐ LJÓSI

Fjórar gerðir af flottum hreindýrum til að nota innanhúss.
Nú skreytum við fyrir jólin!

LJÓSASTAFIR

5 fallegir ljósastafir saman í pakka á frábæru verði! Hæð: 73 sm.

„MICRO" JÓLASERÍA

100 eða ljósa micro sería til að nota innan- eða utanhúss. Fæst með grænni eða glærri snúru. Spennubreytir fylgir með. 200 ljósa verð áður: 2.990,-
NÚ AÐEINS: **1.490,-**

STÓR JÓLASVEINN

Flottur, stór jólasveinn með fullan poka af gjöfum. Hæð 80 sm.

VERÐ ÁÐUR 4.990,-
2.490,-

U.Þ.B. 50% AFSLÁTTUR

FLÖSKUPOKAR

Hægt að velja milli jólasveins, snjókarls eða elgs.

JÓLASOKKUR

Sætir jólasokkar, fást með snjókarli eða jólasveini.

FALLEG JÓLATRÉ MEÐ LJÓSUM OG SKRAUTI

Glæsileg jólatré með toppi, ljósi og skrauti. Skiptir litum, batterí fylgja ekki með. 3 stærðir.

Stærð: 60 sm.
Verð áður:.....**2.990,-**
VERÐ NÚ:... 1.490,-

Stærð: 90 sm.
Verð áður:.....**3.990,-**
VERÐ NÚ:... 1.990,-

JÓLATILBOÐ

MIKIÐ ÚRVAL AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM

KERTASTJAKI OG STYTTA

Fallegur engla kertastjaki og stytta í stíl.

JÓLATRÉSFÓTUR

Glæsilegur jólatrésfótur úr gifsi og með stillanlegu járn statífi. Stór og flottur fótur fyrir alvöru jólatré.

JÓLADÚKKUR

Fallegar jóladúkkur í tréskóm. Hæð: 19 sm. Nokkrar mismunandi gerðir fáanlegar.

FJÖLTENGI

Fyrir allar seríurnar. Með rofa.

GRÝLUKERTASERÍA

Skreytið húsið með fallegum grýlukertaseríum.

LJÓSAGARDÍNA

Glæsilegar ljósagardínur fáanlegar bæði til að nota inni og úti. Breidd 140 sm.

SMÁKÖKUDISKAR

Mikið úrval af smákökudiskum á frábæru verði!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

JÓLALEGT GLASASETT

Fallegt og jólalegt glasasett sem inniheldur eina stóra og góða könnu ásamt 6 glösum. Má ekki setja í uppþvottavél.

Lissabon-sáttmálinn leysir úr kreppu ESB

Leiðtogar Evrópusambandsins flugu til Lissabon í gær til að undirrita nýja uppfærslu stofnsáttmálans, sem kemur í stað stjórnarskrársáttmálans strandaða. Sáttmálinn á að taka gildi árið 2009, án þjóðaratkvæðagreiðslu nema á Írlandi.

LISSABON, AP Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna 27 söfnuðust saman í Lissabon, höfuðborg Portúgals, í gær til að undirrita formlega endanlega útgáfu umbótasáttmálans svonefnda, sem hér eftir verður kenndur við Lissabon. Að sögn leiðtoganna gerir nýi sáttmálinn þeim meðal annars kleift að bregðast með skilvirkari hætti fyrir hönd sambandsins við heimsmálunum.

Leiðtogarnir komu sér saman um nýja sáttmálann fyrir tveimur mánuðum, en með honum vonast þeir til að binda enda á þá „stjórnarskrárkreppu" sem höfnun kjósenda í Frakklandi og Hollandi snemmsumars 2005 á stjórnarskrársáttmálanum svonefnda steypti sambandinu í. Lissabon-sáttmálinn mun taka gildi er öll aðildarríkin hafa lokið við að fullgilda hann, en stefnt er að því að því verði lokið snemma á árinu 2009 svo að hann geti tekið gildi fyrir næstu kosningar til Evrópuþingsins, sem að öllu óbreyttu eiga að fara fram í júní 2009.

Það spillti þó lítið eitt fyrir hátíðlegu andrúmsloftinu við undirritunarathöfnina í gær að uppi eru misháværar kröfur um að sáttmálinn verði borinn undir þjóðaratkvæði í fleiri löndum, en að óbreyttu er aðeins áformað að gera það á Írlandi. Umhverfisverndarsinnar gagnrýndu leiðtogana ennfremur fyrir að fljúga sérstaklega til Lissabon til að taka þar þátt í tveggja tíma undirritunarathöfn. Þeir munu síðan halda hinn eiginlega misseris-lokafund sinn í Brussel í dag.

Nýja sáttmálanum má lýsa sem metnaðarminni útgáfu af stjórnarskrársáttmálanum. Nokkur af umdeildustu atriðum hins síðarnefnda hafa verið skorin frá og nýjar málamiðlunarlausnir fundnar. Sáttmálinn breytir ákvarðanatökukerfi sambandsins. Hér eftir verða langflestar ákvarðanir teknar með vegnum meirihluta, það er þeim sviðum fækkað enn þar sem þarf samhljóða samþykki. Þá breytist líka atkvæðavægi hvers aðildarríkis, þannig að meira tillit verður tekið til íbúafjölda þeirra. Hin mikla fjölgun aðildarríkja kallaði á þessar breytingar.

Þá á leiðtogaráð sambandsins að fá varanlegan forseta, sem stýrir fundum þess. Hann er kjörinn til tveggja og hálfs árs í senn. Með þessu á að afleggja þann sið, að aðildarríkin skiptist á um að gegna ESB-formennskunni í hálft ár í senn. Þá á að fækka meðlimum framkvæmdastjórnar ESB úr 27 í 17. Loks fær Evrópuþingið völd sín aukin enn, auk þess sem þjóðþing aðildarríkjanna fá virkara hlutverk í ESB-kerfinu.

„Sambandið var lamað og vissi ekki hvernig það ætti að komast út úr kreppunni; við fundum lausnina með þessum sáttmála," sagði Jose Socrates, forsætisráðherra Portúgals og gestgjafi athafnarinnar. „Með því að leysa stofnanamál sín er Evrópa [les: Evrópusambandið] að búa sig í stakk til að takast á við vandamál heimsins," sagði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB.

audunn@frettabladid.is

DANIR MEÐ Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra og Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, takast í hendur eftir að hafa skráð nöfn sín á sáttmálaskjalið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lissabon-sáttmálinn

Umbótasáttmáli Evrópusambandsins er að svo að segja kjarninn úr stjórnarskrársáttmálanum svonefnda, sem strandaði er kjósendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslum árið 2005. Hann á að taka gildi fyrir mitt ár 2009.

- **Atkvæðavægi:** Atkvæðavægi hvers aðildarríkis endurspeglar betur íbúafjölda. Gildistaka nýja kerfisins frestast til 2014 til að koma til móts við athugasemdir Pólverja.
- **Forseti leiðtogaráðs:** Kjörinn til 2,5 ára í senn. Kemur í staðinn fyrir að ESB-formennskan gangi á milli aðildarríkja í hálft ár í senn
- **Utanríkismál:** Eflt embætti utanríkismálastjóra til að styrkja sameiginl. utanr.- og öryggismálastefnu
- **Framkvæmdastjórn ESB:** Föstum meðlimum hennar fækkað úr 27 í 17; aðildarríki skiptast á að tilnefna þá til fimm ára í senn
- **Réttindaskrá:** Borgararéttindaskrá ESB tekin inn í stofnsáttmálann

NÓATÚN

Útsala á ÍSLENSKU ungnautahakki

Heitt með Heim

Grillaður kjúklingur
799 kr. stk.

Húsavíkurhangikjötið fæst í Nóatúni



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

www.noatun.is Glæsileg heimasíða

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Afgreiðslut
föstudaga: l

Coke-kippa 6 fl x 2 ltr:
+ 1/2 kg.lakkrískonfekt í kaupbæti

KEA léttreyktur lambahryggur 1257 kr/kg.
Merkt verð 1795 kr.

Kofareykta hangikjötið frá Kjarnfæði
Hangiframparturinn 1598 kr/kg. *Merkt verð 1998 kr.*
Hangilæri 2159 kr/kg. *Merkt verð 2699 kr.*

Frosnar andabringur 25% afsláttur 1949 kr/kg.
Merkt verð 2598 kr.

NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐLAUS
10% VERÐLÆKKUN. ***VERÐ NÚ 808 KR/KG.***

Sanpelligrino sokkabuxur
20 & 40 Den. ***298 kr/stk.***

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ímí í Bónus
10.00-19.30

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13
S.588 8699 e-mail:gjafakort@bonus.is

Íslandslamb: Blandað lambasaltkjöt
20% afsláttur 399 kr/kg. Merkt verð 499

Ali hamborgarhryggur *30% afsláttur* - með beini *1252 kr/kg*
Ali hamborgarhryggur *30% afsláttur* - úrbeinaður *1623 kr/kg.*

After eight 400g
298 kr pakkinn.

Mackintosh 900g
998 kr.

Jólaspilið í ár: *Party & Co*
3998 kr.

Bónus bragðarefur 1 ltr.
259 kr dósin.

Mjólku sýrður rjómi
10% 180g 109 kr. - 18% 180g 109 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

BÓNUS

„ORÐRÉTT“

Hlaup en engin kaup

„Þetta átti bara að vera smá verslunarferð fyrir jólin.“

ERLA ÓSK ARNARDÓTTIR LILLIENDAHL, SEM FLAUG TIL NEW YORK OG LENTI Í MIÐJU STRÍÐI GEGN HRYÐJUVERKUM OG VIÐ TOLLVERÐI.

Fréttablaðið 13. desember

Hvaða málstað þá?

„Alþingi hefur aldrei brugðist hinum kristna málstað.“

BJÖRN BJARNASON, DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐHERRA, SEGIR VÁ FYRIR DYRUM, SLITNI TENGSL KRISTNI OG GRUNNSKÓLA.

Fréttablaðið 13. desember

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

Ef systir mín skrifaði um kynlíf huldufólks

„Ég er bara nokkuð ánægð,“ segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur. „Bókin mín, Heilræði lásasmiðsins, var að koma út, ég var einmitt að lesa hana í nótt og hún er bara mjög góð,“ segir hún og hlær við.

„Svo er ég að koma mér fyrir í íbúðinni minni eftir Írlandsdvölina þar sem ég var að læra um leikrit og skrif í sama skóla og James Joyce. Þar var ég líka að reyna að rata um sjálfa mig rétt eins og ég þurfti að rata um Dublin.“

En fleiri systkini Elísabetar gefa út bók fyrir þessi jól. Bók Hrafns er í öðru sæti á metsölulistanum og Unnur og Illugi gefa einnig út fyrir jólin. Því var hún spurð hvort samkeppnin kæmi niður á samskiptum þeirra. „Já, við tölumst ekki við núna,“ segir hún og er augljóslega að grínast. „Reyndar erum við öll að skrifa hvert um sitt efnið svo þetta er kannski ekki bein samkeppni. Til dæmis er Unnur systir að skrifa um huldufólk og ég um kynlíf meðal annars þannig að þetta er ekkert mál. Hins vegar ef hún tæki sig til og færi að skrifa um kynlíf huldufólks þá værum við komin í bullandi samkeppni.“

En hvernig er það að koma heim í miðjum jólaönnum? „Það er fínt, ég er enga stund að því að stressast upp og verða vitlaus í jólabrjálæðinu. En hins vegar var ég að velta því fyrir mér að „chilla“ fyrir þessi jól en það er eitthvað sem dóttir mín er að kenna mér. Svo verður nóg um að vera eftir jól, það er von á mínu fimmta barnabarni í febrúar.“

MANNEKEN PIS:
KENNILEITI BRUSSEL

Manneken Pis er eitt af höfuðkennileitum Brussel, höfuðborgar Belgíu. Hann er lítil bronsstytta í gosbrunni í hliðargötu frá aðaltorgi gömlu miðborgarinnar, skammt fyrir aftan ráðhúsið. Styttan sem þar stendur nú var gerð árið 1619 en hún átti sér nokkra fyrirrennara úr steini. Sú fyrsta var sett upp jafnvel svo snemma sem árið 1388. Nokkrar þjóðsögur eru til um Manneken Pis. Ein segir frá dreng sem slökkti í kveikjuþræði sprengju sem komið hafði verið fyrir við borgarmúrana með því að kasta af sér vatni á hann.

SJÓNARHÓLL
VERÐSTRÍÐ Á LEIKFANGAMARKAÐI

Fleira sem gleður

MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR Höfundur Hjallastefnunnar.

„Það er í sjálfu sér ánægjulegt að vörur til að gleðja börn þyki spennandi viðskiptakostur og að fyrirtæki keppist við að gera vel í verði og án efa í gæðum líka. Hins vegar megum við ekki gleyma því að það þarf ekki alltaf verðmiða og verðstríð til að gleðja börn,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir, skólastjóri og höfundur Hjallastefnunnar. Margrét segir að einmitt núna á aðventunni sé ekki síður mikilvægt að gefa börnum dýrmæti sem ekki fáist í búðum. „Hið nýja gull Vesturlanda er tími. Við eigum að gefa börnunum af þessu gulli með auknum samverustundum fjölskyldunnar. Piparkökubakstur við kertaljós, fjölskylduboð eða leikhúsferð með pabba eru jafn dýrmætar gjafir og þær sem eru með verðmiðanum í leikfangaversluninni,“ segir Margrét sem sér þó lítið athugavert við að verðstríð geisi á markaði sem er helgaður börnum. „Markaður sem sinnir börnum á ekki að vera neitt öðruvísi í eðli sínu en aðrir markaðir svo lengi sem góðir viðskiptahættir eru í heiðri hafðir. Það er skinhelgi að setja út á auglýsingar og markaðssetningu sem beinist að börnum en láta það óátalið að þau horfi á fullorðinsauglýsingar með kynferðislegum skírskotunum og ofbeldi,“ segir Margrét.



Grínið gefst vel á landann

Útlendingar eru áberandi í þjónustustörfum hér á landi. Oft eru viðskiptavinir spurðir hvað þeim finnst um þá þróun en Fréttablaðið fór á stúfana og spurði erlent afgreiðslufólk hvað þeim þætti um íslensku viðskiptavinina.

PAWEL Á KASSANUM Hann hikar ekki við að slá á létta strengi við viðskiptavinina enda kann hann vel að meta íslenska húmorinn. Landar hans eru hins vegar ekki jafn kátir þegar hann talar aðeins við þá á íslensku. JÓN SIGURÐUR

SYLWIA Í BÓNUS Sumir taka því illa að Sylwia tali ekki næga íslensku þótt hún hafi aðeins búið hér í tvo mánuði. Aðrir hafa gaman af því að bæta íslenskukunnáttu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

„Íslendingar eru bara jákvæðir og kurteisir,“ segir Pawel Kozycz afgreiðslumaður í Krónunni. „Ég er búinn að vera á Íslandi í tvö ár og tók þá ákvörðun strax að læra íslensku og til að flýta fyrir íslenskunáminu neita ég alveg að tala ensku og fólk kann að meta það. Reyndar hafa nokkrir pólskir viðskiptavinir móðgast nokkuð því ég tala íslensku við þá líka. Ég hef nefnilega gagnrýnt nokkra landa mína fyrir að koma hérna eins og nýlenduherrar í staðinn fyrir að læra tungumálið og aðlagast íslenskri menningu og hefðum. Það sem ég kann virkilega að meta við Íslendinga er kímnigáfan en þar standa þeir löndum mínum framar, þess vegna er ég óspar á grínið og það fellur í góðan jarðveg. Til dæmis kom hérna maður með barn og þegar ég var búinn að renna öllum vörunum í gegnum skannarann sagði ég, „já, svo ertu með tvo poka og eitt barn,“ þessu gríni var vel tekið,“ segir hann og skellir upp úr.

„Einu kvartanirnar sem ég fæ frá viðskiptavinunum er þegar sumum þeirra finnst ég vera full fljótur við að renna vörunum í gegn og þeir hafa ekki við að setja þær í pokana. Og ef ég er farinn að renna vörum annars kúnna í gegn þá verða sumir óánægðir ef þeir eru enn að tína í pokann sinn. Íslendingar vilja fá sitt pláss.“ Aðspurður hvort Íslendingar séu kaupóðir segir hann: „það held ég ekki, ekkert frekar en Pólverjar. Reyndar hef ég heyrt marga tala um þetta íslenska kaupæði svo eflaust er eitthvað til í því, fólk hefur heldur ekkert annað að gera í þessari veðri,“ segir hann og skellir upp úr.

Carolyn Linda Jeans og Ulrika Pétursdóttir eru hálfíslenskar og starfa í IKEA í Garðabæ. Carolyn ólst upp í Bandaríkjunum en flutti hingað árið 1982 en Ulrika, sem er uppalin í Svíþjóð, kom hingað fyrir tveimur árum. „Íslendingar eru afskaplega óþolinmóðir, það á allt að gerast núna strax,“ segir Ulrika. Carolyn tekur undir þetta. „Það er alveg rétt og ef allt er ekki eins og þeir vilja geta þeir brugðist illa við, til dæmis hafa nokkrir sagt við okkur að við séum búnar að skemma jólin því að hitt eða þetta er ekki til,“ segir hún og hlær við.

„En almennt eru þeir kurteisir,“ bætir Carolyn við, „til dæmis eru fastakúnnarnir sérlega góðir enda eru Íslendingar yfirleitt mjög skemmtilegir þegar maður er farinn að kynnast þeim.“

Fyrst þegar Ulrika byrjaði í IKEA var hún ekki altalandi á íslensku. „Þá þurfti ég stundum að grípa til enskunnar og flestir tóku því bara af skilningi. Nú, svo eru fjölmargir Íslendingar sem kunna sænsku og margir þeirra hafa gaman af því að dusta rykið af sænskukunnáttu sinni þegar ég segi þeim hvaðan ég er.“

En sænskukunnátta Íslendinga getur líka komið starfsfólkinu í bobba. „Við erum nokkur hér sem tölum sænsku þar á meðal er ein finnsk stúlka og einu sinni þegar hún hafði lent í vandræðum með einn kúnnann blótaði hún á sænsku þegar kúnninn var að fara. Hann snéri við á punktinum og hellti sér yfir hana enda skildi hann allt saman.“

Í IKEA starfa fjölmargir erlendir starfsmenn og segja þær stöllur að flestir þeirra tali saman á íslensku enda bjóði IKEA upp á íslenskunám.

Sylwia Bogdan er pólsk og vinnur í Bónus í Garðabæ. Hún hefur búið hér í tvo mánuði svo íslenskukunnáttan er af skornum skammti. „Stundum fæ ég skammir í hattinn fyrir að tala ekki nógu mikla íslensku en sumir eru afar ánægðir með það að ég skuli allavega reyna. Ég get sagt það mikilvægasta en ef eitthvað óvænt ber á góma verð ég að hringja eftir hjálp. Svo eru sumir mjög gjarnir á að kenna mér og ég hef bara gaman af því.“

CAROLYN OG ULRIKA Þær stöllur verða að vera snarar í snúningum og helst hafa allt til, annars getur fokið í óþolinmóða Íslendinga. Sumir hafa sagt þær skemma jólin með því að eiga ekki vöruna til sem þeir ætluðu að kaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

jse@frettabladid.is

VIÐ ERUM Í JÓLASKAPI

Í ÞVÍ TILEFNI ÆTLUM VIÐ AÐ HALDA
LAGERSÖLU ÞAR SEM VIÐ SELJUM
FERMETRANN Á AÐEINS

100 KRÓNUR!

VIÐ BYRJUM **KL. 10.00 LAUGARD.**
15/12 OG VERÐUM AÐ TIL KL. 14.00
(AÐ NEÐANVERÐU/LAGERMEGIN)

ATH AÐ ALLUR ÁGÓÐI SÖLUNNAR
RENNUR ÓSKIPTUR TIL
UMHYGGJA, FÉLAG TIL STUÐNINGS
LANGVEIKRA BARNA

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

Gleðileg jól

Flísabúðin

STÓRHÖFÐA 21 - 110 REYKJAVÍK - S. 545 5500
www.flis.is

Hið besta fólk við verstu vegi landsins

Vegirnir í gömlu Austur-Barðastrandarsýslu hafa verið nefndir af ráðherrum sem verstu vegir landsins og vegleysa. Jón Sigurður Eyjólfsson ákvað þó að leggja í hann en tók fyrst hús á sveitungum sem búa við vegleysuna. Þeir sögðu honum sögur, sýndu honum kartöflubyssur og gáfu holl ráð við holunum.

Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði á Alþingi fyrr í þessum mánuði að líklegast væru vegirnir í gömlu Austur-Barðastrandarsýslu verstu vegir landsins. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra gekk öllu lengra og kallaði veginn vegleysur enda sjálfsagt orðinn þreyttur á að hossast á honum á leið sinni heim til Bolungarvíkur.

En vegleysurnar hafa haft mikil áhrif á líf þeirra sem nálægt þeim búa. Blaðamaður ákveður að taka hús á nokkrum þeirra áður en haldið er yfir Klettsháls sem bíður eins og kónguló, tilbúin að festa vegfarendur í hvítum og ólgandi vef sínum. Það er ekki snjóþungt en kafaldsbylur hylur hæð og lægð.

Úti í hríðinni á stuttermabolnum

Fyrsti áfangastaðurinn á ferðinni um þennan veg er á Brekku þar sem Theódór Guðmundsson býr. Hann vann við vegavinnu frá því 1985 og þar til hann fór á eftirlaun fyrir þremur árum. En þótt hann sé hættur að hrófla við vegleysunni er hann enn til þjónustu reiðubúinn fyrir þá sem um þær fara.

Þegar blaðamann bar að garði voru nágrannar hans frá Múla í Kollafirði í heimsókn; hjónin Magnús Helgason og Ingrid Oddsdóttir. „Þau eru að fara suður en hundurinn þeirra, hann Spori, verður hjá mér á meðan," segir Dóri eins og hann er oftast kallaður meðan hann klappar svörtum og hvítum hundi.

En það eru ekki aðeins ferfætlingar sem fá að halla höfði á Brekku. „Það er venjulega mjög gestkvæmt hérna og margir hafa það fyrir venju að hringja í mig áður en þeir leggja í hann á þessum árstíma þegar oft er óvíst um færð," segir Dóri. „Nú og svo koma þeir við á leiðinni og þiggja kaffisopa. Og ef vegurinn er ekki álitlegur þá fá þeir bara að gista. Það gerist nú kannski ekki svo oft nú orðið enda er þetta ekkert miðað við það sem áður var þegar allt fór á kaf undir snjó en Klettshálsinn getur enn þá reynst mönnum erfiður yfirferðar."

Það er engu líkara en Dóri sé sífellt á vakt við veginn þótt minna reyni á þjónustulund hans nú en áður. „Maður fór oft upp um miðja nótt til að draga menn sem sátu fastir. Það eru ekki svo mörg ár síðan að mæðgur urðu næstum því úti á heiðinni þegar bíllinn sat fastur um miðja nótt en þau komust köld og hrakin gangandi á næsta bæ. Svo eru aðeins nokkrir dagar síðan ég kom einum til hjálpar því það hafði tekið niður hjá honum. Ég verð líka var við sífellt fleiri útlendinga á sumrin og þetta er eflaust afar erfiðar aðstæður fyrir þá og það skoppar alltaf einn og einn útaf sem þarf svo að draga upp á veg aftur."

Það er engu líkara en þeir sem fari um veginn reglulega hafi lært á leyndardóma hans. „Ég man til dæmis eftir honum Bía heitnum á mjólkurbílnum, hann lét ekkert stoppa sig. Hann sat kannski fastur smástund en þá fór hann bara út á stuttermabolnum í hríðinni með skófluna og bjargaði málunum."

THEÓDÓR MEÐ HJÓNUNUM FRÁ MÚLA Það var gestkvæmt hjá Dóra á Brekku þegar blaðamann bar að garði. Það er reyndar ekkert nýtt enda þurfa margir að leita skjóls hjá honum þegar ófærð klekkir á vegfarendum. Þau hjón Magnús og Ingrid, sem sitja við borðið, voru hins vegar ekki föst í ófærð heldur voru þau að koma með hundinn Spora í pössun. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

KATA OG HALLGRÍMUR Eflaust sakna margir Kaupfélagsins á Skálanesi þar sem Kata réð ríkjum. Hún lumaði líka á mörgum góðum ráðum sem auðvelduðu mönnum ferðina eftir holóttum veginum. Hallgrímur kom mörgum til hjálpar sem sprengt höfðu á dekkjum eða fengið gat á pönnuna.

Hlaupið reyndist vel í holunum

Ragnheiður Katrín Ólafsdóttir og maður hennar, Hallgrímur Valgeir Jónsson, ráku lítið útibú frá Kaupfélaginu skammt frá heimili sínu á Skálanesi. Það hefur eflaust verið kærkomin hvíld fyrir margan ferðalanginn að koma við í Kötubúð eins og þetta litla Kaupfélag var oftast kallað eftir að hafa hossast í holunum.

Enda var Kata, eins og hún er oftast kölluð, með ráð undir rifi hverju. „Jú, það kvörtuðu margir út af veginum sem getur verið einstaklega holóttur þó allt sé þetta að skána," segir hún. „En ég var með þykkt og mikið hlaup til sölu sem ég ráðlagði mönnum að hafa upp í sér meðan þeir færu yfir holurnar svo þeir skelltu ekki tönnum," segir hún og hlær við.

En fleira var hægt að kaupa og gera sér til gamans í Kötubúð. „Það voru margir hrifnir af óbarna harðfisknum sem ég var með. Svo fóru þeir með hann að steini einum fyrir ofan veginn og börðu hann sjálfir með hamri sem þeir fengu lánaðan hjá mér." Nágrannar sem blaðamaður talaði við sögðu marga sakna reykta rauðmagans sem góður rómur var gerður að í Kötubúð.

Hallgrímur hefur síðan komið mörgum vegfarandanum til hjálpar eftir að vegleysan var búin að jafna um fararskjótana.

Gunni Kalli kokkur og kartöflubyssan

Í vegavinnuskálunum á Skálanesi, rétt við túnfót þeirra Kötu og Hallgríms, halda til vaskir vegavinnumenn þær fáu frístundir sem þeir hafa. „Við erum hérna ellefu daga en fáum svo þrjá daga

> En ég var með þykkt og mikið hlaup til sölu sem ég ráðlagði mönnum að hafa upp í sér meðan þeir færu yfir holurnar svo þeir skelltu ekki tönnum.
>
> **RAGNHEIÐUR KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR** SKÁLANESI

í frí," segir Ottó Valdimarsson þegar blaðamaður náði á þá í kaffitímanum. „Við vinnum 12 tíma á dag sem er fínt, maður hefur ekkert betra að gera þegar maður er hérna en að vinna."

En af uppátækjum Gunnars Karls Garðarssonar að dæma er engu líkara en hann hafi nokkurn tíma aflögu. Hann vann áður í vegavinnuhópnum en hefur nú hlaupið í skarðið fyrir kokkinn sem hélt til annarra starfa fyrir skömmu. „Kíktu á þetta," segir hann meðan blaðamaður hnýtir skóþveng sinn. Hann dregur fram allsvakalega byssu og leiðir blaðamann út á hlað. „Þetta er kartöflubyssa sem ég hannaði. Ég set kartöfluna hérna í hlaupið svo sprauta ég svolitlu af gasi úr þessum hárspreybrúsa sem ég keypti hjá henni Guðbjörgu á Bíldudal og svo hleypi ég bara af." Við það þýtur kartaflan eina 300 metra en mikill hvellur dynur við. „Já, það er hávaði í þessu. Einu sinni laumaðist Ottó með hana inn í sjónvarpsherbergi og hleypti af, öllum af óvörum. Menn segja að verkstjóranum hafi brugðið svo að hann hentist upp í metrahæð þar sem hann lá í hægindastólnum."

Gunni Kalli, eins og hann er kallaður, á það sjálfur til að hrekkja félaga sína. „Eitt sinn tók ég leirköggul og setti inn á gólfið á salerninu og síðan klíndi ég smá úr honum á setuna. Það leit út eins og einhver hefði ekki hitt alveg í klósettskálina. Þeir urðu alveg vitlausir þegar þeir komu inn og ætluðu að gera þarfir sínar," segir Gunni Kalli og skellir upp úr.

Áður en blaðamaður verður að fórnarlambi hrekkjóttra vegavinnumanna ákveður hann að etja heldur kappi við kafaldsbylinn á Klettshálsi. Ef hann lætur í minni pokann í þeirri viðureign þá má alltaf leita til sveitunga, kaldur og hrakinn, með skottið milli lappanna. Til þess kom þó ekki, þökk sé vel búnum bíl og vestfirskri þrjósku. jse@frettabladid.is

GUNNI KALLI KOKKUR MEÐ KARTÖFLUBYSSUNA Það eru margir hrekkjalómar í vegavinnuskálanum á Skálanesi. Þessi kartöflubyssa hans Gunna Kalla hefur reynst ágætlega við að stytta mönnum stundir, stundum á kostnað annarra.

HVAÐ ER Í MYRKRINU?

Framhald verðlaunabókanna Nei! sagði litla skrímslið og Stór skrímsli gráta ekki.

„Skrímsli í myrkrinu er falleg og vönduð bók ... fyrirtaks góð til að lesa fyrir lítil kríli og spjalla um fyrir svefninn."
Hrund Ólafsdóttir, Morgunblaðið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

MAX

Landsins mesta úrval

Enox DVTV7615HD
• 15" LCD sjónvarp með DivX DVD spilara • Upplausn: 1024x768 punktar • Progressive Scan • Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms • Sjónsvið (H/V): 140/125° og birtustig: 350 cd/m2 • Fjölkerfa DivX DVD spilari • Spilar DVD, DVD+R/RW, DivX 3.x/4/5.x og XViD • Spilar CD, CD-R/RW og MP3 • 12V og 220V • 12w Nicam Stereo hljóðkerfi • Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp ofl.

FJÖLKERFA
DivX DVD SPILARI
12V OG 220V

Philips 32PFL7762D
• 32" LCD Pixel Plus 2 HD breiðtjaldsjónvarp
• Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 7.500:1 • HD Ready • Digital Natural Motion og Progressive Scan • Active Control • Innbyggður DVB-T móttakari • 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp, svefnrofi ofl.

Philips 37PFL5322
• 37" LCD Pixel Plus HD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 6ms • Progressive Scan • HD Ready • Ljósskynjari og Active Control • 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

United LTV20L42
• 20" LCD sjónvarp • Upplausn: 640x480 punktar • Digital Comb Filter • 10w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS • VGA tengi • Textavarp ofl.

Panasonic TX32LE7F
• 32" V-Real LCD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • V-Real tækni • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • Backlight Control • VIERA Link • 16w Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

Panasonic TX32LX70F
• 32" V-Real 2 LCD Breiðtjaldsjónvarp • • Upplausn: 1366x768 punktar • V-Real 2 Engine tækni • Sjónsvið (H/V): 178/178° með IPS Alpha skjá • 100Hz Motion Picture Pro • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 8.500:1 • Advanced 3D Colour management • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi • textavarp ofl.

Panasonic TH42PV70F
• 42" V-Real 2 Plasma breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1024x768 punktar • V-Real 2 Engine tækni • Advanced 3D Colour management • Motion Pattern Noise Reduction • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi • textavarp ofl.

V-REAL 2 ENGINE TÆKNI
- FRÁBÆR MYNDGÆÐI

Philips 42PFL5322
• 42" LCD Pixel Plus HD Breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 5.000:1 • Progressive Scan • HD Ready • Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

Philips 47PFL7642D
• 47" Full HD 1080p LCD Pixel Plus HD breiðtjaldsjónvarp • Upplausn: 1920x1080 punktar • Skerpa: 5.000:1 • Progressive Scan • HD Ready • Anti-Reflection - minnkar glampa • Innbyggður Digital DVB-T móttakari • 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround • 3 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, svefnrofi ofl.

PLASMA

Philips 50PFP5532D
• 50" Plasma Pixel Plus HD breiðtjald • Upplausn: 1366x768 - skerpa: 15.000:1 • HD Ready • Progressive Scan • Active Control • 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround • 2 Scart 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp, vekjari, svefnrofi ofl.

PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
- EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

OPIÐ TIL KL. 22:00 í kvöld og alla daga til jóla!

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-22	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-22	Föstudaga	kl. 11-22
Miðvikudaga	kl. 11-22	Laugardaga	kl. 11-22
		Sunnudaga	kl. 12-22

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

OLYMPUS

OLYMPUS E-510 SLR-Double Zoom Kit

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Hristivörn í vél
- "Dust Reduction System" rykfríar myndir
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000—60 sec, Bulb
- Innbyggt flass. Hægt að bæta við auka Olympus flassi.
- 18 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið
- 3 ára ábyrgð

TVÆR LINSUR:
14-42mm & 40-150mm

Verð: 89.900,- kr.

Myndavél sem fengið hefur afburða dóma.

MERKIN OKKAR
TRYGGJA GÆÐIN

„Eins og hugur manns!"

Nikon D40x *hefur fengið frábærar móttökur jafnt meðal áhugamanna um ljósmyndun sem og fagmanna enda einstaklega vel heppnuð stafræn SLR myndavél.*

Nikon D40x
- 10.2 milljón pixla CCD myndflaga
- 3 rammar á sekúndu
- 2,5" LCD skjár
- Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
- ISO 100-1600
- Lokarahraði 30–1/4000
- Innbyggðir aðgerðir til að laga og breyta myndum í vélinni
- i-TTL ljósmælikerfi
- Notar DS minniskort

Frábær vél fyrir byrjendur og lengra komna – með 18-135 mm Nikon DX linsu.

Verð kr. 99.900,-

Nikon D40x

Sláðu rækilega í gegn og settu Nikon D40x í jólapakkann.

SAMSUNG

MERGJUÐ HLJÓMGÆÐI

Tónlistarbankinn þinn

Leggðu inn að vild og njóttu ávaxtanna!

· 3 litir og 3 stærðir
· Tónlistarspilari með útvarpi.
· Rafhlaðan endist í 25 klst.

Samsung *YPK3F*
Verð :
1 GB: 11.900,-
2 GB: 14.900,-
4 GB: 17.900,-

NÝ OLYMPUS

VATNSHELD+HÖGGÞÉTT

Taktu myndir í kafi

Vatnsheld niður á 3 metra og höggheld

· 7.1 milljón pixlar
· 3x aðráttarlinsa (38–114 mm)
· Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
· Videoupptaka með hljóði

OLYMPUS *mju790*
Verð : 29.900,-

SANGEAN eru hágæða útvarpstæki.
Frábær hljómgæði, skemmtileg hönnun
og vandaður útvarpsmóttakari.

SANGEAN-WR-1
FM/AM útvarp
Innbyggt loftnet – tengi fyrir aukaloftnet
Aux inngangur
Tengi fyrir heyrnartól
Faánlegt í viðarlit, silfur eða svart

Verð kr. 13.900,-

JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar

VERÐTRYGGING!!
Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

CELESTRON

MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF STJÖRNUSJÓNAUKUM
í Ormsson Smáralind

CELESTRON
AstroMaster

AstroMaster 90EQ linsusjónauki.
Verð kr. 26.900,-

CELESTRON
NexStar SLT

NexStar 114 SLT spegilssjónauki.
Verð kr. 44.900,-

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BÆ

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!

TEFAL

Dásamlegar, nýbakaðar vöfflur – með hjálp TEFAL. Verð frá kr. 10.900,-

TEFAL

Frábær töfrasproti frá TEFAL. Getur allt! Verð frá kr. 10.900,-

TEFAL

Djúpsteikingarpottur vandaður og traustur.

TEFAL

Traust mínútugrill frá TEFAL. Verð frá kr. 8.990,-

TEFAL

KLASSÍSKAR OG ÖFLUGAR HITAKÖNNUR - úr stáli

TEFAL

JAMIE OLIVER KANN AÐ META GÆÐI

EÐAL POTTAR OG PÖNNUR HANNAÐIR AF JAMIE OLIVER OG TEFAL

TEFAL

privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI

LANGVARANDI ÁNÆGJA

brabantia
solid company

BRABANTIA STRAUBORÐ
- skemmtilegt úrval

TEFAL

TEFAL STRAUJÁRN
Verð frá kr. 4.790,-

ZWILLING

ZWILLING
Barnahnífapör
Verð kr. 2.790,- settið

Framsýni og metnaður síðan 1922

85 ÁRA
ORMSSON
1922-2007

***12** ORMSSON VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

AEG

Ryksugur af bestu gerð!
Verð frá kr. 10.900,-

AEG

Sterkur blandari. Ómissandi í matargerðina.
Verð kr. 6.900,-

AEG

AEG AT260
Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.
Verð kr. 5.990,-

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

Svona erum við

> Fjöldi togara á árunum 2000 til 2006



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: HEIMAVARNARRÁÐUNEYTI BANDARÍKJANNA

Vörn gegn hryðjuverkum og hamförum

Heimavarnaráðuneyti Bandarírkjanna eða, The United States Department of Homeland Security, eins og það heitir á frummálinu, var stofnað að frumkvæði George Bush forseta Bandaríkjanna í kjölfar árásanna sem gerðar voru 11. september 2001. Stofnuninni er ætlað að vernda Bandaríkin gegn árásum hryðjuverkamanna og bregðast við náttúruhamförum. Yfir 200 þúsund starfsmenn starfa við ráðuneytið.

Hafa aðgerðir þess skilað árangri?
Rannsókn sem unnin var af starfsmönnum samtakanna The Transactional Records Action Claims og birt var fyrr á árinu sýndi að innan við 0,01 prósent þeirra mála sem ráðuneytið hafði höfðað fyrir innflytjendadómstólum í landinu á síðustu árum tengdust hryðjuverkastarfsemi en stofnunin var stofnuð til að vernda Bandaríkin gegn hryðjuverkum. Forsvarsmenn heimavarnaráðuneytisins fullyrtu þó að starf þeirra hefði gert hryðjuverkamönnum erfiðara um vik að komast inn í landið.

Helsta gagnrýni?
Gagnrýniraddir á störf heimavarnaráðuneytisins hafa verið fremur háværar. Helst hefur hún beinst að því að ráðuneytið þykir brjóta á friðhelgi og mannréttindum borgaranna í skjóli ótta þeirra við ógnarverk. Mikil óánægja ríkir einnig meðal starfsmanna þessarar stofnunar. Fyrr á þessu ári var birt könnun sem gerð var meðal starfsmanna ríkisstjórnar Bandaríkjanna en hún sýndi að þeir sem unnu í heimavarnaráðuneytinu voru óánægðastir. Forsvarsmenn ráðuneytisins sögðu í febrúar að ástæðan fyrir lélegum starfsanda væri umfjöllun fjölmiðla um viðbrögð stofnunarinnar þegar fellibylurinn Katrín reið yfir.

Heimildir: cnn.com, abc.com, wikipedia.org

SPURT & SVARAÐ
UMRÆÐA UM KRISTNI Á ALÞINGI

Eiga að verja rétt allra

SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON Stjórnarmaður í Siðmennt.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins fór fyrir umræðu um kristni og þjóðkirkjuna á Alþingi í fyrradag. Sigurður Hólm Gunnarsson er stjórnarmaður í Siðmennt.

Á Alþingi að fjalla um trúmál?
Það sem mér fannst undarlegt við umræðuna er hvað mörgum þótti mikilvægt að við hefðum kristin gildi og værum kristin þjóð. Ég er þeirrar skoðunar að þeir sem eru á Alþingi ættu að vernda réttindi allra, alveg óháð trúarskoðunum.

Vantar málsvara trúfrelsis á þing?
Ég veit að einhverjir á þingi eru stuðningsmenn aðskilnaðar ríkis og kirkju, en ég hugsa að þeir þori bara ekki að tjá sig mikið. Ef einhver segist vilja aðskilnað er ýjað að því að viðkomandi sé á móti trúarbrögðum.

Er ekki meiri hluti þjóðarinnar kristinn? Það er alveg ótrúlegt að sjá sjóaða þingmenn tala um trúfrelsi út frá meirihlutaræði. Meirihlutaræði á aldrei að ná til borgaralegra réttinda, til dæmis trú- eða tjáningarfrelsis eða réttinda óháð kyni eða kynþætti.

Varnarliðssvæðið í brennidepli

Brottför varnarliðsins frá Íslandi hefur dregið óvæntan dilk á eftir sér. Sala bygginga á svæðinu hefur verið umdeild. Bandarísk stjórnvöld höfðu verðlagt eignir á svæðinu á ellefu milljarða króna en vonir standa til að hægt verði að selja þær fyrir um tuttugu milljarða.

VARNARLIÐSSVÆÐIÐ Tómlegt var um að litast á varnarliðssvæðinu eftir að bandarískir hermenn fóru þaðan. Uppbygging ýmiss konar starfsemi er komin vel á veg en aðferðafræðin við sölu á eignum á svæðinu hefur verið umdeild. Stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt hana en stjórnarliðar, einkum sjálfstæðismenn, hafa varið hana og sagt allt með felldu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bandaríska varnarliðið skyldi eftir mannlausa húsabyggð á Miðnesheiði. Frá því liðið fór hafa komið upp vandamál sem Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar var ætlað að leysa.

Áður en félagið tók til starfa hafði vatnsleki valdið tugmilljóna tjóni á byggingunum. Valgerður Sverrisdóttir þáverandi utanríkisráðherra baðst afsökunar á lekanum í ræðupúlti á Alþingi en byggingarnar höfðu staðið því sem næst eftirlitslausar frá því varnarliðið fór af landi brott. Ríkisendurskoðun vinnur enn að úttekt á því máli.

Dagblaðið DV greindi frá því um miðjan nóvember að óánægju gætti meðal manna, meðal annars starfsmanns Ríkiskaupa, um hvernig staðið hefði verið að sölu fasteigna á svæðinu. Helst var gagnrýnt að eignir hefðu ekki farið í útboð til þess að gæta fyllsta jafnræðis. Málið var tekið upp á Alþingi og hafa Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, og Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, helst gagnrýnt söluna á eignunum og hvernig staðið var að henni. Í framhaldi var ákveðið að ríkisendurskoðun skoðaði mál til hlítar og gerði stjórnsýsluúttekt á starfseminni allri.

Farið að lögum?
Málefni Þróunarfélagsins heyra undir forsætisráðuneytið. Brugðist var við gagnrýni á söluna af fullri hörku. Greinargerð, þar sem saga málsins var rakin, var send út af forsætisráðuneytinu 22. nóvember þar sem öllum ásökunum um að eignir hefðu verið seldar til útvalinna manna sem hliðhollir væru Sjálfstæðisflokknum og á undirverði var vísað á bug. Einn helsti kaupandi eignanna var fasteignafélagið Klasi en Þorgils Óttar Mathiesen, bróðir Árna Mathiesen fjármálaráðherra, á þriðjung í félaginu. Árni vísaði því alfarið á bug að það hefði einhverju máli skipt og benti á að málið heyrði ekki undir hann heldur Geir H. Haarde forsætisráðherra.

Atli Gíslason hefur talað fyrir því frá því málið kom upp að lög um opinber útboð hafi verið brotin. „Auðvitað hefði útboð átt að fara fram," sagði Atli í ræðu um málið á Alþingi og bar því við að lög um starfsemi Þróunarfélagsins mæltu svo fyrir.

Þessum málflutningi hefur verið mótmælt. Kappkostað var af hálfu ríkisins að koma upp starfsemi á svæðinu á sem stystum tíma. „Tilgangurinn með stofnun félagsins hefur verið sá að koma fasteignum í eigu ríkisins á svæðinu sem fyrst í skipuleg, hagfelld, borgarleg not með það að markmiði að jákvæð samfélagsleg áhrif verði sem mest og neikvæðum áhrifum á nærsamfélagið verði haldið í lágmarki," segir í greinargerð forsætisráðuneytisins.

Sérstaklega er áréttað að félagið skuli við sölu eigna gæta þess að „mismuna ekki aðilum og í því skyni skuli eignirnar auglýstar opinberlega til sölu og val á viðsemjendum ekki byggjast á öðrum sjónarmiðum en mati á hagstæðasta tilboði." Sérstaklega er tekið fram í samningum að Þróunarfélagið skuli virða útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup og hæfisreglur stjórnsýslulaga. Atli segir kröfuna um útboð taka mið af þessu.

HÁSKÓLANEMAR Sigurvin Ólafsson og Elsa Eðvarðsdóttir, nemendur í framgreinadeild Keilis sem er með starfsemi á gamla varnarliðssvæðinu, sjást hér að störfum. Stefnt er að stórfelldri uppbyggingu háskólasamfélags á svæðinu en hún er þegar nokkuð langt komin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ATLI GÍSLASON Atli hefur gagnrýnt sölu á eignum á gamla varnarliðssvæðinu á Miðnesheiði.

Forsætisráðuneytið segir lögin um opinber innkaup fyrst og fremst taka mið af kaupum Þróunarfélagsins á verki, þjónustu eða vöru og því sé umsjón félagsins með sölu eigna ríkisins ekki háð útboðsskyldu.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar í málinu, Atli og Bjarni, hafa ekki talið þessa röksemd halda. Eina sem geti tryggt jafnræði í sölu sem þessari, sé útboð.

Langtímaverkefni
Uppbygging starfsemi á svæði varnarliðsins er langtímaverkefni Þróunarfélagsins. Reiknað var með því, þegar félagið tók til starfa á haustmánuðum í fyrra, að langan tíma tæki að byggja upp starfsemi á svæðinu. Stærsti samningurinn sem gerður hefur verið til þessa er sala á 96 byggingum til Háskólavalla. Alls er um að ræða 1.660 íbúðir, auk frekara húsnæðis, en söluverðið var um fjórtán milljarðar króna. Húsnæðið er alls um 155 þúsund fermetrar.

Félögin sem standa að Háskólavöllum eru, auk Klasa, Glitnir, Fasteignafélagið Þrek ehf., Fjárfestingafélagið Teigur ehf. og Sparisjóðurinn í Keflavík.

Þegar er búið að selja þrjá fjórðu af húsnæðinu á svæðinu, 135 byggingar. Fengist hafa tæpir sextán milljarðar fyrir byggingarnar sem er nokkru meira en gert hafði verið ráð fyrir þar sem bandarísk stjórnvöld höfðu metið eignirnar á um ellefu milljarða. Háskólavellir eru langstærsti kaupandinn en félagið Base hefur keypt 22 byggingar og Keilir tvær líkt og Þjóðkirkjan. Fyrirtækið Atlantic Film Studios hefur fest kaup á þrettán byggingum fyrir tæplega 600 milljónir en til stendur að byggja upp fyrsta flokks kvikmyndaver á svæðinu.

Enn á eftir að selja 36 skrifstofu- og þjónustubyggingar og 342 íbúðir. Mikið land er innan svæðisins sem Þróunarfélagið telur að sé hægt að nýta betur.

FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

ÁLNAVÖRUBÚÐIN HVERAGERÐI

Jólasveininn í Hveragerði

Heitt Kakó og glaðningur fyrir börnin

Frá 14-16 á morgun

OPIÐ ALLA DAGA NEMA ÞRIÐJUDAGA FRÁ KL 13-18
ÁLNAVÖRUBÚÐIN BREIÐAMÖRK 2 HVERAGERÐI
SÍMI 4834517

01 - 10441

LÍNAN

Ný falleg Lína að Bæjarlind sex

Opið mán. til fös. 10-18

lau. 11-16 og sun. 13-16

Casino | Verð: 162.800 kr.

Nýtt kortatímabil!

Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 500 titlar



30%* afsláttur

TILBOÐ **2.780**kr
Bókatíðindaverð 3.980,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **2.700**kr
Bókatíðindaverð 3.880,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **2.980**kr
Bókatíðindaverð 4.280,-

67%* afsláttur

Veislubók landsliðsins á ótrúlegu jólatilboði

TILBOÐ **495**kr
Almennt verð 1.499,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **2.790**kr
Bókatíðindaverð 3.990,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **3.280**kr
Bókatíðindaverð 4.690,-

35%* afsláttur

TILBOÐ **2.910**kr
Bókatíðindaverð 4.480,-

35%* afsláttur

TILBOÐ **1.600**kr
Bókatíðindaverð 2.490,-

35%* afsláttur

TILBOÐ **2.260**kr
Bókatíðindaverð 3.490,-

30%* afsláttur

TILBOÐ **1.300**kr
Bókatíðindaverð 1.880,-

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði eða almennu verði.

Gildir til og með 16. desember eða á meðan birgðir endast.

Allir fást í Smáralind, Kringlu og Skeifu,
minna í öðrum búðum.

30-90 % afsláttur

af vinsælum bókum

40% afsláttur

TILBOÐ **2.680**kr
Bókatíðindaverð 4.480,-

30% afsláttur

TILBOÐ **3.350**kr
Bókatíðindaverð 4.790,-



30% afsláttur

TILBOÐ **3.270**kr
Bókatíðindaverð 4.680,-

30% afsláttur

TILBOÐ **3.490**kr
Bókatíðindaverð 4.990,-

30% afsláttur

TILBOÐ **3.270**kr
Bókatíðindaverð 4.680,-

30% afsláttur

TILBOÐ **1.530**kr
Bókatíðindaverð 2.190,-

30% afsláttur

TILBOÐ **3.140**kr
Bókatíðindaverð 4.490,-

30% afsláttur

TILBOÐ **3.130**kr
Bókatíðindaverð 4.480,-

Jóhanna Vigdís áritar í Kringlunni
frá kl. 14:00 – 15:00
sunnudaginn 16. desember

90% afsláttur

TILBOÐ **199**kr
Almennt verð 1.999,-

30% afsláttur

TILBOÐ **1.300**kr
Bókatíðindaverð 1.880,-

30% afsláttur

TILBOÐ **1.870**kr
Bókatíðindaverð 2.690,-

30% afsláttur

TILBOÐ **2.020**kr
Bókatíðindaverð 2.890,-

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
6.542 **-1,00%**

Fjöldi viðskipta: 266
Velta: 11.685 milljónir

MESTA HÆKKUN

ATORKA	0,80%
BAKKAVÖR	0,17%
LANDSBANKINN	0,14%

MESTA LÆKKUN

EIK BANKI	2,80%
STRAUMUR-BURÐA.	2,24%
ICELANDAIR	2,19%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,08 +0,80% ... Bakkavör 59,60 +0,17% ... Eimskipafélagið 36,55 +0,00% ... Exista 22,90 -1,72% ... FL Group 15,45 +0,00% ... Glitnir 22,80 -1,94% ... Icelandair 26,75 -2,19% ... Kaupþing 889,00 -1,22% ... Landsbankinn 37,00 +0,14% ... Straumur-Burðarás 15,30 -2,24% ... Össur 99,00 +0,00% ... Teymi 5,98 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Færeyingar í mínus

Gengi bréfa í Föroyabanka féll um 2,14 prósent í Kauphöll Íslands í gær og fór í 183 danskar krónur á hlut. Þetta er sex krónum undir útboðsgengi með bréfin áður en viðskipti hófust með þau 21. júní síðastliðinn. Gengið fór um tíma í 178,5 krónur á hlut í gær og hafði aldrei verið lægra.

Gengi bréfanna stóð í 240 krónum á fyrsta viðskiptadegi og hækkaði um tæp 30 prósent innan dags. Hæst fór það hins vegar í 260 krónur á hlut 3. ágúst síðastliðinn. Í kjölfarið tók það að lækka samhliða óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Miðað við lokagengið í gær hefur gengi bréfa í Föroya banka lækkað um 3,1 prósent frá útboði en um tæp 30 prósent frá því það stóð í hæstu hæðum.

Einn stendur upp úr

Sami krankleiki plagar hin færeysku félögin sem skráðu sig hér á markað á árinu, bæði Eik Banki og Atlantic Airways, sem skráð var fyrir helgi, eru komin undir fyrsta viðskiptagengi. Gengi fyrsta færeyska félagsins í Kauphöllina hér sker sig hins vegar nokkuð úr. Atlantic Petroleum er enn með hækkun upp á tæp 228 prósent það sem af er ári, þótt félagið hafi lækkað um rúmt hálft prósent í gær. Þó er Atlantic Petroleum líklega eina félagið sem aldrei hefur skilað hagnaði, þótt töluverðar væntingar séu gerðar til olíuvinnslu framtíðar.

MARKAÐSPUNKTAR

Neyslugleði landsmanna virðist í fullum gangi ef marka má greiðslukortaveltu í nóvember. Heildarvelta greiðslukorta nam um 79 milljörðum króna í mánuðinum. Þetta er 7,3 prósenta aukning frá sama tíma í fyrra, samkvæmt greiningardeild Glitnis.

Gengi hlutabréfavísitalna lækkaði nokkuð víða um heim í gær þrátt fyrir aðgerðir fimm seðlabanka til að létta á lausafjárkrísunni. Greiningardeild Landsbankans segir þær svartsýnisraddir heyrast að aðgerðirnar hafi verið viðbrögð við verri lausafjárstöðu bankanna en vitað var um.

Atvinnuleysi í Bretlandi mældist 2,5 prósent í síðasta mánuði. Það hefur ekki verið með minna móti síðan árið 1975, samkvæmt greiningu Kaupþings.

Hærri stýrivöxtum spáð

„Það er ljóst að hagvöxtur er töluvert meiri en menn höfðu reiknað með," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá greiningu Glitnis. Hagvöxtur mældist 4,3 prósent á þriðja ársfjórðungi. Þar af 2,6 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins. Að baki liggur talsverð aukning í einkaneyslu, ötulum bílakaupum landsmanna og utanlandsferðum í sumar.

Þá var reiknað með allt að tuttugu prósenta samdrætti í fjárfestingum eftir mikinn vöxt í fyrra. Raunin varð hins vegar sex prósentum minni. Jón segir nokkur atriði búa þar að baki, svo sem mikla fjárfestingu atvinnuveganna. „Ég hef verið með tilgátu um að hluti af þessu sé vegna dráttar á verklokum Kárahnjúkavirkjunar. Það er ekki ókeypis enda þýðir það að heildarfjárfesting í mannvirkjum verður umfram áætlanir," segir hann.

FRAMKVÆMDIR Sérfræðingur hjá greiningu Glitnis segir fjárfestingu atvinnuveganna hafa dregist minna saman en spáð var á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Greining Glitnis hafði spáð óbreyttu stýrivaxtastigi á næsta vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í næstu viku. Jón segir bankann ekki hafa breytt spá sinni en bætir við að hagtölurnar nú auki líkurnar á því að vextir hækki. „Við erum að skoða spána," segir hann. **- jab**

Fjölskyldur á móti yfirtöku

Tvær breskar fjölskyldur, sem samtals eiga tæp 27 prósent í Moss Bros, þykja líklegar til að vera andvígar hugsanlegu yfirtökutilboði Baugs í félagið. Baugur á tæp 29 prósent í félaginu gegnum eignarhaldsfélagið Unity Investments.

Verðmiðinn á herrafataversluninni hefur lækkað hratt á árinu samhliða sölusamdrætti. Greinendur reikna með að rekstrarhagnaður ársins dragist saman um fjórðung á milli ára.

Financial Times segir verðmiðann á herrafataversluninni lágan um þessar mundir og fjölskyldurnar telji hann ekki endurspegla raunverulegt verðmæti félagsins. Þær eru sagðar þrýsta á Keith Hamill, stjórnarformann Moss Bros, að standa sem fastast gegn yfirtökutilburðum Baugs. **- jab**

SÁ GULI Þorskur selst ekki óveiddur um þessar mundir. Skýringin er rakin til niðurskurðar á aflaheimildum og þess að bankar halda að sér höndum í lánveitingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvótaviðskipti sjaldan minni

Lítil sem engin viðskipti hafa verið með fiskveiðikvóta á síðari hluta ársins. Aflaheimildir hafa verið skornar niður og bankar halda að sér höndum í lánveitingum.

„Bankarnir spila þarna stóra rullu. Þeir hafa dregið verulega úr lánveitingum til kaupa á aflaheimildum," segir Þórir Matthíasson, forstöðumaður sjávarútvegssviðs Viðskiptahússins. Hann segir lítil sem engin viðskipti hafa verið með kvóta frá því að tilkynnt var um verulegan niðurskurð aflaheimilda í sumar. Friðbjörn Ásbjörnsson, hjá Fiskmarkaði Íslands tekur undir þetta. „Menn eiga erfitt með að fjármagna kvótakaup."

„Við höfum heyrt í mönnum sem hafa orðið varir við meiri tregðu hjá bönkunum en áður," segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.

„Það er samt fyrst og fremst niðurskurðurinn í þorskinum sem skýrir þetta," segir Arthur. Menn myndu til dæmis ekki vilja selja 100 tonn núna sem kannski yrðu 150 tonn þegar kvótinn verður aukinn.

Viðskipti með aflaheimildir voru nokkur framan af árinu en nú hafa þau alveg dottið niður í varanlegum heimildum og lítil viðskipti eru með leigukvóta. „Það hefur engin verðmyndun átt sér stað," segir Þórir. Friðbjörn nefnir að í krókakerfinu gæti óveitt kíló af þorski farið á um 3.500 krónur en í stærra kerfinu kosti það á bilinu 3.800 til 4.000 krónur.

„Verð á aflaheimildum er of hátt um þessar mundir, miðað við væntan afrakstur," segir Magnús Karlsson, viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Landsbankans. Hann bendir á að almennt haldi bankar að sér höndum í útlánum, vegna lausafjárskorts á heimsvísu. „Það á við lán til kvótakaupa eins og annað." Hver og ein beiðni sé tekin fyrir. „Við höfum raunar ekki fengið margar beiðnir upp á síðkastið, svo við erum þannig séð ekki að neita mörgum um lán," segir Magnús.

Magnús Arnar Arngrímsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis, tekur í sama streng. Beiðnir séu fáar. Hver og ein sé hins vegar tekin fyrir og greiðsluhæfið kannað. **ingimar@frettabladid.is**

Forstjórinn farinn

Adam Applegarth, forstjóri breska bankans Northern Rock, lét af störfum í gær, tveimur mánuðum fyrr en hann ætlaði sér. Á sama tíma greindi bankinn frá því að hann hefði tapað 281 milljón punda, jafnvirði 35 milljarða íslenskra króna, á ýmsum lánavöndlum sem hafa fallið mjög í verði. Stjórn bankans útilokar ekki frekara tap. Andy Kuipers, yfirmaður sölu- og markaðsmála, hefur tekið við starfi hans.

Nokkrir sterkir fjárfestar hafa gert tilboð í hlutabréf bankans og hafði einn þeirra, breska félagið Olivant, þrýst á um að bankinn gerði hreint fyrir sínum dyrum fyrir jól ellegar draga tilboðið til baka.

Northern Rock hefur fengið 25 milljarða punda, jafnvirði 3.100 milljarða íslenskra króna, í neyðarlán hjá Englandsbanka, seðlabanka Bretlands, til að tryggja sig gegn lausafjárþurrð. Heldur blés í lántökuna þegar stjórnendur bankans greindu frá því í haust að þeir hefðu tryggt sér lánavilyrði í september. Það olli taugatitringi í röðum sparifjáreigenda sem fóru í þúsundatali í bankann og tóku út fé sitt.

Gengi bankans hefur hríðfallið síðan þá og fór um tíma í gær í 94 pens á hlut. **- jab**

SPARIFÉÐ TEKIÐ ÚT Forstjóri Northern Rock hefur tekið pokann sinn eftir mikið tap hjá bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

SAMSUNG

TILBOÐSVERÐ Á ÞESSUM VINSÆLU SAMSUNG LASER-PRENTURUM

– FYRIR HEIMILIÐ OG SKRIFSTOFUNA

NETTUR, SKARPUR, HLJÓÐLÁTUR

SAMSUNG ML-2010

- Prenthraði: 20 bls/mín
- Fyrsta blaðsíða út: 10 sek.
- Upplausn: 1200 x 600 dpi
- Minni: 8 MB
- Pappírsbakki inn: 150 blöð
- Pappírsbakki út: 100 blöð
- Hljóðmagn: <53dBA í prentun og <35dBA í bið
- Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
- Tenging: USB

VERÐ ÁÐUR kr. 13.900,-

TILBOÐSVERÐ:
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Kr. 8.900,-

MINNSTI LITA-LASER PRENTARI Í HEIMI

– OG EINN SÁ HLJÓÐLÁTASTI

SAMSUNG CLP-300

- Prenthraði:
  Svart/hvítt: 16 bls/mín
  Litur: 4 bls/mín
- Fyrsta blaðsíða út: 14-26 sek.
- Upplausn: 2400 x 600 dpi
- Pappírsbakki inn: 150 blöð
- Pappírsbakki út: 200 blöð
- Minni: 64 MB
- Hljóðmagn: < 49dB
- Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
- Tenging: USB 2.0 og Ethernet 10-100 Base
- Stærð: B x D x H: 39 x 34 x 26
- Þyngd: 13 kg.

VERÐ ÁÐUR kr. 27.900,-

TILBOÐSVERÐ:
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Kr. 19.900,-



ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160



UMFRAMEFTIRSPURN EFTIR HLUTABRÉFUM Í NEW BRITAIN PALM OIL Frá einni pálmaekru félagsins í Papúa Nýju Gíenu.

Mikil áhugi á fjórðungseign

Kaupþing hefur selt fjórðungshlut í breska fyrirtækinu New Britain Palm Oil. Félagið verður skráð á aðallista kauphallarinnar í Lundúnum hinn 17. þessa mánaðar. Þetta er fyrsta frumútboðið sem Kaupþing í Bretlandi sér um á aðallistann.

Fram kemur í tilkynningu frá Kaupþingi að mikil eftirspurn hafi verið eftir bréfum í félaginu, bæði frá fagfjárfestum á Bretlandseyjum og einnig héðan frá landi. Umframeftirspurn hafi verið veruleg.

Hlutir fyrir 90 milljónir punda, eða sem nemur rúmum ellefu milljörðum krón, hafi verið seldir. Verð á hlut hafi verið 2,5 pund. Markaðsverðmæti félagsins nemi 360 milljónum punda. **- ikh**

Tíund krafna greidd

Skiptum lokið á sushi-verksmiðjunni Sindrabergi.

Rétt tæp tíu prósent fengust greidd af lýstum kröfum upp á tæplega 172,5 milljónir króna í þrotabú Sindrabergs á Ísafirði. Búið var tekið til gjaldþrotaskipta 23. ágúst 2005, en skiptum lauk í nóvemberlok síðastliðin.

Sindraberg var nýsköpunarfyrirtæki, stofnað árið 1999 um framleiðslu á frosnum sushi-réttum. Afurðir voru markaðssettar í Bretlandi og Þýskalandi en róðurinn reyndist erfiður.

Veðkröfur í búið námu tæplega 133,7 milljónum, en þar af greiddust 15,6 milljónir, eða rúm 16 prósent. Upp í samþykktar forgangskröfur að upphæð tæplega 20,6 milljónir króna fengust tæplega 1,6 milljónir króna, 11,23 prósent krafna. Aðrar almennar kröfur í búið námu rúmum 18,2 milljónum króna.

Stærstu hluthafar Sindrabergs voru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Byggðastofnun og Hvetjandi hf. fjárfestingarsjóður í eigu Ísafjarðarbæjar, Byggðastofnunar, Súðavíkurhrepps, Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Vestfirðinga. Flestir urðu starfsmenn Sindrabergs rúmlega 30 talsins. **- óká**

Vextir Íbúðalánasjóðs hækka

Vextir á lánum Íbúðalánasjóðs hækka um 20 til 25 prósentustig. Þeir eru nú 5,75 prósent á almennum lánum og 5,50 prósent á lánum með ákvæði um sérstaka uppgreiðsluþóknun. Vaxtahækkunin kemur í kjölfar útboðs íbúðabréfa sjóðsins.

Vextir sjóðsins voru áður 5,50 prósent af almennum lánum og 5,30 prósent af lánum með uppgreiðslugjaldi, eftir vaxtahækkun um miðjan síðasta mánuð.

Vextir sjóðsins eru engu síður heldur undir því sem bankarnir bjóða um þessar mundir. Almenn jafngreiðsluíbúðalán Landsbankans bera nú 6,3 prósenta vexti, 6,35 prósent hjá Glitni og 6,4 prósent hjá Kaupþingi. **- óká**

Stofnfjáraukning hjá Byr sparisjóði.
Útboðinu lýkur föstudaginn
14. desember kl. 16.00

Nú stendur yfir aukning stofnfjár um **kr. 23.726.114.700** með útboði þar sem stofnfjáreigendum er boðið að skrá sig fyrir nýju stofnfé. Nafnverð nýs stofnfjár í útboðinu er **kr. 12.200.000.000** og er verð hvers stofnfjárhlutar **kr. 1,94476350.**

Útboðslýsing er aðgengileg á vef sparisjóðsins, **www.byr.is**, og í útibúum sparisjóðsins.

Áskriftartímabilinu lýkur föstudaginn **14. desember 2007 kl. 16.00.**

Stofnfjáreigendur eiga kost á að skrá sig rafrænt fyrir nýju stofnfé, á vef sparisjóðsins undir slóðinni **www.byr.is**. Stofnfjáreigendum gefst einnig kostur á að skrá sig fyrir nýju stofnfé með því að fylla út áskriftarblað og skila því undirrituðu í útibú Byrs áður en áskriftartímabilinu lýkur, kl. 16.00 föstudaginn 14. desember 2007. **Áskriftir sem sendar verða til Byrs í pósti verða ekki teknar gildar í útboðinu.**

Ef stofnfjáreigandi nýtir að engu leyti rétt sinn til kaupa á nýju stofnfé í útboðinu mun eignarhlutur hans í sparisjóðnum þynnast um 86,20% að því gefnu að allt stofnfé sem boðið er til sölu í útboðinu seljist. Eindagi áskrifta er 21. desember 2007.

BYR SPARISJÓÐUR

VIÐ HÖFUÐSTÖÐVAR UBS Í ZÜRICH Í SVISS Risabankinn UBS hefur tekið að greina íslensku viðskiptabankana. Í síðustu viku sendi bankinn frá sér sitt fyrsta mat á verðþróun bréfa Kaupþings og Glitnis. Landsbankinn bætist síðar í hópinn. MARKAÐURINN/AFP

Bankakerfið hér einstakt

Svissneski bankinn UBS mælir í nýrri greiningu með kaupum á Kaupþingsbréfum en sölu á bréfum Glitnis. Þetta er fyrsta greining UBS á bönkunum.

Í nýlegri greiningu mælir svissneski bankinn UBS með kaupum á hlutabréfum Kaupþings en með sölu á bréfum Glitnis. Markgengi á bréf Kaupþings er sagt 960 krónur á hlut og þau sögð henta fjárfestum sem viljugri séu til að taka smááhættu, en 20 krónur á bréf Glitnis. Greiningin er sú fyrsta sem Glitnir fær frá erlendum banka og um leið fyrstar greining UBS á bæði Glitni og Kaupþingi. Þá kemur fram að bankinn ætli sér einnig að greina Landsbankann, en geti það ekki að þessu sinni vegna ráðgjafarhlutverks UBS við Close Brothers.

Greining UBS þykir bera þess nokkur merki að sérfræðingur bankans sé enn að setja sig inn í aðstæður íslensku bankanna. Þannig er hann mjög jákvæður í garð Kaupþings, en um leið fremur svartsýnn fyrir hönd Glitnis. Þar á bæ er hins vegar afstaðan sú að mjög jákvætt sé fyrir bankann að fá greiningu erlends banka, þótt í henni sé gert ráð fyrir litlum vexti hagnaðar bankans á næstu árum og ekki litið til vaxtartækifæra sem bíði bankans, til dæmis í orkuiðnaði og sjávarútvegi. „Þó verðið sé nokkuð undir því sem innlendir aðilar hafa sett fram á Glitni þá erum ánægð með þann áhuga sem bankanum er sýndur og við hlökkum til að halda áfram að vinna með þessum greinanda og kynna betur stefnu og sýn bankans," segir Vala Pálsdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla Glitnis.

Í greiningu UBS er einnig litið til íslenska bankakerfisins í heild og það sagt einstakt í heiminum. Þannig hafi á norrænum bankamarkaði verið ráðandi miðlungsstórir viðskipta- og fjárfestingabankar sem tilhneigingu hafi til að forðast áhættu í útlánum. Íslensku bankarnir eru sagðir víkja frá þessari uppbyggingu í því að hafa komið sér upp víðtækara viðskiptaneti yfir Evrópu þar sem stór hluti hagnaðar komi frá fjárfestingabankastarfsemi og úr viðskiptum með hlutabréf. Hagnaður íslensku bankanna eigi nú að stórum hluta uppruna sinn í Bretlandi, Írlandi og Hollandi.

Hermann M. Þórisson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbankans, segir liggja í hlutarins eðli að uppbygging íslensku bankanna þurfi að vera önnur. „Heimamarkaður bankanna hér er náttúrulega miklu minni og því eðlilegt að þeir leiti út á við til vaxtar," segir hann. Þá sé rétt að gengishagnaður hafi skipað stærri sess í rekstri bankanna hér en almennt gerist í norrænum bönkum, enda hafi þeir verið tilbúnir til að fjárfesta meira í hlutabréfum. „Svo hafa íslensku bankarnir líka í meira mæli tekið þátt í verkefnum með sínum viðskiptavinum og er það náttúrulega bæði gert til að auka arðsemi bankans og styðja við viðskiptavininn."

olikr@frettabladid.is

McCarthy í fleiri stjórnir hjá Baugi

Don McCarthy, stjórnarmaður í Baugi, hefur tekið við stjórnarformennsku í Aurum Holdings, dótturfélagi Baugs í Bretlandi sem heldur utan um eignahluti í skartgripakeðjunum Goldsmiths, Watches of Switzerland og Mappin & Webb. Hann tekur við stólnum af Jurek Piasecki, stofnanda og fyrrum forstjóra Goldsmiths.

Í tilkynningu frá Baugi kemur fram að McCarthy búi yfir rúmlega þrjátíu ára reynslu í smásölugeiranum en hann átti hlut að stofnun Shoe Studio, sem nú heyrir undir Mosaic Fashions.

Breska dagblaðið Financial Times segir ósætti hafa komið upp á milli stjórnar Goldsmiths og Piasecki með þeim afleiðingum að hann tók poka sinn. Hann mun þó enn vera ráðgjafi hjá félaginu.

McCarthy er jafnframt stjórnarformaður House of Fraser og stjórnarmaður í Moss Bros, sem Baugur á tæpan 29 prósenta hlut í í gegnum Unity Investments ásamt FL Group og breska fjárfestinum Kevin Stanford. Þá situr hann sömuleiðis í stjórn verslana Magasin du Nord og Illum í Danmörku. **- jab**

STJÓRNARMAÐURINN Don McCarthy, stjórnarformaður Aurum Holdings. Hann situr í stjórnum Baugs og nokkurra verslanakeðja félagsins.

FINNDU BESTU GJÖFINA

Panasonic LUMIX

EISA AWARD Best Product 2007-2008
EUROPEAN COMPACT CAMERA
PANASONIC DMC-TZ3

LEICA DC LENS

Panasonic DMCTZ3
Stafræn MYNDAVÉL með 7,2 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LEICA DC Vario linsu, 10x Optical og 4x Digital Zoom, 4.6 - 46mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 3" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort. 27MB innra minni.

EISA VERÐLAUN SEM BESTA LITLA VÉLIN 2007-2008

VERÐ **44.995** FRÁBÆRT VERÐ

10x AÐDRÁTTARLINSA

DeLonghi

DeLonghi VH400
Rakatæki með næturljósi, 5l vatnshólfi og stillanlegu rakastigi. Bæta má við ilmi í hólf. Er fyrir allt að 60m3 rými. 15 klst vatnsáfylling gefur frá sér hreina gufu.

VERÐ **3.495** FRÁBÆRT VERÐ

OBH NORDICA

OBHNordica 6398
Poppvél með loki sem nota má sem skál undir poppið Hægt að nota smjör með.

TILBOÐ **4.995** FULLT VERÐ **6.995**

KENWOOD

Kenwood RC405
700w HRÍSGRJÓNAPOTTUR sem eldar og heldur heitu. Gufubakki fyrir grænmeti, mælibolli og spaði fylgja. Slekkur sjálfvirkt á sér.

TILBOÐ **5.995** FULLT VERÐ **6.995**

PHILIPS

Philips HQ7742
Philishave Cool Skin RAKVÉL Cool skin hnífum, 45 mín. hleðsu og bartskera. Vatnsheld - má nota í sturtu. Með Nivea kremi eða geli sem tryggir mýkri rakstur fyrir viðkvæma húð.

TILBOÐ **9.995** FULLT VERÐ **14.995**

6 MILLJÓN PUNKTA

Panasonic

Panasonic DMCLS60
Stafræn MYNDAVÉL með 6.0 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsU, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort.

TILBOÐ **14.995** FULLT VERÐ **16.995**

MELISSA

BURSTAÐ STÁL

Melissa 653122
20 lítra og 800w örbylgjuofn í burstuðu stáli með 1000w Quartz grilli með kombi og grillrist, 5 styrkmöguleikum með afþýðingu, 8 sjálfvirkum eldunarkerfum, snúningsdiski og barnalæsingu.

VERÐ **9.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips HD4440
Vandað 2100w HEILSUGRILL með hitastilli, lausum grillplötum og safabakka.

TILBOÐ **10.995** FULLT VERÐ **12.995**

DVD DISKUR FYLGIR

FLOTT ÚR ÁLI

Philips HR1861
700w SAFAPRESSA með 2 hröðum, 2 l matara. Tekur hart grænmeti og heila ávexti. Óþarfi að taka fræ úr eða börk af. Létt að hreinsa.

TILBOÐ **12.995** FULLT VERÐ **19.995**

Panasonic

Panasonic MCCG475
2500W RYKSUGA með 350W sogkrafti, HEPA filtera kerfi, stillanlegu röri, vönduðum gúmmíhjólum ofl.

VERÐ **14.995** FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

Patissier

Kenwood MX271
400w, 4 lítra HRÆRIVÉL með 12 hraðastillingum, skál úr ryðfríu stáli, þeytara, hnoðara og hrærara. Fæst í fjölda lita.

VERÐ **22.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips CD2402S
Þráðlaus DECT SÍMI með aukatóli, handfrj. mögul., LCD skjá, 100 númera/nafna minni, 12 tíma í notkun og 6 dagar í bið, endurvali, númerabirti, fjölradda hringitónum ofl.

TILBOÐ **7.995** FULLT VERÐ **8.995**

PHILIPS



DVD VIDEO DIVX VIDEO

Philips DVP3142
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.

TILBOÐ **7.995** FULLT VERÐ **9.995**

Philips MC146
8w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, Dynamic Bass Boost, FM útvarpi með 20 stöðvaminnum, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ **13.995** FRÁBÆRT VERÐ

DVD VIDEO

Philips PET716
Fjölkerfa FERÐA DVD SPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, hristivörn, Dolby Digital, AV út og heyrnartólstengi, hleðslurafhlöðu, bíltengi ofl. Fyrir 110 - 240V.

VERÐ **19.995** FRÁBÆRT VERÐ

Philips MCD288 FLOTT Á VEGG
HLJÓMTÆKI með fjölkerfa DVD DivX, 100w RD-klassa MS magnara, Dolby Digital, 2 hát. og bassaboxi, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvam., Scart, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal og USB, Aux inn, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ **39.995** FULLT VERÐ **44.995**

NAD

DALI

NAD og Dali HiFi pakki
NAD C315BEE 2x95w (2x40w RMS) MAGNARI
NAD C525BEE GEISLASPILARI með fjarstýringu
Dali Concept 2 120w HILLUHÁTALARAR

TILBOÐ **69.995** FULLT VERÐ **94.995**

KENWOOD

DALI

Kenwood og Dali Heimabíópakki - 1S
Kenwood KRF-V5200D 5x100w RMS Dolby Digital / DTS MAGNARI
Kenwood DVF-3300-B Fjölkerfa DivX DVD SPILARI
Kenwood KS-3200HT 5x120w HÁTALARASETT
Dali AW10 60w BASSABOX

TILBOÐ **89.995** FULLT VERÐ **109.995**

PHILIPS HEIMABÍÓ

DVD VIDEO

DIVX VIDEO

Philips HTS3357
Fjölkerfa HEIMABÍÓKERFI með DivX DVD SPILARA, 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari, Video Upscaling, 2 framhátölurum, miðju, 2 bakh. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 40 stöðvam., USB og Line-In að framan, SCART (með RGB) og HDMI tengi og fjarstýringu.

TILBOÐ **34.995** FULLT VERÐ **37.995**

Heimilistæki ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500



Vefurinn: Video Game Chartz

Fylgstu með hvernig uppáhaldsleikjatölvan þín er að seljast. Notaðu tölurnar í næsta rifrildi við vin þinn um hvaða tölva sé best.

www.vgchartz.com

tækni&vísindi
taekni@frettabladid.is

SKÝRING: ÓVELKOMIN AUGLÝSINGASKILABOÐ Í TÖLVUPÓSTI

Ruslpóstur aldrei hærra hlutfall tölvupósts

Ruslpóstur á netinu er alls staðar. Samkvæmt niðurstöðum árlegrar rannsóknar tölvuöryggisfyrirtækisins Barracuda Networks var ruslpóstur 95 prósent allra tölvupóstssendinga á þessu ári. Í fyrra var hlutfallið 90 prósent. Árið 2001 var það fimm prósent.

Í rannsókninni var rúmlega milljarður tölvupósta skoðaður, sem sendur var til yfir fimmtíu þúsund manns um allan heim. Helmingur þátttakenda fékk fimm eða færri ruslpósta á degi hverjum, 65 prósent fengu tíu eða færri og þrettán prósent þurftu oftar en fimmtíu sinnum að sjá óvelkominn ruslpóst í innboxinu sínu á dag.

Auk greiningar á magni ruslpósts á netinu var hugur þátttakenda til ýmiss konar auglýsinga- og söluaðferða kannaður. Meira en helmingi þeirra þótti langverst að fá ruslpóst á netinu, tæpum þriðjungi þótti verst að fá ruslpóst í gegnum bréfalúguna og 13 prósent fannst símasala verst.

Tilraunir til þess að koma böndum á ruslpóstinn hafa greinilega engan árangur borið. CAN-SPAM lögin, sem tóku gildi í Bandaríkjunum árið 2004, kveða á um refsingar fyrir að senda mikið magn óumbeðins tölvupósts en hafa lítil áhrif haft. Þegar lögin tóku gildi var hlutfall ruslpósts á netinu um 70 prósent, en er 95 prósent nú.

Baráttan við þá sem ónáða milljónir manns með ruslpósti á netinu verður síst auðveldari með hverju árinu því þeir eru fljótir að tileinka sér nýjar og betri aðferðir til að komast í gegnum síur notenda og inn í pósthólfið þeirra. Samkvæmt rannsókn Barracuda bar helst á aukinni notkun viðhengja, eins og PDF-skjala, í ruslpóstum þessa árs.

Sendendur ruslpósts eru þar að auki farnir að líkja eftir markaðsaðferðum verslana, og sníða hann eftir árstíðum og hátíðum. Fyrir jólin fjölgar bréfum sem ýta undir kaupæði neytenda og eftir áramót mega lesendur eiga von á auglýsingum fyrir grenningarvörur og kort í ræktina.

TÆKNIHEIMURINN

Orð ársins: w00t

Orðabókin Merriam-Webster hefur valið „w00t“ orð ársins. Orðið er notað af tölvuleikjaspilurum til að tjá ánægju eða hrósa sigri. Samkvæmt John Morse, framkvæmdastjóra Merriam-Webster, var orðið valið vegna þess að það sameinar nýja tækni og duttlunga.

Fullhlaðið á fimm mínútum

Japanska tæknifyrirtækið Toshiba hefur þróað nýja rafhlöðu sem nær níutíu prósenta hleðslu á fimm mínútum. Rafhlaðan, sem fer í sölu í mars á næsta ári, er fyrst og fremst ætluð í lyftara og tól til byggingarvinnu. Til stendur að nota það í tvinn- og rafmagnsbíla í framtíðinni.

Vilja grænni leikjatölvur

Greenpeace hefur beðið helstu leikjatölvuframleiðendur heimsins, Sony, Microsoft og Nintendo, að gera leikjatölvur sínar umhverfisvænni. Fyrirtækin hafi ekki staðið sig í að draga úr notkun eiturefna í vörum sínum. Í sjónvarpsauglýsingu, sem er hluti af herferð Greenpeace, berjast þrjár vinsælar tölvuleikjapersónur; Master Chief úr Halo-leikjunum, Mario úr samnefndum leikjum og Kratos úr God of War-leikjunum, um umhverfisvæna leikjatölvu.

Halo 3 hreinasta alsæla

Tímaritið Time hefur valið tíu bestu tölvuleiki þessa árs, og varð skotleikurinn Halo 3 fyrir Xbox 360 í fyrsta sæti. Í lýsingu er hann sagður „hinn fullkomni fyrstu persónu skotleikur, hrein og ómenguð alsæla“.

Í öðru sæti varð Half-Life 2: The Orange Box, tónlistarleikurinn Rock Band varð í þriðja sæti og Super Mario Galaxy lenti í fjórða sætinu.

NORDICPHOTOS/AFP

ÍSBRJÓTUR Norðurskautið verður hulið ís á veturna um ókomin ár, en miðað við niðurstöður nýrrar rannsóknar hverfur ísinn á sumrin fyrir árið 2013.

Hafísinn brátt horfinn úr norðurheimskautinu

Hafísinn á norðurheimskautinu bráðnar hraðar en vísindamenn höfðu gert ráð fyrir. Áður en árið 2013 gengur í garð verður ísinn gjörsamlega horfinn á sumrin, segir í nýrri rannsókn.

Norðurpóllinn verður orðið íslaus á sumrin innan fimm ára, samkvæmt niðurstöðum rannsókna bandarískra vísindamanna sem kynntar voru í fyrradag. Á ráðstefnu samtaka jarðeðlisfræðinga sagði Wieslaw Maslowski, prófessor sem fór fyrir rannsóknarhópnum, að hraði hafíssbráðnunar hefði verið stórlega vanmetinn í fyrri spám.

Í sumar var hafísinn í Norður-Íshafinu minni en mælst hefur áður, eða 4,13 milljónir ferkílómetra. Þetta lágmark sem og hið fyrra sem náðist árið 2005 voru þó ekki tekin með í rannsókninni. Í henni voru notuð gögn um Norður-Íshafið frá 1979 til 2004. Í viðtali við fréttastofu BBC sagði Maslowski að í ljósi þess mætti segja að spá þeirra um bráðnun hafíssins fyrir árið 2013 sé jafnvel of varfærin.

Rannsóknarhópurinn er meðal annars skipaður starfsmönnum bandarísku geimvísindastofnunarinnar, NASA, og pólsku vísindaakademíunnar. Hann er þekktur fyrir að birta oft nákvæmari spár en aðrir hópar vísindamanna, sem hafa hingað til spáð því að hafísinn hverfi á sumrin á árunum 2040 til 2100.

Maslowski sagði þessar rannsóknir vanmeta stórlega hvernig ísinn bráðni í raun, og þurfi að lýsa betur hvernig heitt vatn færist úr Kyrra- og Atlantshafi yfir í Norðurskautsvatnasvæðið.

Trausti Valsson skipulagsfræðingur, sem skrifaði bókina „How the World will Change — with Global Warming“ segir útilokað að segja nákvæmlega fyrir um hvaða áhrif þessi bráðnun heimskautaíssins hafi á okkur. Þó megi búast við að siglingaleiðir opnist sem hafa verið lokaðar hingað til og hitastigið á Íslandi hækki meira en sunnar á hnettinum vegna bráðnunar íssins. Ekki sé langt í að svipað loftslag verði á Íslandi og er nú á Bretlandseyjum.

„Eftir því sem tímamörkin færast nær og nær verður þetta raunverulegra; áður var bráðnun hafíssins í blámóðu fjarskans,“ segir hann. „Þegar ísinn hverfur fara straumar að breytast þannig að hlýir straumar eiga betra aðgengi á ákveðin svæði, en köldu straumarnir halda sínu striki.“

salvar@frettabladid.is

Gömul ráðgáta leyst:

Konur með betri hrygg en karlar

Vísindamenn við Harvard-háskólann í Bandaríkjunum hafa leyst ráðgátuna um það hvers vegna ófrískar konur detta ekki fram fyrir sig. Hryggur þeirra er öðruvísi uppbyggður en hryggur karla, sem gerir þeim kleift að laga stellingu sína eftir þyngd fóstursins. Þetta kemur fram á vef tímaritsins New Scientist.

Þetta vandamál er þekkt meðal tvífætlinga í dýraríkinu, eins og til dæmis hjá simpönsum, þar sem þyngdarpunktur móðurinnar færist fram og gerir henni erfiðara að halda jafnvægi. Hryggur kvenna er hins vegar búinn undir þessar aðstæður. - sþs

Óþreyjufullir leikjaaðdáendur:

Rændu þúsund tölvuleikjum

Þó að afritun á tölvuleikjum í gegnum netið sé langvinsælasta leiðin til að nálgast leiki án þess að borga fyrir þá eru enn til þeir sem reiða sig á gamalreyndar aðferðir til þess. Tölvuleikjaframleiðandinn Electronic Arts (EA) fékk að kenna á því þegar vopnaðir ræningjar stöðvuðu sendibíl á vegum fyrirtækisins á hraðbraut í Kaliforníu og hirtu þúsund eintök af tónlistarleiknum Rock Band.

Í leiknum eru spilarar í hlutverki rokkstjarna í hljómsveit, og sjá um gítarspil, trommuleik eða söng. Talsmaður EA sagðist vona að ræningjarnir stofnuðu rokkhljómsveit í fangelsinu þegar þeir næðust. - sþs

Frítt í bílastæðahúsin á laugardögum!



Njóttu þess að koma í hlýjan bílinn í bílastæðahúsum borgarinnar.

Bílastæðahúsin á Laugavegi og Hverfisgötu eru opin 2 klst. lengur en verslanir í desember.

Frá 14. til 23. desember er opið til miðnættis og til kl. 13 á aðfangadag.

Aðeins 80 kr. fyrsti klukkutíminn, síðan 50 kr. eftir það hver klukkutími.

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

PIPAR • SÍA • 72526

NOTAÐIR BÍLAR

Notaðir bílar. Fislétt kaup - Engin útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í dag. Komdu strax.

Fislétt kaup

Aðeins 42 bílar - í dag.
Lægra verð. Lægri afborgun.*
Komdu strax.

100 þús. eða 50 þús. kr. Gjafabréf með tilboðsbílum
Þú færð gjafabréf í Kringluna þegar þú kaupir tilboðsbíl hjá Brimborg fyrir 15. des. 2007. Ef bíllinn er dýrari en milljón þá færðu 100 þús kr. gjafabréf í Kringluna. Þú færð 50 þús. kr. gjafabréf ef hann kostar minna en milljón. Komdu strax og tryggðu þér bíl og gjafabréf.**

Opið kl. 9-18

Ford Focus H. Series 1,6 bsk. skrd. 11/2001 ek: 107.000 km.
~~Verð 830.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
16.557 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. SF324.

Engin útborgun - afborgun undir 18.000 kr. á mán.

Citroën Berlingo Van 1,4 bsk. skrd. 08/2004 ek: 52.000 km.
~~Verð 990.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
10.858 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LR636.

Citroën Berlingo Van 2,0 bsk. skrd. 12/2004 ek: 83.000km.Dísil.
~~Verð 1.140.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Engin útborgun.
13.508 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. MG419.

Ford Focus High Series 1,6 bsk. skrd. 03/1999 ek: 107.000 km.
~~Verð 550.000 kr.~~ Tilboðsverð 440.000 kr. Engin útborgun.
13.799 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. OO524.

Citroën Picasso 1,8 bsk. skrd. 02/2003 ek: 57.000 km.
~~Verð 1.070.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
17.339 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. TR237.

Engin útborgun - afborgun 18.000 - 22.000 kr. á mán.

Citroën C5 SX 2,0 ssk. skrd. 06/2004 ek: 104.000km.
~~Verð 1.290.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.150.000 kr. Engin útborgun.
19.112 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. AV692.

Citroën C5 2,0 bsk. skrd. 06/2004 ek: 29.000 km.
~~Verð 1.450.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
20.021 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RB993.

Citroën Picasso 1,8 bsk. skrd. 08/2004 ek: 31.000 km.
~~Verð 1.290.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
20.021 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RJ372.

Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 07/2004 ek: 45.000 km.
~~Verð 1.320.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
20.021 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RL815.

Engin útborgun - afborgun 22.000 - 37.000 kr. á mán.

Ford Focus Trend 1,6 ssk. skrd. 04/2006 ek: 19.000 km.
~~Verð 1.820.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.690.000 kr. Engin útborgun.
24.989 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NN060.

Ford Escape XLT 3,0 ssk. skrd. 07/2004 ek: 50.000 km.
~~Verð 2.170.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Engin útborgun.
33.218 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OE519.

Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 04/2005 ek: 47.000 km.
~~Verð 2.780.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.520.000 kr. Engin útborgun.
36.851 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SF681.

Engin útborgun - afborgun yfir 37.000 kr. á mán.

Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 11/2005 ek: 43.000 km.
~~Verð 2.770.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.550.000 kr. Engin útborgun.
37.285 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. EB700.

Volvo V50 2,4 ssk. skrd. 02/2006 ek: 31.000 km.
~~Verð 2.830.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.690.000 kr. Engin útborgun.
39.311 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AE713.

Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 10/2006 ek: 19.000 km.
~~Verð 3.370.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.090.000 kr. Engin útborgun.
44.427 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VT924.

NATURALIS

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis. **Gjafabréf verða afhent hjá Brimborg Bíldshöfða 6, frá 19. Desember.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræða um skólamál í kjölfar Pisa-könnunar:

Úrbótavilji í verki

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Skólakerfið hefur verið talsvert rætt undanfarnar vikur. Full ástæða er til að fagna því að umræða um þennan mikilvæga málaflokk eigi sér stað. Tilefni umræðunnar er annars vegar niðurstöður alþjóðlegu samanburðarkönnunarinnar sem kennd er við Pisa og birt var á dögunum og hins vegar frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem menntamálaráðherra lagði fram í þinginu um svipað leyti og niðurstöður samanburðarkönnunarinnar voru kynntar.

Menntakerfið er grundvöllur framtíðar þjóðarinnar, grundvöllur velferðar og þróunar. Því sætir í raun nokkurri furðu hversu sjaldan er rætt um skóla- og menntamál, til dæmis á hinu háa Alþingi.

Umræða um niðurstöður alþjóðlegra samanburðarrannsókna hafa oft á sér nokkuð upphlaupskennt yfirbragð. Viðhöfð eru stór orð og íslenskir skólar gagnrýndir harðlega, líka þegar betur gengur en raunin varð nú.

Vissulega er full ástæða til að gefa því gaum að íslensk ungmenni lesi sér til síðri skilnings en þau hafa áður gert og sýni minni færni í stærðfræði. Íslenskt skólafólk hlýtur að leitast við að greina ástæður þessa og vinna að úrbótum.

Umræða um niðurstöður alþjóðlegra samanburðarrannsókna hafa oft á sér nokkuð upphlaupskennt yfirbragð.

Varast verður þó að draga of víðtækar ályktanir af könnun sem þessari og ekki síst að kveða upp áfellisdóma. Könnun eins og Pisa-könnunin mælir ekki nema brot af því starfi sem fram fer í þeim skólum sem hún nær til þannig að forðast verður alhæfingar.

Bent hefur verið á að óvíða sé jafnmiklu fjármagni varið í menntakerfið og hér á Íslandi. Minna hefur farið fyrir greiningu á því í hvað þessu fé er varið. Í þessu sambandi verður að benda á óhjákvæmilega mikinn byggingarkostnað sem hlotist hefur af einsetningu skóla, sem átti sér stað á Íslandi áratugum síðar en í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Auk þess fjölgar okkur hér hraðar en annars staðar og byggðin þéttist á suðvesturhorninu á sama tíma og fólki fækkar víða annars staðar á landinu. Þetta hefur kostað mikla uppbyggingu á húsakosti á sama tíma og skólum er lokað á landsbyggðinni og byggingar sem áður hýstu börn í námi standa auðar eða eru nýttar til annarra hluta. Auk þess má benda á að rekstrarkostnaður er til muna hærri í fámennum skólum í dreifðari byggðum landsins en í fjölmennari skólum.

Laun kennara á Íslandi eru hins vegar lægri hér á landi en í nær öllum þeim löndum sem við miðum okkur við. Kennarastéttin er auk þess löskuð af því að hafa í áraraðir stöðugt dregist aftur úr í launum. Þetta hlýtur að hafa bein áhrif á nám barnanna í skólunum.

Yfirvöld skólamála hafa boðað lengingu kennaranáms og breytingar á launakjörum kennara. Binda verður vonir við að kennarastéttin fái nú raunverulegar kjarabætur. Að öðrum kosti er full ástæða til að vera uggandi um framtíð íslenska skólakerfisins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

„HRYÐJUVERKASTRÍÐIÐ“
HVAÐ ER AÐ GERAST Í ÍRAK OG AFGANISTAN?

Munu tilraunir Vesturlanda til uppbyggingar í Afganistan skila árangri og tryggja að landið verði aldrei aftur gróðrarstía alþjóðlegra hryðjuverka?

Hafa Bandaríkjamenn gert ægileg mistök með framgöngu sinni í Írak?

Hvaða áhrif hefur rekstur fangabúðanna í Guantanamo á orðspor Bandaríkjanna?

Hvað verður um þau hundruð þúsunda Íraka sem flúið hafa blóðbaðið í heimalandi sínu?

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki hlustað á Davíð

Þegar leikfangabúðirnar Just4kids og Toys „R“ Us voru opnaðar hneykslaðist Davíð Oddsson seðlabankastjóri á því að fólk stæði í röðum til að komast í leikfangaverslanir. Enda er slíkt varla til hagsbóta til að standa vörð gegn verðbólgunni hinni ógurlegu. Það var greinilegt í gær, eftir að Just4kids auglýsti verulega verðlækkun á leikföngum, að fólk heldur bara áfram að bíða í röðum til að komast inn í leikfangaverslanir, sama þótt verðbólgan haldi áfram að aukast.

Félag fundið

Margir undruðust þegar Friðbjörn Orri Ketilsson hóf að titla sig „Formann ungs fólks í sjávarútvegi“ í greinaskrifum. Litlar upplýsingar fundust á vefnum um þetta félag, félaga eða stefnuskrá. Í lok nóvember var bætt úr því og heimasíða félagsins opnuð; fufs.is.

Aldrei migið í saltan sjó

Undrast hefur einnig verið um tengsl stjórnarmanna við sjávarútveg, en Friðbjörn Orri viðurkennir að hann hafi aldrei sjálfur migið í saltan sjó, hins vegar eigi hann ættingja sem hafi gert það. Að minnsta kosti þrír stjórnarmenn eru þó betur tengdir inn í sjávarútveginn, en einn þeirra mun vera bróðursonur Guðmundar Kristjánssonar frá Rifi. Þá munu tveir bræður vera synir Sigurðar Einarssonar heitins sem var stórútgerðarmaður í Vestmannaeyjum. Ekki eru færri stjórnarmenn sem eru frjálshyggjumenn og eru tengdir inn í sjávarútveginn.

Í veikindaleyfi

Fjárlög voru afgreidd frá Alþingi í gær og umræðu um þau bara lokið um miðjan dag, til að hægt væri að koma á umræðu um þingsköp. Fjármálaráðherra sjálfur gat þó ekki verið viðstaddur þegar fjárlögin voru afgreidd; Árni Mathiesen lá bara heima veikur, væntanlega með flensuna sem nú gengur.

svanborg@frettabladid.is

Nýja þjóðarsátt

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
Í DAG | Efnahagsmál

Sumir vilja bæta kjör láglaunafólks með því að hækka skattleysismörk verulega. Telja þeir það jafngilda skattalækkun. Sú aðgerð er ómarkviss, enda eru skattleysismörk hærri á Íslandi en í flestum öðrum löndum.

Auðvelt er að gera lítið úr þjóðarsáttinni 1990, segja, að hún hafi aðeins verið tímabundin verðstöðvun á vinnumarkaði, enda hjaðni verðbólga aðeins við peningalegt aðhald, þegar til langs tíma er litið. Þjóðarsáttin 1990 markaði þó tímamót. Aðilar vinnumarkaðarins ákváðu að hætta að semja um óraunhæfar krónutöluhækkanir kaupgjalds, sem síðan var ætlast til þegjandi og hljóðalaust, væri þess þörf, að ríkið ónýtti þá með því að fella krónuna í verði, með verðbólgu. Eins og dr. Vilhjálmur Egilsson þreyttist ekki á að benda á, höfðu laun áratugina á undan hækkað um 1.000% að krónutölu, en sáralítið í kaupmætti.

Þjóðarsáttin 1990 hefði að vísu sennilega rofnað, ef fylgt hefði verið óbreyttri stjórnarstefnu, almannafé ausið í óarðbærar fjárfestingar og ríkissjóður rekinn með halla. En sem betur fer var stjórnarstefnunni breytt 1991, horfið frá opinberum styrkjum við vonlaus verkefni, tekið upp aðhald í peningamálum og ríkisfjármálum, skattar lækkaðir og ríkisfyrirtæki seld. Vegna blómlegs atvinnulífs hafa laun hækkað um 50-70% í kaupmætti. Ekkert atvinnuleysi er heldur á Íslandi ólíkt mörgum grannríkjanna. En nú eru blikur á lofti, lausafjárskortur, ókyrrð á mörkuðum og verðfall á hlutabréfum.

Skattleysismörk og tekjuskattur

Við slíkar aðstæður hljóta stjórnmálamenn jafnt og forystumenn á vinnumarkaði að velta því fyrir sér í mikilli alvöru, hvernig Íslendingar geti áfram notið bestu lífskjara í heimi. Sá stórkostlegi árangur var ekki fyrirhafnarlaus, og hann heldur ekki áfram af sjálfu sér. Hvernig eiga vinnuveitendur að greiða hærra kaup? Hvernig batna kjör launþega án búsifja fyrir atvinnulífið? Hvernig verða tekjur tekjulægstu hópanna hækkaðar?

Svarið er einfalt. Vinnuveitendur geta greitt hærra kaup, ef tekjuskattar á fyrirtæki eru lækkaðir. Launþegar geta sætt sig við hóflegri kauphækkanir, ef tekjuskattar á einstaklinga eru lækkaðir. Tekjur tekjulægstu hópanna geta hækkað, ef bætur til þeirra eru hækkaðar, en bætur til tekjuhærri hópa um leið lækkaðar.

Sumir vilja bæta kjör láglaunafólks með því að hækka skattleysismörk verulega. Telja þeir það jafngilda skattalækkun. Sú aðgerð er ómarkviss, enda eru skattleysismörk hærri á Íslandi en í flestum öðrum löndum og litlu lægri miðað við vísitölu neysluverðs en 1988, þegar þau urðu hæst. Til þess að koma skattleysismörkum í hið sama og þá þyrftu þau aðeins að hækka í röskar 100 þúsund krónur á mánuði eða um 10 þúsund. Kosturinn við að lækka tekjuskatt á fyrirtæki og einstaklinga er hins vegar, að verðmætasköpun stóreykst þá, svo að ekki dregur eins úr skatttekjum ríkisins og ætla má við fyrstu sýn. Hækkun skattleysismarka hefur ekki sömu góðu hliðaráhrif. Ríkið tapar með henni miklu fé, auk þess sem skattgreiðslur allra lækka, ekki aðeins láglaunafólks.

Hóflegar launahækkanir

Hitt er skynsamlegra, að hækka barnabætur og elli- og örorkulífeyri til þeirra, sem þurfa á slíkri aðstoð að halda, en minnka að sama skapi aðstoð við þá, sem komast vel af sjálfir. Þetta er auðvitað gert nú þegar að nokkru marki með tekjutengingu bóta, sem er skynsamleg og sanngjörn og ætti einmitt að vera verkalýðshreyfingunni kappsmál: Hátekjufólk á ekki að þiggja neinar bætur, hvorki barnabætur né ellilífeyri frá hinu opinbera (enda hafi það aðrar tekjur, svo sem atvinnu- eða eignatekjur eða lífeyri úr venjulegum lífeyrissjóðum). Hins vegar mætti auðvitað hækka það mark, sem bætur taka að skerðast við, svo að það borgi sig betur fyrir láglaunafólk að sækjast eftir hærri launum.

Ein meginástæðan til þess, að frændum okkar, Írum, hefur vegnað vel síðustu áratugi, er, að þeir gerðu þjóðarsátt, sem fól í sér hóflegar launahækkanir og langtímasamninga á vinnumarkaði gegn því, að ríkið lækkaði skatta jafnt á fyrirtæki og einstaklinga. Til dæmis er tekjuskattur á fyrirtæki 12,5% á Írlandi, en 18% hér. Skattalækkanir síðustu sextán ára á Íslandi skiluðu ótrúlegum árangri í aukinni verðmætasköpun. Ef til vill er ekki að búast við jafngóðum árangri með áframhaldandi skattalækkunum, en þær myndu hins vegar afstýra yfirvofandi samdrætti í atvinnulífi og greiða fyrir sátt á vinnumarkaði. Ráðstöfunartekjur venjulegra launþega myndu snarbatna, ef tekjuskattur á þá myndi lækka um 5-6%, eins og eðlilegt væri. Þess vegna er ný þjóðarsátt nauðsynleg: Almennar skattalækkanir á fyrirtæki og einstaklinga væru öllum í hag, þegar til langs tíma er litið, líka ríkinu, þótt það bæri mestallan kostnaðinn af slíkri sátt í upphafi.

Áfram rangfærslur um trúlausa

UMRÆÐAN
Trúmál

SVANUR SIGURBJÖRNSSON

Á baksíðu Fbl. í gær 12. desember skrifar Þóhildur Elín Elínardóttir Bakþankagrein. Þar fer hún fögrum orðum um það hvernig menntakerfið bjargaði því að hún lærði biblíusögur því annars hefði hún bara eytt tíma sínum í lestur Línu Langsokks og fengið lægri meðaleinkunn þar sem Biblíusögur voru léttar og hífðu hana upp. Allt voðalega krúttlegt og skondið. Þá færir hún einnig alvarlegri rök fyrir nauðsyn þess að kenna biblíusögur, en af hverju telur hún þörf á því? Punkturinn með grein hennar er að mótmæla einhverju banni við kennslu í kristinfræði sem hún telur að trúlaust fólk sé að fara fram á. Orðrétt skrifaði hún: „Hugmyndir um að banna biblíusögur í barnaskólum vegna þess að vantrúarhitinn ber fáeina einstaklinga ofurliði, er eins og að vilja banna kjötbollur í mötuneytinu vegna þess að Gudda í bókhaldinu er grænmetisæta.“ Alveg mergjað og mikil fyndni á kostnað trúlausra, en gallinn er sá að það er enginn talsmaður þeirra að fara fram á að banna biblíusögur. Enginn!

Ég get ekki svarað fyrir alla trúlausa einstaklinga, en trúleysisfélagið Vantrú og húmanistafélagið Siðmennt hafa ekki neitt slíkt á dagskrá sinni. Ég er stjórnarmaður í Siðmennt og undanfarnar vikur höfum við með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn reynt að leiðrétta þessar rangfærslur í öllum helstu fjölmiðlum landsins, m.a. með heilsíðuauglýsingu í þessu blaði föstud. 7. desember bls. 25. Það er því með ólíkindum að Þórhildur Elín sé að sóa fyndni sinni á misskilið mál. Ég vona að ég sjái ekki svona rangfærslur aftur í Fréttablaðinu eða annars staðar.

Höfundur er læknir og húmanisti.

HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

NÝJAR VÖRUR

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú **103,000** kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími til Jóla

Mán - Föstudagar	09 - 18
Laugardaga	11 - 16
Sunnudag	13 - 17

Signý fyllir sveppi með bechamel-sósu, sólþurrkuðum tómötum og osti. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Undirstaðan skiptir öllu

Signý Hreinsdóttir tvinnar mataráhuga sinn saman við önnur störf.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að lesa uppskriftir og spá í mat," segir Signý Hreinsdóttir, deildarstjóri vöru og markaðar hjá Mílu. Þegar ég vann hjá Símanum um árið gaf ég út tvær matreiðslubækur í þeim tilgangi að gefa viðskiptavinum í jólagjafir. Þetta voru einfaldar og aðgengilegar uppskriftir úr ýmsum áttum," segir hún. Þá hefur Signý töluvert fengist við að skrifa uppskriftir í blöð.

„Fyrir þessi jól datt mér í hug að leggja áherslu á mataruppskriftir í fréttabréfi Mílu enda eru margir að stússast í eldhúsinu á þessum árstíma," segir Signý. Hún ákvað að kynna ýmsar leiðir til að nota svokallaða bechamel-sósu sem er til dæmis grunnur að gamla góða uppstúfinu. „Það má segja að þessi sósa sé táknræn fyrir starfsemi Mílu þar sem Míla er undirstaða að fjarskiptum á Íslandi."

Bechamel-sósa er til dæmis grunnur að ostasósu í lasagna og að frönsku mornay-sósunni sem má nota með fiski og grænmeti. Kjarninn í sósunni er hveiti, olía, mjólk og salt og bendir Signý á ýmsar nýstárlegar aðferðir til að nota hana. Það má til dæmis bæta í hana osti og lauk og smyrja á tortillakökur. Þá er hún tilvalin sem fylling í sveppi og sem undirstaða í frauð (souffle).

vera@frettabladid.is

Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

Opið virka daga
9-18 og laugardaga 11-15

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

allt jólin koma

Pottaplöntur sem hafðar eru utandyra geta sett fallegan svip á híbýli manna um jólin og þá sérstaklega lítil jólatré í pottum. Til eru ýmsar gerðir af trjám eins og jólasýpris, grenitré og fleira sem huggulegt er að stilla fyrir utan útidyrnar.

Fallegar íslenskar peysur

Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is

visa euro

Ás accessories heildverslun

RISA LAGERSALA

opið Fimmtudaga 12-19 og laugardaga 11-16

FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.

ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI
DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774

Jói Fel

Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa jólin. Leggjum mikinn metnað í að vera með ferskt og gómsætt bakkelsi á boðstólnum fyrir viðskiptavini okkar.

BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlunni

Hefð á Sæbóli að baka bóndakökur

Elísabet Pétursdóttir bóndi bakar meðal annars bóndakökur fyrir jólin.

Þegar Elísabet á Sæbóli II á Ingjaldssandi er innt eftir bökunarhefðum fyrir jólin svarar hún glaðlega: „Ég hef næstum alltaf bakað kökuhús. Þó féll það niður í nokkur ár á milli barna en ég byrjaði 1977 þegar Kristín dóttir mín var á öðru ári.“

Spurð hvort húsin séu alltaf eins eða með einhverjum tilbrigðum svarar hún: „Þór sonur minn hefur eiginlega alltaf fengið eins kökuhús en til að byrja með gerði ég tilraunir svo þau voru ólík frá ári til árs. Þá var verið að betrumbæta.“ Hún segir Þór, sem er níu ára, hjálpa henni að skreyta. „Í gegnum tíðina hafa sömu hlutirnir verið hafðir með. Það eru litlir jólasveinar í mismunandi stellingum sem hafa alltaf fylgt kökuhúsunum.“

Elísabet er bóndi og býr ein í sinni sveit. Að sjálfsögðu bakar hún bóndakökur. „Það er hefð fyrir bóndakökum á Sæbóli,“ segir hún. „Ég var hér oft um jólin hjá Unu frænku minni sem reyndar hét Steinunn Ágústsdóttir og bjó á Sæbóli III. Hún bakaði bóndakökur frá því ég man eftir, þannig að ég viðheld þeirri hefð.“

Hér kemur svo uppskriftin.

- gun

Elísabet bakar alltaf kökuhús fyrir jólin.

BÓNDAKÖKUR

200 g sykur
200 g smjör
400 g hveiti
75 g kókos
1 msk. síróp
1 tsk. matarsóti

Hnoðið, mótið lengjur og skerið í sneiðar. Bakið við 200° í 10 mínútur, eða þar til kökurnar eru gullinbrúnar.

Jólamarkaður í Boxi

Norðlensk hönnun er í hávegum höfð á markaði sem opinn er um helgar frá 12 til 18 í Gallerí Boxi að Kaupvangsstræti 10 á Akureyri.

Á jólamarkaði í Gallerí Boxi er sýnishorn af því sem hönnuðir á Akureyri hafast að, bæði þeir yngri og þeir reyndari. Þar kennir ýmissa grasa. Má nefna skeljatöskur og spangir eftir Brynhildi Þórðardóttur, svarta ketti eftir Aðalheiði Eysteinsdóttur, hesta eftir Gitte Nielsen og hangandi engla eftir George Hollanders.

Nokkur sérvalin kristnesk jólatré og greinar verða til sölu nú um næstu helgi í Gallerí Boxi og jólaglögg og piparkökur eru á borðum. Á Þorláksmessu færist enn fjör í leikinn því þá verður boðið upp á súpu um kvöldmatarleytið og rithöfundar og aðrir listamenn líta inn. Helgi Þórsson mun lesa upp úr nýrri ljóðabók er nefnist Tveir skuggar og George Hollanders ætlar að spila á didsjeridú-hljóðfæri. *- gun*

Brynhildur Þórðardóttir er með skeljatöskur og spangir á markaðnum í Boxinu.

Hestar eftir Gitte Nielsen.



Selena

Síðumúla 3 • Reykjavík • s. 553 7355
Hæðasmára 4 • Kópavogi • s. 555 7355

Allt í jólapakkann hennar, innst sem yrst

Íslensk jólatré eru vistvæn og ræktuð án eiturefna. Í staðinn fyrir hvert tré sem höggvið er gróðursetur félagið að minnsta kosti tvö tré.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hægt að fella sitt eigið tré

Í hlöðnum sal Elliðavatnsbæjarins, þar sem skáldið og athafnamaðurinn Einar Benediktsson fæddist 1864, má í desember finna guðdómlegan jólavarning af ýmsu tagi meðan Heiðmörkin er í jólaskarti og friður einn ríkir.

Það var af tilefni jólatréssölu Skógræktarfélags Reykjavíkur, og þeirri staðreynd að aðventan er uppskerutími skógarmanna, að ákveðið var að opna jólamarkað í gamla Elliðavatnsbænum, sem með greni og uppljómaður jólaljósum tryggir jólaskap allra sem þangað sækja. Jólamarkaðurinn var opnaður 24. nóvember og verður opinn alla laugardaga og sunnudaga fram að jólum, á milli klukkan 11 og 18.

Boðið er upp á heitt súkkulaði og nýbakaðar vöfflur í töfrandi húsakynnum, sem og ýmsa atburði fyrir börn og fullorðna, og á jólamarkaðnum er til sölu dýrindis handverk eftir íslenska hönnuði, handverks- og listiðnaðarfólk, en einnig jólaskreytingar, kransar og skreyttar greinar úr skógi Heiðmerkur sem nemar í Garðyrkjuskóla Íslands og fleiri vinna.

Jólatré eru til sölu á hlaði bæjarins, en nú um helgina og um næstu helgi, frá klukkan 11 til 16, gefst

Litskrúðugir eyrnalokkar úr smiðju íslenskrar hönnunar fást á jólamarkaðnum, sem og fleira eðalskart í úrvali.

Íslendingum tækifæri á að höggva sitt eigið vistvæna jólatré í Hjalladal í Heiðmörk.



Pasta, salöt og einfalda rétti getur verið gott að útbúa inni á milli veislufæðisins sem neytt er á milli jóla og nýárs. Það er því ekki úr vegi að eiga gott grænmeti, pasta, túnfisk og þess háttar í skápnum.

Laxinn vinsæll á veisluborðin

Ari nostrar við matreiðsluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fastan er fiskneyslutími hjá mörgum og þeim fer líka fjölgandi sem vilja fisk á sinn disk á hátíðum.

Það er algengt hjá fjölskyldum í dag að fleiri réttir en einn séu á borðum í hverri jólamáltíð og fiskurinn er kominn þar sterkur inn. Þótt kjötið sé vinsælt þá eru ekki allir jafn hrifnir af því. Við finnum það vel, fisksalarnir," segir Ari Karlsson, matreiðslumaður og verslunarstjóri Fiskisögu á Höfðabakka. Hann lumar líka á ráðum til að halda ferskleika fisksins þótt hann sé ekki matreiddur strax. Til dæmis að leggja hann í frysti í einn klukkutíma til tvo, til að ná hitastiginu niður. „Þá á hann alveg aukadag í kælinum," segir hann og bendir líka á að gott sé að setja klaka í box, viskastykki þar yfir, fiskinn þar ofan á, annað viskastykki og svo klaka. „Þetta kallast að ísa fiskinn," útskýrir hann.

Ari segir lax og lúðu vinsælar tegundir á veisluborðið og gefur uppskrift að hátíðarrétti fyrir tvo.

gun@frettabladid.is

INNBAKAÐUR LAX MARINERAÐUR Í SOJA-WASABI

- **tvö 250 gramma laxastykki roðhreinsuð og beinhreinsuð**
- **tvær rúllur af smjördeigi**
- **4 meðalstórir portobellosveppir saxaðir**
- **3 skalottlaukar saxaðir**
- **truffluolía**
- **50 grömm smjör**
- **Maldon-salt**
- **nýmalaður svartur pipar**
- **dreytill af púrtvíni**
- **1 egg léttþeytt**

MARINERING:

- **10 g wasabi-mauk**
- **30 g dijon-sinnep**
- **30 ml sojaolía**
- **50 ml ólífuolía**

Laxinn er lagður í soja-wasabi-sósuna í um það bil 3 klukkutíma.

Sveppir og laukur eru léttsteiktir á pönnu með smjöri, púrtvíni hellt yfir og leyft að sjóða niður, kryddað með smá salti og pipar. Smjördeigið er penslað með egginu, sveppirnir og laukurinn lagðir þar ofan á og síðan laxinn. Truffluolíu er nuddað á laxinn ásamt salti og pipar. Deigið er lokað yfir fiskinn og stungin eru nokkur loftgöt. Laxinn er bakaður fyrst við 160 gráður í um það bil 15 mínútur og svo við 190 gráður í um það bil átta mínútur.

Með þessu ber Ari fram tómat-vinaigrette, hrísgrjón eða ofnbakaðar kartöflur með grófu salti og pipar og ferskt salat með eplum, rauðlauk og kirsuberjatómötum.

Móðir Náttúra
Hnetusteik
Tilbúin í ofninn og gefur góða orku sem endist.
Bygg, grænmeti, baunir og hnetur í hátíðarskapi.
Sýndu fjölskyldunni ást
með hnetusteik

Sinnepssósa
Ljúffeng á samlokuna
E. Finnsson
Sinnepssósa
kólesterólskert
fyrir heilsuna
og bragðlaukana
Grafika ehf
VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

NÆTURVAKTIN Á DVD
NÆTURVAKTIN
2 DVD
NÆTUR-VAKTIN
allir 12 þættirnir á 2 diskum troðfullir af aukaefni; tilurð þáttanna / upptökur frá spunum, gerð næturvaktarinnar og yfirlestur (commentary) frá höfundum og aðalleikurum.
Eigum við að ræða það eitthvað?
skemmtilegri
sena
okkar heimur // þín skemmtun

Tiramisu
Jói Fel
Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa jólin. Leggjum mikinn metnað í að vera með ferskt og gómsætt bakkelsi á boðstólnum fyrir viðskiptavini okkar.
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlunni

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

SIRKUS

14. DESEMBER 2007

Hildur Hafstein stíliserar sjónvarpsstjörnurnar

Sigga Heimis sló í gegn á Vitra-messunni á Miami

Sara Dögg Ásgeirsdóttir leikkona

ÚR SVEITINNI Í SVIÐSLJÓSIÐ

fréttir

Heyrst hefur

Leikkonan ástsæla Katla Margét Þorgeirsdóttir og eiginmaður hennar, Jón Ragnar Jónsson, eiga von á sínu öðru barni en fyrir eiga þau soninn Berg 10 ára. Katla er komin tæpa fjóra mánuði á leið og væntir sín á vordögum. Katla Margrét geislar nú aldrei sem fyrr enda gengur meðgangan eins og í sögu. Það hefur verið að mikið að gera hjá henni að undanförnu en hún hefur verið að leika í Þjóðleikhúsinu og svo hefur hún verið í grínþáttunum Stelpunum frá upphafi en tökum á síðustu seríunni er nýlokið. Þess má til gamans geta að Katla Margrét er systir Herdísar Þorgeirsdóttur prófessors í Lögfræði við Háskólann og Bifröst og hún er líka systir Sveins Andra Sveinssonar lögmanns. Ef barninu kippir í kynið verður það lögfrótt með húmor.

SiRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
Forsíðumynd Pjetur Sigurðsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
Sirkusblaðið Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

HILDUR HAFSTEIN STÍLISERAR SJÓNVARPSSTJÖRNURNAR Á STÖÐ 2

Smartheitin allsráðandi

Hildur Hafstein, stílisti og hönnuður, gekk nýlega til liðs við 365 miðla til að poppa sjónvarpsstjörnurnar upp. „Starf Hildar felst í að hafa yfirumsjón með útliti og klæðaburði sjónvarpsstjarnanna," upplýsir Elín Sveinsdóttir, framleiðslustjóri á Stöð 2, um ráðningu Hildar. Hingað til hefur starfsfólk stöðvarinnar séð sjálft um að kaupa sér föt og hefur fengið að ráða hvernig það er til fara en nú verður breytinga þar á. Hildur er textílhönnuður að mennt og hefur starfað sem stílisti og búningahönnuður undanfarin ár. Hún sá um að stílisera þá sem kepptu í Idolinu, gerði búninga fyrir Hárið þegar það var sett upp í Austurbæ og svo starfaði hún á tímaritinu Birtu og Veggfóðri við gerð myndaþátta og var með tískuumfjallanir. Hildur hannaði fatnað Selmu Björnsdóttur og fylgimeyja hennar fyrir Eurovision-keppnina árið 2005 í Kænugarði en klæðnaðurinn vakti mikla athygli og þótti óvenjulegur. Hildur þykir með eindæmum smekkleg og verður ráðning hennar örugglega til þess að laða áhorfendur enn frekar að skjánum. Hún er þó ekki bara fær á fatasviðinu því hún hefur fallegan heimilisstíl eins og áhorfendur Veggfóðurs fengu að sjá þegar Vala Matt heimsótti hana á heimili hennar í Kópavogi. Helstu kostir Hildar er að hún er óhrædd við að fara ótroðnar slóðir og á án efa eftir að gera sjónvarpsstjörnurnar glamúrus og ofsasmart. Þegar Sirkus hafði samband við Hildi vildi hún lítið tjá sig um málið, enda væri verkefnið rétt að byrja og engin reynsla komin á það. Nú er bara spurning hvort fjólublái liturinn verði allsráðandi á skjánum en hann er þemalitur 365.

bergthora@frettabladid.is

GLAMÚRUS Þótt Selma riði ekki feitum hesti frá Eurovisjón var hún flott í tauinu.

HILDUR HAFSTEIN Er hrifin af skinnum og notar slík við hvert tækifæri. Spennandi verður að sjá hvort fréttamenn Stöðvar 2 muni lesa upp í pelsum.

borgin mín

Vala Matt sjónvarpskona

KAUPMANNAHÖFN

Ferskir ávextir eru ómissandi

MORGUNMATURINN:
Þar sem ég borða alltaf ferska ávexti á morgnana finnst mér gott að fara í Magasin og skella í mig nýkreistum ávaxtasafa. Það er frábær djúsbar á jarðhæðinni.

SKYNDIBITINN:
Bestu pitsur norðan Alpafjalla á Itsi Bitsi Pizza á Sönder (ekki setið til borðs, maður verður að sækja þær).

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:
Einn af mínum uppáhalds veitingastöðum er Europa á Amagertorgi. Þar er allt í senn, frábær morgunverðarstaður, æðislegur hádegismatur (mæli sérstaklega með túnfisksalatinu), dýrindis „bröns". Hönnunin í frönskum stíl og því frábær stemning þar á kvöldin.

LÍKAMSRÆKTIN:
Hvergi geng ég eins mikið og í Kaupmannahöfn. Veðrið er yfirleitt svo milt. Það er því besta líkamsræktin.

BEST VIÐ BORGINA:
Í Kaupmannahöfn er mjög mikið af fallegum gömlum húsum sem Danir hafa vit á að hlúa að og viðhalda en ekki rífa eins og við gerum hér. Svo eru veitingastaðirnir orðnir margir og mjög spennandi.

UPPÁHALDSVERSLUN:
Sælkeramatvöruverslunin Mad og Vin í kjallaranum í Magasin. Var það þegar ég var þar í námi og er það enn!

HABITATPARIÐ INGIBJÖRG OG JÓN ARNAR GERA ÞAÐ GOTT Það er allt í fullri sveiflu í Habitat og svo er nýtt barn á leiðinni en það er von á því í maí en Ingibjörg er komin fjóra mánuði á leið.

Nýtt barn á leiðinni

Það er ekki lognmolla í kringum verðandi hjónin, Jón Arnar Guðbrandsson og Ingibjörgu Þorvaldsdóttur, því þau eiga von á sínu öðru barni saman í maí. Fyrir eiga þau soninn Baltasar Smára sem er ársgamall en fyrir á Ingibjörg soninn Natan Smára sem er sjö ára. „Við erum mjög hamingjusöm með þetta," segir Jón Arnar í samtali við Sirkus en þau Ingibjörg eru í miðjum klíðum við að undirbúa brúðkaup en þau ætla að ganga í það heilaga í lok ársins. Hann segir að óléttan hafi sett smá strik í reikninginn bæði hvað fatnað brúðarinnar varðar og líka varðandi brúðkaupsferðina. „Við ætluðum til Miami í brúðkaupsferð en við breyttum plönunum og förum í staðinn með börnin til Tenerife. Við verðum bara að eiga rómantísku brúðkaupsferðina inni og fara í hana seinna," segir hann. Á dögunum seldu þau helminginn af Habitat til Pennans. Stefnan er að flytja Habitat í Holtagarða og vera með risastóra lífsstílsverslun með húsgögnum, gjafavöru, fatnaði og kaffihúsi. Ekki verða breytingar á stjórn Habitat því þau Jón Arnar og Ingibjörg munu halda áfram að stýra skútunni. „Með þessu erum við að styrkja innviðina, húsið í Askalind var löngu sprungið utan af starfseminni og okkur langaði að fara lengra með Habitat. Við fórum á fund með Pennanum og út kom þessi niðurstaða," segir Jón Arnar og er hæstángæður með söluna. Hann segir það á stefnuskránni að gera Habitat í anda verslunarinnar í Lundúnum. Þegar hann er spurður hvort hann óttist ekki krepputíma segir hann það af og frá. „Ég hef trú á því að þeir bestu muni vinna," segir hann og brosir.

martamaria@frettabladid.is



NOVA

Heitasti reiturinn er þar sem þú ert!

www.nova.is

Þú tekur heita reitinn með þér

3G internet Nova er fyrir þá sem vilja vera sítengdir. Þú einfaldlega stingur 3G pungnum í samband við fartölvuna þína og tengist háhraða interneti Nova á augabragði.

3G internet

2.990 kr.

á mánuði

Allt að 3Mb/s háhraða internet og 500 MB

3G pungur

Tilboðsverð staðgreitt:

9.900 kr.*

Fullt verð: ~~19.900 kr.~~

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

Nova | Verslanir Lágmúla 9 og Smáralind | Þjónustuver 5191919

DAGUR & STEINI

SIGGA HEIMIS Á VITRA-MESSUNNI Á MIAMI

LÍFFÆRI ÚR GLERI

SLÓGU Í GEGN

Sigga Heimis iðnhönnuður hefur getið sér gott orð í hönnunarheiminum. Síðastliðin ár hefur hún starfað sem hönnuður hjá IKEA. Hún á til dæmis heiðurinn af jólakrönsunum sem hanga uppi í öðrum hvorum glugga á Íslandi en vinsældir kransanna eru þó ekki bara hérlendis því Svíar elska þá líka. Nú er hún nýkomin heim frá Miami þar sem hún tók þátt í opinni vinnustofu á vegum Art Basel Miami. „Vitra-safnið og Corning Museum of Glass ákváðu að taka höndum saman og halda opna glervinnustofu á Miami með mismunandi hönnuðum," segir Sigga en í kjölfarið sendi Vitra út verkefnalýsingu til valinna hönnuða og um 100 manns sóttu um að komast að. Sigga var ein af þremur sem var boðið á opna vinnustofu á Miami. Verkefnið þurfti að vera búið til á staðnum og það varð að vera úr gleri. Hún dó ekki ráðalaus og teiknaði upp líffæri sem voru svo blásin í gler fyrir framan áhorfendur. Auk Siggu tóku Campana-bræðurnir þátt í vinnustofunni ásamt Constantín og Lauren Boym. Í fjóra daga unnu þau á sviðinu til skiptis með mismunandi verkefni. „Ég fór að velta því fyrir mér hvað væri hægt að móta úr gleri, hvaða hluti væri gaman að túlka úr þessum efnivið og þá kviknaði hugmyndin að líffærunum. Ég á svo sem ekki langt að sækja það því ég var á náttúrufræðibraut í menntaskóla og hef mikinn áhuga á mannslíkamanum. Mér fannst pælingin með glerið og líffærin líka spennandi því þetta tvennt á margt sameiginlegt, bæði brothætt og viðkvæmt en samt svo sterkt," segir Sigga en það blundaði líka í henni að brjótast út úr viðjum innanhússhönnunarinnar sem hún er fást við alla daga og gera eitthvað nýtt og ferskt. „Mér finnst það skemmtileg andstæða við það sem ég geri venjulega." Verk Siggu Heimis sló algerlega í gegn og nú hefur stjórnandi Vitra-safnsins, Alexander von Vegesack, boðið henni að sýna verkið á sýningu þar sem hann mun sýna einkalistasafn sitt í fyrsta skipti í mars í Tórínó á Ítalíu á næsta ári. Á sýninguna á Miami koma þekktir listamenn og hönnuðir en þess má geta að Tom Dixon var staddur á sýningunni á sýningarsvæði Artek enda listrænn yfirhönnuður þess fyrirtækis. Ljós hans prýða til dæmis veitingastaðinn Fiskmarkaðinn í Aðalstræti. Sigga segir að stemningin á Miami hafi verið ólýsanleg. „Ég er bara ástfangin, hef aldrei komið svona nálægt glervinnslu áður og þetta var svo spennandi," segir hún og bætir því við að það heilli hana alltaf þegar hönnun og list mætist. Þegar hún er spurð út í jólakransana frá IKEA segir hún að henni þyki óendanlega vænt um hvað þeir hafi fallið vel í kramið. „Þegar ég tók rútuna frá Keflavík og keyrði í bæinn og sá kransana í öðru hvoru húsi þá gat ég ekki annað en glaðst," segir hún en þess má geta að umræddir kransar eru hennar „bestseller" hjá fyrirtækinu.

SIGGA HEIMIS, STOPPAÐI Á ÍSLANDI Í TVO DAGA ÁÐUR EN HÚN FÓR AFTUR HEIM TIL SVÍÞJÓÐAR ÞAR SEM HÚN BÝR.

martamaria@365.is

Skífulistinn topp 20

Vinsælustu titlarnir

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

1	Ýmsir	↑	Pottþétt 45
2	Hjálmar	↑	Ferðasót
3	Mugison	↓	Mugiboogie
4	Villi Vill	↑	Myndin af þér
5	Ýmsir	↓	100 Íslensk Jólalög á 5 geisla
6	Björgvin Halldórsson	↑	Jólagestir 4
7	Ellen	↑	Einhversstaðar einhverntíma
8	Sprengjuhöllin	↑	Tímarnir okkar
9	Páll Óskar	↓	Allt fyrir ástina
10	Laddi	↑	Jóla hvað?
11	Friðrik Ómar	–	Ég skemmti mér um jólin
12	Björgvin Halldórsson	↑	Jólagestir 1-3
13	Ýmsir	N	Frostroses 2007
14	Hjaltalín	N	Hjaltalín
15	Josh Groban	↓	Noel
16	Álftagerðisbræður	N	Álftagerðisbræður
17	Led Zeppelin	N	Mothership
18	Disella	↓	Solo Noi
19	Garðar Thor Cortes	↓	Cortes 2007
20	Sigur Rós	↓	Hvarf/Heima

VINSÆLUSTU DVD

1	Næturvaktin
2	Simpsons The Movie
3	Astrópía
4	Transformers
5	Hairspray
6	Mýrin
7	Shrek the Third
8	Pirates of the Caribbean 3
9	Latibær Jólasveinninn
10	Harry Potter the Order of Pho
11	Top Gear
12	Bratz the Movie
13	Meet the Robinsons
14	Grettir í Raun
15	National Lampoon's X-mas vaca
16	Köld Slóð
17	Fóstbræður Season 5
18	Fóstbræður Season 3
19	Evan Almighty
20	Desperate Housewifes seria 3

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N

Listinn gildir 14.til 21. des 2007

Börn

Dömur

Herrar

Jólin 2007

Jólin í einni ferð

Debenhams býður upp á úrval sem aldrei fyrr af fallegri gjafa- og merkjavöru. Fyrir dömur, herra, börnin og heimilið á verði sem kemur öllum í ekta jólaskap. Nú getur þú klárað jólainnkaupin á einum stað og eytt tímanum í það sem skiptir mestu máli.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA/SIA/S/DEB 39727 11/07

ANNA CLAUSEN OG BJARNI EINARSSON Í BELLEVILLE

GERA HELST EKKI SLÆM KAUP

Kærustuparið Anna Clausen og Bjarni Einarsson reka saman verslunina Belleville á Laugaveginum. Verslunin Belleville sérhæfir sig í hönnunarvörum fyrir karlmenn, með áherslu á fatnað og skó auk þess sem þau selja bækur, tímarit og japanska popplist. Anna og Bjarni vekja eftirtekt hvar sem þau koma fyrir skemmtilegan og frumlegan klæðaburð. „Ég er undir margvíslegum áhrifum þessa stundina. Ég er heilluð af nýaldarpönki og jaðarmenningu sem ég túlka á minn hátt í fatavali en Bjarni er afar vestrænn í klæðaburði," upplýsir Anna um fatastíl þeirra sem getur oft og tíðum verið afar framúrstefnulegur. Bjarni bætir því þó við að stíll hans sé einhvers konar arfleifð stúdentauppreisnarinnar. Anna er frá Kaupmannahöfn og starfar sem stílisti og listrænn stjórnandi á alþjóðlegum vettvangi auk þess sem hún kennir fatahönnun við Listaháskóla Íslands en Bjarni er kvikmyndagerðarmaður og ljósmyndari. Það er því fleira en ástin sem bindur parið órjúfanlegum böndum. „Við kynntumst í kringum áramótin 2001-2002. Anna kom þá til Íslands í fyrsta skipti og við höfum verið saman síðan," segir Bjarni um kynni sín og Önnu en hún fluttist til Íslands árið 2004. Parið er afar samhent og vinna mikið saman. „Við bíðum full eftirvæntingar eftir útkomu tímaritsins Lodown frá Berlín, en blaðið kemur út í næstu viku. Í blaðinu birtist myndaþáttur sem við Anna og Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarmaður unnum í sameiningu og við munum halda gott partí í verslun okkar af því tilefni," segir Bjarni en Ásdís Sif sýnir list sína í versluninni um þessar mundir. Bjarni og Anna eru mikið smekkfólk og eiga mikið af fallegum fötum í fataskápnum. Sirkus lék forvitni á að vita hver væru bestu kaup parsins. Anna er ekki lengi að hugsa sig um og segir að íbúðin þeirra sé besta fjárfestingin. „Bestu kaupin mín er atvinnumannahjólabretti sem ég sannfærði móður mína um að kaupa handa mér árið 1988," segir Bjarni, en hann er skeitari fram í fingurgóma. Bjarni hefur þó gert nokkur innkaupaslysin í gegnum tíðina. „Á tímabili keypti ég mikið af „second hand" skóm, það var á þeim tíma þegar maður gat fundið sjaldgæfa notaða skó á hverju strái. Ég hef samt aldrei fengið mig til að nota þetta skósafn mitt enda eru fótasveppir og annarra manna táfýla ekki málið," segir Bjarni að lokum en Anna fullyrðir að hún geri aldrei slæm kaup enda er hún annáluð fyrir smekkvísi sína.

Bergthora@frettabladid.is

BJARNI EINARS OG ANNA CLASSEN. Maharishi peysujakki Bjarna.

BJARNI EINARS OG ANNA CLAUSEN. Teknó-jólaglugginn í baksýn er samstarfsverkefni Belleville og Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur myndlistarmanns.



BJARNI EINARS OG ANNA CLAUSEN. Silfurmen Önnu frá Atelier 11.

Bjarni

- Uppáhaldsbúðin: Belleville
- Nauðsynlegt í fataskápinn: Eitthvað eftir fatahönnuðinn Raf Simons.
- Eftirlætis flíkin í fataskápnum: Núna er það allt sem er prjónað í þungavigtarprjón, Maharishi peysujakkinn minn er því í miklu uppáhaldi.
- Veikastur fyrir: Ég er alltaf veikur.
- Uppáhalds hönnuðurnir: Bernhard Willhelm, Patrik Söderstam, Supreme, Raf Simons og Maharishi.

Anna

- Uppáhaldsbúðin: Belleville að sjálfsögðu.
- Nauðsynlegt í fataskápinn: Eitthvað svart.
- Eftirlætis flíkin í fataskápnum: Pelican Avenue kjóllinn minn.
- Veikust fyrir: „Sexy stuffi."
- Uppáhalds hönnuðurnir: Raf Simons, Nicholas Ghesquiere at Balenciaga, Martin Margiela. Hlín Reykdal og Katrín Pétursdóttir.

Leiðrétting á viðtali við Eddu Björgu Eyjólfsdóttur

Þau leiðinlegu mistök urðu í síðasta blaði Sirkuss að óleiðrétt viðtal við Eddu Björgu Eyjólfsdóttur leikkonu birtist í blaðinu. Þessa dagana sýnir Edda Björg verkið Konan áður en ekki Konan ein í hópi valinkunnra leikara, auk þess sem hún er á fullu við æfingar á verkinu Vígaguðinn en ekki Vígakonur eins og fram kom í Sirkus, en Vígaguðinn verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í janúar. Edda Björg velti fyrir sér þeim möguleika að söðla algerlega um á síðasta leikári og hefja nám í arkitektúr en ekki á síðasta árinu í Leiklistarskólanum eins og misritaðist í viðtalinu. Verkið eftir Eggert Pétursson myndlistarmann er mynd af brönugrasi en ekki lúpínu eins og fram kom. Við biðjum Eddu Björgu velvirðingar á þessum leiðinlegu mistökum.

EDDA BJÖRG EYJÓLFSDÓTTIR

ÍSLENSK HÖNNUN

Glösin fást í Skeifunni og í Leifsstöð

epal

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is

STELLA DESIGN | www.stelladesign.is

LEIKKONAN SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR LEIKUR AÐALHLUTVERKIÐ Í NÝRRI ÍSLENSKRI SPENNUÞÁTTARÖÐ, PRE
HÚN MYNDARLEGA STARFSMANNASTJÓRANN Í NÆTURVAKTINNI. MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR HITTI HANA OG F

ÚR SVEITINNI Í SVIÐSL

Það geislar af Söru þegar við hittumst á einum af smartheitabörum borgarinnar. Vodkakokkteilar með reghlífum eru látnir eiga sig enda er varla kominn hádegismatur þegar viðtalið á sér stað. Sara hefur átt annasamt ár, bæði í leikhúsinu og í sjónvarpinu, því á árinu lék hún bæði í Næturvaktinni og í Pressunni og á sviði Borgarleikhússins. Í sjónvarpsþáttunum Pressa er hún í hlutverki blaðakonunnar Láru sem er einstæð móðir. Það er ekki margt líkt með þeim Söru og Láru nema það að sú fyrrnefnda ætlaði að verða blaðamaður þegar hún var unglingur. Hún stundaði nám á fjölmiðlabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti og ætlaði sér stóra hluti á fjölmiðlasviðinu og sá sjálfa sig fyrir sér með myndavél um hálsinn úti í hinum stóra heimi. „Við eigum það sameiginlegt að hafa þennan blaðamannaáhuga en minn hefur reyndar dvínað aðeins með árunum. Lára er einstæð móðir og mér finnst hún verða hörð að utan en mjúk að innan. Ástríðan knýr hana áfram en líf hennar er allt annað en auðvelt og hún er í stöðugum barningi að púsla móðurhlutverkinu og vinnunni saman. Það reynir á að hlutirnir séu vel smurðir, en það er ekki alveg þannig hjá henni. Hún er svolítið hvatvís og að reyna að fóta sig í lífinu en kraftinn vantar ekki né neistann.“ Pressan er spennuþáttaröð úr smiðju Óskars Jónassonar og Sigurjóns Kjartanssonar en þeir fengu glæpasagnahöfunda til liðs við sig eins og Árna Þórarinsson og Yrsu Sigurðardóttur til að skrifa nokkra þætti. Hún segir að vinnan við þættina hafi verið mjög skemmtileg og hláturtaugarnar hafi verið í stöðugri þjálfun þótt um glæpaþætti hafi verið að ræða. „Í Pressunni eru þónokkrar bílatökur og ég naut þess að keyra glannalega yfir hraðahindranir og svona, Obbosí, ætti kannski ekkert að vera að auglýsa það,“ segir Sara og hlær.

Uppáhaldsmatur: Sushi og hvítvín, rauðvín og ostar, kjötbollur og mjólk. Ég get haldiið endalaust áfram. Bara ekki hrogn, lifur og rækjur!!!

Geisladiskurinn: Í augnablikinu eru það Interpol;Our love to admire. Lhasa; La Lorna, þetta eins og allt annað getur breyst á morgun.

Skemmtunin: Faðma tré og hoppa í pollum. Það er lífsins ómögulegt að gera það með fýlusvip.

Uppáhaldsverslunin: Ætli það sé ekki Nóatún á Selfossi á leið út í sveit, matur, matur, matur allt um kring, dásamlegt!

Draumahlutverkið: Er heilluð af Karítas hennar Kristínar Maríu(marju) Baldursdóttur. Átti einmitt sjálf að heita Karítas, gaman að segja frá því. Flott þroskasaga og spennandi karakter. Það væri gaman að gera bíómynd um hana. Bíð spennt eftir að fá framhaldið í jólagjöf.

Besta jólagjöfin: Hef fengið margar og góðar gjafir, en einhvernveginn hefur engin þeirra náð að toppa sjálft jólaandrúmið sem er þykkt og mjúkt eins og flauel.

Háskaför með Hrafni

Sara var rétt skriðin yfir tvítugt þegar hún lék í kvikmyndinni Myrkrahöfðingjanum eftir Hrafn Gunnlaugsson. „Þegar ég var nýbúin að fá hlutverkið hnaut ég um gamalt tímaritaviðtal við Hrafn þar sem hann sagði að hver mynd sem hann gerði væri ákveðin helför og samstarfsmenn hans þyrftu að vera tilbúnir til að ganga þann veg með honum. Þegar ég las þetta fannst mér hlutverkið mitt verða enn þá meira spennandi. Ég þroskaðist ótrúlega mikið á þessum tíma en ég upplifði mig þó mjög mikið sem áhorfanda. Það var alltaf eitthvað að gerast, fólk að slasa sig og sjálf lenti ég í miklum háska. Einu sinni vorum við að ríða út í Kúðafljót. Ég sat fyrir aftan einn reiðmanninn á meðan hann reið með mig út í. Þegar við komum út í fljótið þandi merin sig svo mikið því fljótið var svo straumhart og kalt að hún sprengdi gjörðina. Þegar við vorum komin út í fljótið hélt hnakkurinn ekki. Reiðmaðurinn hvíslaði að mér að gjörðin væri farin og ég mátti ekki sýna nein viðbrögð því það var verið að taka upp. Þetta fannst mér ekkert leiðinlegt og var með hjartað í buxunum meðan á þessu stóð,“ segir hún og brosir við upprifjunina. Hlutverk Söru vakti mikla athygli ekki síst þar sem hún þurfti að koma nakin fram. „Merkilegt hvað fólk virðist allt af hafa mikinn áhuga á nektinni. Svo er kannski sama fólkið að fárast yfir nekt í bíómyndum en leyfir svo börnunum sínum umhugsunarlaust að horfa á hálfberar stúlkur „dilla“ sér fyrir framan karlmann sem er að syngja um hórur. Stelpur fá oft og tíðum ekkert sérlega uppbyggjandi skilaboð fyrir sjálfsmyndina í samfélaginu í dag, eiginlega bara frekar brengluð. Svo er mikil áhersla lögð á að þær séu undirgefnar kynverur eins og í öllum þessum tónlistarmyndböndum. Auðvitað hefur þetta áhrif á óharðnaðar unglingsstelpur. Ég meina það hefur áhrif á mann sjálfan. Maður fer bara að hugsa, hmm, ætti ég kannski að fara drífa mig í ræktina, ég er ekki nógu svona eða hinsegin. Maður gæti alveg farið þarna ef maður leyfði sér það, en þá kemur að sjálfstjórninni. Ég væri að ljúga því ef ég segði að það hefði ekki verið neitt mál að vera nakin í vinnunni, ég þurfti alveg að bíta á jaxlinn. En það var ekki af því mér fyndist eitthvað að því, meira að velta því fyrir mér „hvað á fólk eftir að segja“. En ég tók líka ákvörðun, ég ætlaði ekki að láta það stoppa mig. Ég vissi að ég myndi læra meira af þessu en egóið mitt myndi tapa. Stundum er nekt óþörf og manni finnst hún jafnvel neydd upp á mann. En svo getur hún verið óskaplega falleg, já eða ljót, allt eftir því hvað við á, og hjálpað verkinu sem hún er í, hvort sem það er myndlist, kvikmynd eða leikhús. Maður þarf bara að meta það í hvert og eitt skipti eins og maður setur spurningar við aðra hluti sem karakterar gera. Það er hægt að upplifa sig nakta í fötum. Það getur tekið mun meira á heldur en að bera líkamann sem við öll höfum jú sameiginlegt að vera í, þótt þeir séu ólíkir. Þá meina ég að bera sjálfan sig að einhverju leyti eins og sál sína eða tilfinningar sínar, ljótleika sinn eða fegurð. Persónulega finnst mér þetta áhugaverðara heldur en hvort það sést í brjóstin eða bossann á einhverjum. Það er stundum hálf smáborgaraleg umræðan um þessa blessuðu nekt. Eina sem er fyrirstaða er ef börnin manns verða fyrir aðkasti út af því, því maður getur séð um sjálfan sig en svo geta börn verið grimm hvert við annað og strítt, það er erfitt.“

Vildi upplifa meira

Meðan á tökum á Myrkrahöfðingjanum stóð sótti hún um í Leiklistarskólanum. Þegar hún var komin í 30 manna úrtak hætti hún við því henni fannst hún ekki vera tilbúin. „Ég hringdi þarna niður eftir og sagði að ég væri hætt við. Leikarar verða að hafa einhverju að miðla og mér fannst ég þurfa að upplifa meira áður en ég færi í leiklistarskóla,“ segir hún. Nokkrum árum seinna, þegar hún var búin að skoða heiminn, dvelja í Frakklandi og upplifa marga spennandi hluti sótti hún um og komst inn árið 2001. Þegar Sara er spurð að því hvenær hún hafi áttað sig á því að hún vildi verða leikkona segir hún það hafi verið þegar hún var í sálfræði í Háskólanum og samhliða því verið að vinna við Myrkrahöfðingjann. „Hef alltaf heillast af manneskjunni og hvernig hún virkar. Svo áttaði ég mig á því að fyrir mig lá sálfræðin í leiklistinni. Svona „hands-on“ sálfræði ef svo mætti segja. Þar hafði ég fundið farveg fyrir sálfræðipælingar og sköpun í bland. Það á betur við mig en þurrar kenningar og slíkt sem er víst nauðsynlegt til þess að geta farið að vinna sem sálfræðingur. Þannig ég hugsaði með mér að ég gæti vel tengt sálfræðina inn í leiklistina, hún er jú hálfgerð sálfræði og setti það á „hold“ að bjarga heiminum. Nema svo hef ég áttað mig á því betur og betur að það er hægt að hjálpa fólki á margan og misjafnan hátt,“ segir hún og bætir því við að leikhúsið búi yfir remedíum fyrir sálina. „Það getur lyft manni í hæstu hæðir, glatt og hreinsað þegar það er upp á sitt besta. Og þar liggur löngun mín núna, að gefa, en að sjálfsögðu þigg ég líka, það er bara lögmál! En það var þar sumsé sem ég fattaði það, þurfti bara að lifa svolítið áður en ég færi í skólann, svo ég hefði einhverju að miðla í leiklistinni. Spáði reyndar svolítið í arkitektúr líka en það hvarf þegar ég loksins horfðist í augu við að ég gæti ekki bælt leiklistarþrána niður. Því ég reyndi það alveg. Maður verður að vera viss um að maður hafi ástríðu fyrir því sem maður er að gera. Sér í lagi þegar maður velur sér sköpunarvinnu, þú gerir hana ekkert með hangandi hendi.“ Það er ekki annað hægt en að hrífast með því Sara talar af svo mikilli sannfæringu. En er leikarastarfið sveipað ævintýraljóma? „Já, en að sjálfsögðu er þetta líka vinna og getur alveg orðið svolítið puð. Ástríðan er samt svo mikilvæg því sköpunin má aldrei vera hversdagsleg. Hversdagsleikinn er ekki í boði ef hún á að skila sér í töfrum.“ En er þetta ekki

Erum flutt
á
Laugaveg 59
Kjörgarðshúsið
Verið velkomin!

Frum

KJÖRGARÐSHÚS
Opið mán. - fös. 9-21
Lau. - sun. 17 - 21
Sími 552 2400

Thailenskur veitingastaður
Bjóðum upp á
4ra rétta hádegistilboð
á 700 kr.
Frítt kaffi með mat.

miðbærinn

FÖSTUDAGUR 14. DESEMBER 2007

Fjölbreytileiki undir augað

Auður Haralds þeysist á rauðu reiðhjóli um miðbæinn. Hún vill hvergi annars staðar búa, nema kannski í Úganda.

BLS. 10

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jólasýning

Árleg jólasýning Gallerís Foldar
stendur til 23. desember

Fjöldi nýrra verka til sýnis.
Enn fremur gott úrval eldri verka.

Gunnella

LISTMUNASALA fold

Opið er í Galleríi Fold Rauðarárstíg
virka daga frá kl.10–18, laugardaga frá kl. 11–16
og sunnudaga frá kl. 14–16.

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

Aðventan í miðborg Reykjavíkur er bæði notaleg og spennandi.

Aðventan í miðbænum

Miðborgin skartar sínu fegursta um þessar mundir. Jólin eru fyrir löngu komin í bæinn og fram að sjálfum jólunum er við nóg að vera. Helgarnar fram að jólum bjóða upp á notalega aðventustemningu með spennandi dagskrá sem kemur ungum sem öldnum í sannkallað jólaskap.

LAUGARDAGUR, 15. DESEMBER
Jólasveinarnir Skyrgámur og Gluggagægir koma við í miðborginni á milli 14.00 og 15.00 með góðgæti í pokanum. Viðurkenning fyrir „jólalegasta jólagluggann" verður veitt með aðstoð Gluggagægis kl. 15.00. Norræna félagið og Hjálpræðisherinn bjóða gestum upp á heitt súkkulaði víðs vegar um miðborgina milli 14.00 og 18.00 auk þess sem kór Nord-klúbbsins, Vox Borealis, flytur ljúfa tóna.

SUNNUDAGUR, 16. DESEMBER
Enskir jólasöngvar – Christmas Carols – í Hallgrímskirkju kl. 14.00. Leiðsögn um sýningarnar í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum kl. 15.00.

LAUGARDAGUR, 22. DESEMBER
Jólasveinarnir Hurðaskellir og Stúfur verða í miðborginni milli 14.00 og 15.00 með góðgæti í pokanum. Norræna félagið og Hjálpræðisherinn bjóða gestum upp á heitt súkkulaði víðs vegar um miðborgina milli 14.00 og 18.00 auk þess sem kór Nord-klúbbsins, Vox Borealis, flytur ljúfa tóna. Hópur hljóðfæraleikara í Lúðrasveit verkalýðsins spilar víðs vegar um miðborgina milli 15.00 og 17.00.

ÞORLÁKSMESSA, 23. DESEMBER
Friðargangan hefst kl. 18.00. Gengið frá Hlemmi, niður Laugaveg og að Ingólfstorgi þar sem flutt verða stutt ávörp.

AÐFANGADAGUR, 24. DESEMBER
Hljómskálakvintettinn leikur jólatónlist í Hallgrímskirkju kl. 17.00.

Sýningin Norrænir jólasiðir, Óðinsgötu 7, er opin alla virka daga frá 09.00-16.00 og er gestum að kostnaðarlausu.

AFGREIÐSLUTÍMAR VERSLANA Í MIÐBORGINNI:
Virkir dagar: Opið 10.00-22.00. **Laugardagar:** Opið 10.00-22.00
Sunnudagar: Opið 13.00-22.00. **Þorláksmessa:** Opið 10.00-23.00
Aðfangadagur: Opið 10.00-12.00

BÍLASTÆÐI
Frítt er í útistæði eftir kl. 13.00 á laugardögum. Frítt er í bílastæðahús á laugardögum. Fram að jólum eru bílastæðahúsin opin til 24.00.

● JÓLIN KOMA Jólaskreytingar eru í boði víða. Þó eru tvær verslanir í miðbænum sem sérhæfa sig í slíku allt árið um kring. Þetta eru Jólahúsið við Skólavörðustíg 21a og Litla jólabúðin við Laugaveg 8.

Þar má finna margt fínt skraut, bæði íslenskt og erlent. Íslensku sveinarnir standa þar innan um frændur sína rauðklæddu, hvítir englar innan um svarta og silfraða páfugla.

Sumir hafa fyrir sið að kaupa árlega eitt fallegt jólaskraut á jólatréð á Þorláksmessu. Þannig má einnig sjá hvernig tískan breytist í áranna rás.

Sjálfur kokkurinn að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þriggja rétta hátíðarveisla

Á Geysi bistro og bar verður boðið upp á hátíðarkvöldverðarmatseðil milli jóla og nýárs.

„Við fórum af stað með jólahlaðborð í fyrsta sinn til að athuga hvernig viðtökurnar yrðu og þær hafa ekki staðið á sér. Það er uppselt á það," segir Þórður Norðfjörð, kokkur á Geysi bistro og bar, við Aðalstræti 2. Forsvarsmenn staðarins hafa brugðist við með að bjóða einnig upp á sérstakt skötuhlaðborð á Þorláksmessu og hátíðarkvöldverðarmatseðil, villibráð og fiskrétti, milli jóla og nýárs, þar sem gestum gefst færi á að snæða gómsætan mat í frjálslegu andrúmslofti eins og Þórður kemst að orði. Hér að neðan er þriggja rétta hátíðarmatseðill sem ætti að veita innsýn í það sem er í boði. - rve

Jólaleg stemning á Geysi bistro og bar.

1. Marineraður fiskur Tex-Mex

FORRÉTTUR EÐA STAKUR RÉTTUR
1 kg lax eða lúða (roðlaus og beinlaus)
1 bolli limesafi

Skerið fisk í litla bita, hellið limesafa yfir og látið liggja í 30 mínútur.

KRYDDBLANDA
4 msk. jalepeno (niðursoðinn, smátt saxaður)
½ bolli fylltar ólivur (smátt skornar)
1 stór laukur (smátt saxaður)
2 stk. hvítlauksrif (smátt söxuð)
1 msk. ferskt kóríender (smátt saxað)
1 msk oregano (þurrkað)
½ bolli tómatsósa
1 tsk. salt
1 msk. worchestersósa

Sigtið fisk úr limesafa. Setjið á fat. Blandið öllu hráefni í kryddblöndu saman og blandið varlega saman við fisk. Setjið lok eða plastfilmu yfir og látið marinerast í 2 sólarhringa. Blandið saman við fisk ½ haus af smátt söxuðum iceberg, 3 stk. af ferskum tómötum, skornum í báta, ásamt 3 msk. af ferskri steinselju, áður en hann er borinn fram. Framreitt með sýrðum rjóma og brauði.

2. Humarfylltar andabringur með vínberjasósu og fersku eplasalati

AÐALRÉTTUR FYRIR 6
12 stk. andabringur (meðalstórar)
12 -16 stk. humar (færður úr skel og hreinsaður)
olía til steikingar
salt og pipar

Skerið lítið gat í þykkari enda andabringu. Þrýstið stál- eða sleifsenda inn í bringu til að búa til svæði fyrir humar. Þrýstið honum þar inn. Brúnið bringur í olíu á pönnu, kryddið með salt og pipar. Setjið á grind í ofni og steikið við 170°C í 10 mínútur.

VÍNBERJASÓSA
5 dl soð (villibráðarsoð)
1 dl rjómi
100 g gráðostur
20 stk. græn vínber (skorin í tvennt og steinhreinsuð)
ögn kjötkraftur
2 tsk. rifsberjahlaup
sósujafnari
salt og pipar

Setjið soð í pott og bætið í rjóma og gráðaost. Þykkið með sósujafnara, bragðbætið með kjötkrafti, salti, pipar og rifsberjahlaupi. Látið krauma í fáeinar mínútur. Bætið vínberjum í sósuna rétt áður en hún er borin fram.

FERSKT EPLASALAT
3 rauð epli (steinlaus og smátt skorin)
3 rauðlaukar (smátt skornir)
4 msk. fersk steinselja (smátt söxuð)

Öllu blandað saman og bleytt upp með balsamic-kremi.
Réttur er borinn fram með kartöflum, fersku salati eða grænmeti.
Allt hráefni fæst í helstu matvöruverslunum landsins.

3. Súkkulaðiterta Geysis

BOTN
4 stk. egg
2 dl sykur
200 g smjör
200 g suðusúkkulaði
1 dl hveiti

Stífþeytið egg og sykur. bræðið smjör og súkkulaði yfir vatnsbaði. Kælið örlítið. Blandið síðan saman við egg og sykur, ásamt hveiti. Hrærið öllu varlega saman. Bakað í 40 mínútur á 170°c.

KREM
70 g smjör
150 g suðusúkkulaði
2 msk. síróp

Setjið allt saman í skál og bræðið yfir vatnsbaði. Látið kólna örlítið. Smyrjið síðan yfir botninn. Borið fram með ferskum ávöxtum, rjóma eða ís. Einnig gott að hafa allt með.

DÆMI UM VERÐ
Pablo fjölstillanlegt heilsurúm með heilsudýnu (90x200)
kr. 10.740 í 12 mánuði eða
kr. 128.900 staðgreitt

VAXTALAUS JÓLATILBOÐ

OG FYRSTA GREIÐSLA Í MARS 2008

TILVALDAR JÓLAGJAFIR
Sængur, heilsukoddar og rúmteppi í miklu úrvali

ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

Nú getur þú keypt þér alvöru ameríska heilsurúm frá King Koil og fengið að skipta því niður á allt að 12 mánuði VAXTALAUST (Visa/Euro) ásamt fjölda annara hluta fyrir svefnherbergið.

COMFORT solutions®
By King Koil®

DÆMI UM VERÐ
King Koil Comfort Solution
Bal Harbor (Queen size 153x203)
kr. 12.924 í 12 mánuði eða
kr. 147.657 staðgreitt

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kírópraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).

LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
Good Housekeeping Promises
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

Mikið úrval fjölstillanlegra rafstýrðra heilsurúma frá Þýskalandi og USA

S Cape Wallhugger mest seldi ameríski stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

Oslóartréð stendur uppljómað sem ávallt á Austurvelli. Tréð er löngu orðið fastur punktur í tilveru borgarbúa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ljósin lýsa upp bæinn

Þegar myrkrið og skammdegið leggst yfir borg og bý lýsa borgarbúar upp myrkrið með fallegum jólaskreytingum sem gera lífið bærilegra.

Reykjavík er sjaldan fallegri en á dimmustu mánuðum vetrarins. Þá leggjast borgaryfirvöld og íbúar allir á eitt og skreyta borgina með litfögrum ljósum. Miðborgin skiptir algerlega um svip þegar fyrstu ljósin eru hengd á trén sem standa meðfram götunum og lýsa upp veröld þeirra sem ganga og aka hjá.

Fátt er jólalegra en að ganga dúðaður í þykka úlpu, vettlinga og húfu niður Laugaveg eða Skólavörðustíg og virða fyrir sér jólaskreytingar í búðargluggum, ljósastaurum og utan á húsum.

- sg

Flest tré við götur miðborgarinnar hafa hlotið nýtt líf með ljómandi ljósum.

Veitingastaðurinn Lækjarbrekka er í krúttlegu gömlu húsi sem lúrir undir stóru og fallega upplýstu tré.



Fyrir þá sem orðnir eru þreyttir á jólaösinni er tilvalið að setjast stutta stund í Alþingisgarðinn.

Frostbitið og uppljómað tré við Dómkirkjuna.



Skólavörðustígurinn er fallegur á að líta svona ljósum prýddur. Upplýstur Hallgrímskirkjuturn er eins og ljómandi jólatré.

ÞÚ ÁTT BÍLSKÚR Í BÆNUM

Kolaportið


Bergstaðir


Ráðhús Reykjavíkur

Vesturgata 7

Traðarkot

Vitatorg

Njóttu þess að koma í hlýjan bílinn í bílastæðahúsum borgarinnar.

Bílastæðahúsin á Laugavegi og Hverfisgötu eru opin 2 klst. lengur en verslanir í desember.

Á „Löngum fimmtudögum“ er opið til kl. 23. Frá 14. til 23. desember er opið til miðnættis og til kl. 13 á aðfangadag.

Frítt í bílastæðahúsin á laugardögum!

Notaðu Stjörnuport og Traðarkot, stæði á besta stað í miðbænum!

Aðeins 80 kr. fyrsti klukkutíminn,
síðan 50 kr. eftir það hver klukkutími.

Stjörnuport

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

PIPAR • SÍA • 72211

Handunnar vörur í jólapakkann

Í basar Thorvaldsensfélagsins má finna ýmsa fallega muni sem eru tilvaldir í jólapakkann.

Margt skrefið til framfara í samfélaginu má í gegnum tíðina þakka íslenskum kvenfélögum sem vinna óeigingjarnt starf í þágu almennings. Thorvaldsensfélagið er elsta kvenfélag Reykjavíkur, stofnað 1875 með það að markmiði að hlúa að þeim sem minna mega sín, sérstaklega sjúkum börnum. Félagið hefur einnig unnið að réttindamálum kvenna frá fyrsta degi og tók þátt í stofnun mæðrastyrksnefndar. Félagið stóð að byggingu húss við þvottalaugarnar í Laugardal og að þvottakonur fengju vagna til að flytja þvottinn á milli, sem varð til þess að Laugavegurinn var lagður. Thorvaldsensbasarinn hefur starfað í 107 ár og er til húsa að Austurstræti 4 og vinna félagskonur þar í sjálfboðavinnu.

Á basarnum fást ýmiskonar handunnar vörur og listiðnaður sem gaman væri að fá í jólapakkann. - rt

Ullarkragi með íþæfðu silki kostar 7.900 krónur.

Rautt og jólalegt ullarsjal kostar 3.475 krónur.

Handprjónaðar ullarhosur eru hlýjar í jólapakkann og kosta 1.950 krónur.

Íslensk blómarós á upphlut er tilvalin gjöf handa ungum Íslendingum. 2.385 krónur.

Skemmtilegar styttur af íslenskum kirkjum og húsum fást á basarnum á 830 krónur stykkið.

Mikið úrval er af lopapeysum bæði á börn og fullorðna. Blá barnapeysa á 5.600 krónur.

Kvöldskóli Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

Innritun í kvöldskóla Iðnskólans í Reykjavík stendur yfir á netinu,
www.ir.is (Námsframboð – Kvöldnám)

Aðstoð við innritun verður í matsal skólans,
miðvikudaginn 2. og fimmtudaginn 3. janúar frá kl. 17:00–18:30.

Allar nánari upplýsingar á www.ir.is
Kennsla hefst **miðvikudaginn 9. janúar.**

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Hermann Svendsen, einn af eigendum Enskabars, við dælurnar.

Nýr pöbb í miðbænum

Enskibar heitir nýr bar í miðbænum sem var opnaður fyrir hálfum mánuði. Barinn er ílangur og notalegur en ganga má inn í hann frá tveimur hliðum, frá Austurstræti og Austurvelli. Þar er hægt að fá 35 tegundir af viskíi og 25 tegundir af bjór og að sjálfsögðu Guinness og Kilkenny.

Við fyrstu sýn virðist barinn ekkert vera enskari en margir aðrir og manni gæti dottið í hug að það sem geri hann enskan sé enski fótboltinn sem fær að njóta sín vel á þremur breiðtjöldum og tveimur 46 tommu skjám. Þegar betur er að gáð má sjá að alúð hefur verið lögð í innréttingarnar.

Barinn sjálfur er massívur og undir honum stöplar sem hafa verið útskornir í Englandi.

Eitt helsta stolt barsins er nokkurs konar bjórrúlletta sem hefur slegið í gegn hjá gestum og kostar 1.500 krónur leikurinn. Sextán reita lukkuhjóli er hægt að snúa á öxli og pinni velur einn reit sem á gæti leynst vinningur.

Blaðamaður gaf sig á tal við tvo kúnna sem sátu við barinn og spurði hvernig þeim líkaði staðurinn. Þeir voru báðir með svolítið ensk nef og á þeirri skoðun að það þyrfti pottþétt fleiri staði eins og þennan í miðbæinn þar sem menn gætu horft á fótbolta.

Enskibarinn ætlar að bjóða gestum sínum upp á panini-langlokur, snakk og hnetur. En þar er fyrst og fremst að finna drykki, fótbolta og góða tónlist. - nrg

Fjarnám Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

Innritun í fjarnám Iðnskólans stendur yfir á netinu:
www.ir.is (Námsframboð – Fjarnám)

Innritun lýkur **20. janúar**og kennsla hefst **miðvikudaginn 23. janúar.**

Alls eru í boði 70 áfangar með áherslu á starfstengt nám.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Jólin okkar.
habitat
Opið alla daga vikunnar.
Askalind 1. Sími 568 9700.



Nýárskvöld í Perlunni

LYSTAUKI
Hors d´oeuvre

PARMASKINKA PROSCIUTTO
með strengjabaunasalati, balsamic-hlaupi og rjóma-jarðsveppsaosti
Parma ham Prosciutto with balsamic jelly and cream-truffle cheese
1 glas „Le Rosse“ Pinot Grigio 2006. Valpolicella - Ítalía. Tommasi.

HUMARSÚPA
rjómalöguð með Madeira og grilluðum humarhölum
Cream of lobster with Madeira and grilled lobster tails
1 glas Pouilly Fuissé „Clos Reyssié“ 2005. Domaine de Lalande. Frakkland.

ANDABRINGA
með soðkartöflum, rjómasoðnu hvítkáli og kóngasveppasósu
Roasted duck breast with creamed cabbage and wild mushroom sauce
1 glas. Niedermayr Pinot Nero Riserve 2004. Suður Tríol - Ítalía.

SÚKKULAÐIFRAUÐ
með pistasíuís og marineruðum ávöxtum í freyðivínshlaupi og vanillu
Chocolate mousse with pistaccio ice cream and fruits in jelly and vanilla
1 glas Banyuls Grand Cru 1998 L´Abbé Rous. Frakkland.

Þórir Baldurs spilar kvöldverðartónlist
& hljómsveit Þóris Baldurs spilar fyrir dansi.

9.990 kr.
Verð með 20% stórhátíðarálagi

Verð með fjórum glösum af víni og 20% stórhátíðarálagi 14.190 kr.
Spariklæðnaður — Húsið opnar kl. 19:00
Pantið borð í síma 562 0200 eða með tölvupósti perlan@perlan.is.

Hringbrot

PERLAN

Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is · www.perlan.is

Þórir Gunnarsson, einn af umsjónarmönnum miðstöðvarinnar, situr þar sem gestir geta komið og drukkið kaffi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Múltí Kúltí

Múltí Kúltí er miðstöð sjálfboðaliða í Ingólfsstræti 8 þar sem seldar eru svokallaðar „fair trade“-vörur frá Afríkulöndum og rennur ágóðinn í hjálparstarf.

Í Múltí Kúltí hafa félögin Vinir Indlands, Vinir Kenía og Vinir Georgíu athvarf. Múltí Kúltí-miðstöðin er í litlu en notalegu rými þar sem haldnir eru fundir og námskeið. Félögin vinna með sjálfboðaliðum í þessum löndum, selja vörur sem þurfandi fólk býr til í höndunum og vinna að uppbyggingarstarfi.

„Við erum í nánu samstarfi við innfædda sem eru með einhverja hjálparstarfsemi fyrir,“ segir Þórir Gunnarsson, einn af forsprökkum miðstöðvarinnar. „Síðan komum við að hjálparstarfinu með fjárframlögum. Það er ekki þannig að við komum bara með pening heldur förum við fram á að heimamenn leggi helming á móti í vinnuframlagi eða peningum eða hvernig sem það er.“

Múltí Kúltí er til dæmis með verkefni í gangi núna í samstarfi við heimavistarskóla í Migori í Kenía sem er rekinn af litlum efnum. Svefnskáli drengjanna hrundi nýlega og er verið að endurbyggja hann með fjárframlögum frá Íslandi. Börnin hafa hins vegar náð góðum einkunnum í skólanum miðað við aðra skóla í sýslunni. Einnig er Múltí Kúltí að byggja nýjan skóla í miðju fátækrahverfinu í Naíróbí, þar sem verið er að skipta út hriplekum bárujárns- og moldarhúsum sem eru að hruni komin.

„Síðan erum við að selja vörur frá þessum löndum í miðstöðinni okkar. Flestar eru vörurnar framleiddar af fólki sem á bágt, af eyðnismituðum mæðrum eða öryrkjum. Framleiðendurnir fá enga ölmusu frá okkur heldur er þetta „fair trade“. Verðið sem þau fá fyrir vinnu sína er gott og sanngjarnt,“ segir Þórir.

Allt sem selt er í Múltí Kúltí er handgert. Þar má kaupa margt forvitnilegt og fallegt. Til dæmis leikföng, sjöl úr bómull og kasmírull, rúmteppi, töskur, bastkörfur og útskorna muni ýmsa. Blaðamaður heillaðist sérstaklega af svörtum dúkkum og má með sanni segja að þarna geti fólk keypt jólagjafirnar, sérstaklega ef það leitar að einhverju sérstöku.

Vörurnar eru allar handgerðar og margar hverjar mjög litríkar og skemmtilegar.

Rúmteppi þessi voru handsaumuð af einstæðum mæðrum með eyðni. Með því að stunda viðskipti við þær er öllum greiði gerður; kaupanda og seljanda.

RISA STÓR

tónlistar & DVD markaður

Opið alla daga 12-18

Fellsmúla 28

(Við hliðina á Góða hirðinum)

Var: 1999 kr Nú: 1000 kr

Var: 1999 kr Nú: 1000 kr

Allt á hálfvirði fram að jólum !

Fyrstir koma, fyrstir fá

Bók – CD – DVD

MÚSIK&
MYNDIR

...og fjöldi annarra titla

Fjölbreytileiki undir augað

Rithöfundurinn Auður Haraldsdóttir hefur búið í miðborg Reykjavíkur í rúmlega hálfa öld ef frá eru talin átta ár sem hún átti heima á Ítalíu. Á þeim tíma hefur hún orðið vitni að ýmsum breytingum á borginni, sem falla þessari ákveðnu og lífsglöðu konu misvel í geð, þótt hún vilji helst hvergi annars staðar búa nema kannski í Úganda.

Aðspurð í hverju aðdráttarafl miðborgarinnar sé fólgið er Auður ekki lengi að hugsa sig um. „Ég er náttúrlega fótgangandi og held að það sé því ómögulegt að búa annars staðar," svarar rithöfundurinn, sem fer allra sinna ferða annað hvort gangandi eða þeysist um göturnar á eldrauðu reiðhjóli sem er skemmtilega í stíl við hárið.

Hún tekur þó fram að gangstéttirnar séu oft þéttsetnar af bifreiðum en lætur það ekki aftra sér. „Við sem búum hérna vitum alveg hvernig þetta virkar. Bílarnir eru á gangstéttinni og við sem erum fótgangandi eða hjólum notum bara akbrautina," bendir hún á.

Auður hefur þó fulla samúð með bifreiðaeigendum í miðborginni, sérstaklega þeim sem eiga í vandræðum með að finna bílastæði heima hjá sér. „Ég fékk einu sinni þau svör hjá Bílastæðasjóði að bílastæðin við húsin í miðbænum væru hvort eð er ætluð gestum úr Árbæ eða utan af landi. Mér var hins vegar ekki sagt hvort við ættum þá bílastæðin í Árbænum. En finnst þér ekki tímabært að við býttum við Árbæinga, fáum okkar bílastæði niður eftir en sendum þeirra upp eftir?" spyr hún og hlær.

Umferðarmenning er þó aðeins ein þeirra mörgu breytinga á miðborginni sem Auður hefur orðið áskynja og er auðheyrilega ekki par ánægð með þær allar. „Öll þjónusta er horfin úr bænum og það er orðið erfitt að fá ýmislegt," segir hún. „En svo þegar allt fór versnandi tók verslunin Brynja upp á því að selja fullt af vörum sem vantaði, er til dæmis með fjölbreytt úrval af ljósaperum á meðan Bónus og Hagkaup seldu bara venjulegar 40 og 60 kerta perur. Brynja er stórfenglegt fyrirtæki."

Margt í miðborginni er þó Auði að skapi, þar á meðal það fjölmenningarsamfélag sem hefur skapast hér á síðustu árum. „Alstærsti kosturinn, sem er ekki fáanlegur í nýrri hverfum, er fjölbreytileikinn undir augað, sem er líkama og sál hollur. Þá á ég við mismunandi hús, mismunandi garða og mismunandi fólk, en reyndar eru drykkjubúllugluggarnir svipaðir. Þegar ég kom heim að utan saknaði ég þess að sjá fólk af fleiri kynþáttum á götunum, en ástandið hefur lagast. Nú sjást allir litir, sem er bara af hinu góða."

Og á meðan margir kvíða öngþveitinu sem skapast í miðborginni um jólin lætur Auður það ekki slá sig út af laginu og segir umgengnina að minnsta kosti hótinu skárri en á menningarnótt og 17. júní. Auður segist annars vera lítið jólabarn í sér. Í mesta lagi fari ein sería út í glugga nái hún að klöngrast yfir byggingardraslið heima og ekki ætlar hún að skreyta húsið af því tilefni. „Nei, væni minn, þér verður hlíft við því," segir hún ákveðin og hlær.

- rve

Rithöfundurinn Auður Haralds fer allra sinna ferða annaðhvort fótgangandi eða á hjóli og lætur það ekki aftra sér að götur og gangstéttir séu þéttsetnar af bílum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

North Ice Winter: Úlpa, buxur „superdry" nærföt, flís millilag, húfa, lúffur og trefill kr. 19.500.

Frábær jólagjöf

Vatns og vindheldir Softshell flísjakkar frá finnsku Jahti Jakt og North Ice

Icefin
Nóatúni 17 • s:5343177
Opið í desember frá 10-18mán til fös 11-16 laug og sunnud
www.icefin.is

Heyrnarhlífar með útvarpi
Á JÓLATILBOÐI

PELTOR®

Heyrir þú

- ALLT SEM ÞÚ VILT HEYRA!

Vissir þú að heyrnarskaði er algengasti atvinnusjúkdómurinn!

Þú færð hvergi betra úrval heyrnarhlífa en hjá Dynjanda.

Komdu og kynntu þér málið!

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is

VIRKIR DAGAR: OPIÐ 10:00-22:00
LAUGARDAGA: OPIÐ 10:00-22:00
SUNNUDAGA: OPIÐ 13:00-22:00

FRÍTT ER Í ALMENN BÍLASTÆÐI EFTIR KL.13:00 Á LAUGARDÖGUM. FRÍTT ER Í BÍLASTÆÐAHÚS Á LAUGARDÖGUM FRAM AÐ JÓLUM. TRAÐARKOT VIÐ HVERFISGÖTU ER OPIÐ SUNNUDAGA.

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

MIÐBORG REYKJAVÍKUR

SSAN, SEM VERÐUR SÝNT Á STÖÐ 2. ÞETTA ER ALLS EKKI HENNAR FYRSTA HLUTVERK ÞVÍ NÚ SÍÐAST LÉK FÉKK AÐ KYNNAST LEIKKONUNNI BETUR.

JÓSIÐ

kröfuhart starf útlitslega séð? Þarftu ekki alltaf að vera í ræktinni? „Guð, ég þyrfti að fara að hreyfa mig, hef ekki farið í eiginlega rækt mjög lengi. Annars finnst mér skemmtilegast að stunda hreyfingu eins og sund og dans. Ég hef aldrei komist upp á lag með að hlaupa en oft reynt," segir hún og brosir út í annað og segir það ekki á stefnuskránni að hlaupa í Glitnismaraþoninu. En hún hefur gaman af hestum enda er hún alin upp á sveitabæ í Gnjúpverjahreppi í Árnessýslu. „Hvað hestamennskuna varðar þá hef ég ekki enn lagt í að fá mér aftur hesta, heldur hef ég fengið lánaða hesta hjá vinum og kunningjum. Það hefur hreinlega ekki verið pláss fyrir þá í lífi mínu þannig að ég geti sinnt þeim af natni. Hestar eru svo ótrúlegar skepnur, það er ekki hægt að eiga hest og sinna honum ekki, það kallar bara á samviskubit og særð augnatillit á báða bóga. Þeir eru hálfpartinn eins og fólk hvað þetta varðar. Það fer nú að koma að þessu núna, er orðin hálf viðþolslaus, farin að fá fráhvörf frá því að lykta af heyi og moka skít, það er fátt betra."

Móðurhlutverkið er engu líkt

Sara útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands vorið 2005 en þá var hún ólétt af dóttur sinni sem kom í heiminn um haustið. Hún lifnar öll við þegar móðurhlutverkið ber á góma enda eru mæður yfirleitt sammála um að það sé mikilvægasta hlutverkið í lífinu þótt því fylgi ekki „spotlight" og lófaklapp.

„Móðurhlutverkið kennir manni á hverjum einasta degi. Ég hélt að ég væri búin að finna kærleikann í hjartanu en ég vissi ekki að hann væri svona stór, óendanlegur og skilyrðislaus. Það er svo margt sem er ekki sjálfgefið í lífinu og maður verður að vera þakklátur fyrir þessar gjafir sem maður fær. Börnin hvetja mann til fullkomnunar. Þau koma með ljósið til jarðarinnar og það er okkar að passa upp á það og leyfa þeim að vera börn í þann tíma sem þau þurfa þess," segir hún. Talið berst að andlegum málefnum en þau eru ofarlega í huga Söru. „Eitt aðaláhugamálið er samtvinnað daglega lífinu en það eru andlegu málefnin og mannrækt hvers konar. Ég legg tarot og hin ýmsu spil ef ég er í þeirri stemningunni, það er verulega góð æfing í að þroska innsæið sitt. Það þarf stundum hugrekki til þess að hlusta á það en þá uppsker maður líka ríkulega í kjölfarið." Þegar hún er ekki í manrækt og að spá í spilin hefur hún unun af hálendisferðalögum. „Þau gefa alveg ótrúlega mikið og eru á topp fimm-listanum í lífinu. Einstakt að standa einhvers staðar langt fjarri mannabyggð með fjallatoppa, læki og ár í kring." Þegar hún er spurð út í framtíðarplönin ypptir hún öxlum og brosir. „Ég veit varla hvað ég ætla að gera í næstu viku, lífið er svo óvænt. En ég trúi því að ef maður er með útbreiddan faðminn og tilbúinn að taka á móti þá gerast töfrarnir."

Marta María Jónasdóttir og Þóra Sigurðardóttir

Bleikasta bókin í bænum!

Klara Thoroddsen er bara venjuleg 14 ára skvísa. En einn daginn kemst hún að fjölskylduleyndarmáli og líf hennar umturnast. Hún grípur til sinna ráða og í slagtogi með vinkonum sínum upphefst atburðarás sem heldur öllum skvísum spenntum þar til yfir lýkur.

Æðisleg unglingabók um fjölskylduna, draumaprinsinn og vinkonurnar!

„Bráðskemmtileg skvísubók."
Gerður Kristný í Mannamáli

„Ef þú bara vissir ... tekur á alvörumáli sem ekki er einsdæmi í samfélaginu og gerir það ágætlega ... þó að fólk á mínum aldri sé ekki markhópur bókarinnar getur það haft gaman af henni. Fyrir markhópinn er hún algert möst!"
Silja Aðalsteinsdóttir
www.tmm.is

www.salka.is
Salka

Salka/GBÓ

ÓSKALISTI
þeirra sem allt eiga

Hvað er hægt að gefa fólki sem á allt þegar landskikar og fallvötn eru ekki í boði? Sirkus fór á stúfana og komst að því að vöruúrval af bráðnauðsynlegum óþarfa hefur aldrei verið meira.

SYKURHÚÐUÐ JÓL Dreymir ekki alla um að eignast „candyfloss“-vél? Tilvalin jólagjöf fyrir þá sem elska klístraðan 17. júní og státa af hraðvirku brennslukerfi innra með sér. „Candyfloss“-vél heim í stofu og þjóðhátíðin byrjar hjá þér þegar þú vilt, 365 daga á ári ef þú ert í rétta stuðinu. Vélin fæst á Vörutorginu.

FYRIR MATGÆÐINGINN Kjúklingaspírallinn er stórkostleg gjöf fyrir alla þá sem hafa gaman af að troða fyllingu í kjúklinginn eða kalkúninn en eiga í vandræðum með að setja fuglinn saman. Með kjúklingaspírallinn að vopni verður slík aðgerð hægðarleikur og eldamennskan verður enn skemmtilegri. Kjúklingaspírallinn fæst í Kokku.

„DVERGAJÓL“ Philippe Starck-dvergarnir eru upplagðir í jólapakkann í ár fyrir alla þá sem hafa smekk fyrir garðdvergum og öðrum slíkum gleðigjöfum. Ekki spillir að hafa Starck sjálfan skrifaðan fyrir skemmtilegheitunum. Dvergarnir fást í versluninni Epal.

„DIAMONDS ARE A GIRL'S BEST FRIEND“ Diamonds Emporio Armani-ilmvatnið og húðmjólkin eru sannkallaðir demantar í jólagjafaflóðinu og ættu að gleðja kvenþjóðina og jafnvel hörðustu femínista.

SÚKKULAÐIGOSBRUNNUR OG ÁRSKORT Í LAUGAR Í JÓLAPAKKANN Hvaða súkkulaðigrís hefur ekki dreymt um að eignast gosbrunn fljótandi í súkkulaði? Súkkulaðigosbrunnurinn er tilvalinn í jólapakkann og ætti að lífga upp á hvert heimili, því eins og frægt er orðið þá er súkkulaði hverjum manni LÍFSnauðsynlegt. EF ÆTLUNIN ER AÐ EYÐA JÓLAHÁTÍÐINNI LIGGJANDI UNDIR GOSBRUNNINUM SAFNAST DÁGÓÐAR KALORÍUR Í SAFNIÐ og því ætti líkamsræktarkort að fylgja með súkkulaðibrunnum fyrir mestu súkkulaðinautnaseggina. Súkkulaðigosbrunnurinn fæst á Vörutorginu.

ELEGANT EGGAJSKERI Eggjaskeri sem fer vel við hvítlakkaðar eldhúsinnréttingar. Fullkomin gjöf fyrir þá sem eiga allt.

SPACE-BAG Í PAKKANN Gefðu ástinni þinni bestu jólagjöf í heimi, „The Space bag“, töfralausn sem sparar rými. Með pokanum góða er hægt að þrefalda skápaplássið á heimilinu og ætti því enginn að þurfa að láta plássleysið stoppa sig í fatainnkaupum, með þessu mætti fylgja 2 milljóna inneign í GUCCI-búðinni í Lundúnum, nóg er plássið í skápunum. Pokarnir góðu fást á Vörutorginu.

BOBBI BROWN-TÓNIK Hvern dreymir ekki um fegurð og friskleika í svartasta skammdeginu? Andlitsvatnið eða „tónikið“ frá Bobbi Brown sveipar andlitið ljóma á örskammri stundu og gerir karftaverk fyrir alla þá sem trúa á slíkan mátt. Það er þó harðbannað að blanda því út í ginið. Fæst í verslunum Lyfja og heilsu og Hagkaupum.

GAMALDAGS UPPVASK Á tímum uppþvottavéla dreymir alla um uppvask upp á gamla mátann að minnsta kosti einu sinni á ári. Uppþvottagrindin fæst í Epal.



Hverfandi munur!

241.376 notendur á visir.is á meðan 276.498 notendur völdu mbl.is í 49. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!*

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is

...ég sá það á visir.is

*Samrænd vefmæling á modernus.is í viku 49

Ég kemst í hátíðarskap...

„UM LEIÐ OG BYRJAR AÐ SNJÓA OG JÓLASERÍUR TAKA AÐ LÝSA UPP BORGINA.“ ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA.

„ÞEGAR PRÓFIN ERU AÐ BAKI HJÁ MÉR OG ÉG KEMST Í SVEITINA.“ UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR, NEMI Í LÖGFRÆÐI.

„ÞEGAR VIÐ BAGGALÚTSBRÆÐUR ERUM BÚNIR AÐ SENDA FRÁ OKKUR HIÐ ÁRLEGA AÐVENTULAG OKKAR OG ÞÁ SKIPTIR ENGU MÁLI HVORT ÚTI SÉU SNJÓR OG KRAP. EN FYRIR ÞESSI JÓLIN BER AÐVENTULAGIÐ EINMITT HEITIÐ „ÉG KEMST Í JÓLAFÍLING“. KARL SIGURÐSSON BAGGALÚTUR.

„ÞEGAR FYRSTU SNJÓKORNIN FALLA Á JÖRÐINA OG FÓLK FER AÐ DREIFA HINUM KÆRLEIKSRÍKA ANDA JÓLANNA Í HJARTA HVER ANNARS.“ ÓTTAR NORÐFJÖRÐ RITHÖFUNDUR.

SÓLON
kaffi & bistro
Föstudag 14 des
Prófloka djamm Sólon
dj Rikki G
Laugardag 15 des
dj Rikki G neðri hæð
dj Brynjar Már efri hæð
Sunnudag 16 des
Enski boltinn í beinni á breiðtjaldi 2 hæð.
kl 13.10 Liverpool vs Man United
kl 15.40 Arsenal vs Chelsea
www.solon.is

Árið hennar Freyju

Árlega útnefnir tímaritið Nýtt líf konu ársins. Þetta árið var það baráttukonan Freyja Haraldsdóttir sem varð þess heiðurs aðnjótandi að hljóta nafnbótina, en Freyja hefur barist ötullega fyrir málefnum fatlaðra. Verðlaunaafhendingin fór fram í gyllta salnum á Hótel Borg, 12. desember og var vegleg að vanda. „Leikkonan Helga Braga Jónsdóttir var veislustjóri og fór á kostum og saxófónleikarinn Jóel Pálsson töfraði fagra tóna ofan í gestina,“ segir Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, ritstjóri á Nýju lífi. „Fyrrverandi ritstjórar blaðsins, þær Gullveig Sæmundsdóttir og Katrín Pálsdóttir, héldu tölu í tilefni af stórafmæli blaðsins en Nýtt líf fagnar þrjátíu ára afmæli sínu um þessar mundir. Nylonsöngflokkurinn söng síðan afmælissönginn fyrir blaðið og vakti það mikla lukku,“ segir Heiðdís Lilja að lokum alsæl með hátíðahöldin.

myndir/völundur

VERÐLAUNAAFHENDINGIN Heiðdís Lilja Magnúsdóttir ritstjóri afhendir Freyju Haraldsóttur viðurkenninguna.

RITSTJÓRARNIR Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, ritstjóri Nýs lífs, Gullveig Sæmundsdóttir og Katrín Pálsdóttir, fyrrverandi ritstjórar.

SPÁ Í SPILIN Spákonan Sigríður Klingenberg var frumleg og djörf að vanda, Hér er hún með Margréti hjá Isis.

RÆDDU MÁLIN Grímur Bjarnason ljósmyndari og Lára Björg Björnsdóttir, fyrrverandi blaðamaður á Nýju lífi.

NYLON-FLOKKURINN Alma, Steinunn og Klara geisluðu í svörtu.

sirkus STJÓRINN

Hverjir voru hvar?

Desember er tími drykkju og skemmtanahalds. Sirkusstjórinn tók þetta mjög alvarlega og fékk sér Jägermeisterstaup öll kvöld vikunnar meðan hann skipulagði hver ætti að fá hvað í jólagjöf, saumaði út og tók til í eldhússkápunum. Á föstudagskvöldið rak hann inn nefið í jólaboð Sölkunnar. Þótt það væri bara fyrir konur var hann ekki rekinn út því hann var í pels með hárkollu og leit eiginlega út eins og löngu týnd systir Dorritar. Í teitinu var verið að fagna útkomu bókarinnar Konur hafa orðið, sem er ein svalasta dagatalsbók sem gefin hefur verið út. Þar var Hildur Hermóðsdóttir, eigandi Sölku, í góðum gír ásamt Kríu, ritstjóra útgáfunnar, Sissu ljósmyndara, Kolbrúnu Halldórsdóttur þingkonu, Hrund Hauksdóttur, sem einu sinni ritstýrði Bleiku og bláu, Þórkötlu Aðalsteinsdóttur sálfræðingi og Sigríði Björnsdóttur hjá Blátt áfram. Eftir vel heppnað bókapartí var ferðinni heitið á gamaldags jólaglögg í anda níunda áratugarins, þó gekk Sirkusstjórinn ekki alla leið og skildi grifflurnar og broddahárkolluna við sig. Seinna um kvöldið rambaði hann inn á Apótekið þar sem jólastuðið var í algleymingi. Þar var Fjölnir Þorgeirsson hestamaður og Andrés Pétur fasteignasali. Þar var líka Óli Stephensen, framkvæmdastjóri NTC-verslanana, og Kjartan Sturluson fótboltakarl, hjónin Sara Lind Þrúðardóttir, kynningarstjóri Baugs, og Birgir Sigfússon, framkvæmdastjóri Saga Event. Kvöldið endaði á klassískan hátt, pulsa á Select og alka-seltzer fyrir háttinn. Það klikkar aldrei.

LUKKULEIKUR

BYRS OG HONEY NUT CHEERIOS

Milljón ástæður til að taka þátt!

Nældu þér í Honey Nut Cheerios í næstu búð og taktu þátt í léttum leik. Fjöldi glæsilegra vinninga!

Heildarverðmæti vinninga er 1 milljón króna!

DREAMWORKS BEE MOVIE™

KOMIN Í BÍÓ



BEEMOVIE.COM

Bee Movie TM & © 2007 DreamWorks Animation L.L.C. All Rights Reserved

VINNINGAR Í LUKKULEIKNUM

- Vinningur að verðmæti 300.000,-
- Ferðavinningur fyrir tvo
- 50.000 króna ferðaávísun
- Gjafakörfur frá Nathan & Olsen
- Árskort í bíó
- Miðar í bíó
- DVD myndir

Honey Nut Cheerios

BYR SPARISJÓÐUR

5 leiðir...

Það er kominn tími til að skipta um vinnu ...

... ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ FLÍSPEYSU MERKTA FYRIRTÆKINU Í JÓLAGJÖF. ÞÆR VALDA EKKI BARA TÍSKUSLYSI HELDUR GERA ÞÆR EKKERT FYRIR VAXTARLAG STARFSMANNSINS OG ERU SÉRSTAKLEGA VOND ÍMYND FYRIR VIÐKOMANDI FYRIRTÆKI ÚT Á VIÐ.

... ÞEGAR ÞIG ER FARIÐ AÐ DREYMA VINNUNA ÞÍNA Á NÓTTUNNI.

... ÞEGAR ÞÚ LENDIR Í ÞVÍ AÐ DREKKA OF MIKIÐ JÓLAGLÖGG Í STARFSMANNAPARTÍI OG VAKNAR NAKINN HEIMA HJÁ YFIRMANNI ÞÍNUM.

... ÞEGAR VINNUFÉLAGAR ÞÍNIR HALDA AÐ ÞEIR SÉU AÐ LEIKA Í NÆTURVAKTINNI, NOTA SÖMU FRASANA OG ERU MEÐ HRINGITÓNA ÚR ÞÁTTUNUM, NEI SÆLL, ÞAÐ GERIST EKKERT SJOPPULEGRA ...

... ÞEGAR MÖTUNEYTI FYRIRTÆKISINS HEFUR BARA EITT MARKMIÐ: AÐ FITA ÞIG!

Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus

www.klingenberg.is

Næsti krónprins Danmerkur

Sigríður Klingenberg spáir fyrir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni þessa vikuna. Hann er fæddur 27.1 1968 og hefur sjö fyrir lífstölu. „Orkan hans er mystísk og erfitt í raun að lesa hana. Þetta hentar honum sérlega vel í viðskiptum vegna þess að fólk veit ekkert hvað hann er að hugsa. Honum finnst gaman að tefla á þessu viðskipta-taflborði og hann á eftir að máta marga. Hann hefur snilldargáfurnar í genunum líkt og rithöfundurinn Arnaldur Indriðason hafði snilldargáfuna frá föður sínum. Þessi lífssaga var skráð í stjörnurnar áður en Jón Ásgeir fæddist. Hann er viðskiptaíþróttamaður og keppnisskapið hans er ógurlegt. Hann á aldrei eftir að hægja á sér eða setjast í helgan stein vegna þess að þetta er það sem honum finnst gefa lífinu gildi. Jón Ásgeir er frekar feiminn, mjög tryggglyndur og hefur í gegnum tíðina sjaldan orðið ástfanginn. Nú er hann hins vegar algerlega búinn að finna sálufélaga sinn, hana Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur. Jón Ásgeir hefur gott minni sem er afar slæmt fyrir andstæðinga hans. Hann er samt ekki eins hefnigjarn og fólk heldur. Hann mun frekar sýna fólki í tvo heimana með því að það fær hann ekkert stoppað, Hann er búinn að hafa mikil áhrif á íslenskt viðskiptalíf. Hann byrjaði á ásnum 2007 og mun hans áhrifa gæta miklu meira í framtíðinni og get ég ekki betur séð en hann eigi eftir að leggja Danmörku að fótum sér. Það kæmi mér ekki á óvart þótt hann yrði nánast eins og nýi krónprins Danmerkur. Líf hans verður farsælt en varðandi skemmtanalífið er sú vísa ekki of oft kveðin að hann þarf að ganga hægt um gleðinnar dyr," segir Sigríður Klingenberg.

www.klingenberg.is

ÞAÐ FÆR HANN EKKERT STOPPAÐ Jón Ásgeir er mjög mystískur og fólk á erfitt með að lesa hann og veit yfirleitt ekkert hvað hann er að hugsa.

GAUI Í FÍGÚRU FETAR ÓTROÐNAR SLÓÐIR

LEYFIR KÚNNUNUM AÐ ÞRYKKJA Á EFNI

Þegar ég byrjaði með verslunina Fígúru fyrir sjö mánuðum hafði ég aldrei snert saumavél eða komið nálægt hannyrðum á einn eða annan hátt og hafði lítið vit á fötum," segir Guðjón Rúnar Emilsson, hönnuður og verslunareigandi Fígúru, betur þekktur sem Gaui en nú gegna föt og saumaskapur lykilhlutverki í lífi hans. „Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á að setja sinn persónulega stíl í fatnaðinn sem við seljum og þrykkjum og saumum á fötin eftir þeirra hugmyndum," upplýsir Gaui, en þessi nýbreytni í íslenskri verslun hefur hlotið góðar viðtökur. „Á tímum fjöldaframleiðslunnar langar marga í eitthvað einstakt án þess þó að það kosti morðfjár og það var meginástæða fyrir því að við ákváðum að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd," bætir Guðjón við en vörurnar sem verslunin selur eru á mjög viðráðanlegu verði. Verslunin Fígúra þykir með eindæmum skemmtileg enda býður hún upp á fjölbreytt vöruúrval þar sem stefnum og stílum úr öllum áttum ægir saman. „Við seljum vörur frá Human Empire, American Apparel, Franklin & Marshall auk þess sem við bjóðum upp á íslenska hönnun, en núna eru í kringum 20 íslenskir hönnuðir sem selja hönnun sína hjá okkur," segir Guðjón og hvetur alla þá sem luma á einhverju skemmtilegu í pokahorninu að koma við í Fígúru. „Verslunin er hugsuð bæði sem búð og gallerí. Við leggjum ríka áherslu á að sýna allan skalann af list og erum opin fyrir öllu," segir Guðjón en hann leggur mikið upp úr því að allir finni eitthvað við sitt hæfi í Fígúru. „Áður en ég hóf sjálfur verslunarrekstur hafði mér alltaf þótt leiðinlegt í verslunum og forðaðist búðir eins og heitan eldinn," segir kaupmaðurinn Guðjón að lokum sem unir hag sínum vel í búð sinni á Skólavörðustígnum.

http://www.myspace.com/figurastore. *bergthora@frettabladid.is*

SÁTTUR KAUPMAÐUR Í fyrra hafði hann ekkert vit á fötum og tísku en núna er hann á kafi.

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR GÖNGU SINNI ÁFRAM. SIGURFÖR BUFF TRYMBILSINS HANNESAR HEIMIS HEFUR VERIÐ ÓSTÖÐVANDI OG ALLS HEFUR HANN UNNIÐ TÍU MÓTHERJA. HÉR MÆTIR HANNES HEIMIR TÓNLISTARMANNINUM JÓEL PÁLSSYNI.

1. Hvaða banki var á dögunum útnefndur banki ársins á Íslandi árið 2007 af alþjóðlega bankatímaritinu „The Banker"?

2. Hvað heitir forstjóri FL Group?

3. Hvað heitir nýútkomin bók Sigurðar Pálssonar sem tilnefnd er til Íslensku bókmenntaverðlaunanna?

4. Á dögunum gáfu þau systkinin Ingibjörg, Ómar og Óskar Guðjónsbörn út geisladisk, hvað heitir hann?

5. Nýlega opnaði óvenjuleg bókabúð á Njálsgötu, þar sem áherslan er lögð á bækur um myndlist, hvað heitir búðin?

6. Hvenær tóku fyrstu íslensku barnaverndarlögin gildi?

7. Hvað heitir ævintýramynd Ara Kristinssonar sem var frumsýnd á dögunum?

8. Hver er herra Ísland árið 2007?

9. Hvaða íslenski hrekkjalómur gerðist svo kræfur að panta símaviðtal við George Bush nýlega?

10. Hver er þjálfari handknattleiksliðs Stjörnunnar?

Rétt svör: **1.** Glitnir. **2.** Jón Sigurðsson. **3.** Minnisbók. **4.** Ó Ó Ingibjörg. **5.** Útúrdúr. **6.** Árið 1932. **7.** Dugguholufólkið. **8.** Ágúst Örn Guðmundsson. **9.** Vífill Örn Atlason. **10.** Aðalsteinn Eyjólfsson.

■ Hannes Heimir 5 RÉTT SVÖR.

1. Glitnir.
2. Jón Sigurðsson.
3. Ævisögur og endurminningar.
4. Ó Ó Ingibjörg.
5. Útúrdúr.
6. Árið 1967.
7. Duggholufólkið.
8. Ekki hugmynd.
9. Illugi.
10. Patrekur Jóhannesson.

■ Jóel Pálsson 6 RÉTT SVÖR.

1. Glitnir.
2. Jón Sigurðsson.
3. Minnisbók.
4. Ó Ó Ingibjörg.
5. Bennabúð.
6. Árið 1977.
7. Dugguholufólkið.
8. Davíð Þór Jónsson.
9. Skagamaðurinn Vífill Atlason.
10. Pass.

Saxófónleikarinn góðþekki Jóel Pálsson batt enda á sigurgöngu Hannesar með naumindum. Jóel hlaut sex stig af tíu mögulegum á móti fimm stigum Hannesar. Hannes Heimir skorar á viskubrunninn Jón Bjarna Guðmundsson, framleiðanda hjá Saga film, til að mæta Jóel.

Tæknibær

JÓLATILBOÐ

Frábær fartölva
Packard Bell Easynote MX61
AMD Turion 64 TL56 (1,8 GHz)
160 GB harður diskur
Vista Home Premium
2 GB vinnsluminni
DVD skrifari
15,4" skjár

99.900

Öflugt tölvutilboð
Omega tölva - ódýr, hljóðlát og áreiðanleg!
Intel Core 2 Duo E6320 örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
250 GB harður diskur
Windows Vista Home Basic
Innbyggt skjá-, hljóð- & netkort
17" LCD 8ms
16x DVD skrifari

89.900

Samsung 24" LCD
Samsung 245BW
Upplausn: 1920x1200
Birtustig: 400 cd/m2
Skerpa: 1000:1
Svartími: 5ms

56.500

Stóra tölvuorðabókin
Þýðir á milli 9 tungumála.
Villules texta úr öllum Windows hugbúnaði.

11.900

Sjónvarpskort
König 713X MPEG fyrir PAL BG kerfið
Sjónvarps og útvarpskort með textavarpi og fjarstýringu.
Notast við PCI rauf.

6.600

Norton Antivirus 2008
(lausavara)
Ein áreiðanlegasta vírusvörn heims!

3.600

Sjónvarpsflakkari
König CMP-MOBPLAY50
Settu 3.5" harðan disk í og tengdu við sjónvarpið.
Fjarstýring og stuðningur við flestar tegundir myndbandsskráa.

13.500

12v spennubreytir
12V DC í 230V AC, 150 wött (e. inverter)
Tengdu fartölvuna, leikjatölvuna, sjónvarpið við bílinn eða bátinn!

4.900

Mini USB fartölvumús
- með inndraganlegri snúru!

990

Logitech
Video QuickCam Messenger
Vefmyndavél & skilaboðaskjóða
Tilvalið fyrir MSN

2.900

Stafræn myndavél
Samsung S73, 7.2 MP
Frábær rauð stafræn myndavél með 2,5" LCD skjá og 7.2 MegaPixla upplausn

13.900

Aflgjafi fyrir fartölvur í bílum
Sett í samband við sígarettukveikjaratengil.
Gengur fyrir allar fartölvur.

6.900

Verkfærasett
Allt sem þú þarft á að halda við samsetningar, viðgerðir eða breytingar á tölvum!
12 verkfæri.

2.600

Stýripinni
sem hristist á réttum augnablikum!
USB stýripinni sem gengur í PC, PlayStation 1 og PlayStation 2

1.900

Sennheiser RS120 þráðlaus heyrnartól
Hágæða heyrnartól sem draga allt að 150 metra!

6.900

Þráðlaust netkort
Þráðlaust-G 54 Mbps PCI netkort

Samhæft fyrir Windows 98SE/ME/2000/XP

1.900

Spennubreytir
Breytir rafspennu úr 110V (USA) í 220V (ÍSL) AC 45w

1.900

Þráðlaus VoIP sími
König CMP-VOIP50 með stórum skjá
Þráðlaus USB VoIP netsími með stórum skjá, tilvalinn á Skype.

3.900

Þráðlaust SCART
Þráðlaus SCART í SCART tengi
2.4 GHz sendir

5.900

Lúxus bakpoki fyrir fartölvur
29 cm * 39 cm * 4 cm
Frábær bakpoki með mörg aukahólf

4.500

25x áprentanlegir CD diskar
Fujifilm 52X CD diskar
700 MB
25 stk. hólkur

1.300

Þrífðu skjáinn rétt!
Hreinsiefni, spraybrúsi, klútur og bursti fyrir allar gerðir LCD skjáa

1.200

1 GB USB minnislyklar
Super Talent DG 1GB USB2.0
Mikið úrval af USB minnislyklum!

1.600

Gjafabréf
með upphæð að eigin vali!

www.tb.is

Skipholt 50c · Sími: 582 6000

RAFMÖGNUÐ JÓL

Vreal

Panasonic

VIERA LINK

Panasonic TX32LE7F
32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

Panasonic

100Hz motion picture pro

Vreal 2 VIERA LINK

Panasonic TX32LX70F
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ 129.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

Dantax LCD OG DVD

Dantax 15LCDDVDP1
15" LCD SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innb. DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóði, kortalesara SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ

UNITED

United LTV15L42
15" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Digital Comb Filter, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

enox.

Enox LTV7519WHD
19" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x1024 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 600:1 skerpu, 16w Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 54.990

UNITED

United LTV26W42
37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

Dantax LCD OG DVD

Dantax 19LCDDVDP3
19" SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innbyggðum DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, kortalesari SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW og JPEG.

VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC

JVC LT37A80
37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix HD myndtækni, 100 Hz Clear Motion Drive, HD Ready, 1.000:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w RMS Nicam Stereó hljóðkerfi með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

3D Cinema Sound DynaPiX

VERÐ 149.990
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips 37PFL7332
37" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALD með 1366x768 pt., Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB, textavarpi ofl.

Pixel Plus 2 HD HDMI Digital Natural Motion

TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 189.990

PHILIPS

Philips 42PFL7762D
42" Full HD 1080p LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion, HD Ready, 7.500:1 skerpu, Active Control, DVB-T móttakara, 40w Nicam Stereó með Incredible Surround, 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

Incredible Surround BBE Pixel Plus 2 HD HDMI Digital Natural Motion

TILBOÐ 239.990
FULLT VERÐ kr. 269.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík •
Sími 577 4400 • Fax 577 4401

NISSAN TERRANO 2 sjalfskiptur dísel, árgerð 2001, ekinn 102þús, verð 1,490,000. Fæst á yfirtöku + sölulaun.

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

SUBARU IMPREZA WRX TURBO 4WD árg 4/07, ek 20 þ km, 5 gíra 2.5L, Xenon ljós, Turbo Timer, K&N Sía, 3" Púst, Verð 2.890 þ Áhv 2.206 þ afb 40 þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120470 S: 567 2700

MAZDA 3 TOURING Ssk 5 Dyra, árg 3/06, ek 20.þ km, Kastarar, Air cond., 16" Álfelgur, Verð 1.850 þ áhv 1.607. þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140190 S: 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100bílar.is
bílasala

Jeep Grand Cherokee SRT 8 421 Hh, árg. '06, ek. 28 þús. km. Topplúga, leður, DVD ofl. Verð 6100 þús. kr. Ótrúlegur bíll!!

MMC Pajero TDI, árg. 2001, ek.100þús. km, Filmur, dráttakúla hiti í sætum og fl. Verð 1800þús.kr, áhv.1700þús.kr. Fæst á Yfirtöku+Sölulaun!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Nýjir Suzuki Grand Vitara Luxury diesel á góðu verði. Eigum til nokkra nýja diesel bíla með öllum aukabúnaði til sýnis og sölu á Bílasölu Reykjavíkur S. 587 8888 & 860 1998.

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

Bílar til sölu

Subaru Legacy station árg. 02 ek. 100 þ.km. Fæst gegn yfirtöku bílaláns, 950 34 þ. á mán. Uppl. í s. 89 28477.

Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Toyota Corolla 6-2007 1600cc, sjálfskiptur, mm ek. 2þ. v./tilboð 1990þ. Uppl. í s. 861 6260.

BMW X3 2.5 árgerð 2005 ekinn 22 þ km sjálfskiptur leður samlitur kastarar 17" álfelgur spólvörn ný heilsársdekk verð 4.250.000 Tilboð 3.890.000- ath skipti uppl í síma 897-5270

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Dodge Grand Caravan frá 2500þús. Dodge Caliber frá 1990þús. Við gerum þér betra tilboð í fólksbíl, jeppa, pallbíl eða sendibíl. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Yfirtaka + 350 þús. VW V8 Touareg '04, ek. 60 þ. Fallegur bíll. 50 þús. pr. mán. S. 858 6709.

M Benz Sprinter flokkabíll sk. '08 ek. 20.000 fínn bíll. Verð 1.690 þús. Sími 820 4340.

SUBARU LEGACY Glæsilegur bíll! Árg.09/07, svartur, sjálfsk, ekinn 3.000km. Verð útb.250þús+yfirtaka á láni. S:6916207

Gríðarlegur Ford 150 til sölu. 800 þ. aukahlutapakki frá USA árg. 2/'06 ek. 28 þús. km. Á 33" dekkjum, breytur fyrir 35" Eigum við eitthvað að ræða það. S. 896 1692.

Til sölu Toyota Landcruiser GX diesel, árg. 12/'03 ssk. Topplúga, krókur, spoiler framan, fjarstart, þjónustubók, fallegur og góður bíll. Ásett v. 3790 þ. Selst á 3550 þ. S. 895 0817.

Renault Kangoo árg.'06 4x4 1,6 bensín. Bsk. Ek. 8400 km. 5 farþegar. Topp bíll. Aðeins yfirtaka á bílasamning, afb. 28 þús. Gsm 892 7852.

Svartur Trans-Am '98, blæjubíll einn með öllu. Mjög vel með farin. Ek. 76 þ mílur. Verð 2,6. áhv. Uppl. í s. 898 5378.

Dawoo Nubira árg '99, ek. 132 þús. SSk, rafmagn í rúðum. Góður bíll. Verð 240 þús. Uppl. í s. 659 3459

Subaru Legacy 01'/'03 ek. 106 þ. V. 1200 þ. áhv. 1 m. sumar/vetrardekk, dráttarkúla. Uppl. í s. 863 0844.

Toyota Carina 2000 vél, árg. '96, sk. '08, harðkornadekk, álf. Verð 175 þ. S. 894 3151.

Alfa Romeo árg. 2000, ónýt heddpakkning en lítur vel út. Nýr vatnskassi. Verðtilboð. Uppl. í s. 866 4759.

0-250 þús.

Honda Civic '98, 1500 V-tec, ssk., 4 dyra. Sk. '08. Góður bíll. V. 110 þús. Uppl. í s. 899 4096.

Ódýr góður Hyundai Accent árg. '98 ekinn 125 þ.km. Góð vetrardekk, bíll í fínu standi. Bsk. 3dyra. Verð kr 230 þúsund stgr. Uppl. í síma 820 4640.

250-499 þús.

Toyota Yaris árg.'00. Ek. 95 þús. Beinsk. Ný vetrardekk á felgum fylgja. Verðtilboð. Uppl. í s. 821 9812.

500-999 þús.

Yaris 2003. bsk. ek.114 þús. heilsársdekk. Verð 650 þús. stgr. S. 862 0582.

Suzuki Grand Vitara 2,0l árg. 00. ek. 142 þús. Verð 870 þús. Uppl. í síma 869 1836.

1-2 milljónir

Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Yaris árg 2005 s.skipt ek.34þús verð 1.250þús stgr. v.dekk fylgja. s.8620582

Toyota Avensis Sol 1800 árg. '04. Verð 1.450.000 kr. Yfirtaka + 200.000 þús. Sími 770 0384 & 567 4058.

2 milljónir +

Ford 05 árg. 35'br. af Icecool 7 manna glæsilegur fákur í alla staði Góð kaup ef samið er strax. 896 6248

Nissan Terrano 2003, ekinn 90 þús., Diesel, sjálfsk.toppl.krókur,auka vetrardekk á felgum, Luxury útgáfa. lánsloforð 1778 þús. útborgun 422 þús. kr. uppl 8245810

Volvo V 50 árg. 2005. Ekinn 35 þús. km. 1.8 bsk. Einn eigandi. Uppl. í s. 694 4500.

TIL SÖLU

TIL SÖLU

www.bilamarkadurinn.is
Smiðjuvegur 46-e
s: 567-1800 GUL GATA

MERCEDES BENZ E 500
01/03 EK. 113.þkm. SSK.Leður, Lúga, Geislaspilari, Álfelgur, Einn m. öllu.
V. 5.900.- Lán. 4.550.-

GRAND CHEROKEE LIMITED
05/05 Ek. 75.þkm. SSK, 4x4, Leður, Topplúga, Álfelgur, Magasín o.fl.
V. 3.990.- Möguleiki á góðu láni

NISSAN PATROL 3,0 38"
07/01 EK. 135.þkm. SSK, Geislaspilari, Leður, Topplúga, Kastarar o.fl.
V. 3.390.- Lán. 2.870.-

TOYOTA AVENSIS T.D.
09/99 EK.310.þkm. 5 gíra. Dísel, Geislaspilari, Þakbogar, Bíll sem hefur verið í topp viðhaldi.
V. 600.000 Lán. 550.000

SUBARU LEGACY WAGON GL
06/99 EK. 131.þkm. 5 gíra. Geislaspilari, Mikið endurnýjaður, Topp eintak.
V. 700.000



RANGE ROVER 3,0 TDI
04/03 Ek.101.þkm. SSK. Álfelgur, Leður, Topplúga. Einn með öllu.
Tilboð: 5.600.-
Lán + 230.000

HYUNDAI TUCSON DÍSEL
11/07 Ek.0.þkm. 6 Gíra. Álfelgur, 4x4, Geislaspilari, Nýr bíll.
100% LÁN.
2 stk. á staðnum.

FORD F-150 SS KING RANCH
06/06 Ek. 23.þkm. SSK, 20 "Álfelgur, Geislaspilari, Leður, 4x4. Toppeintak
V. 4.150.- MÖGULEIKI Á GÓÐU LÁNI

TOYOTA LAND CRUISER VX
03/97 Ek.259.þkm. 4x4, 5 Gíra. Álfelgur, Stigbretti, Geislaspilari, Dráttarkrókur. Topp bíll, Tilbúinn fyrir veturinn.
V. 1.100.-

LÍKLEGA STÆRSTA SÖLUSKRÁIN Á NETINU!!
1500 bílar á skrá á einum stað
Finndu bílinn á
www.bilamarkadurinn.is

Opnunartími:
Mánud.-Föstud. 10:00 - 18:00
Laugard. 10:00 - 17:00

Mercedes Bens ML500 árg. 2002, ek. 70 þús. Verð 3 millj. stgr. Áhv. 2,7 millj. Ath. bíll upp á tæpar 4 millj! Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

Til sölu Dodge Ram 2500, 5,7 hemi 35"breyttur áhv.bílalán til í að taka Jet Ski upp í.uppl.í síma 893-8647.

Honda Accort aðeins 3 mánaða 100 þús. + yfirtaka þarf að seljast vegna fluttnings. S 770 0384 & 567 4058.

Jeppar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. 2007/08 Jeppar frá 2500þús og pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

LAND ROVER DEF ÁRG 2005. EKINN 65 Þ KM. ENGIN SKIPTI. LÁN FYLGIR. UPPL Í 8220022

Touareg V8
VW Touareg V8 4,2 Svartur árg. 2004 ek. 84 þ. Leður, xenon ljós, rafmagn í sætum, topplúga og.fl. Flottur bíll. Fæst á góðu verði. Uppl. í s. 659 4567.

MMC Pajero 2,8d '99 ssk., fjarst. Ný nagladekk, ek. 150 þ. Verð 1150 þ. áhv. 800 þ. afb. 24 þ. S. 824 9923.

Willis Wrangler '92, 33" dekk, 4L vél. Sk. '08. V. 300 þús. Uppl. í s. 899 4096.

Pallbílar

Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

Vörubílar

Scania 94D 230D árg. '01, ekinn 160 þús. Með kassa 7 1/2 m. á lengd. Selst einnig á grind. Verð 3,5 milljónir + vsk, á grind 2,8 milljónir + vsk. Til sýnis á JR bílasölu. Uppl. í síma 898 9006. Gott verð.

Fjórhjól

Suzuki Quadracer LT-450R 2007 til sölu. Fallegt hjól með öllum aukahlutum. S. 899 0304.

Bombardier 800-Ónotað 2007-Verð 1270000 Honda 500-2005-Verð 660000 Polaris Hawke 350-2006-Verð 430000 Yamaha Wolverin 450-2006-Verð 640000 Kawasaki 750-2007-Verð 780000 Suzuki 700-2005-Verð 705000 Polaris Sportman-Ónotað 2007-Verð 980000 Yamaha YFZ450-2006-Verð 580000 Bombardier 650-2007-Verð 1130000 Upplýsingar í sima 6623100 og 6623400

Bombardi 800 Max. Aukahlutir. Ek. 200 km. Uppl. í s. 861 0401.

Vélsleðar

2 stk nýjir HJC vélsleðahjálmar m/tvöföldu gleri/andgrímu. Opnanlegur kjálki. V. 25 þús. stk. S. 660 1152.

Aukahlutir í bíla

BF Goodrich jeppadekk 35"/12,5/R17ekinn 5000 km, negld og microskorinn, kosta ný 155 þús, Tilboð 95 þús. S:896-4466

Varahlutir

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14,
S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Vinnuvélar



Lyftarar

Bátar

AL Bátar frá noregi
Ósökkvanlegir, stöðugir og öruggir, vatna og sjóbátar. Þrjár stærðir, nokkrar útfærslur. Bjóðum einnig uppá björgunarsveita útfærslu. Eigum líka miðjustýri í flesta gúmí og plastbáta. Sjá www.svansson.is Sími 697 4900

ÞJÓNUSTA

Jólaskemmtanir

Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

Jólasveinaþjónusta
Vantar þig jólasvein við komum í heimahús, jólaböll, húsfélög og aðrar samkomur. Margra ára reynsla. Uppl. í síma 820 7378.

Hurðaskellir og Gluggagægir taka að sér að skemmta á jólaskemmtunum við öll tækifæri mikil reynsla. Uppl. í síma 896 1639 & 690 1666.

Hohohóóó!! Jólasveinar ath! Ef Grýla klikkar á gallanum þá reddum við ykkur. Pantið tímanlega. S. 895 0307. Grímubúningaleigan- www.veislumynd.is

Hreingerningar

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Tek að mér jólaþrif í heimahúsum. Einnig fyrirtækja og fluttningsþrif. Uppl. í s. 848 7367, Ástu- svæði.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vön. S. 868 8359.

Ræstingar

Málarar

Sandspörtlun og málun
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar málarameistari.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga. Er með stóran bíl. Pægileg og góð þjónusta. Uppl. í s. 893 7224.

SUMARHÚS / LÓÐIR

www.101grimsnes.is

SUMARHÚSALÓÐIR Á BESTA STAÐ Í GRÍMSNESI

EIGNALÓÐIR, KJARRIVAXIÐ LAND, FAGURT ÚTSÝNI YFIR SOGIÐ OG FJALLAHRINGINN.

AÐEINS 45 MÍN. FRÁ REYKJAVÍK

- HITAVEITA
- RAFMAGN
- KALT VATN
- INTERNET
- NÁTTÚRUFEGURÐ

Búgarður ehf. - Sími: 898 0801
www.101grimsnes.is

TIL SÖLU

LOGEY EHF
Mikið úrval verkfæra
Sími 511 2055
Vesturvör 7 - Kópavogi
Opið frá 8 - 18
laugardaga frá 10 - 16
www.logey.is

Garðyrkja

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Húsaviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Húsaviðgerðir. Viðhald. Samt minni verkefni. Samkvæmt samkomulagi. Sími 857 1013.

Tek að mér alla almenna viðhaldsvinnu. Þór Simi 6911567

Smiður getur bætt við sig verkefnu. m parket, innrettingar osfrv. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 845 5805.

Parketslípanir!

Getum bætt við okkur ! Viltu gera gólfið eins og nýtt fyrir jólin? 50-100fm, 2-3 dagar, slípun og lökkun/olíuberun. S. 866 4759.

Pípulagningamaður með mikla reynslu getur bætt við sig verkum í heimahúsum og öðrum minniháttar framkvæmdum. S. 661 9480, Fúsi Pípari.

Stífluþjónusta

Tölvur

Tölvuþjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Snyrting

Til sölu Húðslípunartæki Pepita Ultapeel. vinnur á öldrun húðar, brúnum blettum, hrukkum, örum eftir acnehúð ofl. verð kr. 300 þ. Uppl. í s. 894 5635.

Spádómar

Alspá
445 5000 & 823 8280

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Spásími Daddýar 846 6364.

Allan daginn, alla daga.

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.
Lára spámiðill. Visa/Euro.

Skemmtanir

Hljóðkerfi fyrir ræður, diskótek, jólasveininn og hljómsveitir. Góð verð og uppsetning. S. 866 6386. Hljodkerfi.is. fender57@simnet.is

Hljóðkerfi fyrir ræður, diskótek, jólasveininn og hljómsveitir. Góð verð og uppsetning. S. 866 6386. Hljodkerfi.is. fender57@simnet.is

Múrarar

Get bætt við mig verkefnum í múrverki. Þorbjörn s. 863 2134.

KEYPT & SELT

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur.

Lagertilboð

Þristur og Concorde til sölu. Tvö gengheil útskurðarverk eftir Þórarin Sigvaldason. DC-3 skorin út hnotu og kirsubehrjavið Í hlutföllunum 1/10, vænghaf 2,55m, lengd 1,82m. Verð 300.000kr.Concorde skorin úr eik Í hlutföllunum 1/10, vænghaf 0,85m, lengd 2,00m. Verð 200.000kr. Standar úr ryðfríu stáli fylgja, vélarnar þola að standa úti. Nánari upplýsingar í síma 894 0260.

Ódýri jólamarkaðurinn Ánanaustum 1, gegnt gamla Ellingsen húsinu. Opið alla daga fram að jólum. 20% afsláttur til öroku og lífeyrisþega.

Glæsilegur ísbjarnarfeldur m/ uppstoppuðum haus og öllum klóm. S. 694 1808.

Til sölu billiardborð. Verð 50 þús. Uppl. í s. 899 4096.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Nýr stálísskápur 2 m, á 40 þ. Eldavél á 5þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Glerskápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnavagn á 5þ. Frystiskápur á 10 þ. S. 896 8568.

Gefins

Grár kettlingur fæst gefins, móðir er siams afbrigði. kassavanur. Óskar eftir góðu heimili. Uppl. í s. 821 4875.

Hljóðfæri

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, RVK 824 7610 & Ak 660 1648

Stúdío monitorar/hátalarar til sölu!

Event ASP 8 stúdío monitorar/hátalarar með innbyggðum mögnurum, keyptir í Tónastöðinni á 140 þús. Tilboð óskast: gbjarnason@gmail.com

Vel með farið trommusett til sölu. Verð 15 þús. Uppl. í s. 861 0401 & 694 6668.

SMÁAUGLÝSINGAR

Rafmagn batterís bílar frá 4ra-9 ára kr. 12.995. Rafmagns batteríshjól frá 3ja-6 ára, kr. 8.995. Infrarexlampi á tilboði kr. 4990. Erum að taka niður pantanir núna á netlagerinn.is og einnig pantanir í s. 865 4015.

Dömur - Herrar!

Minkapelsar hjá Jakob. Sími 421 1661.

TIL SÖLU

Tölvur

Til sölu Xbox 360 með 21 leik og DVD fjarstýringu. Aðeins 65000, upl. í 5574478.

Mac Pro Intel turn til sölu!

Mac Pro 2,0 GHz Xeon, 2 gig í minni, Airport og Bluetooth, 250 GB harður diskur, Nvidia Gforce 7300 GT skjákort. Er í ábyrgð til 15.sep. '08, keypt 15.sep. '06 á 275 þús. MacFróðir menn segja mér að ég geti selt tölvuna á 220- 230 þús. Tilboð óskast: gbjarnason@gmail.com

Vélar og verkfæri

KRESS borvélar, hjólsagir, kexvélar Stingsagir, brotvélar, 12-18v skrúfvélar Juðarar ofl. Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S.564 1212

FELDER 900 G-200 kantlímingarvélar Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 sími 564 1212

Rafmagnshandverkfæri Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

KRESS 12V - 18V skrúfvélar Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

JÓLAÚTSALA Á JÁRNAKLIPPUM 16mm á 50þús. og 22mm á 75þús. MÓT, Bíldshöfða 16, S:544 4490

Bækur

Til sölu alusink vegg og eða þakjárn stallað með stærri prófil litur dökkgrænt þetta járn hentar til að fara á lektur á þak vegna burðar sem það hefur magn 2000 fermetrar í lengdinni 960 cm, einnig þakull 15 cm með trefjapappa sem snýr niður ,gott verð ,nýtt og ónotað. Upplýsingar í síma 434 1502.

Til bygginga

Ný mótaborð til sölu 1.545 kr./m2 m/vsk. Uppl. í s. 847 3798 Halldór og ulfurinn.is

Lítði notuð Hönne Bach handflekamót til sölu. Uppl. í s. 861 0401.

Verslun

Útsalan á fullu.

Ótrúlegt úrval af fallegum fatnaði.~~Opið 10.18.00 laugard. 11:00-17:00~~Lokað sunnudaga ~~Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is~~

INNIGOSBRUNNAR & STEINLAMPAR! Bjóðum fjölbreytt úrval af innigosbrunnum, saltsteina og eðalsteinsvörur. Fallegar og róandi gjafir! Gosbrunnar ehf - Langholtsvegi 109, á bakvið - s: 517 4232/695 4220.

Vönduð, sérlega mjúk leðurstígvél, með skinnfóðri.Litir. Svart og brúntStærðir: 36 - 41Verð: 15.500.- Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

LR-Henningskúrinn og þú kemst í jólakjólinn. Anna Snyrtifræðingur, S. 699 7379.

Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Til sölu 18 strarrtpakkar að Herbalife 6 Dollur að tropiske frugter 7 að te og 4 að jelló fæst á hálvirði. Upplisíngar í síma 699 0360.

Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 857 1356.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Ýmislegt

Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

HEIMILIÐ

Húsgögn

Fjarstýrður stillanlegur Queen size rúmbotn til sölu. Verð 48 þús. Sími 695 6913.

Svefnsófi sem nýr, rauður, úr línunni. Er einsog tvíbreitt rúm útdreginn. Nýr 168 þ. Fæst á 60 þ. S. 690 0125

ÞJÓNUSTA

TIL SÖLU

SKEMMTANIR

Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Einnig gömul húsgögn, fást ódýrt og gefins. Uppl. í s. 893 8886

1 árs gömul hillusamstæða úr Tekk, mjög vel með farin. H: 227cm, B: 236 cm. Upphaflegt verð 220 þús., selst á 100 þús. Hafa samband við Hörpu í s. 856 6131.

Dýrahald

Jólatilboð á Fuglabúrum 21.000.- , Snyrtiborðum 8500.- og Hundabælum 4,500 kr Erum með ódýrustu Gæludýravörurnar á Íslandi Skoðið á www.liba.is

Jólagjöfin í ár...Bulldog hvolpar til sölu,tilbúnir til afhendingar.Ættbók frá Hrfí.uppl. 8699702 og á boli.is

Hundagalleríið auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dals-mynni.is
Sími 566 8417 og www.dals-mynni.is

Gefðu kisu hollt og gott í jólagjöf. Please Pet, 100% náttúrulegt kisunammi og kisu bitafiskur. Fæst í Bónus. www.please.is

Gullfallegir loðnir hvítir Chihuahua hvolpar til sölu. Heilsufarskoðaðir og ættbókafærðir frá Íshundum. Uppl. í s. 690 8091.

Vegna flutnings fást kisurnar okkar gefinas á góð heimili, hann 4 ára svartur og loðinn, hún 2 ára og 3 lit. Uppl. í s. 690 0519 Lilja.

Til sölu 3 Chichuahua hvolpar. Uppl. í s. 431 1986 & 849 9566.

Óska eftir litlum hvolpi gefins, sem verður ekki mikið stór. Uppl. í s. 847 9268.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6.

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

4 herb. íbúð í timburhúsi v/Hverfisgötu. Leiga 110 þús. á mán. Uppl. í s. 533 4141.

Atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði
Til leigu 142 fm iðnaðarhús með mikilli lofthæð í Steinhellu 5 Hfj. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

Laus strax!
Flott 3ja herb. 114 fm íbúð í Fossvoginum. Leigist á 170 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

Til leigu á Arnarnesi
Falleg og rúmgóð 3ja herb. neðri sérhæð. Íbúðin er 121,6 fm með innbyggðum bílskúr 18,3 fm, samtals 139,9 fm. Leigist á 190 þús. á mán. Uppl. í s. 897 0934, Helgi.

Spánn
Falleg, vel staðsett 4herb.íbúð við Torrevieja til leigu. Ca.113 fm, sundlaug í garði, solarium, stutt í þjónustu. Laust frá byrjun jan og fram á sumar. Uppl.693 7585 eða saio@internet.is.

Skammtl. 101 RVK. Fullb 4 herb. íbúð, leigist viku í senn. Uppbúin rúm f 5. Þvottavél og uppþv.vél á staðnum. V 20þús per dag. uppl. í s. 6912242 - LAUS UM JÓLIN

Til leigu stórglæsileg 100 fm. íbúð á besta stað í miðbæ Rvk. Laus strax. Verð 130-150 þús. á mán. Uppl. í s. 820 0628 & 661 3707.

3ja herb. íbúð til leigu í Njarðvík. 100 þús. á mán. og 1 mán. fyrirfram. Innifalið rafmagn, hiti og hússjóður. Uppl. í s. 866 6691.

2ja herb. íbúð til leigu á svæði 101, nýtekin í gegn. Leiga 120 þús. á mán. Allt innifalið. Uppl. í s. 866 4759.

Íbúð til leigu
Til leigu mjög góð og rúmgóð 3ja herb. íbúð, ca 100 fm, á rólegum og góðum stað í Rvk. Íbúðin er fullbúin húsgögnum og öllum húsbúnaði. Allt til alls. Leiga 128 þús. pr. mán. jjjj@simnet.is

Herb. með eldunaraðstæðu til leigu á svæði 101. Aðeins reglusamur einstakl. kemur til greina. Uppl. í 698 8037.

Til leigu í 1 ár - 48 fm íbúð í 108 Rvk V. 90 þús. s. 898 8879 stehar80@hotmail.com

Húsnæði óskast

Bráðvantar íbúð studíó eða 2herb.. s:8253103

Óska eftir 3-4 herb. íbúð og rúmgóðu ráð eða einbýlishúsi til leigu á höfuðborgarsv frá og með 1 janúar. (má þarfnast lagfæringar). Öruggar greiðslur. Fyrirfram gr. ef óskað er. Uppl. í s. 899 2420.

Óska eftir að leigja 3-4 herb. íbúð á Höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar. Uppl. í s. 845 0772.

Fasteignir

Gistiheimilið Blönduból á Blönduósi er til sölu. Stendur á bakka Blöndu við ósinn. Frábær staðsetning, útsýni í allar áttir. Uppl. í s. 892 3455, Jónas.

Til leigu 4 herb. íbúð að Öldugranda. Uppl i síma 8675460 eða hronn60@simnet.is

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Vetrargeymsla fyrir tjaldvagna, báta, fellihýsi o.þ.h. á höfuðborgarsvæðinu. Uppl síma 661 3131

Óska eftir bílskúr eða geymslu til kaups með góðri hurð og aðkomu ca. 30-50 fm í kringum 108 Rvk. Uppl. í s. 821 3400.

ATVINNA

Atvinna í boði

Hrói Höttur
Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal,útkeyrslu og grill. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, milli kl. 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir glaðlegu og bros-hýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir glaðlegum og bros-hýrum bílstjórum í kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig vantar okkur starfskraft í dagvinnu frá kl. 10-17. Aukavinna í boði ef vill.
Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is

Olíudreifing

MEIRAPRÓFS-BÍLSTJÓRAR AKUREYRI
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf á Akureyri. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Starfið stendur báðum kynjum til boða Allar nánari upplýsingar veitir: Jóhann Guðjónsson í síma 461 4070 tölvupóstfang akureyri@odr.is

Flutningabílstjóri
Maður með meirapróf óskast á flutningabíl í Reykjavík. Framtíðar- og kvöldvinna í boði. Upplýsingar gefur Jóhann í síma 894 0119. Flutningaþjónusta JB ehf.

Sótthreinsun og þrif ehf. Starfsmann með bílpróf vantar. Óskum eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Starfskraftur vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

Vantar leigubílstjóra til að keyra bílinn minn til 27. jan 2008. Þarf að hafa skírteini frá Vegagerðinni. Uppl. í s. 892 2299 e. kl. 14.

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 659 0646, Nonni.

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Rafvirkjar og verkamenn óskast. Vanir jafnt sem óvanir. Laun e. samkomulagi. Uppl. í s. 897 7911.

Atvinna óskast

24 ára kk óskar eftir 100% lager/útkeyrslustarfi á höfuðborgarsvæðinu. Er með öll vinnuvéla og meiraprófsréttindi. Arnar s. 694 2341.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

I PHONE sími tapaðist á Apóteki sl. laugardag. Finnandi hafi samband v. Mána í 8681988. Fundarlaun.

Tilkynningar

J.Hansen.
Ég sendi þér bestu kveðjur. Svo spilaðu jólalög í allan dag. Kveðja þinn vinur.

PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

Kraftafl ehf

Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

Kraftafl ehf

Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði sem getur leyst af sem Yfirvélstjóri á Sighvati GK 57 Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Vísis í síma 420-5700

Akraneskaupstaður

Laust starf við Brekkubæjarskóla á Akranesi

Kennarar athugið

Í Brekkubæjarskóla á Akranesi er laus staða umsjónarkennara í 7. bekk. Um fullt starf er að ræða. Starfið er laust frá 1. janúar n.k. **Umsóknarfrestur til 21. desember n.k.** Nánari upplýsingar gefur Arnbjörg Stefánsdóttir, skólastjóri í síma 433 1300/863 4379. netfang: arnbjorg@brak.is. Heimasíða skólans: www.brak.is.

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Peningaplokk í leikskólum borgarinnar

UMRÆÐAN
Leikskólar Reykjavíkur

JÓHANN M. HAUKSSON

Sonur minn er í leikskóla í Reykjavík. Fyrir nokkru barst gíróseðill og bréf frá foreldrafélagi skólans, þar sem ætlast er til þess að greiddar séu 5.000 krónur á ári til félagsins („annargjald“ er kr. 2.500). Í bréfinu kemur fram að féð sé til að borga fyrir atburði sem foreldrafélagið skipuleggur fyrir börnin á skólatíma. Þannig er greitt fyrir komu jólasveina, vorferðalag í sveit o.þ.h. Að auki er tekið fram að þúsund krónur af upphæðinni renni í sjóð sem skólinn getur notað fyrir litlar uppákomur sem kunna að koma upp í starfi skólans, eins og „heimsókn á Árbæjarsafn“. Þetta kemur á óvart af ástæðum sem snerta prinsipp félagslega kerfisins, vegna þess hve há upphæðin er og loks má efa að þessi gjörningur styðjist við lagalegan bókstaf.

Leikskólarnir eru hluti af félagslegu kerfi borgarinnar og því greiða allir borgarbúar til þeirra með sköttum. Að auki borga fjölskyldurnar sem nota þá notendagjöld. Þessi gjöld eru hugsuð á þann hátt að létt sé undir með þeim sem minna hafa handa á milli, og ákvörðuð af borgaryfirvöldum. Manni kemur því á óvart að hér bætist allt í einu við upphæð sem ekki er gert ráð fyrir af pólitískri forystu borgarinnar, og að peningunum sé ætlað að greiða fyrir starfsemi leikskólans.

En það er ekki bara prinsippið sem vekur undrun, heldur einnig upphæðin sjálf. Hluti þeirra sem nota leikskólana er fátækt fólk – fólk sem ekki hefur mikið, ef þá nokkuð, ráðstöfunarfé eftir þegar búið er að borga reikningana (leikskólagjöldin þeirra á meðal). Fyrir þetta fólk eru fimm þúsund krónur umtalsverð upphæð. Því eru settir tveir slæmir kostir: Annaðhvort að greiða og neita sér um eitthvað af því litla sem það þó veitir sér, eða þá að greiða ekki. Þeir sem velja síðari kostinn hafa þá tvo möguleika. Annars vegar þann að aðrir foreldrar borgi fyrir þjónustu sem börnin fá í skólanum. Þetta reynist mörgum manninum örðugt, því stolt fólks er óskert þó að fjárráð kunni að vera lítil. Hinn kosturinn er sá að taka börnin úr skólanum þá daga sem uppákomur eru (börnin væru þá „veik“ heima þegar hinir fara í sveitaferðina, svo dæmi sé tekið). Þetta getur ekki síður verið erfitt ef ekki er hægt að fá aðra pössun. Manni virðist ömurlegt að láta fólk standa frammi fyrir þessum kostum í leikskólum borgarinnar.

Loks virðist undarlegt ef til er lagalegur grundvöllur fyrir þessari rukkun. Getur bara eitthvert félag verið sett á laggirnar í tengslum við skólastarf borgarinnar og farið að rukka foreldra barna í skólanum? Í raun og sann er óeðlilegt að leikskólunum tengist starfsemi sem er þannig að foreldrar þurfa að greiða aukalega fyrir hana, ekki síst þar sem hún fer fram á skólatíma. Það er ekki eins og starfsemi skólans þurfi á þessum aukapeningum að halda, eins og börnin ráfi um í reiðileysi, því að starf í þeim skóla sem börnin mín hafa sótt er mjög gott. Það sama á áreiðanlega við flesta leikskólana. Þeim mun meiri synd að foreldrar skuli vera plagaðir árlega með þessu peningaplokki.

Höfundur er doktor í stjórnmálafræði.

Trúleysingjar eru líka fólk

UMRÆÐAN
Trúmál

VÉSTEINN VALGARÐSSON

Menntamálaráðherra á hrós skilið vegna fyrirhugaðra breytinga á námsskrá. Þar á að taka út óljóst og umdeilt „kristilegt siðgæði“ og setja í staðinn upptalningu á almennum siðferðisgildum. Það er gott, enda á skólinn ekki að vera vettvangur trúboðs.

Þjóðkirkjunni finnst kristna trú vanta, og hefur því risið upp á afturlappirnar. Talsmenn hennar hafa farið mikinn, með ódrengilegum málflutningi sem er þeim ekki til sóma. Þetta hefur að miklu leyti beinst gegn Siðmennt, sem hefur árum saman barist gegn trúboði og trúarlegri starfsemi í opinberum skólum. Þótt kirkjunnar menn viti betur, hafa þeir kosið að veifa því ranga tré að Siðmennt sé á móti litlujólum og fræðslu um trúarbrögð. Það er leiður siður að gera fólki upp skrípamynd af málstað þess. Eins og við mátti búast, hefur þessu verið svarað rækilega, og ég ætla ekki að endurtaka þær leiðréttingar hér. Hins vegar vil ég tjá undrun mína yfir þeirri kokhreysti biskups að kalla Siðmennt „hatrömm samtök“ – sem hann hefur ítrekað að sé skoðun hans, og að trúleysingjar hafi gert „harða atlögu“ að Þjóðkirkjunni. Þessi orð hitta hann sjálfan nefnilega fyrir.

Karl Sigurbjörnsson hefur sent okkur trúleysingjum ófáar sneiðarnar á undanförnum árum. Til dæmis hefur hann líkt okkur við siðleysingja og sagt lífsviðhorf okkar „mannskemmandi og sáladeyðandi“ og að þau „ógni mannlegu samfélagi“. Mér er spurn, hver er það sem er hatrammur? Hvernig hefði það hljómað ef hann hefði sagt þetta um einhverja aðra, til dæmis gyðinga? Trúleysingjar eru líka fólk, og okkur getur sárnað undan svona rætni. Það er holur hljómur í tali um virðingu og umburðarlyndi, þegar biskup lætur svona dembur ganga yfir þá sem aðhyllast önnur lífsviðhorf. Er ekki hægt að lyfta þessari umræðu á hærra plan?

Trú er einkamál og hana á ekki að innræta í opinberum skólum. Kirkjan á hundruð húsa um allt land þar sem hún getur boðað sína trú óáreitt fyrir börnum og fullorðnum. Í skólanum á hins vegar að fræða um kristna trú, en ekki boða hana. Trúboð í opinberum skólum brýtur gegn trúfrelsi. Trúfrelsi er mannréttindi, og þau eru einstaklingsbundin en ekki einhver vinsældakosning. Þar að auki er að minnsta kosti fimmtungur þjóðarinnar trúlaus, enn fleiri áhugalitlir um trú og afgangurinn að miklu leyti blendinn í trúnni og aðhyllist algyðistrú, andatrú o.fl. sem seint telst kristilegt. Af einhverjum ástæðum virðist Þjóðkirkjan óttast okkur sem stöndum við jarðbundin og guðlaus viðhorf okkar. En við bítum ekki. Það eina sem við förum fram á er að tekið sé tillit til okkar.

Að þessu sögðu má ég samt til með að þakka Karli og félögum fyrir að beina athyglinni að trúboði í skólum og málstað og mannréttindabaráttu Siðmenntar. Trúleysingjar hafa fundið mikinn meðbyr í samfélaginu undanfarna daga þótt sterkar raddir hafi hamast gegn okkur, svo við erum full af bjartsýni og liðsandinn góður.

Höfundur er sagnfræðingur og trúleysingi.

Þróun sem virkar

UMRÆÐAN
Þróunarmál

STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Besti fyrrverandi forseti Bandaríkjanna er Jimmy Carter. Hann er á níræðisaldri en ötull baráttumaður fyrir bættum hag fátækra í Afríku. Fyrir meira en 20 árum tók hann til við að útrýma sjúkdómi sem hlýst af lirfu orms sem tekur sér bólfestu í holdi manna. Lirfan þroskast inni í líkama fólks sem drekkur eða baðar sig í óhollu vatni. Ormurinn brýst að lokum út fullvaxinn og stendur eins og spaghettilengja úr fólki sem engist af kvölum. Áður þjáðust 3 milljónir manna árlega af þessari bölvun, nú eru árleg tilfelli 12.000. Með örlítið meiri stuðningi hefði Carter og fjölmörgum öðrum sem vinna gegn þessum ormi tekist að útrýma honum með öllu.

Þetta dæmi og mörg önnur sýna að talið um að þróunaraðstoð þýði ekki neitt á sér aðra hlið: Marktækan árangur sem bjargað hefur lífi milljóna manna eða bætt umtalsvert. Almennar bólusetningar á börnum hafa á liðnum áratugum náð miklu víðar en áður og tugir milljóna barna eru nú á lífi, en hefðu ekki verið það án átaks sem ráðist var í. Bólusetning við helstu sjúkdómum sem kostar innan við 2 þúsund krónur á barn.

Auðsköpun líka

Íbúar ríku landanna gleyma því stundum sem þeir hafa fyrir augunum: Flókið og gamalreynt kerfi laga og réttar, fjár- og stjórnsýslu, sem gerir þeim kleift að stunda viðskipti, fá lán og færa fé milli staða eftir öruggum samskiptanetum. Það tók nokkrar aldir að þróa þetta kerfi. Fátæku fólki stendur ekki til boða sú úrvalsþjónusta ríkisvaldsins, stjórnsýslu og banka sem við höfum. Hernando De Soto benti á hve mikilvægt væri fyrir öflugt markaðskerfi að hafa þróaða umgjörð. Hann tók upp baráttu fyrir því að „hið óformlega hagkerfi“ þar sem lang flestir jarðarbúa stunda vinnu og viðskipti, yrði fært undir sams konar regluverk og við njótum. Annars væri ekki hægt að innleysa og nýta þann „leynda auð“ sem fátækt fór býr víða yfir. Annar hugsuður, nóbelsverðlaunahafinn Muhammad Yunus, tók upp smálánakerfi fyrir fátækt fólk svo það fengi möguleika á að þróa viðskipti. Hugmyndin hjá báðum er sú sama: Gera fátæku fólki kleift að vinna fyrir sér eins og við hin gerum og skapa auð.

Nýjar lausnir í velferð

Það er viðurkennt að víða er fólk svo fátækt að það kemst ekki af án aðstoðar. Í Mexíkó hófst velferðarþjónusta með því sniði að borga fólki framfærslustyrk gegn því, til dæmis, að tryggja að börnin fari í skóla og fái reglulega bólusetningar. „Oportunidades“ hefur breiðst víða út, og aðferðin jafnvel tekin upp í fátækrahverfum New York. Fólki er breytt úr „velferðarþegum“ í samábyrga borgara, með samningi sem felur í sér ávinning einstaklings og samfélags. Aðferð sem innleidd var í Tansaníu byggir á sömu hugmynd. Þeir sem þurftu bráðnauðsynlega að taka lyf vegna smitsjúkdóma eins og berkla fengu „lyfjavin“ til að fylgjast með; gengust þannig undir félagslegan þrýsting til að standa sig. Það kostar rúmlega 700 krónur að lækna berkla. Í Bangladesh fá fátækar fjölskyldur mat ef börnin mæta reglulega í skóla.

Samskiptanet og staðbundnar lausnir

Smátt er gott, það sem bætir lífsskilyrði fólksins á vettvangi og snertir beint veruleika þess. Illa gengur að nýta sólarorkuna í sólríkustu löndum heims, en samt tók sig til auðmaður og þróaði sólarknúið vasaljós. Á loftslagsráðstefnuna í Balí kom maður akandi frá Sviss á sólarknúnum bíl. Hægt er að nýta orku sólar mun betur en gert er. Farsímar skapa gríðarlega möguleika í Afríku; nú þarf ekki að leggja dýrar landlínur og fátækt fólk getur keypt símtalainneign fyrir smáaura og opnað sér leið að mörkuðum á svipstundu. 100 dollara fartölvan er langt komin og verður einstakt tækifæri fyrir Afríku í menntunarmálum.

Nú hafa menn séð að hin risavöxnu þróunarverkefni sem áður var lögð áhersla á, eru ekki jafn góð og ætlað var. Hagvöxtur mælir ekki jöfn tækifæri. Margir litlir sveitavegir sem tengja dreifðar byggðir smábænda eru miklu arðsamari en hraðbrautir. Hraðbrautir eru fyrir fáa; í löndum þar sem stór hluti þjóða býr við sjálfsþurftabúskap skiptir meiru að greiða samgöngur og glæða viðskipti þar sem fjöldinn er. Malaví neitaði að fara að ráðum Alþjóðabankans sem vildi hætta niðurgreiðslum á áburði til smábænda. Uppskeran í ár er meiri en nokkru sinni fyrr, að hluta vegna þess að farin var leiðin sem bændur þurftu, með niðurgreiddum áburði. Það hefur sjálfsagt farið framhjá mörgum, en Eþíópía tvöfaldaði matvælaframleiðslu sína síðasta áratug. Stóru kerfislausnirnar sem áður áttu að bjarga öllu með pennastriki og pólitískum lausnarorðum duga ekki; það sem dugar er að leysa málin á vettvangi á forsendum fólksins sjálfs. Meira efni um þessi mál er á vef mínum, www.stefanjon.is.

Höfundur starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu.

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

UPPFÆRSLA B

Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. ofl.

15.950

TURNUPPFÆRSLA 2

- Athlon X2 DualCore 4600+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD - 16MB
- 512MB ATI Radeon X1250

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

39.950

AMD TÖLVA 3

- Athlon X2 5600+ DualCore
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GTS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

89.950

ACER 22" AL2216WBD

Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

acer

25.950

MP3 1GB SPILARI

Flottur 1GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

SanDisk

3.450

CREATIVE T3100

Öflugt 2.1 hátalarakerfi með tveimur 12W hátölurum og stóru 17W bassaboxi

CREATIVE

5.750

MP3 2B SPILARI

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk með kortalesara og litaskjá sem sýnir ljósmyndirnar. FM útvarp

SanDisk

8.450

WD 320GB MYBOOK

Glæsilegur utanáliggjandi diskur frá WD tengigst í USB2, tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital

11.950

500GB MARGMIÐLUNARSPILARI

ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari með LCD skjá, tengist við sjónvarp án tölvu, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

22.950

ACER ASPIRE 7720Z - 1A

- Intel Dual Core T2310
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 1600GB SATA 5400rpm
- Intel GMA X3100 PCI Ex
- 17" CrystalBrite skjár

acer

99.950

CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon

10.750

CANON LIDE 90

48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Lítill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

Canon

9.950

PAPPÍR Í MIKLU ÚRVALI

Prentaðu út jólakortin eða ljósmyndirnar sjálf/ur Pappír í miklu úrvali fyrir öll tilefni

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

BLEK Í MIKLU ÚRVALI

Hjá okkur er mikið úrval af bleki á frábæru verði í flesta HP og Canon prentara

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

4GB MINNISLYKILL

Corsair 4GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR

3.950

SENNHEISER RS120

Frábær þráðlaus heyrnatól með hleðslurafhlöðum og hleðslustandi. Skila ótrúlega góðum hljómgæðum.

SENNHEISER

6.750

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

Helgileikir, Heims um ból og fleira hættulegt

UMRÆÐAN
Trúmál

GUÐNI MÁR HARÐARSON

Fyrir nokkrum árum sáust vanhugsuð en vel meint viðbrögð í Austurbæjarskóla þegar barn sem aðhylltist íslam hóf skólagöngu þar. Til að tryggja að engum skyldi mismunað vegna trúar var allt svínakjöt skyndilega tekið af matseðli allra barna við skólann. Allmargir foreldrar mótmæltu enda vildu þeir gjarnan að börnin sín ættu áfram kost á svínakjöti þótt kærkomin viðbót hefði bæst við nemendaflóruna í Austurbænum. Málin voru í

Í hinu misskilda hlutleysi felst sú afstaða að það sem einum er heilagt felist sjálfkrafa ógnun við annan.

hnút um tíma, þar til einhverjum datt það snjallræði í hug að ef til vill mætti áfram bjóða upp á svínakjöt en bjóða múslimum, gyðingum og grænmetisætum upp á annan valkost í staðinn. Svínakjöt er því áfram á boðstólum í skólum landsins og enn hefur ekki þurft að afnema uppskriftir að skinkupasta úr kennslubókum í matreiðslu eða kenna börnum að elda allt kjöt nema þá svínakjöt.

Fjölmenning felur nefnilega ekki í sér að við núllstillum menningu okkar og hefðir við allt sem getur, hugsanlega, mögulega, kannski, ef til vill, móðgað einhvern sem hefur aðrar lífsskoðanir en þær sem myndað hafa og mótað íslenska þjóð hingað til. Fjölmenningin á að hvetja okkur til að skerpa á þeim gildum sem blessunarlega hafa mótað okkur góða þúsöld en ekki afsala okkur öllu í misskilið hlutleysi.

Að útiloka svínakjöt úr skólum er misskilið hlutleysi, að koma í veg fyrir valfrjáls lífsgildaferðalög á skólatíma er misskilið hlutleysi, að banna kennslu og söng á „Heims um ból“ í skólum landsins er misskilið hlutleysi, að meina börnum að teikna myndir út frá Passíusálmunum, þjóðsöngnum eða guðspjöllunum er líka misskilið hlutleysi.

Hið misskilda hlutleysi er nefnilega hrein og klár afstaða, afstaða með því að ekkert sé réttara enn trúleysið/„hlutleysið“, í því er fólgin afstaðan um að rétt sé að klippa á samband skólastofnana/ríkis og menningararfs.

Í hinu misskilda hlutleysi felst sú afstaða að það sem einum er heilagt felist sjálfkrafa ógnun við annan. Krafan um afnám helgileikja, teikninga út frá trúartextum og kennslu á söngvum með trúarlegri skírskotun tekur ekki einungis mikilvæg kennslufræðileg tæki úr höndum kennara, heldur gerir hún beinlínis lítið úr þeim.

Þeir fjölmörgu kennarar sem hafa nýtt tækifærið og látið bekkinn sinn teikna myndir, syngja söngva eða leika helgileiki útfrá búddatrú eða hindúatrú, til að útskýra lífssýn nýrra bekkjarfélaga, gætu með hugmyndum Siðmenntar átt yfir höfði sér kæru. Annað sem er ákæruhæft er að kennarar blandi hinu kristna inntaki við sjálf litlu jólin. Hvar á núllpunkturinn að vera? Hver á að ákveða það? Piparkökur, pakkaskipti og Pottasleikir? Á hið kristna inntak jólanna að víkja en guðleysið að ríkja?

Helgileikir og „Heims um ból“ eru ekki hættulegir í kennslu. En að bola burt menningararfi þjóðarinnar, helgileikjum og perlum íslenskrar ljóðlistar, í nafni misskilins hlutleysis, eru svik við ækju landsins sem og þúsundir íslenskra kennara sem á faglegum nótum hafa notað helgileiki og jólasöngva til að fræða um hið kristna inntak jólanna eins og því hefur verið fagnað á Íslandi í tíu aldir.

Ég hafði góða kennara á minni grunnskólagöngu, allir gættu þeir hlutlægni í kennslu menningararfsins. Þótt tólf ár séu liðin er mér til efs að menntakerfinu í grunnskólum hafi hrakað svo hratt og illa að kennurum þessa lands sé ekki lengur treystandi til að kenna um hið kristna inntak, með helgileikjum og „Heims um ból“, án þess að það sé niðrandi fyrir aðrar lífsskoðanir. Eða eru menn í raun og sann að biðja um aðskilnað ríkis og menningararfs?

Höfundur er prestur.

Gerum kjör eldri borgara þau bestu í heimi

UMRÆÐAN
Kjör aldraða

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Sameinuðu þjóðirnar gefa þjóðum heims einkunn eftir hæsta meðalaldri, menntun og landsframleiðslu á mann. Ísland fær hæstu einkunn miðað við þessa þætti 2005. Noregur hefur verið í efsta sæti sl. 6 ár.

Meðalaldur hér er 81,5 ár en í Noregi 80 ár. Ef menntunarstigið er tekið eitt og sér eru Íslendingar í 13. sæti. Landsframleiðsla á mann er sú 5. mesta í heiminum. Hæst er hún í Lúxemborg.

Segir ekkert um skiptingu lífsgæðanna

Vissulega er ánægjulegt að Ísland skuli fá hæstu einkunn hjá SÞ miðað við framangreinda 3 þætti árið 2005. En það er ástæðulaust fyrir framámenn þjóðarinnar að ofmetnast af þeim sökum. Þessir þættir segja t.d. ekkert um skiptingu lífsgæðanna. Þeir segja ekkert um kjör láglaunafólks, aldraðra eða öryrkja. Ef landsframleiðsla á mann er sú 5. mesta í heiminum ætti að vera auðveldara fyrir Ísland að búa öllum þegnum sínum mannsæmandi kjör. Meðferð Íslands á eldri borgurum er til skammar.

Framsókn þakkar sér

Mál þetta var rætt á Alþingi. Þar stóð upp Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Hún sagði að Framsóknarflokkurinn ætti hlutdeild í góðri einkunn Íslands árið 2005, þar eð flokkurinn hefði þá verið í ríkisstjórn og mörg ár þar á undan. Það má til sanns vegar færa. En ég hygg að allir stjórnmálaflokkar eigi þátt í góðri menntun Íslands og miklum lífslíkum. Þessir þættir breytast ekki í einu vetfangi. Meðalaldur Íslendinga hækkar ekki við það að Framsókn setjist í ríkisstjórn. Og menntun Íslendinga batnar ekki mikið við stjórnaraðild Framsóknar. Það er orðið langt síðan Framsókn hefur átt menntamálaráðherra. Þeir ráðherrar hafa komið frá Sjálfstæðisflokknum og Alþýðubandalaginu undanfarna áratugi. En sá menntamálaráðherra sem markaði dýpst spor í menntasögu þjóðarinnar var Gylfi Þ. Gíslason.

Einkunnagjöf Sameinuðu þjóðanna varðandi meðalaldur, menntun og landsframleiðslu á mann hefur takmarkaða þýðingu. Það vantar alveg í einkunnagjöf Sameinuðu þjóðanna að fjalla um tekjuskiptinguna, hversu mikil fátækt er, hvernig búið er að öldruðum og öryrkjum og hvernig búið er að barnafólki. Þessir þættir segja mikið um það hvernig er að búa í hlutaðeigandi landi. Misskipting tekna hefur aukist mikið hér á landi síðasta hálfan annan áratug. Það hafa myndast tvær stéttir í landinu: Rík stétt á ofurlaunum og venjulegt launafólk, sem verður að strita myrkranna á milli til þess að láta enda ná saman. Síðan bætist við stór hópur fátæks fólks sem hefur varla í sig og á. Fátæka fólkið getur ekki greitt 80 til 100 þúsund á mánuði í leigu fyrir íbúð, þar eða heildartekjurnar eru ekki hærri eftir skatta. 10.000 eldri borgarar hafa aðeins rúmar 100 þúsund á mánuði eftir skatta. Er ekki eitthvað bogið við þjóðfélag, sem þannig býr að sínum minnstu bræðrum?

Fylgjum fordæmi Svía

Íslenskir ráðamenn hafa lengi sagt að Ísland sé með ríkustu þjóðum í heimi. Nú segir könnun Sameinuðu þjóðanna, að árið 2005 hafi lífskjör á Ísland verið þau bestu í heimi. Er þá ekki kominn tími til þess að láta þetta ganga eftir: Gerum kjör eldri borgara og öryrkja þau bestu í heimi. Byrjum á því að fara að dæmi Svía og afnema allar skerðingar tryggingabóta. Það mundi bæta kjör þessara hópa mikið.

Höfundur er viðskiptafræðingur og stjórnarmaður í 60+.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Pottaskefill fann pott með peningum

Sigríður Hrönn Sveinsdóttir skrifar fyrir hönd leikskólakennara:

Síðasta útspil Reykjavíkurborgar vegna markvissra aðgerða í starfsmannamálum var aukafjárveiting til að borga starfsmönnum leikskólanna 10 yfirvinnutíma á mánuði fyrir að borða með börnunum í hádeginu. Einnig árlegur heilsuræktarstyrkur, sundkort, bókasafnskort og aðgangskort að söfnum. Gott mál. En þeir settu það inn í útspilið sem skilyrði að starfsfólkið þyrfti að vinna til kl. 13.30. Hádegismaturinn byrjar yfirleitt um kl. 12.00 og er búinn um 12.30. Þess má geta að starfsmenn leikskóla fá ekki hádegishlé. Starfsmenn sem vinna til 13.00, sem allmargir gera, fá þar af leiðandi ekki úr þessum potti. Þetta er ég mjög ósátt við þar sem mínum vinnutíma lýkur kl. 13.00 og ég borða alltaf með börnunum. Tilgangurinn með þessum aðgerðum var að laða að nýja starfsmenn og umbuna starfsmönnum undirmannaðra stofnana vegna álags á yfirstandandi og komandi ári. Ekki er að sjá að neitt eigi að gera til að halda fólki sem er í hlutastarfi eins og ég. Er nú svo komið að ég ætla að segja mínum vinnutíma upp frá og með næstu mánaðamótum og hætta kl. 12.00. Þar sem ég bý rétt hjá sundlaug og bókasafni ætla ég að nýta mér þessi frábæru sundkort og bókasafnskort sem Reykjavíkurborg gefur starfsmönnum sínum nú um áramótin.
Fara í sund kl. 12.00 og lesa síðan Séð og heyrt á bókasafninu á eftir og taka mér bækur til lestrar.
Kæra samstarfsfólk, hvað verður það næst?

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla

Ódýrast í Hagkaupum

NETVERSLUN hagkaup.is

samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins 6. desember

Úr Fréttablaðinu 6. desember

Ódýrast að kaupa spilin í verslunum Hagkaupa

Hagkaup var oftast með langt verð á borðspilum samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins. Hæst var verðið í verslunum Eymundsson og Máls og menningar. Meira en fjögur þúsund krónum munaði á Trivial Pursuit þar sem munurinn var mestur.

VERÐKÖNNUN Á BORÐSPILUM

	Eymundsson	Hagkaup	Mál og menning	BT	Just4Kids	Toys R Us
Party & Co.	-	4.949 kr.	-	-	-	4.999 kr.
Trivial Pursuit	7.410 kr.	-	7.410 kr.	5.999 kr.	5.498 kr.	2.999 kr.
Scrabble	-	2.999 kr.	3.810 kr.	-	-	2.999 kr.
Monopoly	6.995 kr.	5.795 kr.	6.995 kr.	-	5.798 kr.	6.499 kr.
Draumaeyjan	5.450 kr.	3.970 kr.	5.450 kr.	-	3.974 kr.	4.999 kr.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Aftur til fortíðar?

UMRÆÐAN
Menntamál

Alla jafna er fremur dauft yfir skólamálaumræðu á Íslandi. Það er helst þegar alþjóðakannanir sýna árangur undir meðallagi sem fjölmiðlar taka við sér, almenningur býsnast og skólayfirvöld eru sökuð um að standa ekki í stykkinu. Svo lognast umræðan útaf að nýju fram að næstu könnun.

Auðvitað eru það vonbrigði þegar íslensk börn virðast ekki standa sig jafn vel og jafnaldrar þeirra í þessum blessuðu „löndum sem við viljum bera okkur saman við“. En það versta sem við getum gert er að hrökkva í afturábakgírinn og halda því fram að allt hafi verið svo miklu betra þegar við vorum börn, þá hafi maður nú lært eitthvað í skólanum. Þennan tón má heyra hjá Haraldi Ólafssyni í Fréttablaðinu 12. desember. Hann tiltekur gamalt námsefni í því sem einu sinni hétu lesfögin, heldur fram ágæti þess og minnist utanbókarlærdómsins með ánægju.

Nú er það svo að tímarnir breytast og – vonandi – skólarnir með. Bækur sem börn lásu fyrir tveimur eða þremur áratugum eru ef til vill skemmtileg nostalgíu-lesning, en þær eru ekki gott kennsluefni fyrir nútímabörn. Orðaforði barna hefur breyst gífurlega á síðustu tíu árum eða svo. Það þýðir lítið að lesa bók sem maður skilur ekki. Auðvitað þarf að snúa vörn í sókn og vinna að því að bæta orðaforða og málskilning, en það verður ekki gert með lestri tyrfinna fræðitexta, heldur stórauknum yndislestri og áherslu á umræður. Markvisst átak í þá veru er mikilvægasta verkefnið sen bíður bæði skóla og heimila og þar megum við engan tíma missa.

RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR

Það á auðvitað að vera löngu liðin tíð að námsbókin sé eina kennslugagnið sem notast er við. Þetta á alveg sérstaklega við um náttúrufræðifögin. Myndefni af ýmsu tagi, verklegar tilraunir og vettvangsferðir skila miklu dýpri skilningi á viðfangsefninu en einhæf yfirferð texta. Íslenskir kennarar eru þó margir hverjir enn býsna bundnir við bókina og myndu að mínum dómi ná miklu betri árangri ef þeir nýttu sér fjölbreyttari kennsluaðferðir.

Ég vil líka halda því fram að börnin læri mun meira í náttúrufræði nú en fyrir tíu eða tuttugu árum, ég hafði til dæmis litlar spurnir af eðlisfræði, jarðfræði, veðurfræði eða stjörnufræði fyrr en á unglingsárunum, en þessar greinar fléttast nú allar inn í námsefni grunnskólabarna frá upphafi.

Haraldur er varla einn um að eiga góðar minningar úr gamla barnaskólanum sínum. Duglegir nemendur nutu þess margir að lesa og læra, romsa upp staðreyndum og láta ljós sitt skína. Hinir voru þó líka margir sem áttu erfitt með utanbókarlærdóminn og kviðu yfirheyrslunum í skólanum. Á síðari árum hefur skilningur á greind og námi aukist til muna og við vitum að hefðbundnar kennsluaðferðir gagnast alls ekki öllum. Við notfærum okkur þessa vitneskju allt of lítið í skólastarfinu enn sem komið er, en væntanlega eru flestir sammála um að afturhvarf til utanbókarlærdómsins væri mikil tímaskekkja.

Íslenskir skólar gætu vissulega margir verið betri en þeir eru nú. En þeir batna ekki við að hrökkva í sama farið og þeir voru í fyrir áratugum síðan. Þeir batna þegar vel menntuðum kennurum verða greidd mannsæmandi laun fyrir vandasöm sérfræðistörf. Þá þurfum við ekki lengur að búa við flótta úr kennarastéttinni. Þá getum við foreldrarnir líka gert auknar kröfur til handa börnunum okkar, kröfur um að allir nemendur fái kennslu við hæfi, að hæfileikar þeirra fái að njóta sín til fulls og að þeim líði vel í skólanum sínum.

Höfundur er rithöfundur.

Mannréttindi í skólum

UMRÆÐAN
Mennta- og trúmál

Síðastliðinn vetur vann starfshópur nokkur á vegum Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkur skýrslu um stefnu í samstarfi leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarhópa. Í skýrslunni er minnt á trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála SÞ, sem tryggir rétt foreldra til að ráða menntun barna sinna. Jafnframt er minnt á rétt barna til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar í Barnasáttmála SÞ.

REYNIR HARÐARSON

Í skýrslunni er líka minnt á aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Í henni kemur fram að skólinn er fræðslustofnun en ekki trúboðsstofnun. Og ekki gleymdist að minna á lög um grunnskóla og leikskóla, en í þeim er lagt bann við mismunun nemenda vegna trúarbragða.

Í tillögum hópsins er lögð áhersla á að í skólum fari fram fræðsla um mismunandi lífsskoðanir og trúarbrögð en ekki stunduð boðun trúar. „Forðast skal aðstæður þar sem börn eru tekin út úr hópnum eða skylduð til að taka þátt í atburðum sem ekki samræmast trúar- eða lífsskoðunum þeirra.“

Slagorð þjóðkirkjunnar er „boðandi“ kirkja, hún er evangelísk. Yfirlýst markmið og stefna er að gera alla að lærisveinum Krists. Í formála að Stefnumörkun Lútherska heimssambandsins, Mission in Context, segir biskup: „Orðið mission er margrætt og hlaðið. Í kirkjulegu samhengi er það gjarna þýtt kristniboð.“ „Kirkjan er send með boðskap. Það er hlutverk hennar og verkefni hennar öll eru með einum eða öðrum hætti liður í þeirri sendiför.“ Í inngangi segir: „Kjarni boðunarstarfs kirkjunnar er prédikun fagnaðarerindisins – að kalla fólk til trúar á Jesú Krist og þátttöku í hinu nýja samfélagi við Krist“. Í meginmáli segir svo: „Boðun er ekki valkostur kirkjunnar. Boðun er grundvöllur veru hennar.“

Fyrir nokkrum árum fór sóknarprestur í Seljahverfi að venja komur sínar í leikskóla í hverfinu til að stunda það sem hann sjálfur kallar kristniboð. Í reglulegum heimsóknum hans í leikskólana voru nokkur börn tekin til hliðar vegna lífsskoðanaágreinings prests og foreldra. Í þessari stöðu þurftu leikskólastjórar annaðhvort að brjóta á áðurnefndum mannréttindum foreldra eða mismuna nemendum vegna trúarbragða. Því ákváðu þeir að taka fyrir þessar heimsóknir prestsins.

Í útvarpsviðtali við biskup kenndi hann „litlum hópi“ manna um þessa ákvörðun skólastjórnendanna og sagði: „Það virðist vera að þeim heppnist að taka skólana á taugum og forráðamenn skólanna.“ Í fullum skrúða fordæmdi hann enn þennan litla hóp úr ræðu- og valdastóli sínum og hneykslaðist á kröfum þeirra, sem hann sagði vera þessar: „Fjarlægja verði Biblíusögurnar úr skólunum, banna eigi að dreifa Nýja testamentinu til skólabarna, meina prestum aðgang að leikskólunum, hætta að lesa og túlka jólaguðspjallið á litlujólunum. Svona er vaðið áfram með fána umburðarlyndisins og mannréttindanna við hún.“

Norskir foreldrar töldu brotið á rétti sínum vegna einhliða kristinnar trúarinnrætingar í skólum þar í landi og leituðu til Mannréttindanefndar SÞ.

Hún kvað upp þann úrskurð síðla árs 2005 að áðurnefnd mannréttindi væru á þeim brotin, meðal annars með einhliða framsetningu, dreifingu trúarrita í skólum, nemendur voru látnir taka þátt í helgileikjum, fara í kirkjur, læra bænir, sálma o.s.frv. En norska ríkið er ekki bundið af úrskurði SÞ og því þurftu aðrir foreldrar að bera sams konar kæru fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Sá komst að sömu niðurstöðu nú í sumar.

Í ljósi alls þessa og skýrslu Menntasviðs er alveg ljóst að stjórnendur leikskóla í Seljahverfi létu fagmennsku ráða ákvörðun sinni. Í Fréttablaðinu 5. desember tjáði meistari nokkur í trésmíði sig um málið og sagði: „Sú einstaka heimska, eða skilningsleysi, sem kom yfir ráðamenn nokkurra leikskóla borgarinnar, að meina prestum að flytja þar guðsorð eins og tíðkast hefur, er útlendingum síst til góðs.“ Halldór Reynisson, verkefnisstjóri fræðslusviðs biskupsstofu (spunameistari), ætti að vera nokkuð upplýstari en trésmíðameistarinn. En í greinarstúfi í sama blaði segir hann að erfitt sé að sjá hvernig hér geti verið um brot á mannréttindum að ræða.

Ég skora á verkefnisstjórann, biskup, presta, ráðamenn, fjölmiðlamenn, háa og lága að kynna sér skýrslu starfshóps Menntasviðs Reykjavíkur og jafnvel lög og rétt. Reyndar átti Biskupsstofa fulltrúa í þessum starfshópi, sjóndapra spunameistararnn, Halldór Reynisson.

Höfundur er sálfræðingur.

Tökum sénsinn

UMRÆÐAN
Varnarmál

Tökum sénsinn

Það er mikið rætt um varnarmál Íslendinga þessi misserin. Mér hefur sýnst að sumir, helst þá stjórnmálamenn, hafi gleymt sér á fundum og skrifstofum og hafi yfirgefið okkar heittelskaða raunveruleika í þessu máli. Varnarþörf er orð sem hefur verið notað óspart í þessari umræðu, og hefur þá komið frá stjórnmálamönnum. „Meta verður varnarþörfina“, segja þeir. Það þýðir á mannamáli að mér skilst; að meta áhættuna á því að erlendir aðilar, ríki eða hryðjuverkasamtök, ráðist á Ísland með þeim hætti að við þurfum að grípa til vopna.

GÚSTAF HANNIBAL ÓLAFSSON

En það er ekki jafn auðskilið að stjórnmálamenn, sem hafa það að atvinnu að eyða skattpeningum okkar, telji að einhverjum krónum verði best varið í að vígbúa Ísland gegn árásum. Með einum eða öðrum hætti.

En bíðum nú hæg. Sér ekki hver maður að það mun ekki gerast? Hvorki í náinni framtíð né fjarlægri. Í þeim heimi sem ráðist verður á Ísland munu ekki nokkrar þotur erlendra ríkja eða heræfingar duga til að hrinda árás. Sá heimur þar sem ráðist er á Ísland, er heimur þar sem að það eina sem við getum gert er að spenna greipar og vona það besta. Raunar hafa samtök múslima einu sinni ráðist á Ísland. Á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn þegar þeir brenndu í misgripum íslenskan fána. Þeir ætluðu víst að brenna Union Jack, fánann breska.

Þau mistök voru auðskiljanleg, enda fljótt á litið þessir fánar nauðalíkir. En það er ekki jafn auðskilið að stjórnmálamenn, sem hafa það að atvinnu að eyða skattpeningum okkar, telji að einhverjum krónum verði best varið í að vígbúa Ísland gegn árásum. Með einum eða öðrum hætti. Helsti vágestur sem við getum varist með einhverjum hætti er sennilega sjórinn. Ég held að fáir myndu gráta það ef landhelgisgæslan fengi til þess ráð og tæki til að bjarga sjómönnum úr háska frekar en að við förum að standa í einhverju hernaðarbrölti. Sama með hvaða formerkjum það brölt er.

Mín tillaga er þessi, maður getur jú ekki bara gagnrýnt, það verða einhverjar tillögur að fylgja; tökum sénsinn. Einmitt, við skulum taka sénsinn á því að það muni enginn ráðast á okkur.

Ef það gerist þá stöndum við varnarlaus, en ef ekkert gerist og við þurfum ekki að grípa til vopna, þá stöndum við eftir með allt það sem við getum frekar eytt peningunum í. Ekki amaleg skipti það.

Svo lengi sem heimurinn fari ekki allur og endanlega til fjandans höfum við ekkert að óttast. Við skulum ekki leyfa íslenskum ráðamönnum að gleyma sér á NATO-fundum og gera það eina sem öfgalaus skynsemin segir okkur: Tökum sénsinn.

Höfundur er blaðamaður og nemi.

Sárreið í minnihluta

UMRÆÐAN
Lóðaúthlutanir í Kópavogi

Fyrirsögnin á Fréttablaðsgrein Guðríðar Arnardóttur, oddvita Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, „sannleikanum verður hver sárreiðastur“, hæfir einmitt skrifum hennar best þegar hún reynir að gera lítið úr þætti minnihlutans í bæjarstjórn Kópavogs í úthlutun lóða.

GUNNAR I. BIRGISSON

Hún kvartar sáran undan því að vera ekki boðið á fundi meirihlutans um lóðaúthlutanir, „hvorki í fundargerðum, tölvupósti eða símtölum“. Ég vil nota tækifærið og upplýsa Guðríði Arnardóttur um að hún verði að skrá sig annaðhvort í Framsóknarflokkinn eða Sjálfstæðisflokkinn vilji hún fá boð á meirihlutafundina.

Hins vegar notaði ég ekki fundargerðir, tölvupóst eða síma þegar ég bauð Guðríði að leggja fram tillögur minnihlutans um lóðaúthlutun í Vatnsendahlíð. Ég talaði bara við hana. Hún afþakkaði. Svo kom hún síðar og vildi vera með. Það þótti mér sjálfsagt. Minnihlutinn kom ýmsu til leiðar, eins og oftast áður við úthlutun lóða, og samþykkti svo lóðaúthlutunina í bæjarstjórn.

Ég fagna samstöðunni.

Höfundur er bæjarstjóri í Kópavogi.

Gerðu hagstæð innkaup í Nettó

1.073 kr/kg, áður 1.789 kr/kg
Gull hamborgarhryggur

1.778 kr/kg, áður 2.735 kr/kg
Gull hangilæri, úrbeinað

489 kr/kg, áður 699 kr/kg
Matfugls kjúklingalæri m/legg

Merrild Senseo
allar tegundir

99 kr/stk áður 198 kr/stk
After Dinner Mints Ashley

Jólaís 2 ltr
Kjörís

Hönnun: H.N. markaðssamskipti / SÍA Umbrot: Vikurfréttir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 13.–16. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Sigurður Sigfússon,

Stafholtsey, Borgarfirði,

sem lést á sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 5. desember, verður jarðsunginn frá Reykholtskirkju í Borgarfirði laugardaginn 15. desember kl. 14.00.

Sigríður Blöndal
Sigfús Blöndal
Jóhanna Sigurðardóttir **Knút P. í Gong**
Jón Páll Blöndal
Pálfríður Sigurðardóttir
Sigríður Huld Blöndal
Kári Blöndal í Gong
Sigurður Aron Blöndal

†

Eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Benedikt Benediktsson

frá Húsavík, Sjávargrund 4a, Garðabæ,

lést á Landakotsspítala sunnudaginn 9. desember sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 21. desember. kl. 11.00.

Sigurbjörg Sigvaldadóttir
Hanna Stefánsdóttir **Jón Guðlaugsson**
Sigrún Stefánsdóttir **Sigþór Sigurjónsson**
Bylgja Stefánsdóttir
Stefán S. Stefánsson **Guðfinna Baldvinsdóttir**
Guðný Stefánsdóttir **Agnar Agnarsson**
afabörn og langafabörn.

†

Elskuleg frænka okkar,

Ragnheiður Hermannsdóttir,

fv. deildarstjóri í Landsbanka Íslands,

verður jarðsungin frá Hallgrímkirkju í Reykjavík mánudaginn 17. desember næstkomandi kl. 13.30.

Systkinabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Gunnur Guðmundsdóttir,

(Gógó) frá Oddsflöt í Grunnavík, Túngötu 18, Ísafirði,

verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 15. desember kl. 14.00.

Ingi Einar Jóhannesson
Jóhannes Bekk Ingason **Alda Svanhildur Gísladóttir**
Elvar Guðmundur Ingason **Dagný Selma Geirsdóttir**
Brynjar Ingason **Guðbjörg Ragnheiður Jónsdóttir**
og ömmubörn.

†

Elskuleg systir mín og móðursystir,

Guðbjörg Sigurðardóttir

ljósmóðir, frá Kárastöðum í Helgafellssveit,

lést á Hrafnistu v. Brúnaveg 2. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 14. desember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju, reikningur 309-18-930076 kt. 630269-0839. Minningarkort fást í Heimahorninu, s. 438 1110.

Fyrir hönd aðstandenda,

Aðalheiður Sigurðardóttir
Margrét Sigurðardóttir

MICHAEL OWEN KNATTSPYRNUMAÐUR ER 28 ÁRA.

„Ég get eldað núðlur og hitað mat í örbylgjuofninum en annars er eldamennska ekki mín sterkasta hlið.“

Owen leikur knattspyrnu með Newcastle United en lék áður með Liverpool og Real Madrid á Spáni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 14. DESEMBER 1959

Motown Records stofnað

Motown Records var stofnað í Detroit í Michigan. Sú borg er oft kölluð Motor City eða Motor Town og er nafnið dregið af því.

Fyrirtækið var í eigu Berry Gordy Jr. og var fyrsta útgáfufyrirtækið í eigu þeldökks manns. Það gegndi stóru hlutverki í réttindabaráttu svartra og átti mikinn þátt í að gera tónlist þeirra vinsæla um heim allan.

Motown náði hvað mestum vinsældum á sjöunda áratugnum og þá aðallega fyrir útgáfu á sálartónlist. Meðal þess sem einkenndi hana voru fjörugar trommur, tamborínur, melódísk bassalína og söngur í gospelstíl. Motown Records flutti til Los Angeles árið 1972 og var sjálfstætt starfandi allt til ársins 1988 þegar útgáfufyrirtækið MCA keypti það. Höfuðstöðvar þess eru nú í New York. Meðal listamanna sem Motown hefur gefið út má nefna Stevie Wonder, Diönu Ross, The Supremes, Marvin Gaye, Lionel Richie, The Four Tops og Jackson Five. Af nýlegri tónlistarmönnum má nefnda Erikuh Badu og Boyz II Men.

LINDA RÓS ALFREÐSDÓTTIR Verkefnisstjóri Árs jafnra tækifæra segir tuttugu verkefni, sem tengjast baráttunni gegn mismunun í samfélaginu, hafa verið unnin á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LINDA RÓS ALFREÐSDÓTTIR OG EVRÓPUÁRIÐ 2007: ÁR JAFNRA TÆKIFÆRA

Barist gegn hvers kyns misrétti

Evrópuárið 2007 ber yfirskriftina Ár jafnra tækifæra. Það er nú að renna sitt skeið en fjölmörg verkefni tengd jafnrétti hafa verið unnin á síðustu mánuðum og munu þau teygja sig eitthvað fram til ársins 2008.

Verkefni ársins eru tuttugu talsins og tengjast þau öll baráttunni gegn mismunun í samfélaginu. Yfirumsjón með þeim hefur Linda Rós Alfreðsdóttir, verkefnastjóri hjá félagsmálaráðuneytinu. „Verkefnin eru annars vegar styrkt af ráðuneytinu og hins vegar af Evrópusambandinu en það eru hin ýmsu félaga- og hagsmunasamtök sem leggja fram vinnu sína,“ segir Linda Rós. „Það sem stendur upp úr í mínum huga er hvað fólk hjá hinum ýmsu samtökum leggur á sig mikla vinnu fyrir málstaðinn sem það berst fyrir og hvað það er hugmyndaríkt og útsjónarsamt,“ segir hún.

Í gær fimmtudag var haldinn opinn fundur í Þjóðmenningarhúsinu þar sem farið var yfir verkefni ársins og næsta miðvikudag fer fram uppskeruhátíð grunnskóla á Akureyri sem hafa tekið þátt í verkefninu Gegn mismunun á öllum skólastigum.

Verkefnunum er ekki öllum lokið og er til dæmis stefnt að útgáfu trúarbragðadagatals í byrjun næsta árs. „Inn á það eru allar helstu trúarhátíðir heims merktar. Gyðingdómur, kristni, íslam, búddismi og hindúismi fá mest vægi en í heildina eru 48 trúarbragðahátíðir merktar inn á dagatalið og er minnst á yfir hundrað,“ segir Linda Rós. „Dagatalinu verður síðan dreift í alla leikskóla, skóla, elliheimili og fjölmenningarlega vinnustaði landsins,“ bætir hún við.

Í febrúar kemur svo út upplýsingabæklingur á ýmsum tungumálum um réttarstöðu samkynhneigðra á Íslandi og um svipað leyti verður veggspjaldaherferð, á vegum kvennaathvarfsins annars vegar og mannréttindaskrifstofu hins vegar, hrundið af stað.

„Í tengslum við ár jafnra tækifæra höfum við staðið fyrir þremur rannsóknum,“ segir Linda Rós. „Einni á kynbundnum launamun á vegum Jafnréttisstofu, annarri á aðstæðum aldraðra fatlaðra á vegum Styrktarfélags vangefinna og þriðju um innflytjendur á vegum Háskóla íslands, Mannfræðistofnunar og Fjölmenningarseturs,“ segir Linda Rós.

„Þá höfum við styrkt uppsetningu Halaleikhópsins á Gaukshreiðrinu og staðið fyrir ljósmyndasamkeppni meðal unglinga í Vinnuskólum landsins svo eitthvað sé nefnt. Linda Rós segir að markmiðið með öllum verkefnunum sé að stuðla að jöfnum tækifærum. „Það er ekki eingöngu hagur einstaklinganna heldur samfélagsins í heild því það er svo margt sem við förum á mis við ef mismunun fær að viðgangast, segir Linda Rós. **vera@frettabladid.is**

†

Systir okkar og frænka,

Elsa Ingvarsdóttir,

Balaskarði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þriðjudaginn 11. desember. Jarðarförin fer fram frá Höskuldarstaðakirkju mánudaginn 17. desember kl. 14.00.

Fyrir hönd systkinabarna og annarra aðstandenda,

Björg Ingvarsdóttir
Geirlaug Ingvarsdóttir
Signý Gunnlaugsdóttir.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Valdimarsson,

fyrrverandi skipstjóri, útgerðarmaður og veitingamaður frá Ólafsvík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 12. desember. Jarðarför verður auglýst síðar.

Guðrún Sigurðardóttir
Una Jóna Sigurðardóttir **Níels Kirschberg**
Guðlaugur Kr. Sigurðsson **Anna María Jónsdóttir**
Kristín Guðbjörg Sigurðardóttir **Bjarni Arnarson**
Valdimar G. Sigurðsson **Rannveig H. Kristinsdóttir**
Níels Pétur Sigurðsson **Hrefna Kristmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

PEPSI MAX

PEPSI MAX KYNNIR:

SKÍFAN LIVE:

UM HELGINA

Skífan Laugavegi í kvöld!

Kl. 20.00 Sprengjuhöllin
Ein vinsælasta hljómsveit landsins leikur lög af nýútkominni plötu.

Kl. 21.00 Mugison
Sýnir snilldartakta og skrúfar upp boogie-ið að vanda.

Lifandi tónlist og fjör í Skífunni alla helgina!

Allir gestir fá **Quality Street** konfekt og **Pepsi Max**.
Þú getur látið taka mynd af þér með tónlistarmönnunum og fengið myndina prentaða og áritaða.

ENNEMM / SÍA / NM31333

Pepsi Max og Skífan Live allar helgar fram að jólum

S·K·Í·F·A·N

FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

pósthúsið

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Íslands þúsund ár

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON GETUR ENN EKKI SUNGIÐ ÞJÓÐSÖNGINN EN TELUR SIG SAMT ÁGÆTAN SÖNGMANN

Á dögunum var kynnt ný útgáfa af þjóðsöng Íslendinga. Hefur nú tónhæð söngsins verið lækkuð, enda ekki á færi nema fárustu söngmanna að komast klakklaust í gegnum hann þar til nú. Það er þó annað en tónhæð sem gerir það að verkum að ég get enn ekki sungið þjóðsönginn okkar.

Íslendingar eru stolt þjóð og þjóðsöngurinn er eins og nafn hans gefur til kynna lofsöngur. En hann er ekki lofsöngur um landið eða þjóðina sem í því býr, þjóð sem hefur oft á tíðum háð erfiða lífsbaráttu og hefur, þrátt fyrir smæð sína, náð ótrúlegum árangri á alþjóðavettvangi. Nei, þjóðsöngurinn er trúarlegur sálmur sem lofar guð.

Trúarsálm þennan samdi Matthías Jochumsson er hann dvaldi í Edinborg og London en lagið við sálminn fékk hann skólabróður sinn og félaga, Sveinbjörn Sveinbjörnsson til að semja. Var hvort tveggja samið til flutnings á hátíðarhöldum þar sem minnast skyldi þúsund ára byggðar á Íslandi árið 1874. Það er ástæða línunnar *Íslands þúsund ár*, sem er tvítekin undir lok hvers erindis. Staðreyndin er að þessi lína er það eina sem tengir textann við landið góða. Enda var sálmurinn ekki hugsaður sem þjóðsöngur þegar hann var saminn, en þá var sjálfstæðisbarátta skammt á veg komin. Það var ekki fyrr en að höfundunum báðum látnum sem hann var gerður að þjóðsöng.

Sálmurinn er þrjú erindi. Tvö síðustu erindin eru þó sjaldnast flutt, enda þótti Matthíasi lítið til þeirra koma. Sjálfum þykir mér þjóðsöngurinn fallegt lag en á engan hátt þjóna hlutverki sínu.

Ég vil að þjóðsöngurinn fylli mig þjóðarstolti og blási mér anda í brjóst. Ég vil að þjóðsöngur fái að hljóma sem oftast og færi bros á andlit viðstaddra.

Þegar sá þjóðsöngur lítur dagsins ljós skal ég teygja mig til hæstu tóna og tipla niður á lægstu nótur með glöðu geði.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BT

JÓLIN ERU AÐ KOMA

VAR AÐ LENDA

TOSHIBA

157371
FSC AMILO XI 22P
Intel Core 2 Duo T7500
- 2.2GHz / 800MHz FSB / 4MB
17" WXGA+ Brilliantview skjár
nVidia Geforce GO 8600M-GS 256MB
2048MB DDR2 Vinnsluminni (2x1GB)
320GB SATA harður diskur (2x160GB)
1GB Intel Turbomemory
DVD skrifari - Double Layer
Innbyggð vefmyndavél
Innbyggður kortalesari
Þráðlaust net - Intel AGN
1x HDMI, 3x USB, 1x VGA, 1x S-Video
1x FireWire, 1x eSATA
Gigabit LAN
Full Size lyklaborð
Windows Vista Premium

1. GREIÐSLA
1. apríl 2008
BT LÁN

179.999

BT LÁN
Verð frá:
5.014
59 mánaða

TAKTU AFRIT

301284E - LACIE 320GB BLACK 9.999
301285E - LACIE 500GB BLACK 14.999
301301E - LACIE 1TB BLACK 24.999

Canon
2175B006
CANON PIXMA MP210
Prentar skannar ljósritar
9.999



Canon
2178B006
CANON PIXMA MP520
Prentar skannar ljósritar
14.999

Canon
2180B006
CANON PIXMA MP610
Prentar skannar ljósriter
19.999

Canon
LIDE 90 MYNDLESARI
Smæsti skanni í heiminum
Upplausn 2400x4800 dpi
USB tengdur
8.999

119.999

1. GREIÐSLA
1. apríl 2008
BT LÁN

BT LÁN
Verð frá:
3.426
59 mánaða

30.000 LÆKKUN

TOSHIBA

PSU30E-04J01NN5
TOSHIBA SATELLITE U300-14K
Intel Core 2 Duo T5250
13.3" TFT WXGA TruBrite
Intel 965GM skjástýring
2GB DDR2 Vinnsluminni
1GB Intel Turbomemory
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 1.85kg á þyngd

Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

VAR AÐ LENDA

TOSHIBA

156944
TOSHIBA SATELLITE X200-21C
Intel Core 2 Duo T7500
- 2.2GHz / 800MHz FSB / 4MB
17.1" WSXGA+ TruBrite skjár
- Upplausn 1680 x 1050
nVidia Geforce 8600M GT SLI 512MB
- allt að 1279MB Turbocache
- HDCP Support
2048MB DDR2 Vinnsluminni (2x1GB)
320GB SATA 150 harður diskur (2x160GB)
1GB Intel Turbomemory
HD DVD ROM / DVD Skrifari
Innbyggð vefmyndavél
Innbyggður kortalesari
Þráðlaust net - Intel AGN
Innbyggt BlueTooth
1x HDMI, 6x USB, 1x VGA, 1x S-Video
1x FireWire, 1x eSATA
Gigabit LAN
Full Size lyklaborð

Windows Vista Premium

1. GREIÐSLA
1. apríl 2008
BT LÁN

219.999

BT LÁN
Verð frá:
6.073
59 mánaða

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

Leiðrétting

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að tónleikar kvennakóra undir stjórn Margrétar Pálmadóttur færu fram í Hallgrímskirkju á morgun, laugardag. Hið rétta er að tónleikarnir fara fram í kvöld kl. 20.30. Hlutaðeigandi aðilar eru hér með beðnir velvirðingar á mistökunum.

menning

menning@frettabladid.is

Fjölskyldan sem falsaði Gauguin

Í haust komst upp um stórtæka breska listmunafalsara sem höfðu árum saman blekkt hvern sérfræðinginn á fætur öðrum. Falsararnir þóttu markverðir fyrir vandvirkni sína, en ekki síður fyrir að um var að ræða hálfgert fjölskyldufyrirtæki. Falsarinn Shaun Greenhalgh og aldraðir foreldrar hans unnu saman að því að blekkja listheiminn og græða peninga á athæfinu. Nýverið kom í ljós að stytta í eigu listasafnsins Art Institute í Chicago í Bandaríkjunum er höfundarverk falsaranna, en hún var áður talin vera eftir myndlistarmanninn Paul Gauguin. Safnið hafði keypt styttuna fyrir tíu árum og þá greitt fyrir hana rúmlega sjö og hálf milljón íslenskra króna. Styttan hafði síðan skipað sérlega heiðursstöðu á meðal gripa safnsins þar sem hún þótti vera með merkilegri kaupum þess í áraraðir.



TAHÍTÍKONUR Raunverulegt málverk eftir meistarann Paul Gauguin.

Styttan sýnir goðsagnaveru sem nefnist skógarpúki og er hálfur maður og hálf geit. Höggmynda- og styttusérfræðingur safnins sagði að styttan væri ákaflega mikilvægur þáttur í höfundarverki Gauguins og sýndi hvernig sjálfsmynd hans var tvískipt á milli siðmenntunnar og villimennsku.

En staðreyndin er að styttan var ekki sköpuð af Gauguin á Tahítí eins og áður var talið, heldur var hún mótuð af svikahrappnum Shaun Greenhalgh í bílskúr í breska bænum Bolton. Greenhalgh og aldraðir foreldrar hans hafa öll hlotið dóma vegna afbrota sinna, en jafnframt hafa þau hlotið nokkra viðurkenningu fyrir falsanir sínar. Listsérfræðingar segja falsanirnar hafa verið svo vandaðar og vel úr garði gerðar að mesta furða sé að komist hafi upp um fjölskylduna.

- vþ

> Ekki missa af...

Fagnaði á vegum tónlistarmannanna Tómasar R. Einarssonar og President Bongo í tilefni af útkomu geisladisksins Rommtommtechno. Diskurinn inniheldur endurhljóðblandanir á tónlist Tómasar og er afskaplega dansvænn. Fagnaðurinn fer fram í kvöld á skemmtistaðnum Sirkus við Klapparstíg og hefst kl. 22.

Aðgát gegn óðagoti

Látlaus og heilhuga ljóðabók, einlægur en hvorki frumlegur né fjölþátta skáldskapur. Ljóð sem treysta á tafarlaus hughrif og tilfinningalega upplifun andartaksins fremur en „torræð tákn og glímu við gátur“ – eins og segir berum orðum í Ljóðlist bls. 34 – ljóð sem svara oftast eigin spurnum og létta öllu sem þau byrgja inni. Gagnorð tunga, fallegur tónn og heilsteypt erindi en ósjálfstæð rödd. Ljóð sem bjóða skáldskapnum fang fremur en fangbrögð, hafa hvorki vit né vilja til að leggja hann að velli. Listin er að stíga, ekki bregða. Kvenleg ljóð, kliðmjúkt hljóðfall.

Bókin upplýsir að skáldkonan býr í fjarlægu flötu landi og hefur nýverið reynt þann harm að missa tvær systur sínar á Íslandi sem illvígur sjúkdómur felldi í blóma lífsins. Ólust þær upp í níu systkina hópi undir bröttu fjalli við djúpan fjörð. Setur það vísvitandi mark á bókina frá upphafi til enda, en yrkisefnið er ofið úr fjórum meginþáttum: (1) Feigð, dauði, tími, eilífð, guð, (2) sorg, söknuður, heimþrá, eftirsjá, fortíðarhyggja, minni, (3) feigðarboð og frjómáttur lifandi náttúru – maður:náttúra, óðagot:aðgát, karlleðli:kveneðli, tortíming:sköpun, og (4) ljóð, orð, skáld. Fyrsti, þriðji og fjórði strengur binda saman og bæta upp persónulegt viðmið fíngerðasta þáttarins – (2) sem er „rauði“ þráðurinn, slagæð bókarinnar – og þar er hugarflugið djarfara, myndefnið lesandanum nærtækara og áreitið því sterkara.

Víða vaka og vakna ferskar hugmyndir, t.d. í ljóði á bls. 18 sem fjallar um tímaleysi minninga og minnis þar sem minnið er kyrrstætt ómælisdjúp í óbreytanlegri hringrás tímans og geymir í speglasal hugans minningar sínar sem rödd sálarinnar getur komið á hreyfingu og endurvarpað úr fylgsnum sínum undir rós. Forspil að ljóðinu er að finna í næsta ljóði á undan (17, sem er upphafsljóð meginkafla bókarinnar) og endurvarp í lokaljóði kaflans (59) þar sem hvert spor lífsleiðar er greypt í hug ljóðmælandans og þakkar vistina með ljóði sem þannig „tendrast af eigin ljósi“ (44). Þá er ferskur blær í ljóði á bls. 40-41 og því næsta á eftir (42). Í því fyrra stekkur alsköpuð ókind náttúrunnar útúr organdi þögn og heyr einvígi við andstæð öfl sín, líknarmáttinn, sem hefur betur og

BÓKMENNTIR

Án spora

Stefanía G. Gísladóttir

★★

Fátt kemur á óvart

sigurlaunin eru sjálf mannkindin. Í ljóðinu á bls. 42 birtist önnur kvk náttúruvera sem í senn er ímynd náttúrunnar og konunnar og tvíeðli hennar er útmálað með andstæðum (mjúkt/hart kalt/heitt seta/staða) og tvíeinni birtingarmynd; tvær konur í einni, önnur áberandi hin falin. Samómur er hér og hvar, t.d. í prósa á bls. 66 þar sem tvíeðlið birtist í „skammlausri lóu“ er syngur blásaklaust tví tvú í bland við villtan dans. En prósarnir (frásagnarljóðin) í lokahlutanum eru víða vekjandi, ekki síst „máttur álfanna“ (71) þótt sjálfur stakkurinn sé þar svolítið skáldaður og muni glæstari tíð.

Form og efni í ljóði verður aldrei aðskilið, slíkt er alltaf einföldun; gott ljóð er smíðað úr efni sínu og fjallar um eigið form, án þess greint verði þar á milli; búningur og boðorð samstæður hluti af „meðferð“ skáldsins. Sambúðin – andar sem unnast innan ljóðsins, eða ekki – ræður úrslitum um ágæti skáldskaparins og yndi lesandans. En sambúðin er fljót að koma uppum sig ef hún er ekki í jafnvægi og þar er fólginn helsti annmarki þessarar bókar; búningurinn stenst boðorðinu ekki snúning. Vissulega falleg lýrík og fullstöndugur skáldskapur inná millum, ekki síst ljóðin um ljóðið, en stíllinn víða svolítið brokkgengur og fátt sem kemur á óvart eða þokar skáldlistinni áleiðis.

Engu síður; ærleg bók.

Sigurður Hróarsson

Leiðsögn um safn Markúsar

Listasafn Íslands býður upp á leiðsögn Aðalsteins Ingólfssonar listfræðings um sýningu á verkum úr safni Markúsar Ívarssonar á sunnudag kl. 14.

AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Aðalsteinn hefur skrifað fjölmargar bækur um myndlist auk greina og listdóma. Aðalsteinn skrifaði meðal annars ítarlega grein um átök meðal myndlistarmanna á fjórða áratugnum en það var á þeim tíma sem Markús Ívarsson var að kaupa myndlist. Í spjalli sínu á sunnudag mun Aðalsteinn fjalla um safnið í heild og sérstöðu þess sem einkasafns með hliðsjón af persónu Markúsar og tíðaranda.

- vþ

Fótstigin uppákoma

Listasafn Árnesinga býður upp á skemmtilega jóladagskrá á morgun þegar Tilraunaeldhúsið treður þar upp með uppákomu sem ber yfirskriftina Jólamess.

ORGELÁHUGAFÓLK Oddný, Kristín og Guðmundur í hátíðarskapi.

Í þetta skipti verða það þrír listamenn sem koma fram á vegum Tilraunaeldhússins; þau Kristín Björk Kristjánsdóttir listamaður, Oddný Eir Ævarsdóttir safnaheimspekingur úr útgáfufélaginu Apaflösu og Kippi Kaninus, sem einnig er þekktur sem Guðmundur Vignir Karlsson, jarðarfarasöngvari, raftónlistarmaður og guðfræðingur.

„Þegar við hófum að sjóða þessa jóladagskrá saman urðum við umsvifalaust dálítið háfleyg og hátíðleg, þó við hefðum reyndar sameinast um ansi gráglettinn undirtón. Við unnum verkin sitt í hvoru lagi en þau tengjast þó á margvíslegan hátt. Við Guðmundur Vignir notumst bæði við orgel í okkar verkum, ég spila lítinn jólastúf á ferðapumpuorgel og sýni súper 8 verkið Fótstignir reimleikar en Vignir setur upp innsetningu úr kirkjuorgelpípum sem hann spilar á með fótfetlum. Svo hefur Oddný skrifað sína texta dálítið út frá því sem við Guðmundur Vignir gerum, þannig að verkin okkar fléttast öll saman og mynda einhvers konar heilaga jólaveröld með tilheyrandi piparkökufnyk," segir Kristín Björk.

Forsprakkar Tilraunaeldhússins eru nýkomnir heim úr tónleikaferð um Kína á vegum raflistahátíðarinnar Notch. Þau Kristín Björk, Jóhann Jóhannsson og Hilmar Jensson komu fram í borgunum Shanghaí, Guongzhou og Peking og léku þar bæði í stórum og virðulegum tónleikasölum og í trylltum næturklúbbum. „Það var alveg ótrúleg lífsreynsla að leika á hátíðinni í Kína. Sums staðar voru áhorfendur afskaplega rólegir og annars staðar var komið fram við okkur eins og rokkstjörnur. Mér leið stundum eins og Mick Jagger, sérstaklega þegar ég var beðin um að árita stuttermaboli," segir Kristín Björk og hlær.

En leiðin er löng frá Kína til Hveragerðis og Kristín á tæplega von á að sama rokkstjörnudýrkunin brjótist út í Listasafni Árnesinga og hún upplifði í Kína. „Það er þó aldrei að vita hvað gerist á þessu jólamessi. Ég er í það minnsta ávallt til í að árita stuttermaboli."

Listaáhugafólk ætti ekki að láta jólamess Tilraunaeldhússins fram hjá sér fara. Að auki gefst safngestum tækifæri til að sjá sýninguna Stefnumót við safneign, en á henni má sjá úrval listaverka í eigu safnsins eftir meistara síðustu aldar.

Jólamess Tilraunaeldhússins fer fram í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á morgun á milli kl. 17 og 18. Aðgangur að viðburðinum er ókeypis og öllum opinn. Benda skal á að þetta er síðasta tækifærið að heimsækja safnið fyrir jól, því sýningahlé verður frá 16. desember til 16. janúar.

vigdis@frettabladid.is

Sigurður í i8

Sigurður Gísli Pálmason kaupsýslumaður er orðinn hluthafi í fyrirtæki þeirra mæðgina, Eddu Jónsdóttur og Barkar Árnasonar, Gallerí i8. Bætist þar við ein stoðin undir rekstur gallería í miðborg Reykjavíkur, en Sindri Sindrason, sá eldri og yngri, eru hluthafar í Gallerí Turpentine og Ingibjörg Pálmadóttir, systir Sigurðar er aðaleigandi Gallerí 101.

Samkvæmt fréttum hefur innkoma Sigurðar í rekstur Gallerís i8 átt sér nokkurn aðdraganda, en galleríið er með fjölda merkra myndlistarmanna á sínum snærum. Sigurður sat um hríð í Listaverkasjóði Pennans sem Gunnar Dungal stofnaði og hefur setið í safnráði Listasafns Reykjavíkur sem mun nú missa af starfskröftum hans.

Kaupsýslumenn eiga víða um lönd virkan hlut í galleríum: Leo Castelli, einn virtasti galleristi New York á sínum tíma var úr fjölskyldu iðnrekanda og eiginkona hans um hríð, Ilona Sonnabend, var líka af kaupsýslufólki komin.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu fyrr á árinu er Gallerí i8 í þröngu húsnæði og þarf að koma sér í rýmra og hagstæðara húsrými. Er ekki hægt að líta á innkomu Sigurðar sem þátt í þeirri sókn en hann hefur á síðustu misserum komið að ýmsu menningarstarfi: rekur bókaútgáfu á Íslandi og Bretlandi, framleiðir heimildarmyndir og er annar eigenda Eiða. Nú er hann kominn í myndlistarbransann enn frekar, en á árum áður hafði hann afskipti af leikhúsrekstri.

MYNDLIST Sigurður Gísli Pálmason kaupsýslumaður.

„Guð hjálpi íslensku þjóðinni.“

-gatewaymonthly.com

Kaupið okkur
er nýjasta bók
Hugleiks Dagssonar.

Enn á ný tekst
honum á skondinn
og áhrifamikinn
hátt að beina sjónum
okkar að margs
konar meinsemdum
í samskiptum fólks,
brengluðu gildismati,
brengluðu siðferði og
hættulegum siðferðilegum
doða og afskiptaleysi. Sögur
hans eru eins og ljósmyndir úr
lífi fólks og hann lætur okkur
eftir að fylla í eyðurnar.

Hugleikur Dagsson skrifar teiknimyndasögur og leikrit og hafa verk hans komið út á fjölda tungumála og hlotið alls konar viðtökur.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Graður og fullur Finni í kröppum dansi

Valur Gunnarsson er frumlegur náungi. Og hans fyrsta skáldsaga er frumleg. Sögusviðið er Helsinki dagsins í dag og norðurhluti Finnlands. Söguhetjan er Ilkka Hampurilainen; ólánlegur, luralegur og þurfandi Finni á fertugsaldri, þunglyndur ekki síst vegna þess að fáar konur vilja þýðast hann. Kvenmannsleysið leggst þungt á okkar mann:

„Fljótt á litið hafði Ilkka því gengið í gegnum um 1000 hafnanir á 10 ára tímabili. Af þeim hafði hann ekkert lært, ekkert varð auðveldara með árunum. Það eina breyttist að allir urðu ófríðari, bæði hann sjálfur og konurnar sem reynt var við.“ (Bls. 102)

Ilkka er þannig hin dæmigerða andhetja. Starf hans er niðurdrepandi eða þrif á ferjum sem ganga um Eystrasalt. Ilkka ákveður dag nokkurn að sturta sig fullan og fara með einni ferjunni yfir sundið til Svíþjóðar. Og þá tekur við atburðarás sem Ilkka fær litlu um ráðið og teymir hann á norðurslóðir.

Samhliða því sem lesendur fylgjast með Ilkka er sögð saga Lofts sem er uppi á 6. öld eftir Krists burð. Loftur er bragðarefur en að öðru leyti á hann samsvörun í Ilkka: Ófríður og illa vaxinn, graður og ófullnægður. Valur stillir sögusvið Lofts þannig af að goðheimar eru lifandi veruleiki og fléttast við sögu Lofts. Vanir og æsir auk annarra goðafræðilegra persóna koma við sögu. Líkt og geta má nærri fléttast svo saga Ilkka og Lofts saman með ævintýralegum hætti.

Frásagnarmátinn, að víxla stöðugt milli þeirra Ilkka og Lofts, býður upp á að skilja lesandann eftir í spennu og draga hann þannig áfram. Og oft tekst það. En hættan er sú að frásögnin verði höktandi. Þegar höfundur kemst á flug með Ilkka eða Loft krefst bygging bókarinnar þess að sjónarhornum sé víxlað. Sem getur reynt á þolinmæði lesandans. Þá bindur þessi frásagnarmáti hendur Vals þannig að þegar hann leggur lykkju á leið sína til að segja frá einhverjum atriðum sem þó tengjast sögunni með óbeinum hætti kann lesandi höfundi litlar þakkir. Og frasinn: „Gat ekki lagt bókina frá mér“ er ekki brúklegur þegar Konungur norðursins er undir.

Valur hefur verið lengi með bókina í vinnslu. Hann leggur mikið undir því sögulok verða að ganga upp svo allt hrynji ekki til grunna. Þegar heimum Ilkka og Lofts lýstur saman fyrir alvöru verður frásögnin nánast súrrealistísk en einhvern veginn tekst Val þó að halda um alla þræði. Og sleppur vel fyrir horn ekki síst með því að vera vel vakandi fyrir kómískum aðstæðum sögupersóna sinna. Því má með sanni segja að bókin sé glæsilegt fyrsta verk höfundar. Þá má og nefna að Valur hefur lengi starfað sem blaðamaður og er vel pennafær. Stíll bókarinnar einkennist af oft snjöllu líkingamáli. Eins og þegar Illka stillir upp saltstauk og sítrónum sem tindátum, hann er að leggja til atlögu við erfiða þynnku, og líður eins og Napóleóni sem virðir fyrir sér óvinaher sveitir við Waterloo. „Þetta myndi ekki fara vel, en best að drífa það af samt.“ (Bls. 20) Á tímabili leit út fyrir að Valur væri að ofnota líkingamálið en þegar upp er staðið rímar það stílbragð ágætlega við söguheim bókarinnar.

Glæsilegt fyrsta verk höfundar sem sagt en til að Valur eigi eitthvað inni við næstu skáldsögu (og væri meira krefjandi fyrir höfund gagnvart íslenskum lesendum ef sögusviðið væri kunnuglegra), plús áðurnefndir annmarkar, hljóta mörkin að liggja við þrjár stjörnur – hvað sem líður almennri stjörnugleði gagnrýnenda.

Jakob Bjarnar Grétarsson

BÓKMENNTIR

Konungur norðursins

Valur Gunnarsson

★★★

Glæsilegt fyrsta verk höfundar

ÁR MEGASAR

★★★★★
- Morgunblaðið
★★★★★
- Fréttablaðið

★★★★★
- Morgunblaðið
★★★★★
- Fréttablaðið

Megas og Senuþjófarnir á Nasa í kvöld
forsala á midi.is

Einnig fáanlegar glæsilegar endurútgáfur með fjölda aukalaga!

Megas

Millilending

Fram og aftur blindgötuna

Á bleikum náttkjólum

Nú er ég klæddur og kominn á ról

Í góðri trú

Loftmynd

Höfuðlausnir

Englaryk í tímaglasi

Hættuleg hljómsveit og glæpakvendið Stella

Þrír blóðdropar

Drög að upprisu



1972 - 2002

Greinilegur púls

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

Óupplýst morð á Laugalæk

BÓKMENNTIR

Morðið á Laugalæk

Þorsteinn B. Einarsson

★★★

Nákvæm fréttaskýring, sem dregur fram í dagsljósið staðreyndir um óupplýst sakamál á Íslandi.



Í janúar 1968 var framið morð í Reykjavík. Það var hvorki í fyrsta né síðasta sinn sem sá skelfilegi atburður átti sér stað í borginni. Það sem var sérstakt var hins vegar það að illa gekk að upplýsa hver framdi verknaðinn. Morðið á Laugalæk eftir Þorstein B. Einarsson segir frá öllum staðreyndum sem fram komu við rannsókn málsins og skýrir frá því hvað leiddi til handtöku, ákæru og síðar sýknunar í málinu.

18. janúar 1968 var framið morð í leigubíl við Laugalæk í Reykjavík. Bílstjórinn hafði verið myrtur við vinnu sína. Skotinn úr aftursæti bílsins með byssu sem seinna kom í ljós að var í eigu þekkts hótelhaldara í borginni. Byssan hafði reyndar horfið úr fórum hans nokkru áður en morðið var framið. Morðnóttina og daginn sem fylgdi í kjölfarið var leiðindaveður í borginni og því allar aðstæður til öflunar sönnunargagna á vettvangi slæmar. Höfundur útskýrir í þaula reglur og aðferðir við öflun sönnunargagna og leggur ekki dóm störf lögreglunnar heldur leitar skýringa. Höfundur bókarinnar Þorsteinn B. Einarsson verkfræðingur var starfandi á Alþýðublaðinu 1968. Málið hafði gríðarleg áhrif á samfélagið allt. Eyjan í norðri færist nær hinum stóra heimi þegar illvirki sem aðeins hefur heyrst um í útlöndum eru framin hér. Þorsteinn fer af mikilli nákvæmni yfir allar staðreyndir málsins. Hann veltir upp spurningum og leitar staðreynda sem mögulega hefðu þurft að vera til staðar, þegar rannsókn málsins fór fram. Öll framsetning Þorsteins einkennist af nákvæmni, lesandinn fær greinargóðar upplýsingar um allt sem að málinu snýr, allt frá tegund bifreiðar og byssu til starfsreglna leigubílstjóra. Það má auðveldlega leiða rök að því að um langa fréttaskýringu sé að ræða. Frametning efnis og texta er í anda fréttaskýringar. Höfundur er ekki að leita lausna í málinu, aðeins að draga fram staðreyndir og velta vöngum yfir þeirri atburðarás sem fór af stað eftir að morðið var framið á Laugalæk. Bókin vekur lesandann ekki síst til umhugsunar um þá hröðu þróun sem orðið hefur í íslensku samfélagi. Fyrir fjörutíu árum, þegar glæpurinn var framinn, var rannsókn á vettvangi glæps lögreglunni á Íslandi svo framandi að varla er hægt að ætlast til þess að starfsmenn hennar kynnu nokkuð til verka. Það er fróðlegt að lesa umfjöllun Þorsteins um málið. Hann heldur sig að öllu leyti við staðreyndir og notar í flestum tilfellum rétt nöfn þeirra sem að málinu komu. Lögreglan átti bágt með að vita hvernig hún ætti að snúa sér í málinu og margir hafa talið að hún hafi klúðrað rannsókninni. Þorsteinn gefur lesendum tækifæri á að dæma sjálfir um það og meta út frá staðreyndum, hvað í raun og veru gerðist á Laugalæknum þessa örlagaríku nótt.

Hildur Heimisdóttir

GRÝLA OG LEPPALÚÐI Tilheyra íslenskum jólum.

Íslenskir jólasiðir

Dr. Terry Gunnell flytur fyrirlestur um gömlu íslensku jólin í Þjóðminjasafni Íslands á morgun kl. 15.

Fyrirlesturinn, sem fer fram á ensku, fjallar um trú og siði kringum íslensku jólin í aldanna rás, frá heiðnum goðum til gárunga og hrekkjóttra íslenskra jólasveina.

Í fyrirlestri sínum seilist Terry aftur til goða og norrænnar trúar og skoðar jólin í fornsögum og þjóðsögum. Terry mun að sjálfsögðu fjalla um hina tröllslegu Grýlu og hina hrekkjóttu íslensku jólasveina. Einnig mun hann segja frá athyglisverðum ættingjum þeirra í nágrannalöndunum.

Terry Gunnell er dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands og býr ekki aðeins yfir mikilli þekkingu heldur einstakri frásagnargáfu. Þar eð Terry mælir fram á ensku gefst þarna gott tækifæri fyrir gesti frá öðrum löndum og þá sem eru nýfluttir til landsins til að fræðast um gömlu íslensku jólin. Þjóðlegur fróðleikur um jólasiði á þó líka erindi til Íslendinga.

Ekkert kostar inn og allir eru velkomnir. Terry mun flytja fyrirlesturinn aftur laugardaginn 22. desember klukkan 13. **- vþ**

Síðasta sýningarhelgi

Um síðustu helgi opnaði Grafíkfélagið árvissa jólasýningu sína í Grafíksafninu í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Að þessu sinni taka 14 félagsmenn Grafíkfélagsins þátt í sýningunni og er því um að ræða fjölbreytta og skemmtilega sýningu.

HAFNARHÚSIÐ Grafíksafnið er í Hafnarhúsinu.

Sýningunni lýkur nú um helgina og því ættu áhugasamir að grípa tækifærið og skoða hana meðan það er enn mögulegt. Sýningin er opin á morgun og á sunnudag á milli kl. 14 og 18. **- vþ**

Hulduföllk í nútímanum

BÓKMENNTIR

Hefurðu séð huldufólk?

Unnur Jökulsdóttir

★★

Óvenjuleg en heldur þunn ferðasaga

Í bók sinni, Hefurðu séð huldufólk?, gerir Unnur Jökulsdóttir víðreist um landið og leitar uppi staði og sögur sem tengjast huldufólki. Verkefnið er mjög athyglisvert – að kanna hvernig huldufólkssögur lifa enn með landsmönnum og hvernig þær „birtast“ okkur í dag. Þetta er vandmeðfarið efni því það tengist trú manna ekki síður en sagnamennskunni því líkt og Unnur sýnir með bók sinni lifa margir í henni.

UNNUR JÖKULSDÓTTIR

Deila má um hvort trú á huldufólk flokkist sem sérviska eða liður í náttúrutrú en líklegt má teljast að trú þessi hafi orðið meira áberandi á nýliðnum árum – ekki síst vegna aukinnar ferðamennsku og útgáfu á efni fyrir þann markhóp. Minnug fyrri lestra á þjóðsögum og sagnaþáttum finnst mér þó þrettándinn þunnur í frásögnum þessarar bókar. Ég er ekki viss um hvort það er aldur minn eða ástand heimsins sem hefur slævt áhrifamátt huldufólkssagnanna í mínum huga en ég varð sannast sagna fyrir nokkrum vonbrigðum.

Flestar frásagnanna snúast um samskipti sem eru fjarri æsilegum viðburðum þjóðsagnanna þegar þessu fólki annars heims voru lögð orð í munn og afskiptasemi þeirra virtist meiri. Sögumenn þeir og konur sem Unnur greinir frá leggja mismikinn trúnað á huldufólkssögur, sum hafa haft bein samskipti við huldufólk á meðan aðrir viðmælendur fara hálfgildings undan í flæmingi. Þetta er falleg bók, hana prýða laglegar ljósmyndir og frágangur hennar er til fyrirmyndar. Bókinni er skipt upp milli landshluta en ég saknaði þess að hafa kort af landsvæðum og þá til dæmis merkingar um þá staði sem höfundur tengir sérstaklega við huldufólk. Frásagnir af ferðum höfundarins og samferðafólks fundust mér óþarflega umfangsmiklar – hugleiðingar Unnar um huldufólkstrú og einkunnir þær sem hún gefur viðmælendum sínum verða fljótt fyrirsjáanlegar og er lítill stígandi í þessari sögu. Í bókarlok er höfundurinn kominn í hring og aftur á huldufólksslóðir í Grímsnesi en þar hyggst hún með leiðsögn skyggnrar konu leita huldufólks í nágrenninu. Lýsingar þess eru mögulega til marks um undarlegt samlífi mannfólks og huldufólks því í þeirri frásögn skarast ólíkir heimar – „heimsóknin“ í hulduheimana er trufluð þegar bláum golfbíl er hreinlega ekið inn í frásögnina.

Það er gott og gilt að safna saman huldufólkssögum á okkar dögum og Unnur vísar til nokkurra fyrri safnrita í bók sinni sem einnig er fróðlegt að kynna sér ef fólk hefur mikinn áhuga á efninu. Bók þessi verður vafalítið ágætis heimild um huldufólkstrú í framtíðinni. **Kristrún Heiða Hauksdóttir**

LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR Les upp úr sinni fyrstu skáldsögu á Akranesi í kvöld.

Konur lesa upp

Knáar konur sem gefa út bækur á vegum bókaútgáfunnar Sölku kynna bækur sínar í kvöld kl. 20 í kaffihúsi Skrúðgarðs á Akranesi.

Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir lesa upp úr bók sinni Postulín. Þegar Freyja fæddist var henni ekki hugað líf en í dag hefur hún afrekað meira en margir jafnaldrar hennar.

Guðrún Hannesdóttir er mörgum kunn fyrir barnabækur sínar auk þess að hafa safnað gömlum vísum fyrir börn. Hér kemur hún með fyrstu ljóðabók sína, Fléttur, og hefur fengið feikigóð viðbrögð.

Lóa Pind Aldísardóttir les úr Sautjándanum. Um er að ræða eldfima skáldsögu um Ylfu sem fer í gæsaferð með vinkonum sínum og lendir í atburðarás sem bókstaflega umturnar lífi hennar.

Auður Ólafsdóttir les úr bók sinni Afleggjarinn sem er gullfalleg saga um ungan mann sem yfirgefur ástvini sína og leggur af stað í ferð sem verður honum afdrifarík. - vþ

LAUGARNESKIRKJA Hýsir jólatónleika Bjarkar Jónsdóttur.

Jólatónleikar í Laugarneskirkju

Söngkonan Björk Jónsdóttir kemur fram á jólatónleikum í Laugarneskirkju á sunnudag kl. 17. Á efnisskránni eru kirkjulög, aríur og jólalög. Undirleikari með söng Bjarkar er Bjarni Jónatansson.

Auk Bjarkar og Bjarna kemur kvennakórinn Heklurnar í heimsókn og flytur vel valin jólalög.

Aðgangseyrir að tónleikunum er 1.000 krónur en aðgangur er ókeypis fyrir börn. - vþ

GEFÐU LYKIL AÐ ÞÆGINDUM ÞESSI JÓLIN

Innifalið í lyklum að Hótel Örk er aðgangur að öllum þægindum hótelsins, svo sem gufubaði, sundlaug, heitum pottum, golfvellinum við Hótel Örk og Gufudalsgolfvelli.

Sælulykill

Gisting í eina nótt ásamt þriggja rétta veislukvöldverði, fordrykk og morgunverði af hlaðborði. Gildir frá sunnudegi til föstudags.

Fyrir 1: 11.950.-
Fyrir 2: 17.900.-

Laugardagslykill

Gisting aðfararnótt sunnudags ásamt fimm rétta veislukvöldverði, fordrykk og morgunverði af hlaðborði. Óvæntur glaðningur við komu.

Fyrir 1: 16.200.-

Helgarlykill

Gisting í tvær nætur frá föstudegi til sunnudags. Þriggja rétta veislukvöldverður ásamt fordrykk á föstudegi og fimm rétta veislukvöldverður ásamt fordrykk á laugardegi. Morgunverður af hlaðborði. Óvæntur glaðningur við komu.

Fyrir 1: 26.600.-
Fyrir 2: 39.800.-

Sparidagalykill

Gisting í fimm nætur fyrir 1 á Sparidögum ásamt kvöldverði alla daga. Aðgangur að dagskrá sparidaga og morgunverður af hlaðborði. .

Verð: 29.800.-

Auk þess sem lyklarnir eru að sjálfsögðu seldir á Hótel Örk er hægt að nálgast þá á Hótel Cabin.

WWW.HOTEL-ORK.IS
INFO@HOTEL-ORK.IS
TEL: +354 483 4700

HÓTEL ÖRK

RIVERS CUOMO

LED ZEPPELIN

> Í SPILARANUM

Rivers Cuomo - Alone: the Home Recordings of Rivers Cuomo
Iron & Wine - The Shepherd's Dog
Björgvin Halldórsson & gestir - Jólagestir Björgvins 4
South River Band - Allar stúlkurnar
Led Zeppelin - Mothership

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Hermigervill ekki hættur

„Ég vil taka það fram að Hermigervill er alls ekki hættur. Hann er að undirbúa nýja plötu og er bíða eftir „inspiration" fyrir hana," segir danstónlistarmaðurinn Sveinbjörn Thorarensen, sem hefur gefið út tvær plötur undir nafninu Hermigervill.

Sveinbjörn kom fram undir nýju nafni, SvenBit, á tónleikum í Liverpool fyrir skömmu og vakti þar athygli fyrir hæfileika sína. „Ég er ekki búinn að kynnast honum nógu vel en hann er miklu meiri elektrógaur en Hermigervill," segir hann um SvenBit.

Sveinbjörn stundar nám í hljóðupptökulist í Hollandi og líkar lífið vel. Hann er þó ekkert alltof hrifinn af hollenskri dans-tónlist. „Tónlistarsenan hérna er hálfglötuð. Það er eiginlega miklu meira skemmtilegt að gerast á Íslandi í þessum raftónlistarbransa. Hérna hlusta allir á eitthvað leiðinda trans."

SVEINBJÖRN THORARENSEN Sven Bit spilaði í Liverpool á dögunum. MYND/JOSEPH HUGHES

Undanfarið hefur hann verið upptekinn við að koma upp hljóðveri heima hjá sér auk þess sem ný kassetta frá Sven Bit er væntanleg. „Það hlustar enginn á geisladiska lengur. Það breytir engu hvort maður gefur út geisladiska eða kassettur, fólk „dánlódar" öllu hvort sem er," segir Sveinbjörn, sem tekur fram að með kassettunni fylgi slóð þar sem hægt er að hlaða niður tónlistinni.

- fb

> Plata vikunnar

Akron/Family - Love is Simple

★★★★

„Kæruleysisleg glaðværð skín af plötunni þar sem meðlimir Akron/Family leika lausum hala á leikvelli ástarinnar."

SHA

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Hver eru lög ársins 2007?

MIKA Hetja eða þöngulhaus?

Nú er tími áramóta-uppgjöranna og allir tónlistarmiðlar að fyllast af úttektum og listum yfir það sem stóð upp úr á árinu 2007. Listi yfir bestu plötur ársins, valinn af nokkuð fjölmennum hópi tónlistarspekúlanta verður birtur hér í Fréttablaðinu fyrir árslok. Það er hins vegar líka gaman að velta fyrir sér hvaða lög stóðu upp úr á árinu.

Nokkur innlend lög koma strax upp í hugann. Bæði Verum í sambandi og Glúmur með Sprengjuhöllinni settu sterkan svip á árið og það gerðu líka Waiting To Happen og Hold Me Closer með Motion Boys, Story of a Star með Ultra Mega Technobandinu Stefán og Goodbye July / Margt að ugga með Hjaltalín. Eins mætti nefna Skítapakk með Dr. Spock, Við og við með Ólöfu Arnalds, Moving Like A Tiger með Bloodgroup, Cynthia með FM Belfast og Verðbólgin augu með Nýdönsk sem er eðal poppsmellur... Tja. Þetta eru a.m.k. lögin sem koma fyrst upp í hugann.

Í erlendu deildinni koma mér strax í hug lög eins og North American Scum með LCD Soundsystem, Atlas með Battles og You Know I'm No Good með Amy Winehouse. Byrjunin á því lagi er algjör killer.

Bresku blöðin hafa flest þegar birt sína árslista. NME valdi Golden Skans með Klaxons (og reyndar plötuna þeirra Myths of the Near Future bestu plötu ársins líka). Mojo og Uncut eru bæði með lög með LCD Soundsystem, Mojo velur All My Friends, en Uncut North American Scum. Q velur hins vegar sumarsmellinn Umbrella með Rhiönnu, en það lag er víða hátt á listum.

Maður ársins í smáskífudeildinni er samt án efa Mika. Erlendu miðlarnir keppast við að finna upp nýjar kategóríur til að níða hann niður. Hann er „Þöngulhaus ársins" í Clash Magazine og á öll fjögur lögin á „Fjögur verstu smáskífulög ársins" listanum í Uncut... Hvað vinsældir og spilun varðar er hann samt án efa sigurvegarinn. Grace Kelly mun lifa!

Huldumaðurinn aftur á kreik

Einn sérstæðasti tónlistarmaður samtímans, Burial, er nýbúinn að senda frá sér nýja breiðskífu. Steinþór Helgi Arnsteinsson rýndi í leyndardóminn á bak við þennan mikla huldumann.

BURIAL Örfáir vita hver tónlistarmaðurinn Burial í raun og veru er. Myndin hér að ofan er ein af örfáum myndum sem til eru af honum og ekki verður sagt að hún gefi mikið upp um auðkenni tónlistarmannsins. MYND: DRUMZ OF THE SOUTH/GEORGINA COOK

Drum'n bass-stefnan hefur svo sannarlega aldrei lagst í dvala síðan hún kom fyrst fram á sjónarsviðið, eins og ég hef reyndar áður skrifað um hér á tónlistarsíðum Fréttablaðsins. Ég viðurkenni samt alveg að stefnan er ekki nærri eins spennandi og hún var í árdögum sínum. Undirstefna drum 'n bass, hin svokallað dubstep-stefna, hefur hins vegar rækilega beint kastljósinu í átt að þessum geira.

Þá staðreynd má þakka að mörgu leyti tónlistarmanninum Burial. Frumburður hans leit dagsins ljós í fyrra og valdi Wire, framsæknasta tónlistarblað Bretlands, plötuna þá bestu á árinu 2006 (náði einnig inn á topplista Almost Cool, Mixmag og Dusted).

Hver er eiginlega Burial?

Frumburðurinn, samnefnd listamanninum, fór eins og eldur um sinu milli tónlistarnörda. Hið undarlega andrúmsloft plötunnar og heillandi hljóðheimur virtist gefa tónlistarpressunni einn „god morgen" og hún átti vart til orð. Nánast ógerningur er líka að lýsa tónlist Burial og þyrfti ég líklega að nota tvöfalt það pláss sem vanalega færi í grein sem þessa einvörðungu í slíka lýsingu. Ég ætla hins vegar að hlífa ykkur og hvet ykkur í staðinn til að hlusta á kappann knáa.

Reyndar er ekkert endilega vitað að Burial sé kappi knár. „Einu sagði sagði einhver við mig: „Já, Burial er stelpa." „Ég veit um einn sem hefur hitt hana", útskýrði Burial í nýlegu viðtali við The Guardian. Þessi óvissa um auðkenni Burial er líka annar þáttur sem gefur tónlist hans svo mikla sérstöðu enda fullyrti Burial í þessu sama viðtali að eingöngu fimm manns utan fjölskyldu hans vissu hver hann væri í raun og veru.

Heyrnartólatónlist

Burial spilar heldur aldrei á tónleikum, og gefur afar sjaldan viðtöl, líklegast ná þau vart yfir tuginn. Reyndar geta tónar Burial vart talist þess eðlis að þeir séu spilaðir á þessum týpísku drum 'n bass klúbbakvöldum. Þeir virðast töluvert betur til þess fallnir að óma í góðum heyrnartólum en ógnarstórum hátalarastæðum. „Þetta snýst meira um það þegar þú ert að snúa heim eftir að hafa verið úti einhvers staðar; í leigubíl eða næturstrætó, eða með einhverjum, eða labbandi um London á leiðinni heim, dreymandi, og þú ert einhvern veginn einn með tónlistina enn bergmálandi innra með þér, í æðunum, og hið daglega amstur reynir að koma í veg fyrir það."

Besta plata ársins?

Fyrsta platan tók um sex ár í framleiðslu og þess vegna kemur nokkuð á óvart að plata númer tvö skuli fylgja svo fast á eftir. Sjálfur lýsir Burial plötunni eins og óæskilegum getnaði. „Stefin urðu til nokkuð hratt um miðja nótt og þurftu að berjast fyrir lífi sínu."

Viðbrögðin hafa heldur ekki látið á sér standa og gagnrýnendur virðast gapandi yfir gæðum nýju plötunnar, Untrue. Sem dæmi má nefna að á Metacritic.com, sem safnar saman og býr til meðaltal helstu dóma, er Untrue í efsta sæti yfir plötur ársins 2007 með 91 af 100 í meðaltal. Gerið því fastlega ráð fyrir að sjá Untrue með Burial á topplistum hér og þar þegar árið 2007 verður gert upp.

Afmælisdiskur veldur ólgu

„Við erum búnir að vera nett í þunglyndi og með magakveisur yfir þessu," segir Birgir Nielsen, trommari Lands og sona, sem hefur beðið í tvær vikur eftir því að nýr myndadiskur hljómsveitarinnar komi til landsins. Diskurinn, sem nefnist Lífið er yndislegt, hefur að geyma upptökur frá tíu ára afmælistónleikum sveitarinnar í Íslensku óperunni í haust og var þar vandað mikið til verka. „Tónleikarnir voru áttunda nóvember. Þeir tókust rosalega vel og eftirvinnslan líka en svo byrjaði ballið úti í Austurríki hjá Sony," segir Birgir. „Það er voðalega leiðinlegt að þurfa að draga einhvern einn út en það verður að segjast eins og er að tempóið sem fólk er að vinna á í öðrum löndum en hérna heima er bara allt annað. Þetta er skelfilegt mál því við vorum búnir að bóka okkur í áritanir og annað."

BIÐSTAÐA Hljómsveitin Land og synir hefur beðið í tvær vikur eftir nýjum mynddiski sínum. Birgir Nielsen hefur þjáðst af magakveisu vegna tafanna.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem íslenskir diskar tefjast í framleiðslu erlendis, því Páll Óskar, Raggi Bjarna, Sigga Beinteins og Einar Ágúst lentu öll í því sama fyrir jólin.

Að sögn Birgis hefur mikið verið beðið um diskinn, enda á Land og synir stóran aðdáendahóp hérlendis. Um „dual"-disk er að ræða, eða geisladisk öðrum megin og mynddisk hinum megin. „DVD-diskurinn er svo hlaðinn að það hefði ekki verið hægt að koma einni kynningu frá Hemma Gunn í viðbót. Hann er í gríðarlega miklum gæðum enda var ekki neitt til sparað og sándið á honum gefur mörgum erlendum DVD-diskum lítið eftir."

Um leið og diskurinn kemur út, sem verður líklega í dag, ætla Land og synir að fylgja honum vel á eftir, bæði með áritunum og með tónleikahaldi víðs vegar um landið eftir áramót.

- fb

Wii er komin
í allar verslanir
Skífunnar

iPod er kominn
í allar verslanir Skífunnar.

Skifulán
í boði

Mesta úrvalið af iPod fylgihlutum
og yfir 30.000 titlar af tónlist.

Skifulán
í boði

Wii og iPod
á betra verði í Skífunni

S·K·Í·F·A·N

> FJÖLHÆF LILY

Breska söngkonan Lily Allen er vinsæl um þessar mundir. Á næsta ári mun hún verða andlit nærfatamerkisins Agent Provocateur, en hún hefur einnig verið fengin í dómnefnd sem útnefnir næsta handhafa Orange Broadband-verðlaunanna fyrir skáldsögu.

fólk

folk@frettabladid.is

Britney þjáist af ofsakvíða

Britney Spears gat ekki verið viðstödd vitnaleiðslur á miðvikudaginn sökum þess að söngkonan þjáist af ofsakvíða. Þetta segir vinkona hennar, Sam Lafti, sem dansar á tónleikum Spears. Söngkonan átti að mæta til lögfræðings Kevins Federline, Mark Kaplan, þar sem forræðisdeila þeirra heldur áfram en lét ekki sjá sig. Og voru fjölmiðlar ekki lengi að grípa það á lofti og snúa öllu á versta veg.

En Lafti sendi People.com tölvupóst þar sem hún útskýrði ástand Spears. „Hún er einfaldlega veik á líkama og sál. Það er ekki auðvelt að mæta þúsundum ljósmyndara á hverjum degi og sérstaklega þegar þú þarft að takast á við svona erfitt mál," skrifaði Lafti. Samkvæmt heimildarmanni The Sun er Britney nú á barmi taugaáfalls en hún hefur þó gefið sér tíma til að kíkja yfir handrt að kvikmyndinni Sweet Baby Jesus þar sem henni hefur verið boðið að leika sjálfa Maríu mey.

OFSAKVÍÐI Britney Spears þjáist af ofsakvíða og getur því ekki sinnt forræðisdeilunni við Federline af heilum hug.

Lottóvinningshafi enn ófundinn

Aðeins annar vinningshafinn hefur gefið sig fram af þeim tveimur sem voru með allar fimm tölur réttar og fengu sexfaldan vinning í Lottó síðastliðinn laugardag. Um er að ræða ungt par með tvö ung börn en þau fá 23 milljónir króna í sinn hlut. Miðinn var keyptur í Nammi.is í Smáralind. „Þau voru bara stödd í Smáralind þar sem við vorum með blöðrur og svona stemningu í kringum Lottóið og mundu þá eftir því að kaupa miða," segir Guðbjörg Hólm hjá Íslenskri getspá. „Það má segja að blöðrurnar hafi gert þau rík! Þau voru alveg ótrúlega róleg yfir þessu og greinilega með báða fætur á jörðunni."

Hinn vinningsmiðinn var keyptur í versluninni Úrval í Hrísalundi á Akureyri en dularfulla Úrvals-manneskjan hefur enn ekki komið í leitirnar. Athygli vekur að það var einnig Akureyringur sem hreppti í byrjun október stærsta lottóvinning sem greiddur hefur verið út á Íslandi, 105 milljónir í Víkingalottói. „Já, þeir eru ansi drjúgir með sig þarna fyrir norðan," segir Guðbjörg og hlær en hvetur um leið alla þá sem keyptu miða í Úrvali til þess að fara vel yfir seðlana sína. „Einhver á hér hjá okkur rétt um 23 milljónir. Það má nú nota það í eitthvað."

AUGLÝSIR EFTIR AKUREYRINGI Guðbjörg Hólm segir 23 milljóna lottóvinning leynast á Akureyri.

Parið unga fær vinninginn greiddan út þann 7. janúar, daginn eftir þrettándann. Hið sama gildir um Úrvals-manneskjuna að því gefnu að hún gefi sig fram. „Þau fá glaðning á nýju ári og geta notað kreditkortið að vild með góðri samvisku fyrir jólin."

- sók

Krúnukúgari á MySpace

Mál Ians Strachan er síður en svo gleymt en hinn hálfíslenski, þrítugi glaumglosi situr nú í Belmarsh, grunaður um að hafa ætlað að kúga fé út úr meðlim bresku konungsfjölskyldunnar.

Dómari í máli Pauls Ians Strachan Adalsteinsson hafnaði kröfu lögfræðinga um láta hann lausan gegn tryggingu þann 7. desember síðastliðinn. Ian, sem á íslenskan föður, var handtekinn 11. september á þessu ári, grunaður um að hafa ætlað að kúga fé út úr meðlim bresku konungsfjölskyldunnar vegna myndbandsupptöku á síma. Breskir fjölmiðlar mega ekki greina frá hver umræddur maður er en bandarískir vefmiðlar hafa sagt þetta vera Viscount Linley sem er tólfti í krúnuröðinni og frændi Elísabetar drottningar.

Niðurstaða dómstólsins þýðir að Ian og meintur vitorðsmaður hans, Sean McGuigan, verða í haldi fram til 20. desember í Belmarsh-fangelsinu þar til mál þeirra verður tekið fyrir í Old Baily. Lögfræðingar Ians halda fram sakleysi skjólstæðings síns og í samtali við BBC-fréttavefinn segjast þeir hafa nokkuð öruggt mál í höndunum.

En þrátt fyrir að Ian sé haldið bak við lás og slá virðist lögfræðingur hans, Giovanni Di Stefano, sannfærður um sakleysi hans og heldur úti ansi öflugri My Space-síðu á myspace.com/ianstrachandiary. Þar má finna fréttaflutning af gangi mála auk þess sem Di Stefano útskýrir það skýrt og greinilega í myndbandi hversu fáranlegt það sé í hans augum. Einnig má þar sjá skrif Ians um dvölina í Belmarsh og myndir af honum við hin ýmsu tækifæri.

Í STEININUM Ian Strachan þarf að dúsa bak við lás og slá til 20. desember þegar mál hans verður tekið fyrir í Old Baily.

BUCKINGHAMHÖLL Meint fjárkúgunartilraun Ians Strachan hefur valdið fjaðrafoki innan bresku konungsfjölskyldunnar. NORDICPHOTOS/AP

Giovanni segir á heimasíðunni að hann hafi undir höndunum viðkvæm skjöl sem eigi eftir að koma illa við konungsfjölskylduna þegar þau verða dregin fram í dagsljósið. „Og ég ætla ekki að selja þau til fjölmiðla þrátt fyrir tilboð upp á himinháar upphæðir," skrifar Di Stefano. Ian lætur þess síðan getið að mönnum sé frjálst að skrifa bréf til hans en heimsóknir í Belmarsh séu bundnar við fjölskyldumeðlimi.

En það eru ekki bara lagalegar útskýringar lögfræðingsins skrautlega og myndaalbúm sem vekja athygli því meðal „vina" Ians er lestarþjófurinn Ronnie Biggs. Biggs er hálfgerð goðsögn í Bretlandi eftir að hafa verið vitorðsmaður í lestaráninu mikla árið 1963 en hann flúði til Brasilíu skömmu síðar. Hann sneri aftur til Bretlands árið 2001 og var þá handtekinn af bresku lögreglunni og færður í fangelsi. Svo skemmtilega vill til að Giovanni Di Stefano var einnig verjandi Biggs á sínum tíma.

freyrgigja@frettabladid.is

SKRAUTLEGUR Giovanni Di Stefano heldur úti MySpace-síðu til stuðnings skjólstæðingi sínum þar sem lesa má um þróun mála.

THE BODY SHOP™

Hvað á að gefa í jólagöf?

NÝTT
KORTATÍMABIL

Sigga systir mín
Snotur, rauð taska með blómamynstri sem inniheldur jarðarberja-húðnæringu, jarðarberja-sturtugel og jarðarberja-hörundsúða auk baðlilju
2790 kr.

Handa bestu ömmu í heimi
Rauð askja með nokkrum vörutegundum sem allar innihalda andoxunarefnið E-vítamín: Grófri andlitssápu, hreinsimjólk, andlitsvatni og dagkremi auk bleiks, silkimjúks þvottastykkis
5990 kr.

Elsku mamma mín!
Glæsileg, rauð askja sem inniheldur nokkrar vörutegundir með ilmgóðri og rakagefandi kókosolíu: Sturtusápu, "body butter -húðnæringu, skrúbbrem og sápustykki auk baðhanska
6790 kr.

Þetta mun vinkonunni líka!
Hvít askja með vanilla-vörutegundum: Sturtusápu, húðnæringu og hörundsúða
3490 kr.

Gleðileg jól, Gunna mín!
Gjafakarfa með nokkrum vörutegundum sem innihalda ilmgóða og rakagefandi kókosolíu *: "Body butter"-húðnæringu, skrúbbkrem, sturtusápu og baðsaltsbombu auk baðlilju
2790 kr.
* Ath. fæst einnig með sams konar vörutegundum með annað hvort mangóolíu eða papæjaolíu

Handa uppáhaldsfrænkunni
Gjafakarfa sem inniheldur nokkrar vörutegundir með smjörtrésmauki (þ.e. "shea butter"): Sturtusápu, "body butter"-húðnæringu og sápustykki auk baðhanska
3690 kr.

Handa stóra bróður
Vínrauð askja með "Of a Man"-hár- & sturtusápu og svitalyktareyði
2990 kr.

Ýmislegt sem gleður pabba
Herra-snyrtitaska ***1090 kr.***
"For Men"- gróf andlitssápa ***1190 kr.***
"For Men"-rakakrem ***1190 kr.***
"For Men"-raksápa ***1440 kr.***
Rakbursti ***540 kr.***

Vertu góð(ur) við sjálfa(n) þig
Snotur kassi með nudd- & baðolíu og "handy massager"-nuddtæki
1990 kr.

Ilmur jólanna
Nokkuð sem öllum kann að líka!

Rauð askja með brennslukeri, tveimur sprittkertum og tvenns konar brennsluolíu ***3290 kr.*** a

Rich Plum-vörutegundir:
"Body butter"-húðnæring ***1990 kr.*** b
Sturtugel ***1190 kr.*** c
"Glimmer"-húðnæring ***1590 kr.*** d
Brennsluolía ***590 kr.*** e
Ilmkerti ***490 kr.*** f

Cranberry-vörutegundir:
"Body butter"-húðnæring ***1990 kr.*** g
Sturtugel ***1190 kr.*** h
Hörundsskrúbbgel ***1390 kr.*** i
Ilmkerti ***490 kr.*** j

AUKAKRÓNUR 7%

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

THE BODY SHOP®

Metsölulisti Eymundsson

1. Harðskafi
Arnaldur Indriðason

Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar um lögreglumanninn Erlend rauk beint í efstu sæti metsölulistans.

2. Bíbí, sagan um Bíbí Ólafsdóttur
Vigdís Grímsdóttir

Einstök endurminningarbók um Bíbí Ólafsdóttur sem Vigdís Grímsdóttir færir í letur af sinni alkunnu stílsnilld.

3. Harry Potter og dauðadjásnið
J.K. Rowling

Sjöunda og síðasta bókin í vinsælasta, skemmtilegasta og magnaðasta bókaflokki í heimi. Hvernig endar sagan?

4. Aska
Yrsa Sigurðardóttir

Mögnuð bók eftir drottningu glæpasögunnar en bækur Yrsu koma nú út um víða veröld við frábærar undirtektir.

5. Þúsund bjartar sólir
Khaled Hosseini

Ný metsölubók frá höfundi Flugdrekahlauparans. Sagan hefur fengið einróma lof gagnrýnenda.

6. Óreiða á striga
Kristín Marja Baldursdóttir

Stórbrotin og kröftug þroskasaga konu sem fer sínar eigin leiðir. Bókin er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Karitas án titils.

7. Þar sem vegurinn endar
Hrafn Jökulsson

Hugljúf, falleg og bráðskemmtileg bók um lífið í landinu, sögu þjóðarinnar og ævi höfundar. Lærdómsrík bók fyrir alla aldursflokka.

8. Eldveggur
Henning Mankell

Sögur Henning Mankell um Kurt Wallander rannsóknarlögreglumann hafa notið fádæma vinsælda um allan heim. Eldveggur er sú áttunda í röðinni.

9. Guðni - af lífi og sál
Guðni Ágústsson
Sigmundur Ernir

Dramatískt lífshlaup, skemmtilegar sögur, hatrömm átök. Hér fer einn vinsælasti stjórnmálamaður þjóðarinnar á kostum!

10. Himnaríki og helvíti
Jón Kalman Stefánsson

Það er stutt á milli lífs og dauða. Stundum bara einn stakkur. Jón Kalman er kominn í röð okkar mestu og mikilvægustu höfunda.

JÓNSSON & LE'MACKS • JI.IS • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Sakar Parker um framhjáhald

Frönsk fyrirsæta að nafni Alexandra Paressant heldur því fram að hún hafi átt í ástarsambandi við Tony Parker, eiginmann leikkonunnar Evu Longoriu, í sumar. Paressant, sem var áður í sambandi við brasilísku fótboltastjörnuna Ronaldinho, var gestur í brúðkaupi Longoriu og Parker, sem fór fram í París í júlí. Þangað kom hún sem gestur annars fótboltakappa, nefnilega Thierrys Henry.

Hún segir í viðtali við vefsíðuna X17online að Parker hafi látið hana hafa símanúmer sitt í sjálfri brúðkaupsveislunnni, og þau hafi í kjölfarið átt í tveggja mánaða ástarsambandi. Hún segir að Parker hafi leitað til hennar þar sem Eva „vilji ekki gera vissa hluti“ í rúminu. „Hún vill ekki njóta ásta fyrir framan spegil, er ekki hrifin af vissum stellingum og heldur að sæði valdi graftarbólum,“ segir fyrirsætan. Paressant heldur því jafnframt fram að Parker hafi sýnt henni húsið sem hann og Longoria eru að byggja í San Antonio, Texas, þegar hún heimsótti hann þangað.

Talsmaður Longoriu segir ásakanirnar „algjörlega, 100 prósent rangar og ósannar“. Tony Parker segir sjálfur í viðtali við People að hann elski eiginkonu sína. „Hún er það besta í lífi mínu, og ég hef aldrei verið hamingjusamari,“ segir hann. Longoria tekur í sama streng. „Tony hefur ekki verið neitt annað en hinn fullkomni eiginmaður,“ segir leikkonan.

HITTUST Í BRÚÐKAUPINU Alexandra Paressant heldur því fram að ástarsamband hennar og Tonys Parker hafi hafist í brúðkaupsveislu hans og Evu Longoriu.
NORDICPHOTOS/GETTY

Stórstjörnur í Noregi

Á þriðjudagskvöld voru haldnir stórtónleikar hjá frændum okkar í Noregi með Kylie Minogue, Aliciu Keys og fleirum. Tilefni tónleikanna var afhending friðarverðlauna Nóbels.

Það var sem kunnugt er Al Gore sem hlaut verðlaunin ásamt loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna. Gore var í banastuði á tónleikunum ásamt Rajendra Pachauri, yfirmanni loftslagsnefndarinnar. Kynnar á tónleikunum voru þau Uma Thurman og Kevin Spacey en meðal þeirra sem komu fram voru stórstjörnur á borð við Aliciu Keys, Kylie Minogue, Annie Lennox, Earth Wind & Fire og Melissa Etheridge. Etheridge vann einmitt Óskarsverðlaun fyrir lag sitt „I Need to Wake Up“ sem var notað í heimildarmynd Gore „An Inconvenient Truth“ sem fjallar um loftslagsbreytingar af mannavöldum. „Ég var djúpt snortin og það var mikill heiður að vera beðin að semja lag um hlýnun jarðar, það er ekki auðvelt,“ sagði hún í viðtali eftir tónleikana í Ósló.

KYLIE SNÝR AFTUR Poppskvísan Kylie Minogue gerði allt vitlaust þegar hún steig á svið á tónleikunum í Ósló með grifflur og fegurðarblett.
MYNDIR/GETTY

Í FAÐMI KÓNGAFÓLKSINS Nóbelsverðlaunahafinn Al Gore sést hér ásamt Hákoni, krónprinsi Noregs og konu hans Mette-Marit. Ekki er annað að sjá en að þau skemmti sér öll hið besta.

SLÓ Í GEGN Alicia Keys stóð upp frá píanóinu og gerði allt vitlaust í höfuðborg Noregs í vikunni.

KYNNARNIR Hollywood-leikararnir Uma Thurman og Kevin Spacey flugu alla leið til Óslóar til að vera kynnar á Nóbelsverðlauna-tónleikunum.

ÞAKKLÁTIR OG HRÆRÐIR Þeir Al Gore og Dr. R.K. Pachuri voru hrærðir yfir þeim móttökum sem þeir fengu í Ósló.

Atonement atkvæðamest

Breska kvikmyndin Atonement hlaut sjö tilnefningar til bandarísku Golden Globe-verðlaunanna sem verða afhent á næsta ári. Myndin var tilnefnd sem besta dramamyndin auk þess sem Keira Knightley og James McAvoy fengu tilnefningar fyrir aðalhlutverk sín.

Aðrar myndir sem voru tilnefndar í dramaflokknum voru American Gangster, Eastern Promises, No Country For Old Men, The Great Debaters, Michael Clayton og There Will Be Blood. Venjulega hafa fimm myndir verið tilnefndar í þessum flokki en tveimur myndum hefur nú verið bætt við.

Sem besta gaman- eða söngvamyndin voru tilnefndar Across the Universe, Charlie Wilsons´s War, Hairspray, Juno og Sweeney Todd.

Charlie Wilsons´s War var tilnefnd til fimm verðlauna, þar á meðal aðalleikarinn Tom Hanks, Julia Roberts sem fer með aukahlutverk og Philip Seymour Hoffman sem var einnig tilnefndur fyrir hlutverk sitt í The Savages.

Athygli vekur að mynd Seans Penn, Into the Wild, var ekki tilnefnd sem besta myndin. Clint Eastwood, sem leikstýrði Penn í Mystic River, var aftur á móti tilnefndur fyrir tónlist sína og titillag stríðsmyndarinnar Grace is Gone. Rokkarinn Eddie Vedder, úr hljómsveitinni Pearl Jam, fékk einnig tvær tilnefningar fyrir tónlist sína í Into The Wild og fyrir lag sitt í myndinni Guaranteed.

KEIRA KNIGHTLEY Knightley fer með annað aðalhlutverkið í Atonement.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Madonna og **Guy Ritchie** eiga von á gleðilegum jólum, því ættleiðing þeirra á drengnum **David Banda** frá Malaví hefur loks gengið í gegn. Hjónin komu með Banda til Bretlands fyrir yfir ári síðan, en malavísk stjórnvöld staðfestu ættleiðinguna fyrst nú. Samkvæmt In Touch Weekly er Madonna himinlifandi. „Þetta er besta jólagjöf sem hún hefur nokkurn tíma fengið," segir heimildamaður.

Lögregla í San Diego sá til þess að útitónleikar hljómsveitarinnar **The Black Eyed Peas** í borginni urðu tölu-vert styttri en áætlað var. Hljómsveitin fór yfir hávaðamörk, nágrönnum til lítillar gleði, og lögreglan var kvödd til. Black Eyed Peas lauk þá tónleikunum á laginu Where Is the Love?, sem söngkonan **Fergie** tileinkaði lögregluþjónunum.

Victoria Beckham á sér annan feril en þann sem hún sinnir nú með Kryddpíunum. Hún sinnir nefnilega starfi markmanns í fjölskyldunni. Beckham-hjónin eiga þrjá syni, sem allir eru hrifnir af fótbolta, eins og gefur að skilja. Þar af leiðir að Victoria er sett í mark. „Ég er alltaf að fá fótbolta í mig. Þeir setja mig bara í markið og sparka boltum að mér," segir kryddpían.

Leikarinn **Isaiah Washington** sneri aftur á heimaslóðir þegar hann slóst í hóp leikara og annarra aðstandenda þáttanna Grey's Anatomy í Los Angeles í vikunni. Washington mætti á staðinn til að styðja við bakið á handritshöfunum þáttanna, þrátt fyrir að hafa verið rekinn á árinu. Washington virtist vera vel tekið, meira að segja af leikaranum **T.R. Knight**, sem þurfti að koma út úr skápnum í kjölfar niðrandi ummæla Washington um hann.

vilborga@centrum.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR - SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

Aðrir söluaðilar fyrir Magimix: Kokka, Laugavegi - Villeroy & Boch, Kringlunni - Egg, Smáratorgi

GJAFAKORT
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Sími 588 0200 | www.eirvik.is

-4 kr.
afsláttur af eldsneyti á Snorrabraut í dag!

Jólastöð
ÓB SNORRABRAUT

Jólasveinar munu koma færandi hendi á ÓB-stöðina við Snorrabraut í dag, föstudag, milli kl. 16 og 18 og útdeila gjöfum, s.s. Nokia-símum, DVD-myndum, afsláttarbréfum Ellingsen og mörgu fleira.

2 kr. aukaafsláttur með ÓB-lyklinum.

ÓB ódýrt bensín
www.ob.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA\9071368

Í DAG ER VERÐ

HÉR ERU NOKKUR VERÐDÆMI:

7.980 kr.
LEGO Star Wars Stjörnuskip
TOYS"R"US: 11.999 kr.

7.990 kr.
Fótboltaspil
TOYS"R"US: 8.999 kr.

1.990 kr.
My Scene Icy Bling
TOYS"R"US: 2.299 kr.

1.280 kr.
Fisher-Price Little People dýrasnyrtistofa
TOYS"R"US: 2.499 kr.

4.980 kr.
Rugguhestur
TOYS"R"US: Ekki til

980 kr.
Barbie Island prinsessa
TOYS"R"US: 2.999 kr.

STRÍÐ!

VIÐ ERUM MIKLU, MIKLU ÓDÝRARI EN TOYS"R"US!

SAMKVÆMT SÍÐUSTU VERÐKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS Á LEIKFÖNGUM VORUM VIÐ MEÐ ÓDÝRUSTU LEIKFÖNGIN Á ÍSLANDI. EN ÞAÐ ER EKKI NÓG! VIÐ VILJUM VERA MIKLU, MIKLU MIKLU ÓDÝRARI EN ALLIR AÐRIR!

VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU!



JUST 4 KIDS

OPIÐ FRÁ 11-22 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM!

Sálargoðsögn fallin frá

Bandaríska sálargoðsögnin Ike Turner, fyrrverandi eiginmaður Tinu Turner, er látinn, 76 ára að aldri. Hann lést á heimili sínu í Kaliforníu eftir að hafa glímt við lungnasjúkdóm.



Turners verður fyrst og fremst minnst fyrir samstarf sitt og stormasamt hjónaband með Tinu Turner, sem hélt því fram að hann hefði beitt sig ofbeldi. Var sambandi þeirra gert skil í kvikmyndinni What´s Love Got to Do With It sem kom út 1993.

Kvartaði undan fjölmiðlum

Í viðtali við AP-fréttastofuna árið 2001 sagðist Ike ekki hafa beitt Tinu ofbeldi og taldi að fjölmiðlar hefðu svert ímynd sína í stað þess að fjalla um sögulegt framlag sitt til rokksins.

„Þið getið spurt Snoop Dogg eða Eminem, þið getið spurt The Rolling Stones eða Eric Clapton. Þið getið spurt hvern sem er, þeir þekkja allir hversu mikið ég hef lagt af mörkum til tónlistarinnar. En það hefur ekkert verið skrifað um mitt framlag fyrr en núna," sagði hann.

Ike, sem var vígður í Frægðarhöll rokksins 1991 ásamt Tinu, er af sumum rokkfræðingum sagður hafa búið til fyrstu rokkplötuna, Rocket 88, sem kom út 1951. Á plötunni, sem hinn kunni Sam Phillips tók upp, var notast við bjagaða rafmagnsgítara í fyrsta sinn.

Tina sækir um skilnað

Ike varð heimsfrægur eftir að hann hitti Önnu Mae Bullock, sem síðar breytti nafni sínu í Tina, og gerði hana að aðalsöngkonu hljómsveitar sinnar. Á meðal vinsælustu laga þeirra voru Proud Mary og River Deep Mountain High.

Eftir sautján ára hjónaband sótti Tina um skilnað frá Ike árið 1976 vegna fíkniefnaneyslu og ofbeldishneigðar hans og hóf vel heppnaðan sólóferil.

Á sama tíma féll Ike í gleymskunnar dá og lagðist í mikla kókaínneyslu. Um miðjan níunda áratuginn var honum stungið í fangelsi fyrir fíkniefnabrot.

Aftur í sviðsljósið

Það var ekki fyrr en Ike varð sjötugur, árið 2001, sem hann sneri aftur í sviðsljósið sem tónlistarmaður. Þá var hann tilnefndur til Grammy-verðlaunna fyrir plötu sína Here and Now. Fyrr á þessu ári hlaut hann verðlaunin síðan fyrir plötuna Risin' With the Blues.

IKE TURNER Ike heldur á Grammy-verðlaununum sem hann fékk fyrir plötuna Risin´ With the Blues.

MEÐ TINU Stormasömu hjónabandi Ike og Tinu lauk árið 1976 þegar Tina sótti um skilnað.

Eggert á umslagi Hjaltalín

Málverk eftir listamanninn Eggert Pétursson prýðir umslag fyrstu plötu hljómsveitarinnar Hjaltalín, Sleepdrunk Sessions. „Við vorum að leita að hugmynd að umslagi og ég hringdi í Eggert. Hann er mikill tónlistargrúskari og áhugamaður um geisladiska og „art"-hönnun. Hann var til dæmis að hlusta á japanska „noise"-tónlist þegar ég heimsótti hann. Hann var til í þetta með því skilyrði að málverkið yrði afskræmt og klippt til fyrir umslagið," segir Högni Egilsson, söngvari og forsprakki Hjaltalín.

Sigurður Oddsson, hönnuður og bassaleikari í rokksveitinni Mínus, sá um þá hlið mála. Varð niðurstaðan samt nokkuð öðruvísi en ætlunin var í upphafi. „Við ætluðum að hafa „coverið" upphleypt. Það átti að vera hrjúft eins og málverkin hans Eggerts en það var mun dýrara en við gerðum ráð fyrir," segir Högni, sem bætir við að Pétur, sonur Eggerts, eigi texta við þrjú lög á plötunni.

Annað málverk eftir Eggert prýðir síðan nýja smáskífu Hjaltalín við lagið Traffic Music. Einnig er á skífunni fyrsta lagið sem Hjaltalín tók upp, jólalagið Mamma kaupir kertaljós, sem kom út 2004.

HÖGNI EGILSSON Högni fékk að nota listaverk Eggerts Pétursonar fyrir umslag fyrstu plötu Hjaltalín.

UMSLAGIÐ Mynd Eggerts Péturssonar prýðir umslag Sleepdrunk Sessions.

EGGERT PÉTURSSON Eggert vildi að málverk sitt yrði afskræmt fyrir umslagið.

Hjaltalín fékk frábæra dóma í Fréttablaðinu og Mogganum fyrir nýju plötuna og er Högni mjög ánægður með það. „Það er gott að fá góða umfjöllun en það væri best ef allir myndu hlusta á hana og dæma fyrir sig. Það var samt léttir að fá ágætis umfjöllun."

- fb

Nýr Ísbjarnarblús Bubba

Ný útgáfa af einu þekktasta og mest spilaða lagi Bubba Morthens fer bráðum í spilun á útvarpsstöðvum.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í NÝRRI ÚTGÁFU Bubbi fór nýlega í upptökuver og tók upp nýja útgáfu af Ísbjarnarblúsnum góðkunna.

Bubbi Morthens fór nýlega í hljóðver með stórsveit Reykjavíkur og tók upp Ísbjarnarblús í stórsveitarútsetningu. Þeir eru ófáir sem hafa sungið lagið um þorskana þúsund sem þokast nær á færibandinu í partíum með kassagítarinn einan að vopni en nú hefur Bubbi bætti við lúðrum af öllum stærðum og gerðum. „Þetta var algjörlega geggjað," segir Bubbi í samtali við Fréttablaðið en lagið verður gefið út í tilefni af nýárstónleikum hans í Laugardalshöllinni 4. og 5. janúar. „Lagið verður í stíl við það sem menn voru að gera í gamla daga," bætir hann við og því má reikna með að aðdáendur kappans leggi við hlustir þegar þessi nýstárlega útgáfa fer í spilun.

Og Bubbi er alla jafna mjög áberandi yfir hátíðirnar og Þorláksmessutónleikarnir hans eru í huga margra algjörlega ómissandi þáttur í jólahaldinu. Bubbi segir að þegar sé uppselt á tónleikana og því ljóst að færri komast að en vilja. „Við höfum tekið upp tónleikana undanfarin ár og eigum því orðið dágott safn af heimildum," segir Bubbi og því skyldi enginn útiloka að þær yrðu gefnar út á næstu árum. Að auki fer Bubbi að sjálfsögðu í sína árlegu ferð á Litla-Hraun en þetta verður 24. árið í röð sem Bubbi spilar fyrir fangana þar.

freyrgigja@frettabladid.is

Fyrir þá hörðustu

D-Sides er lokahnykkurinn á útgáfunni sem tengist Gorillaz-plötunni Demon Days. Þetta er tvöföld plata sem inniheldur b-hliðalög, demó-upptökur, rímix og áður óútgefin lög sem tekin voru upp þegar platan var gerð.

Á meðal efnis er lagið Hong Kong sem Gorillaz gerði fyrir War Child-samtökin, lagið Bill Murray sem Gorillaz gerði með hljómsveitinni The Bees og lagið Stop the Dams sem Damon flutti með Ghostigital á náttúruvinatónleikunum í Höllinni fyrir tæpum tveimur árum.

Fyrri diskurinn hefur að geyma fágæt lög og b-hliðalög, en á seinni disknum eru rímixin. Fyrri diskurinn er mjög misjafn að gæðum. Það eru nokkur fín lög þarna til dæmis 68 State, People, We Are Landfill og fyrrnefnt Hong Kong, en svo er inni á milli uppfyllingarefni og hálfgert drasl. Stop the Dams fer í seinni flokkinn. Þrátt fyrir að í laginu spili fríður flokkur íslenskra blásara, Damon, Curver, DJ Magic og Einar Örn, þá er þetta gjörsamlega vonlaust lag.

Damon er hins vegar ekkert að klikka á kúlinu í rímixunum. DFA, Stanton Warriors, Soulwax, Hot Chip og Jamie T. eru á meðal þeirra sem endurvinna smáskífulögin Dare, Feel Good Inc. og Kids

TÓNLIST

D-Sides

Gorillaz

★★★

Damon Albarn og félagar í Gorillaz safna saman fágætum upptökum, b-hliðarlögum og rímixum á misjafna plötu sem er fyrst og fremst stíluð inn á hörðustu aðdáendurna.

With Guns og eins og við var að búast eru mörg frábær mix þarna þó að eitt eða tvö steindauð slæðist með.

Á heildina ágætis pakki sem er aðallega stílaður inn á hörðustu aðdáendurna.

Trausti Júlíusson

BROSNAN Ljósmyndari hefur höfðað einkamál gegn fyrrverandi Bond-leikara.

Ljósmyndari höfðar mál

Bandarískur ljósmyndari hefur höfðað einkamál gegn leikaranum Pierce Brosnan vegna atviks sem átti sér stað á bílastæði í Los Angeles 26. október. Þá reyndi ljósmyndarinn að smella myndum af Brosnan með þeim afleiðingum að leikarinn lamdi hann í brjóstkassann. Ljósmyndarinna segist hafa orðið fyrir alvarlegum tilfinningalegum skaða og meiðslum, þar á meðal brákaði hann rifbein.

Saksóknarar í Los Angeles úrskurðuðu í síðasta mánuði að ekki væru næg sönnunargögn til að sakfella hinn 54 ára Brosnan og því ákvað ljósmyndarinn að höfða einkamál.

THERE WILL BE BLOOD Daniel Day-Lewis fer með aðlhlutverkið í myndinni There Will Be Blood.

Day-Lewis verðlaunaður

Kvikmyndin There Will Be Blood var kjörin besta myndin af kvikmyndagagnrýnendum í Los Angeles. Myndin, sem er byggð á skáldsögunni Oil! eftir Upton Sinclair, hlaut þrenn verðlaun til viðbótar. Daniel Day-Lewis var kjörinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt sem olíubarón í Kaliforníu sem lendir í deilum við son sinn og predikara snemma á síðustu öld. Auk þess var Paul Thomas Anderson valinn besti leikstjórinn og Jack Fisk fékk verðlaun fyrir bestu hönnun. Marion Cotillard var valin besta leikkonan fyrir túlkun sína á Edith Piaf í myndinni La Vie En Rose.

> Birgir Leifur byrjaði illa

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson hóf keppni á Suður-Afríkumótinu í golfi í gær. Honum gekk ekki vel á fyrsta hring en hann kom í hús á 79 höggum eða 7 höggum yfir pari. Hann er í 89. sæti en á samt þokkalega möguleika á að komast í gegnum niðurskurðinn í dag. Mótið er liður í Evrópumótaröðinni og í því taka þátt stórstjörnur á borð við Ernie Els, Retief Goosen og Greg Norman.

sport
sport@frettabladid.is

ARON KRISTJÁNSSON, ÞJÁLFARI HAUKA: HEFUR GERT FRÁBÆRA HLUTI MEÐ HAUKALIÐIÐ Í N1-DEILDINNI Í VETUR

Búið að ganga eins vel og við höfðum vonað

Haukar og HK mætast í sannkölluðum toppslag í N1-deild karla í Digranesi í kvöld kl. 19.15. Haukar eru efstir í deildinni með 21 stig og HK fylgir fast á eftir með 17 stig en á einn leik til góða. Haukar hafa verið á miklu flugi í deildinni í vetur undir stjórn Arons Kristjánssonar og komið skemmtilega á óvart eftir dapurt gengi liðsins í deildinni í fyrra. Aron segir markmiðið hins vegar alltaf hafa verið að berjast í toppbaráttunni.

„Maður vill náttúrulega alltaf stefna eins hátt og mögulegt er og helst hærra, þannig að þegar ég kom inn í þetta hjá Haukum þá sáum við strax ákveðna möguleika í stöðunni. Þetta er sem betur fer búið að ganga eins vel og við höfðum vonað. Við erum náttúrulega að hefja mikla uppbyggingu hjá liðinu og það er ánægjulegt að það gangi strax jafn vel og raun ber vitni," sagði Aron sem býst við jöfnum leik gegn HK í kvöld.

„Við náðum að vinna HK á Ásvöllum í mjög jöfnum leik um daginn og ég veit fullvel hversu öflugt liðið er og staða liðsins í deildinni lýgur engu. Við eigum 50 prósent möguleika á sigri að mínu mati og ég tel að við verðum að eiga toppleik til þess að vinna. Það er mjög mikilvægt að við náum að stoppa þessa hröðu leikmenn sem spila fyrir utan hjá HK og ég tel möguleika okkar fyrst og fremst liggja í öguðum sóknarleik og öflugum varnarleik gegn hröðu spili HK liðsins," sagði Aron sem hefur ekki orðið fyrir vonbrigðum með íslensku deildina eftir heimkomuna frá Danmörku.

„Deildin er mjög sterk og jöfn og það er mikið af ungum og efnilegum leikmönnum sem eru að stíga sín fyrstu skref, þó svo að það væri vissulega skemmtilegt að sjá fleiri stórskyttur koma fram í sviðsljósið. En það er bara eins og það er. Helsti galli deildarinnar er kannski hversu fá lið eru í henni og þá hversu lítil fjölbreytni í andstæðingum. Það getur verið dálítið þreytandi, en á móti kemur auðvitað að deildin er mjög jöfn og spennandi," sagði Aron.

FABIO CAPELLO Verður næsti landsliðsþjálfari enska landsliðsins.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska landsliðið:

Capello tekur við landsliðinu

FÓTBOLTI Fastlega er búist við því að tilkynnt verði í dag að Ítalinn Fabio Capello sé búinn að skrifa undir samning við enska knattspyrnusambandið og muni þar með taka við enska landsliðinu af Steve McClaren sem var rekinn á dögunum.

Enska knattspyrnusambandið staðfesti í gær að það hefði náð samkomulagi í meginhlutum við Capello en verið væri að ganga frá smáatriðum í samningnum.

„Stjórnin hefur samþykkt að ráða Capello en eftir er að ganga frá samningum. Samningaviðræður ganga vel. Það eru engin vandamál og við erum bjartsýnir á að ná saman," sagði talsmaður enska knattspyrnusambandsins.

Talið er að Capello fái um 500 milljónir króna í árslaun, sem er það mesta sem landsliðsþjálfari Englands hefur fengið í laun. - hbg

N1 DEILD KVENNA
Föstudagur 14. des.
Valur - Grótta
Vodafone höllin kl. 20.00

N1 DEILD KARLA
Föstudagur 14. des.
HK - Haukar
Digranes kl. 19.15

Eggert yfirgefur herbúðir West Ham

Eggert Magnússon seldi hlut sinn í West Ham og lét af stjórnarformennsku hjá liðinu í gær. Björgólfur Guðmundsson keypti hlut hans og tók við sem stjórnarformaður félagsins. Hann hefur enn fremur lagt um fjóra milljarða til viðbótar í eignarhlutafélag West Ham og hyggur á byggingu glæsilegs 60.000 sæta leikvangs.

FÓTBOLTI Í gær var tilkynnt á opinberri heimasíðu Íslendingafélagsins West Ham United að Eggert Magnússon hefði ákveðið að víkja úr sæti stjórnarformanns og selja sömuleiðis fimm prósenta hlut sinn í liðinu til Björgólfs Guðmundssonar. Björgólfur á því orðið hundrað prósent í West Ham United og mun að sama skapi gegna hlutverki stjórnarformanns.

Sögusagnir síðustu daga þess efnis að Eggert Magnússon væri tilbúinn að yfirgefa West Ham og snúa sér að öðrum verkefnum voru staðfestar á opinberri heimasíðu félagsins í gær. Eggert segir þar sjálfur í yfirlýsingu að hann hafi notið tíma síns sem stjórnarformaður en hann láti nú þegar af öllum störfum sínum hjá félaginu.

„Þetta er búinn að vera góður tími og það hefur verið sönn ánægja og mikill heiður að taka þátt í þessu verkefni. Nú ætla ég að snúa mér að öðrum viðskiptahagsmunum mínum og ég held að þetta sé rétti tíminn fyrir mig til þess að hætta hjá West Ham," sagði Eggert, sem var mörgum þakklátur fyrir tíma sinn hjá félaginu.

„Ég vil nota tilefnið og færa stuðningsmönnum West Ham sérstakar þakkir fyrir að styðja vel við bakið á mér og liðinu og þeir hafa sannað það að mínu mati undanfarin ár að þeir eru bestu stuðningsmenn á Englandi. Ég vil líka þakka öllum þeim samstarfsmönnum sem ég hef unnið með á tíma mínum hjá félaginu. Ég vona að West Ham eigi bjarta framtíð fyrir sér og ég mun mæta og styðja liðið við hvert tækifæri sem gefst," sagði Eggert.

Björgólfur Guðmundsson, nýr stjórnarformaður liðsins, fór fögrum orðum um Eggert á heimasíðu West Ham og þakkaði honum vel unnin störf.

„Eggert hefur skilað frábærri vinnu fyrir West Ham, oft við mjög erfiðar aðstæður, og við óskum honum að sjálfsögðu velfarnaðar í komandi verkefnum hans í framtíðinni," sagði Björgólfur og bætti við:

„Ég ætla mér að halda áfram þeirri góðu vinnu sem Eggert skilaði og búa félagið undir næsta skref. Við höldum áfram að styrkja stoðir þessa sögufræga klúbbs til þess að búa hann undir bjarta framtíð," sagði Björgólfur og ítrekaði að ný stjórn væri þegar komin á fullt.

„Það er fagnaðarefni að geta tilkynnt að ný stjórn hefur nú loks tekið fyrsta skrefið að byggingu á nýjum 60.000 sæta leikvangi fyrir West Ham sem ber merki um framtíðaráætlanir félagsins og metnað," sagði Björgólfur í tilkynningunni. Við kaup hans á hlut Eggerts lagði hann einnig 30,5 milljónir punda eða um 4 milljarða króna, inn í eignarhlutafélag West Ham til þess að styrkja stoðir þess enn frekar.

omar@frettabladid.is

NÝIR TÍMAR Eggert sagði bless við West Ham í gær, seldi fimm prósenta eignarhlut sinn og lét af störfum sem stjórnarformaður félagsins. Björgólfur Guðmundsson heilsar sem nýr stjórnarformaður ásamt því að eiga félagið að fullu.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Knattspyrnudeild Breiðabliks ekki sátt við höfund bókarinnar Íslensk knattspyrna:

Blikar vilja að Víðir biðjist afsökunar

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild Breiðabliks sendi Víði Sigurðssyni, höfundi bókarinnar Íslensk knattspyrna, og KSÍ bréf í gær þar sem deildin fordæmir þau vinnubrögð Víðis að viðurkenna ekki eitt marka Blikans Magnúsar Páls Gunnarssonar í bókinni.

Vilja Blikar fá opinbera afsökunarbeiðni frá Víði. Neiti Víðir að biðjast afsökunar fara Blikar fram á að KSÍ endurskoði þá ákvörðun sína að vera í samvinnu við höfundinn.

Bréf Blika er svohljóðandi:

„Knattspyrnudeild Breiðabliks telur það stórlega ámælisvert að í bókinni Íslensk knattspyrna 2007 er Magnús Páll Gunnarsson leikmaður Breiðabliks ekki sagður þriðji markahæsti leikmaðurinn í Landsbankadeild karla árið 2007. KSÍ hafði áður veitt honum viðurkenningu fyrir að vera þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar.

Bókin Íslensk knattspyrna hefur verið gefin út í 27 ár, er ætlað að vera annáll íslenskrar knattspyrnu og öllum ljóst að það er í henni sem í framtíðinni er leitað upplýsinga um íslenska knattspyrnu árið 2007, ekki á vefsíðu KSÍ.

Þar af leiðandi hefur Víðir Sigurðsson sama og svipt Magnús Pál titlinum þriðji markahæsti leikmaður ársins 2007. Knattspyrnudeild Breiðabliks lítur svo á að þar sem bókin Íslensk knattspyrna hefur slíka yfirburðastöðu sem sagnfræðileg heimild um knattspyrnu á Íslandi sé það með öllu óeðlilegt að höfundur hennar taki sér ritfrelsi til að dæma mark af Magnúsi Páli þar sem KSÍ hefur dæmt það gott og gilt.

Deildin fordæmir því harðlega vinnubrögð höfundar og fer fram á opinbera afsökunarbeiðni hans. Að öðrum kosti fer deildin fram á það við Knattspyrnusamband Íslands að það endurskoði samvinnu sína við höfundinn um gerð bókarinnar líkt og verið hefur.

Sambandið, sem knattspyrnudeild Breiðabliks er aðili að, getur ekki verið þekkt fyrir að samþykkja slík vinnubrögð þar sem samþykktar leikskýrslur þess eru virtar að vettugi."

- hbg

VÍÐIR OG MAGNÚS PÁLL Meint mark Magnúsar Páls gegn FH er að verða eitt umdeildasta mark síðari tíma á Íslandi.

MYNDFORM

FJÓRAR FRÁBÆRAR FÁANLEGAR Í VERSLUNUM HAGKAUPA



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Íslenska sundfólkið fór vel af stað á Evrópumótinu í 25 metra laug í Debrecen í Ungverjalandi í gærdag:

Ragnheiður og Örn settu ný Íslandsmet

SUND Íslenska sundfólkið fer vel af stað á Evrópumótinu sem nú stendur yfir í Debrecen í Ungverjalandi. Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona úr KR, setti nýtt Íslandsmet í 100 metra skriðsundi og Örn Arnarson, sundmaður úr SH, setti Íslandsmet í 100 metra flugsundi og komst í undanúrslit í gær.

Ragnheiður bætti fyrra met sitt í 100 metra skriðsundi, sem hún setti í lok nóvember, þegar hún synti á 55.29 sekúndum í gær. Met Ragnheiðar nægði þó ekki til þess að hún kæmist í undanúrslitin og endaði hún í 23. sæti. Ragnheiður keppir aftur í dag í 100 metra fjórsundi og svo lýkur hún keppni með í 50 metra skriðsundi á morgun.

Örn Arnarson synti 100 metra flugsund í gær á tímanum 52,69 sekúndur, sem er nálægt Íslandsmeti hans, og nægði það honum til að tryggja sig áfram í undanúrslitin. Þar bætti hann um betur og synti á tímanum 52,53 sekúndur, sem er nýtt Íslandsmet, og endaði í 13. sæti. Í dag keppir Örn í 100 metra skriðsundi og 50 metra baksundi og morgun keppir hann svo í 50 metra flugsundi.

Jakob Jóhann Sveinsson synti 100 metra bringusund á tímanum 1:01.51 og lenti í 36. sæti af 50 keppendum í gær og í dag keppir hann í 200 metra bringusundi.

- óþ

ÖFLUGUR Örn Arnarson byrjaði vel á EM í sundi í gær og setti Íslandsmet i 100 metra flugsundi.

Í FANTA FORMI Ragnheiður Ragnarsdóttir bætti met sitt í 100 metra skriðsundi í gær.

ÓLÆTI Stuðningsmenn Manchester United og Roma lentu í átökum í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meistaradeild Evrópu:

Fimm Bretar stungnir í Róm

FÓTBOLTI Fimm stuðningsmenn Manchester United voru stungnir í 50 manna óeirðum sem brutust út fyrir leik enska liðsins gegn ítalska liðinu Roma í Róm í fyrrakvöld. Enginn Bretanna varð fyrir lífshættulegum áverkum en sex voru handteknir og fjórir formlega kærðir fyrir þátttöku sína í óeirðunum, en þetta var ekki í fyrsta sinn sem aðdáendur liðanna fara í hár saman. Þegar liðin mættust í Róm í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í fyrra voru ellefu stuðningsmenn fluttir á sjúkrahús vegna meiðsla sem hlutust í slagsmálum við óeirðalögreglu innan Ólympíuvallarins í Róm. Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, lýsti yfir vonbrigðum sínum með uppákomuna í viðtali í leikslok í fyrrakvöld.

„Við vorum að vonast eftir rólegu kvöldi og að við gætum snúið aftur til Manchester án nokkurra óeirða á milli aðdáenda liðanna, en það gekk því miður ekki eftir. Auðvitað veit ég ekki nákvæmlega hvað gerðist, en ég vona að allir aðdáendur sem lentu í átökum séu heilir á húfi, en ég get ekki leynt vonbrigðum mínum með þessa uppákomu.“ **- óþ**

EFNILEGUR Dimitrov þykir mikið efni í heimalandi sínu og tíminn mun leiða í ljós hvort hann nær að heilla Arsenal á reynslutímanum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Dimitrov á leið til Arsenal

FÓTBOLTI Samkvæmt Sky Sports fréttastofunni hefur Arsenal fengið leyfi Levski Sofia til þess að fá einn liðsmanna búlgarska liðsins, hinn unga og efnilega Nikolay Dimitrov, á reynslu á næstunni með hugsanleg kaup í huga. Dimitrov er tvítugur og spilar yfirleitt á vinstri kanti en getur einnig leikið í stöðu framherja og hefur líklega vakið athygli Arsene Wenger í leikjum með U-21 árs liði Búlgaríu. Stnimir Stoilov, stjóri Levski Sofia, efast ekki um að Dimitrov muni slá í gegn hjá Arsenal.

„Við höfum þegar gefið grænt ljós á þetta og það eina sem er eftir núna er að Dimitrov fari til London og æfi með Arsenal og ég er viss um að hann á eftir að standa undir væntingum. Hann er ungur og efnilegur og ég er mjög ánægður fyrir hans hönd, en ég lít einnig á þetta sem heiður fyrir Levski Sofia sem lið að Arsene Wenger hafi áhuga á einum leikmanna þess.“ **- óþ**

Valur og Grótta mætast í toppslag í N1-deild kvenna í Vodafone-höllinni í kvöld:

Valur kemst á toppinn með sigri í kvöld

HANDBOLTI Valur og Grótta eigast við í topp-baráttuleik í N1-deild kvenna í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda kl. 20 í kvöld. Staðan er jöfn á toppnum í deildinni og þjálfarar beggja liða gerðu sér því fulla grein fyrir mikilvægi leiksins þegar Fréttablaðið tók stöðuna á þeim í gær.

Valur er sem stendur í öðru sæti deildarinnar, aðeins stigi á eftir toppliði Fram, og gæti því skotist, tímabundið í það minnsta, á topp deildarinnar með sigri gegn Gróttu í kvöld. Grótta er fjórum stigum frá efsta sætinu en á leik til góða á hin liðin við toppinn og getur verulega blandað sér í baráttuna með sigri. Valur vann fyrri leik liðanna, 18-22, í miklum baráttuleik á Seltjarnarnesi eftir að hafa verið 9-5 undir í hálfleik og Alfreð Örn Finnsson, þjálfari Gróttu, er ekki búinn að gleyma þeim leik.

„Við vorum með fyrri leikinn við Val í hendi okkar eftir frábæran fyrri hálfleik en misstum það niður og núna þurfum við helst að sækja stig á erfiða útivelli ef við ætlum að vera með í baráttunni. Þetta er algjör úrslitaleikur fyrir okkur eins og staðan er í deildinni og vonandi verðum við tilbúin að spila góða vörn og berjast fyrir tveimur stigunum."

Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Vals, býst einnig við hörkuleik í kvöld.

„Þetta verður örugglega jafn og spennandi leikur og við verðum að eiga toppleik til þess að vinna. Það er alltaf mjög erfitt að spila á móti Gróttu þar sem liðið spilar öfluga 6-0 vörn og er sterkt líkamlega. Þetta er hins vegar síðasti leikur okkar fyrir jólafrí og við ætlum okkur sigur og förum ekkert að spreða neinum jólagjöfum í kvöld, þótt það sé stutt í jólin," sagði Ágúst Þór í léttum dúr.

Spurður út í starfsbræður sína hjá Fram og Stjörnunni og tilburði þeirra í leik þeirra liða á dögunum lá ekki á svörum hjá Ágústi Þór, sem er sjálfur yfirleitt mjög áberandi á hliðarlínunni.

„Ég er náttúrlega bara eins og barn miðað við þessa menn í kringum mig og það er mál manna hvað ég er orðinn rólegur," sagði Ágúst í gamansömum tóni. - óþ

ALFREÐ OG ÁGÚST Eru góðir félagar og þekktir fyrir að vera líflegir á hliðarlínunni.

SIGURSÆLL Avram Grant hefur verið á góðri siglingu með Chelsea og svarað efasemdarröddum sem heyrðust við ráðningu hans. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

Grant semur við Chelsea

FÓTBOLTI **Avram Grant, stjóri Chelsea í ensku úrvalsdeildinni, hefur skrifað undir nýjan fjögurra ára samning við liðið, eins og fram kom á opinberri heimasíðu Chelsea í gær. Grant tók við Chelsea í september eftir að José Mourinho yfirgaf liðið skyndilega og eftir tap í fyrsta leik Chelsea undir stjórn Grants, gegn Manchester United, hefur liðið verið taplaust og unnið tólf af átján leikjum sínum í öllum keppnum.**

Chelsea er sem stendur í þriðja sæti ensku úrvalsdeildarinnar og er komið í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. - óþ

ÍRAKSKA LANDSLIÐIÐ Hefur komið skemmtilega á óvart. NORDICPHOTOS/GETTY

Verðlaun World Soccer:

Írakar eiga fótboltalið ársins

FÓTBOLTI Írakar eiga knattspyrnlið ársins að mati lesenda hins þekkta knattspyrnublaðs World Soccer.

Kaka var kosinn besti leikmaður ársins og Alex Ferguson besti stjórinn. Lionel Messi varð annar í kjörinu yfir besta leikmanninn og Cristiano Ronaldo kom í þriðja sæti.

Írakar urðu óvænt Asíumeistarar í sumar eftir að hafa slegið Suður-Kóreu út í vítakeppni í undanúrslitunum og unnið 1-0 sigur á Sádi-Arabíu í úrslitaleiknum.

Þjálfari íraska knattspyrnulandsliðsins var Brasilíumaðurinn Jorvan Vieira sem stýrði liðinu aðeins í tvo mánuði og hætti með landsliðið eftir keppnina. Norðmaðurinn Egil Olsen er nú tekinn við af honum. - óój

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

ÍR-Snæfell 02-77
Stig ÍR: Sveinbjörn Claessen 21 (24 mín.), Hreggviður Magnússon 19, Ómar Sævarsson 16 (9 frák.), Ólafur Jónas Sigurðsson 12 (4 stoðs.), Eiríkur Önundarson 10, Steinar Arason 9, Nate Brown 8 (10 stoðs., 7 frák.), Ólafur Þórisson 3, Þorsteinn Húnfjörð 2.
Stig Snæfells: Justin Shouse 20 (10 stoðs.), Anders Katholm 11 (18 mín.), Hlynur Bæringsson 10 (7 frák., 4 stoðs., 22 mín.), Atli Rafn Hreinsson 9, Sigurður Þorvaldsson 8, Magni Hafsteinsson 8 (16 mín.), Slobodan Subasic 4, Sveinn Davíðsson 3, Gunnlaugur Smárason 2, Guðni Valentínusarson 2.

Keflavík-Skallagrímur 92-80
Stig Keflavíkur: BA Walker 22, Tommy Johnson 19, Magnús Þór Gunnarsson 19, Gunnar Einarsson 12, Arnar Freyr Jónsson 8, Sigurður Þorsteinsson 5, Antony Susniaria 4, Jón Hafsteinsson 2, Þröstur Jóhannsson 1
Stig Skallagríms: Milojica Zekovic 22, Darrell Flake 18, Allan Fall, 13, Hafþór Ingi Gunnarsson 13, Pétur Sigurðsson 8, Óðinn Guðmundsson 3, Áskell Jónsson 3

KR-Tindastóll 97-91
Stig KR: Avi Fogel 22, Jovan Zdravevski 21, Joshua Helm 19, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 12, Brynjar Þór Björnsson 11, Fannar Ólafsson 6, Helgi Már Magnússon 4, Darri Hilmarsson 2.
Stig Tindastóls: Donald Brown 23, Serge Poppe 22, Philip Perre 13, Svavar Birgisson 11, Ísak Einarsson 9, Samir Shaptahovic 7, Helgi Viggósson 4, Halldór Halldórsson 2.

Njarðvík-Fjölnir 87-75
Tölfræði úr leiknum barst ekki fyrir prentun Fréttablaðsins.

Loksins búnir að finna taktinn

Hreggviður Magnússon segir mikið búa í ÍR-liðinu sem vann 25 stiga sigur á Snæfelli í gær. Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, var hins vegar allt annað en ánægður með vörnina sem Snæfell spilaði í gær.

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar fóru illa með Snæfellinga í Seljaskóla í Iceland Express-deild karla í gær og tóku af þeim sjötta sætið með 25 stiga sigri, 102-77. Snæfellingar áttu engin svör við grimmri vörn heimamanna sem refsuðu þeim síðan með vel útfærðum hraðaupphlaupum auk þess að setja niður fjórtán þrista í leiknum.

Snæfell hékk í ÍR framan af leik, var aðeins einu stigi undir eftir fyrsta leikhluta, 25-24, og 9 stigum undir í hálfleik, 53-44 en ÍR skoraði átta fyrstu stig seinni hálfleiks og stakk í kjölfarið af í leiknum. ÍR-ingar skoruðu 12 fleiri þriggja stiga körfur en Hólmarar í leiknum sem nýttu aðeins 2 af 18 þriggja stiga skotum sínum. ÍR-liðið skoraði að auki 24 fleiri stig úr hraðaupphlaupum og skildu hvað eftir annað þunga Snæfellinga eftir í sporunum.

„Við erum með vel spilandi lið og erum loksins búnir að finna taktinn okkar eftir erfiða byrjun. Við förum inn í þetta jólafrí með fjóra sigra í röð og ætlum okkur mikið í framhaldinu," sagði ÍR-ingurinn Hreggviður Magnússon sem setti niður 5 af 7 þriggja stiga skotum sínum. Hreggviður og ÍR-liðið hefur gengið í gegnum ýmislegt í vetur en nú virðist liðið komið með rétta blöndu. „Þegar við vorum allir heilir og að spila í fyrra þá vorum við með gott sigurhlutfall og núna erum við komnir með þennan hóp aftur og erum orðnir gríðarlega vel spilandi."

Hreggviður er ánægður með Nate Brown en ÍR hefur unnið þrjá sannfærandi sigra síðan hann kom aftur til liðsins. „Hans framlag í leiknum er miklu meira en það sem segir á stigatöflunni. Hann er að setja upp, finna réttu kerfin og keyra taktinn í liðinu," segir Hreggviður sem átti mjög góðan leik.

BARÁTTA Það var ekkert gefið eftir undir körfunni í Seljaskóla í gær þó svo að Snæfell hafi ekki spilað góða vörn. Á stóru myndinni er síðan Nate Brown sem lék vel og uppskar mikið hrós frá Hreggviði Magnússyni, félaga sínum í ÍR.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eigum að vinna ÍR hvar sem er

Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, lék ekki síðustu 13 mínútur leiksins vegna meiðsla á læri. „Við fráköstum illa og svo hittum við ekki neitt, hvorki úr vítum né neinu öðru. Þeir voru síðan að setja niður öll skot á tímabili. Við spiluðum aldrei neina vörn og það var ekki eins og þeir væru að setja einhver erfið skot niður. Það er bara til skammar að fá á sig 102 stig," segir Hlynur en það eru fleiri en hann að kljást við meiðsli.

„Við erum langt frá því að vera með okkar lið í góðu standi en mér er alveg sama því mér finnst samt, með fullri virðingu fyrir ÍR, að við eigum að vinna þá hvar sem er. Ef það er orðið takmarkið hjá okkur að koma og standa í ÍR-ingum þá er ég bara hættur," sagði Hlynur sem segir slakan varnarleik vera helsta vandamál liðsins.

„Við förum ekki neitt langt á því að Snæfell hafi spilað góða vörn í gegnum tíðina. Það er eins og það sé bara sjálfsagt að við eigum að spila góða vörn af því að við erum vanir því og góðir varnarmenn flestir. Góð vörn kemur ekki af sjálfu sér og við erum að spila skelfilega svæðisvörn.

Það er enginn að tjá sig við næsta mann og við erum að gefa galopin skot hvað eftir annað og það nýta góðar skyttur sér. Við verðum að gera eitthvað almennilegt í jólafríinu," sagði Hlynur. Justin Shouse var atkvæðamestur með 20 stig og 10 stoðsendingar en lykilmenn eins og Sigurður Þorvaldsson og Slobodan Subasic brugðust alveg.

Það var búist við miklu af Snæfellsliðinu í vetur en með sama áframhaldi er allt annað en öruggt að liðið komist í úrslitakeppnina í vor.

ooj@frettabladid.is

TJÁIR SIG UM PENINGAMÁLIN Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool.
NORDICPHOTOS/GETTY

Benítez, stjóri Liverpool:

Ekki búnir að eyða eins og stóru liðin

FÓTBOLTI Nýjasta útspil Rafaels Benítez, stjóra Liverpool, í sálfræðistríðinu fyrir stórleikinn við Manchester United um helgina er að segja að félagið hafi eytt nægilega miklum peningum í leikmenn til þess að það sé hægt að ætlast til þess að Liverpool vinni titilinn á þessu tímabili.

„Manchester United er búið að eyða 70 milljónum punda á meðan við erum búnir að eyða rúmlega 40 og höfum fengið 26 milljónir til baka. Það eru allir að tala um að við eigum að vinna titilinn af því að við séum búnir að eyða svo miklum pening en United, Chelsea, Newcastle United og Aston Villa hafa öll eytt miklum peningi líka," segir Spánverjinn og bætti við.

„Það hafa öll lið eytt fullt af pening en Chelsea og United eru bæði með gríðarlega sterkan kjarna sem þau hafa búið til undanfarin ár," sagði Benítez við spænska blaðið AS. - óój

Topplið Keflavíkur lenti ekki í neinum vandræðum með Skallagrím í Iceland Express-deildinni:

Rólegur dagur hjá Keflavík í Sláturhúsinu

KÖRFUBOLTI Leikur Keflavíkur og Skallagríms í Iceland Express-deild karla varð aldrei spennandi. Yfirburðir heimamanna voru einfaldlega of miklir og í raun var þetta átakalaus leikur af þeirra hálfu. Lokatölur urðu 92-80 en sigurinn var síst of stór.

Leikur Keflavíkur og Skallagríms byrjaði ansi rólega og liðin voru ekkert að stressa sig. Borgnesingar byrjuðu aðeins betur og leiddu eftir fyrsta leikhluta með fjórum stigum, 20-24. Í öðrum leikhluta brugðu heimamenn á það ráð að spila spressuvörn og þvílík varnarsýning fór í gang. Meira að segja Óskar Ófeigur hefði verið sveittur að skrá alla töpuðu boltana hjá Sköllunum, en því miður fyrir Keflavík þá var sóknarleikur liðsins ansi dapur. Reyndar voru Skallagrímsmenn að leika ágætis vörn en sókn liðsins var skelfileg og eins voru þeir að velja vonlaus skot í sókninni. Staðan í hálfleik var 48-39 fyrir Keflavík.

Keflvíkingar byrjuðu seinni hálfleikinn ágætlega og voru komnir með þægilegt forskot þegar þriðji leikhluti var hálfnaður. Það hægðist vel á leiknum þegar staðan var 60-45 og þegar leikhlutinn var allur hafði Keflavík 10 stiga forskot. Fjórði leikhlutinn fer ekki í sögubækurnar fyrir gæði og í raun var hann svitalaus fyrir heimamenn á meðan gestirnir gáfust heldur fljótt upp. Því fór það þannig að Keflvíkingar sigldu öruggum tveim stigum í hús og urðu lokatölur 92-80.

Hafþór Ægir Gunnarsson átti enga skýringu á slökum leik Skallanna. „Í raun var þetta mjög dapurt hjá okkur. Við vorum ekki að spila neina vörn að ráði og þeir gátu skotið að vild. En það er bara næsti leikur gegn KR sem er næst á dagskrá og hann ætlum við að vinna," sagði Hafþór.

Sigurður Ingimundarson var heldur hressari og hann var á því að þetta hefði verið frekar rólegur dagur. „Þetta var svona í rólegri kantinum. Borganes var í raun að spila ágætlega en við vorum frekar daprir. Þeir urðu fljótt þreyttir enda spila þeir á fáum mönnum," sagði Sigurður en hans menn hafa unnið alla tíu leiki sína. - höþ

STERKUR Tommy Johnson átti fínan leik fyrir Keflavík í gær og skoraði 19 stig í fyrirhafnarlitlum sigri Keflvíkinga.
MYND/VÍKURFRÉTTIR

JOE BOXER®

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

> Alan Alda

Alan Alda hefur verið kvæntur eiginkonu sinni, Arlene Alda, í 60 ár. Þau eiga saman þrjú börn og sex barnabörn. Alan er mikill fjölskyldumaður og í þau ellefu ár sem hann lék í þáttunum M*A*S*H ferðaðist hann frá Los Angeles til New Jersey hverja einustu helgi til að eyða tíma með fjölskyldunni. Hann vildi ekki raska fjölskyldulífinu og flytja með fjölskylduna til kvikmyndaborgarinnar, sér í lagi þar sem hann vissi ekki hversu lengi þættirnir myndu endast. Alan leikur í Betsy's Wedding í Sjónvarpinu kl. 21.10.

dagskr

VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÁTTI INNILEGA STUND

Með Opruh í óveðri

Eftir tvo daga af nánast stanslausu knattspyrnuglápi, þar sem testósterónið hafði fengið að fljóta óáreitt um líkamann með tilheyrandi hamborgaraáti og bjórdrykkju var kominn tími til að maður fengi að kynnast sinni kvenlegu hlið. Fá smjörþef af kvenkynshormónum sem höfðu verið á bannlista að undanförnu.

Veðurstofan spáði vályndum veðrum með tilheyrandi rigningu og vindi. Og að eigin mati var því fátt huggulegra en að kveikja á kertum, kaupa Macintosh í staðinn fyrir Maruud-flögurnar sem lágu eins og hráviði út um allt og hita vatn þannig að hægt væri að súpa á grænu jurtatei.

Og þrátt fyrir allar freistingarnar sem digitalið bauð upp á; þar á meðal öll bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar tímabilið '97-'98 varð maður að vera sterkur, yin-ið og yang-ið skyldu ná réttum hlutföllum og því tekin sú ákvörðun að Oprah skyldi ylja í óveðrinu.

Þessi vingjarnlega og ofurríka kona sá til þess að bandarískar húsfreyjur á aldrinum fimmtíu til sextíu ára fengju góð ráð við kynlífsvanda sínum; meðal annars þurrum leggöngum og leitinni að g-blettinum. Við hlið hennar sat kvennafræðarinn holdi klæddur og sagði að þrjár meginstoðir þeirra væru hreyfing, mataræði og kynlíf. Hvítu, konurnar sem sátu með sköllótta eiginmanninum í sjónvarpssalnum, flissuðu og roðnuðu á víxl þegar orð á borð við „snípur" bar á góma og ekki að undra að Stöð 2 skyldi sýna þennan klámfengna þátt svona seint að kvöldi. Allt ætlaði hins vegar um koll að keyra þegar Kvennafræðarinn notaði orðið „sjálfsrækt" í staðinn fyrir „sjálfsfróun". En maður þraukaði, svolgraði í sig ylvolgt teið, þegjandi og hljóðalaust og um leið og Oprah kvaddi áhorfendur í Chicago fauk jólatrés-standurinn af svölunum og við það hófst ævintýraleg björgun jólanna sem reddaði karlmennskunni þetta kvöldið.

MEÐ OPRUH Fátt veitir manni meiri innblástur en kvöldstund með Opruh Winfrey.

EKKI MISSA AF

20.10 Útsvar SJÓNVARPIÐ

20.45 Stelpurnar STÖÐ 2

20.00 Birth STÖÐ 2 BÍÓ

20.50 Totally Frank SIRKUS

21.00 Survivor: China SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ungar ofurhetjur (57:65)
17.55 Snillingarnir (40:42)
18.15 07/08 bíó leikhús
18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins – Jól á leið til jarðar
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Útsvar 24 stærstu bæjarfélög landsins keppa sín á milli í skemmtilegum spurningaleik. Að þessu sinni eigast við lið Grindavíkur og Akureyrar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.
21.10 Betsy giftir sig (Betsy's Wedding) Bandarísk bíómynd frá 1990. Fatahönnunarneminn Betsy og bankamaðurinn Jake eru að fara að gifta sig og vilja að veislan verði án íburðar en faðir brúðarinnar er á öðru máli. Leikstjóri er Alan Alda og meðal leikenda eru Alan Alda, Madeline Kahn, Anthony LaPaglia, Joe Pesci, Molly Ringwald.
22.45 Wallander – Bræðurnir Sænsk sakamálamynd frá 2005. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Jørn Faurschou og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.15 Starsky & Hutch e.
01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Birth
08.00 Elizabethtown
10.00 The Interpreter
12.05 The Lonely Guy (e)
14.00 Elizabethtown
16.00 The Interpreter
18.05 The Lonely Guy (e)
20.00 Birth Rómantísk verðlaunamynd með Nicole Kidman í aðalhlutverki. Anna er ung ekkja sem er við það að giftast á ný þegar hún hittir ungan dreng.
22.00 Dirty War
00.00 Nine Lives
02.00 Assault On Precinct 13
04.00 Dirty War

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Jesús og Jósefína (14:24) (e)
07.45 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (85:120)
10.15 Commander In Chief (12:18)
11.15 Veggfóður (13:20)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Wings of Love (7:120)
13.55 Wings of Love (8:120)
14.45 Lífsaugað III (e)
15.25 Bestu Strákarnir (6:50) (e)
15.55 W.I.T.C.H.
16.18 Cubix
16.38 Batman
17.03 Jesús og Jósefína (14:24) (e)
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.35 The Simpsons (18:22) (e)
20.00 Logi í beinni Gestir Loga að þessu sinni verða KK, Baggalútur, Frostrósirnar Margrét Eir og Védís Hervör og fleiri.
20.45 Stelpurnar Nýr þáttur í þessum sívinsæla gamanmyndaflokki.
21.15 Tekinn 2 (14:14) Auddi velur bestu hrekkina í síðasta þætti vetrarins.
21.50 Karroll's Christmas Gamansöm og nýstárleg nálgun við Jólasögu Dickens. Tom Everett Scott (Saved) leikur Karroll, skapstyggan náunga sem hefur haft óbeit á jólunum allt síðan kærastan lét hann róa og gerði hann að fífli fyrir nokkrum árum. Aðalhlutverk: Tom Everett Scott.
23.25 Die Hard Fyrsta myndin í þessum sígilda spennumyndabálki með Bruce Willis, sem hefur valdið straumhvörfum og lagt línur í gerð hasar- og spennumynda. Aðalhlutverk: Bonnie Bedelia, Bruce Willis, Alan Rickman, Paul Gleason. 1988. Stranglega bönnuð börnum.
01.35 The Forgotten
03.05 The Girl Next Door
04.50 Tekinn 2 (14.14)
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SÝN besta sætið

17.50 AC Milan - Urawa Red Diamonds Heimsmeistarakeppni félagsliða Endursýndur leikur þessara liða í undanúrslitum.
19.30 Fréttaþáttur um FA Cup
20.00 Gillette World Sport 2007
20.30 NFL - Upphitun
21.00 Spænski boltinn - Upphitun
21.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
22.00 Heimsmótaröðin í póker Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
22.55 Heimsmótaröðin í póker 2007
23.45 Heimsmótaröðin í póker Snjöllustu pókerspilarar heims koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins.
01.15 Dallas - New Orleans NBA körfuboltinn Bein útsending frá leik Dallas Mavericks og New Orleans í NBA körfuboltanum.

SÝN 2

17.30 Chelsea - Sunderland Útsending frá leik Chelsea og Sunderland sem fór fram laugardaginn 8. desember.
19.10 Man. Utd. - Derby Útsending frá leik Man.Utd og Derby sem fór fram laugardaginn 8. desember.
20.50 Premier League World
21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
21.50 PL Classic Matches Stórbrotin viðureign frá Anfield þar sem mættust tvö frábær sóknarlið.
22.20 PL Classic Matches Frábær leikur frá St. James Park þar sem mættust tvö stórbrotin sóknarlið og mörkin létu ekki á sér standa.
22.50 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

SKJÁREINN

07.30 Game tíví (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.00 Vörutorg
17.00 7th Heaven (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 Game tíví (e)
19.00 Friday Night Lights (e)
20.00 Charmed (18:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlagadísir. Heillanornirnar reyna að ná dulúðlegum formum, uppfullum af illsku heimsins, af kvendjöfli sem er staðráðinn í að notfæra sér hann.
21.00 Survivor: China (13:14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.
22.00 Law & Order. Criminal Intent (20:22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum.
22.50 Masters of Horror (12:13) Nú er komið að leikstjóranum Peter Medak að sýna hvað í honum býr. Sagan hans kallast The Washingtonians og það er Jonathon Schaech sem leikur aðalhlutverkið. Hún fjallar um ungan mann sem finnur merkilegan hlut í kjallaranum hjá ömmu sinni eftir að hún deyr. Hann les í vísbendingarnar og kemst að því að George Washington var í raun mannæta. Nú þarf hann að vernda fjölskyldu sína frá óseðjandi mannætum sem vilja ekki að sannleikurinn komi í ljós.
23.50 Backpackers (24:26)
00.15 Law & Order (e)
01.05 Allt í drasli (e)
01.35 C.S.I. Miami (e)
02.35 World Cup of Pool 2007 (e)
03.30 C.S.I. (e)
04.15 C.S.I. Miami (e)
05.00 Vörutorg
06.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Karroll's Christmas

Fjörug og nýstáleg nálgun við Jólasögu Dickens. Tom Everett Scott leikur Karroll, skapstyggan en geðþekkan náunga sem hefur haft óbeit á jólunum allt síðan kærastan lét hann róa og gerði hann að fífli fyrir nokkrum árum síðan. Þessi jólafýla kemur sér ansi illa fyrir Karroll sem vinnur við að skrifa fleygar jólakveðjur á jólakort, en þegar hann fær heimsókn frá þremur jólaöndum þá ákveður hann að endurskoða afstöðu sína til jólanna og lífsins.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Masters of Horror

Skjáreinn kl. 22.50

Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Nú er komið að leikstjóranum Peter Medak. Sagan hans kallast The Washingtonians og það er Jonathon Schaech sem leikur aðalhlutverkið. Hún fjallar um ungan mann sem finnur merkilegan hlut í kjallaranum hjá ömmu sinni eftir að hún deyr. Hann les í vísbendingarnar og kemst að því að George Washington var í raun mannæta. Nú þarf hann að vernda fjölskyldu sína frá óseðjandi mannætum sem vilja ekki að sannleikurinn komi í ljós.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stjörnukíkir
15.03 Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Pollapönk
20.30 Tímakornið
21.10 Flakk
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

15.25 Þristurinn
16.00 Hollyoaks (79:260)
16.30 Hollyoaks (80:260)
17.00 Skífulistinn
17.50 Totally Frank
18.15 Live From Abbey Road (6:12) (e)
19.00 Hollyoaks (79:260)
19.30 Hollyoaks (80:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
20.00 Skífulistinn X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
▶ **20.50 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
21.15 Live From Abbey Road (6:12) (e) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt.
22.00 Planet of the Apes Stórbrotin ævintýra- og hasarmynd. Velkomin til ársins 2029. Geimfarinn Leo Davidson er í hefðbundinni vettvangskönnun þegar hann lendir skyndilega á óþekktri plánetu. Þar ráða ríkjum talandi apar en mannfólkið hefur verið hneppt í þrældóm. Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, Tim Roth, Helena Bonham Carter, Michael Clarke Duncan. 2001. Bönnuð börnum.
00.00 Þristurinn
00.35 Hollywood Uncensored
01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Hrafnaþing Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með liðna viku sem útgangspunkt.
21.00 Mér finnst Maríanna Friðjónsdóttir stýrir spjallinu í eina umræðuþætti landsins, þar sem körlum verður aldrei boðið að kjötkötlunum en konur einar taka til máls.

DR 1

10.30 DR Explorer: **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.50** Chris på chokoladefabrikken **13.20** VQ - Videnskabsquiz **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Tjenesten - nu på TV **14.30** Boogie Listen **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Årets revyer 2007 **20.00** TV Avisen **20.30** Fornuft og følelse **22.40** Fanget **0.25** Boogie Listen

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** V-cup alpint: Super-G, menn **12.35** Migrapolis: Herlig **13.00** Gjensynet: Anita Thallaug **14.05** Megafon **14.30** Øya **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Gaven **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Gnistrende Wenche! **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.05** Detektimen: Daziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Detektimen: Daziel og pascoe **23.10** Gullkantet kveld på Sentrum Scene - Ian Hunter **0.10** Star Stories **0.35** Country jukeboks med chat **3.00** Dansefot

SVT 1

11.00 Rapport **11.10** Alpint: Världscupen Val Gardena **12.15** Plus **12.45** Solens mat **13.15** Videokväll hos Luuk **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Anslagstavlan **16.35** Hos Musse **17.00** Hotell Kantarell **17.25** Räkna med skägg **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Djungelpuls **17.50** Meka med Knäck **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Fredagsbio: Two Weeks Notice - Kärlek på jobbet **21.40** Seriestart: HippHipp **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** Svensson, Svensson **23.00** Grotesco **23.30** En satans eftermiddag



LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég vinn ekki bara á einum stað, svo það er svolítið fjölbreytt. Á verkstæðinu er venjulega kveikt á Rás 1 og á Bylgjunni í öðru, svo það verður svona samsuða af því. Þessa dagana hlusta ég svo á jólalög þegar ég er í bílnum á leið á milli staða.“

Vala Þórólfsdóttir stoðtækjafræðingur.

Stóra Klaufamálið enn í hnút

„Stjórn FÍH hefur fjallað um málið og niðurstaðan sú að samningar kveði skýrt á um að ef félagar í FÍH koma fram í Ríkisútvarpinu ber að greiða fyrir það. Krafa okkar er að farið sé eftir samningum og að lögum,“ segir Sigurgeir Sigmundsson, gjaldkeri hjá FÍH, hagsmuna- og fagfélagi atvinnuhljómlistarmanna á Íslandi.

Fréttablaðið greindi frá því í gær, sem hér eftir verður kallað Stóra-Klaufamálið, að kántrísveitin Klaufar og aðstoðarmenn standi nú í stappi við Ríkisútvarpið að fá greidda reikninga frá því Rás 2 sendi út frá dansleik þeirra á Ásvöllum 3. nóvember síðastliðinn. Heildarupphæð reikninga er um 400 þúsund. Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður sá um útsendinguna af hálfu RÚV og sagði í gær að hann liti svo á að RÚV væri búið að borga Klaufum og vel það í formi ókeypis auglýsinga. Honum finnst galið að greiða níu tónlistarmönnum á FÍH-taxta vegna útsendingarinnar. „Klaufar eru klaufar í þessu máli,“ segir Óli Palli.

SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR Dæmigert mál þar sem orð stendur á móti orði.

Sigurgeir segir að stjórn FÍH hafi sent útvarpsstjóra bréf fyrir um mánuði vegna málsins en ekkert bóli á svari. Samningur milli FÍH og Ríkisútvarpsins er skýr og viðamikill. „Þess vegna undrast ég að Óli Palli virðist halda að hann sé í hálfgerðri pílagrímsferð fyrir íslenska tónlistarmenn. Að þetta sé eins konar greiðastarfsemi af hans hálfu. Hann á allt gott skilið en hann er bara starfsmaður Ríkisútvarpsins og honum ber að fara eftir samningum.“

Sigrún Stefánsdóttur er yfir dagskrá Útvarpsins og hún segir að verið sé að fara í saumana á málinu innan dyra hjá Ríkisútvarpinu. FÍH megi fljótlega vænta svars. „Þetta er dæmigert mál þar sem orð stendur á móti orði. Meira hef ég ekki um málið að segja í bili. Enda lít ég svo á að við eigum ekki að reka það í fjölmiðlum.“ - jbg

SIGURGEIR SIGMUNDSSON FÍH krefst þess að reikningar Klaufa verði greiddir.

JÓLA-BARDAGI Björn Hlynur og Baltasar berjast um hylli áhorfenda í leikhúsunum um jólin. SAMSETT MYND/KRISTINN

BALTASAR OG BJÖRN HLYNUR: HÖRÐ SAMKEPPNI UM AÐSÓKN

Baltasar tekur Grímuna, Björn Hlynur aðsóknina

„Ætli Baltasar taki ekki bara sínar Grímur og ég fái alla aðsóknina. Og við sjáum svo bara til hvor okkar verður á flottari jeppa eftir áramót,“ segir Björn Hlynur Haraldsson, leikstjóri Jesus Christ Superstar sem verður jólasýning Borgarleikhússins í ár. Björn og Baltasar Kormákur eru eftir nokkuð farsælt samstarf undanfarin ár í harðri samkeppni um hylli gesti leikhúsanna um þessi jól því í Þjóðleikhúsinu er Baltasar að setja upp Ívanoff eftir Tsjekov.

Félagarnir unnu saman að gerð einnar vinsælustu kvikmyndar Íslands, Mýrinnar, þar sem Baltasar sat í leikstjórastólnum og Björn Hlynur lék Sigurð Óla. Þeir bættu síðan um betur þegar Baltasar stýrði Birni sem Pétri Gaut en sú sýning var sýnd fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu og sópaði að sér Grímunum á árlegri uppskeruhátíð leikhússfólksins fyrir ári.

En í dag er öldin önnur og það er hart barist á öllum vígstöðvum. Björn Hlynur er þó sannfærður um hvor sýningin fær meiri aðsókn. „Andrew Lloyd Webber á móti Tjekov í miðasölu, það verður að teljast frekar ójafn leikur,“ segir Björn og hlær.

„Hann er bara orðinn eitthvað hræddur, strákurinn,“ svarar Baltasar að bragði og efast ekki eina sekúndu um ágæti og úthald rússneska leikskáldsins. „Þótt Tsjekov sé gamall þá ætlar hann ekkert að gefa eftir í baráttunni við Webber,“ bætir Baltasar við og segir að hann þurfi lítið á nýjum jeppa að halda, hann eigi hvort eð er svo flottan. „Björn má bara kaupa minn ef hann vill.“ Baltasar vonast þó til að Birni gangi allt í haginn með pílagrímsgöngu Jesú. „Við skulum bara rétt vona að hann græði sem mest á þessum iðnaðarnjósnum sem hann stundaði í Pétri Gaut.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Viðar Eggertsson hefur verið ráðinn sem leikhússtjóri hins ágæta Útvarpsleikhúss en það þýðir þó ekki að hann sé hættur að blogga eins og svo margir gera þegar þeir hreppa virðulegan titil. Þannig lætur Viðar til sín taka í máli **Erlu Óskar Arnardóttur Lilliendahl** sem mjög hefur verið til umfjöllunar upp á síðkastið vegna harðræðis sem hún var beitt á Kennedy-flugvelli í New York. Viðar birtir á síðu sinni, eggmann.blog.is, enska þýðingu á bloggi Erlu sem kom öllu af stað. Og skorar á menn að dreifa um hinn enskumælandi heim einkum til Bandaríkjamanna sjálfra. Sá sem þýðir er hins vegar **Gunnar Tómasson**, löggiltur skjalaþýðandi.

Egill Helgason sjónvarpsstjarna aflar sér nú vina víða. Þannig er **Jónas Kristjánsson** orðinn einn helsti aðdáandi Egils og vill hann sem ritstjóra Moggans. Femínistar hafa tekið Egil í sátt og vel það eftir að hafa óáreittar fengið að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í Silfrinu og við síðasta pistli hins guðhrædda Egils á síðu hans kveða nú við fagnaðaróp úr ranni Vantrúar. En Egill vill aðskilnað ríkis og kirkju og engar refjar.

Þótt hljómsveitin Klaufar frá Selfossi hafi einkum verið í fréttum vegna þrefs um ógreidda reikninga hjá RÚV fer því fjarri að hljómsveitin sýsli aðeins við skrifræðið. Hún er að undirbúa upptökur annarrar plötu sinnar, en „Hamingjan er björt“, tekin í Nashville, seldist í fimm þúsund eintökum og fór í gull. **Birgir Nielsen** trymbill vinnur að því að gera Selfoss og Nashville að sérstökum vinabæjum en til Nasville halda þeir Klaufar nú á nýjan leik fljótlega á næsta ári. Og prúðbúnir en í síðustu ferð til USA eyddu þeir samtals milljón krónum í kúrekafatnað, hatta og stígvél.

-jbg

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. horfðu **6.** í röð **8.** mas **9.** illæri **11.** belti **12.** óbundið mál **14.** strita **16.** sjó **17.** tunnu **18.** ennþá **20.** stöðug hreyfing **21.** afli.

LÓÐRÉTT
1. rauf **3.** ryk **4.** trúarbrögð **5.** hár **7.** biðja ákaft **10.** sefa **13.** hallandi **15.** eyðimörk **16.** gras **19.** ónefndur.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. lítu, **6.** rs, **8.** mal, **9.** óðr, **11.** ól, **12.** prósi, **14.** baksa, **16.** sæ, **17.** ámu, **18.** enn, **20.** ið, **21.** fang.
LÓÐRÉTT: 1. grób, **3.** ím, **4.** taóismi, **5.** ull, **7.** sárbæna, **10.** róa, **13.** ská, **15.** auðn, **16.** sef, **19.** nn.

Gefur 2.500 fótbolta til Afríku

Friðrik Weisshappel fagnaði fertugsafmæli sínu um síðustu helgi með opnu húsi á heimili sínu í Kaupmannahöfn. „Þetta var frábær dagur og hingað kom ofboðslega mikið af fólki,“ segir Friðrik en um 180 manns var boðið í afmælið. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku fékk Friðrik aukahlutverk í kvikmyndinni Good Heart í afmælisgjöf frá Degi Kára og Þóri Snæ Sigurjónssyni. Ástæðan var sú að leikur í kvikmynd er á lista yfir hluti sem Friðrik ætlar sér að gera áður en hann deyr. Fleiri virðast hafa kíkt á þann lista því tengdaforeldrarnir gáfu honum loftbelgsflug yfir Danmörku í afmælisgjöf. „Mig hefur alltaf langað til þess að fljúga í loftbelg, allt frá því að ég las Undraeyjuna eftir Jules Verne – það er eitthvað ævintýralegt við það. Ég fékk svakalega mikið af fínum gjöfum þótt stærsta gjöfin væri sá hlýhugur sem fólk sýndi mér með því að mæta hingað í afmælið mitt. Ef ég verð stúrinn get ég bara lesið gestabókina.“

LEGGUR SITT AF MÖRKUM Friðrik Weisshappel ætlar að fara til Gíneu-Bissá með töskurnar fullar af fótboltum.

Friðrik lætur sér ekki nægja að þiggja gjafir því hann hefur ákveðið að kaupa vagnhlass af fótboltum og fara með þá til Afríku. „Forsagan er sú að ég fór til Afríku ásamt vini mínum, Bjarna Ármannssyni, í september og var þar í ellefu daga. Við heimsóttum meðal annars Tógó, Senegal og Gíneu-Bissá. Krakkarnir þarna elska að spila fótbolta en það eru ekki til peningar til að kaupa bolta. Þess vegna ákvað ég að kaupa 2.500 fótbolta á næstu þremur árum og gefa grunnskólum í Gíneu-Bissá,“ segir Friðrik en hann ætlar sjálfur að fljúga til Afríku og færa skólunum boltana. „Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unicef, er mér til aðstoðar. Þetta er mín leið til að leggja eitthvað af mörkum.“ - sók

Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

Beretta PacLite skotveiðigalli og ókeypis Garmin Etrex GPS tæki.
Algjörlega vatnsheldur, þunnur Gore-Tex galli, frábær á rjúpu, hreindýr eða heiðagæsina. Garmin Etrex GPS tæki fylgir ókeypis.
Fullt verð 61.800. Tilboð til jóla aðeins 39.900.

Rjúpnaveiðivesti.
Nauðsynleg í rjúpnaveiðina. Margir vasar fyrir veiðina, GPS, GSM, veiðikortið, nestið og fleira.
Fullt verð 7.990. Jólatilboð aðeins 6.490.-

Beretta skotveiðibakpoki með byssufestingu. Góður poki í alla skotveiði. Stillanlegar mittis, brjóst og axlarólar. Góð og aðgengileg hólf. Vatnsheld veðurhlíf fylgir.
Frábært verð. Aðeins 13.495.

Ameristep rúllubaggi.
Vinsælasta felubirgið á markaðnum.
Hvergi betra verð. Aðeins 16.880.

ProLogic skotveiðijakki.
Vatnsheldur og hlýr jakki með útöndun. Áralöng góð reynsla á Íslandi.
Verð aðeins 23.900

ProLogic Thermo skotveiðihanskar.
Vatnsheldir og hlýir. **Verð aðeins 2.995.**
Einnig úr neopren. **Verð aðeins 2.295.**

ProLogic skór.
Vatnsheldir og hlýir skór með góðri útöndun. 3 gerðir. Bæjarins besta verð.
Aðeins frá 9.995.

Vandað hreinsisett fyrir haglabyssur.
Burstar, stöng, olía og fleira í góðum kassa.
Verð aðeins 4.880.

Ron Thompson Aquasafe vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 28.990. Jólatilboð aðeins 19.995

Simms Freestone vöðlupakki.
Góðar öndunarvöðlur og skór.
Fullt verð 32.800. Jólatilboð aðeins 25.900

Simms Freestone veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Verð aðeins 19.900

Gerviandasett.
12 stokkendur; sofandi, vakandi og kafandi. Góður bakpoki, bönd og blýsökkur fylgja.
Frábært verð. Aðeins 8.995 fyrir allt þetta.

Nýtt – NRS flotveiðivesti.
Sérhönnuð flotvesti fyrir veiðimenn. Örugg vesti í alla veiði.
Verð aðeins 12.980.

Sage fluguveiðipakki. Fli og Launch 4ra hluta stöng í hólk. Gott LA hjól og RIO flugulína. Lífstíðarábyrgð frá framleiðanda á stöng. Frábært verð á alvöru fluguveiðipakka.
Aðeins frá 34.900.

Veiðiflugur Íslands.
Biblía fluguhnýtarans. Bók sem allir áhugamenn um fluguveiði verða að eiga.
Verð aðeins 3.995.

Ron Thompson vöðlutaska.
Nauðsynleg taska fyrir alla veiðimenn sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn. Motta til að standa á þegar farið er í og úr.
Verð aðeins 3.995.

Scierra Explorer veiðitaska.
Afar vönduð og sterk veiðitaska undir allan veiðibúnaðinn. Vatnsheldur botn.
Verð aðeins 6.995.

Ron Thompson veiðijakki.
Vatnsheldur með útöndun.
Fullt verð 12.900. Jólatilboð aðeins 9.995.

Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur.
Fluguhnýtinganámskeið á íslensku á tveim DVD diskum. **Aðeins 2.995 hvor diskur.**



Veniard Premium fluguhnýtingasett.
Einhver vinsælustu fluguhnýtingasettin á markaðnum. Fluguhnýtingaverkfæri og troðfullur pakki af vönduðu hnýtingaefni. **Verð aðeins 10.900**

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760
- Veidimadurinn.is -

SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
- Sportbudin.is -

VEIÐIHORNIÐ

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
- Veidihornid.is -

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.
Allar nánari upplýsingar á Greatwall.is

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

Álagabærinn

Þriðjudaginn 10. júní 2003 kom bæjarstjórn Kópavogs saman til fundar að Fannborg 2 og tók þá örlagaríku ákvörðun að vegur sem liggur sunnarlega í gegnum Kórahverfi skyldi heita Rjúpnavegur. Þessi samþykkt fór algjörlega fram hjá mér. Að minnsta kosti hafði ég aldrei heyrt minnst á þetta einskismannsland þegar ég lenti þar í sjálfheldu rúmum fjórum árum síðar, bensínlítill á dimmu frostkvöldi í október, og ekki víst að ég ætti afturkvæmt.

KÓPAVOGUR er dálítið eins og álagaskógurinn í gömlu ævintýrunum; ef maður hættir sér of langt inn í hann á maður á hættu að rata aldrei aftur út. Kópavogur er eiginlega alveg kennileitalaus, þar er enginn miðbær og ef maður færi þangað með áttavita myndi nálin ábyggilega snúast í hringi. Smáralindin er eins og töfrahöll sem lætur mann alltaf gleyma úr hvaða átt maður kom þegar maður ætlar að komast aftur burt. Frá henni er aðeins ein rétt beygja – allar aðrar leiða annaðhvort aftur að Smáralind eða það sem verra er: í Kórahverfið og Salina.

ÞETTA tiltekna kvöld henti hið síðarnefnda mig. Ég hafði ekið villur vega í að minnsta kosti hálftíma. Mér datt í hug að spyrja fólk til vegar en varð ekki var við lifandi sálu, gangandi né akandi. Það var farinn að sækja að mér þó nokkur beygur þegar ég sá á skilti á ljósastaur, sem gæti kannski gefið mér hugmynd um hvar ég var. Ég snarhemlaði, steig út úr bílnum og las í fyrsta skipti nafnið sem hefur vakið með mér ískaldan hroll allar götur síðan: Rjúpnavegur. Ég var engu nær um hvar ég var. Fyrir utan malið í bílvélinni heyrðist ekki eitt aukatekið hljóð en í höfði mér hljómaði dimm og tröllsleg rödd sem hló og sagði: „það er gott að búa ...“

KLUKKAN var að ganga tólf og ég taldi næsta víst að örlög mín væru ráðin: Að ganga af vitinu við Rjúpnaveg, hverfa sporlaust og enda í besta falli í sem efnivður í skáldsögu eftir Arnald. Í þann mund sem mér var að falla allur ketill í eld sneri ég mér til norðurs og leit til himins. Og þarna blasti hún við mér eins og varða hlaðin af æðri máttarvöldum: friðarsúla Yoko Ono. Sem ég ók af stað varð mér hugsað til Johns Lennon. Með dauða sínum bjargaði hann mögulega lífi mínu.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 14. desember, 348. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.14	13.22	15.31
Akureyri	11.28	13.07	14.46

Heimild: Almanak Háskólans

Evrópa 26.900 kr.*
Bandaríkin 36.900 kr.*
Saga Class Evrópa 52.900 kr.*
Saga Class Bandaríkin 62.900 kr.*

*Skattar eru innifaldir í verði.

Einungis fyrir handhafa Vildarkorta VISA og Icelandair.
Evrópa 32.900 punktar**
Bandaríkin 47.900 punktar**

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.205 kr., USA 13.065 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.
+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is

JÓLAGJÖF SEM FLÝGUR ÚT
JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

Safnaðu Vildarpunktum
VISA

Sölutímabil er til 24. des. 2007 kl. 18:00. Bókunartímabil er til og með 25. jan. 2008. Ferðatímabil er frá 12. janúar til og með 31. maí 2008. Til Bergen, Gautaborgar, Halifax og Toronto er ferðatímabilið til og með 15. júní 2008. Jólapakkatilboð gildir til allra áfangastaða sem Icelandair flýgur til í beinu áætlunarflugi frá Íslandi. Undantekningar eru: Orlando, Salzburg, München, Madrid, Milanó og Barcelona. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 500 til 12.800 Vildarpunkta. Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100 gegn þjónustugjaldi.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 40348 12/07